



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
[1883-1929]**



Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu

Ár 1883.

Hjaltastaður, Hjaltastaðahvammur og Hjaltastaðakot í Akrahreppi, bls. 2r-2v

Júní 11

N^o 1

Lýsing á landamerkjum Hjaltastaða með hjáleigunum Hjaltastaðahvammi og Hjaltastaðakoti í Akrahrepp og Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan liggja Bjarnastaða og Flugumýrar lönd, að norðan liggja Frostastaða og Ystugrundar lönd.

Að austan ræður fjallsegg hlíðar þeirra, er bæirnir standa undir, að sunnan afmarkar landið gil eða skriða ofan úr fjallsegg, sem Bjarnastaðagil er kallað, úr því bein stefna í Grástein á Þormóðsholti, úr Grástein beina línu í merkjavörðu, sem hlaðin er í norðurtá á ytri Flugumýrarhólma, að vestan ráða Hjeraðsvötn fyrir vestan svo kallaða Hryggi, Tjaldhólma og Fenríksey, ey sú er umflotin af Hjeraðsvötnum, og er öll eign Hjaltastaða, að norðan ræður merkjum gil það, sem Stóruskriðugil er kallað, úr fjallsegg ofan hlíðina svo langt sem það nær, úr því bein stefna í gamla garða hlaðna af fornmönnum á Einbúa, Reiðholti og Steinholti, úr Steinholti ræður gamalt garðlag eða einstakar þúfur, síðan sjónhending fyrir utan norðasta bugkyl um norðara Ósavatnstjarnarvík fyrir utan í Djúpás Hjeraðsvötn.

Hjaltastöðum 30. maí 1883

Gísli Þorláksson (ábúandi á Hjaltastöðum)

Ofanrituðum landamerkjum erum við undirritaðir samþykkir.

Þorvaldur Arason (eigandi Flugumýrar) (L.S.)

Páll Pálsson eigandi Ystugrundar og hálfra Frostastaða (L.S.)

Jón Þorkelsson eigandi Bjarnastaða (L.S.)

Þinglýst á Akraþingi 11. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 11

N^o 2

Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Flugumýrar í Skagafirði ásamt Rjettarholti og Torfumýri.

Að sunnan eru landamerki úr Glóðafeykisnauf beint í vörðu, sem er utanvert í Nautaskálarmel, og þaðan sömu stefnu ofan á Dalsáreyrar, eins og vörður sýna, og ofan eyrarnar þangað sem Katthamar ber í hánorður. Frá Katthamri aptur beina stefnu á Hestavígshamar, og þaðan í Meyarhól. Frá Meyarhól í hávestur til Hjeraðsvatna. Svo ráða Hjeraðsvötn merkjum að vestan, og eru hólmar tveir, nefndir syðri og ytri Flugumýrarhólmur, báðir umflotnir af Hjeraðsvötnum tilheyrandi Flugumýri. Að norðan ræður bein stefna frá vörðu, sem er í norðurtá ytri hólmanum uppí Grástein norðan til á Þormóðsholti, og úr Grásteini upp í reiðgötur, og svo suður Þormóðsholt, sem þær halda, og í vörðu, sem hlaðin er sunnan við holtið. Þaðan beina stefnu í Hvammsárgil. Ræður svo gilið merkjum austur að Melrakkagili, en síðan ræður Melrakkagil austur að á þeirri, sem rennur eptir Austurdal. Áin ræður svo merkjum fram í dalsbotn, og svo úr dalsbotninum bein stefna til fyrst nefndra merkja (Glóðafeykisnauf)

Flugumýri 28. dag maímánaðar 1883.

Þorvaldur Arason eigandi Flugumýrar (L.S.)

Þessari landamerkjalytingu erum vjer að öllu samþykkt

Helga Þorvaldsdóttir (eigandi Miðgrundar) (L.S.)

Gísli Þorláksson (ábúandi Hjaltastaða) (L.S.)

J. Jónsson abúandi Djúpadals (L.S.)

S. Jónatansson eigandi Flugumýrarhvamms (L.S.)

Jón Þorkelsson eigandi Bjarnastaða (L.S.)

Þinglýst á Akraþingi 11. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 11

N^o 3

Lýsing á landamerkjum jarðanna Keldulands og Tyrfingsstaða í Akrahrepp.

Þriðjudaginn þann 15. maí 1883 komum vjer undirritaðir saman á landamærum Keldulands og Tyrfingstaða, til að ræða um og fastákveða landamerki tjeðra jarða eptir fyrirskipun landamerkjaganna, og kom oss öllum saman um, að þau (landamerkin) voru svo glögg og vafalaus, að um þau gæti enginn ágreiningur orðið, þareð bæði gildrag það, er skilur lönd jarðanna, hefir frá ómunatíð verið kallað landamerkjagil, enda aldrei neinn ágreiningur átt sjer stað millum eiganda tjeðra jarða. Landamerki Keldulands og Tyrfingstaða eru því hið áður nefnda „Landamerkjagil“ í hálsbrúninni kippkorn fyrir utan og ofan Keldulands vörslugarð, og þaðan beint í norðaustur í háfjallbrún, en að vestanverðu eður niður frá landamerkjagilinu ræður bein stefna sunnan til við Seilhöfða við Hjeraðsvötn, og eru 2 vörður hlaðnar á því svæði, sú verstasta við stóran stein sem M er höggvið á.

Þessi landamerki samþykja
seljandi Tyrfingstaða Jón Gíslason
kaupandi Tyrfingstaða Oddur Einarsson
seljandi Keldulands Jón Pálsson
kaupandi Keldulands Egill Fr. Steingrímsson

Viðstaddir vottar
Páll Andrjesson
Stefán Tómasson

Þinglýst á Akraþingi 11. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð
þinglýsing 0.75
bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 12

N^o 4

Merkjalýsing á Goðadala landi með Tunguhálsi.

„Kirkjan að Goðdölum hún á allt heimaland Langaháls, sem haldið er heimaland allt til Brúargjörðar, þaðan rjettsýnis vestur í miðja Kálfatjörn“ o.s.frv. segir í máldögum Goðdalakirkju. En jeg skrifa hjer merkin, eins og þau voru sett nú með hliðsjón af máldögunum, þar sem þeir voru svo glöggvir, að haft yrði gagn af þeim.

Kirkja „hins heilaga Nikolai“ í Goðdölum á allt heimaland og Tunguhálsland úteptir móts við Villinganesland í miðja Þrætulág, og úr henni miðri ofan eptir suður að Hjeraðsvötnum austur rjettsýnis í bæinn á Keldulandi (því að örnefnið Brúargjörð er glatað). Úr fyrnefndri „Þrætulág“ eru rjett merki lína sú, er menn hugsa sjer dregna rjettsýnis úr henni til norðvesturs í svonefndan Grænamó, sem er rjett vestanvert við há „Sandinn“, síðan úr þessum „Grænamó“ rjettsýnis beint vestur í miðja Kálfatjörn, sem liggur í „Flóanum“, síðan í hávestur rjettsýnis beina stefnu vestur í „Ystuborg“ (hina ystu hamraborg), síðan beygja merkin til suðurs. Hingað til var niður við Vötnin fyrst Villinganesland og síðan Breiðar og Breiðargerðisland að norðan meðfram Goðdalalandi að sunnan. En Ystaborg stendur í horni því að norðvestan á Goðdalalandi, þar sem það mætir Ánastaðalandi. Sem fyr var á vikið beygja merki Goðdalalands úr Ystaborg til suðurs meðfram Ánastaðalandi beina stefnu fram brúnir fram í Goðdalakistu, þannig að hinn svonefndi „Heiðardalur“ er rjett allur eign Goðdala. Úr Goðdalakistu liggja merkin síðan fram hábrúnir fram til fjalla í stefnu að Hraunlæk milli Svartárdalanna og Goðdalalandsins. Að framan er Hraunlækur talinn merkjalækur. Að austan og sunnan ræður Jökulsá allt fram til jökla.

Þessu til staðfestu og sönnunar eru hjer undirskrifuð nöfn prests, er á staðnum er, og á merki hefur verið riðið, og manna þeirra, og bænda, er lönd eiga móts við Goðdalaland.

Goðdölum hinn 5. dag júnímánaðar 1883.

Zóphanías Halldórsson pastor loci

Magnús Jónsson (eigandi Ánastaða)

Erlendur Björnsson (í Svartárdal ytri)

Þórður Pálsson (umráðamaður á Breiðargerði)

Gísli Sveinsson (bóndi á Svartárdal fremri)

Björn Þorkelsson á Sveinstöðum (fyrir hönd jarðareigenda á Breið)

Sigríður Einarsdóttir (jarðareigandi á Villinganesi).

Þinglýst á Lýtingstaðapingi 12. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 12

N^o 5

Landamerkjalysing yfir Hamraland í Lýtingstaðahrepp.

Að vestan ræður Járnhryggur landamerkjum milli Hamra og Melifellsdals úti Tröllaskarð, en að norðan til móts við Starrastaði ræður Þröskuldur merkjum fyrir botni Mjóadals í Heiðarhöfuð, og þaðan beinlínis í Einarshögg, og þaðan aptur út og ofan beinlínis í fornt garðlag utanvert að Ystulág, þaðan bein stefna niður yfir flóann í Torfhól og þaðan beinlínis merkjastefna ofan í Svartá, sem ræður landamerkjum að austan til móts við Brúnastaði, Þorsteinsstaði og Neðra-Lýtingstaðakot; ræður hin austasti farvegur Svartár merkjum milli síðast taldrar jarðar og Hamra. Að sunnan milli Hamra og Sölvanes ræður landamerkjum Dyrastaðalækur, frá því hann fellur í Svartá eptir farveg sínum úr Dyrastaðaklauf, en þar fyrir ofan syðri armur Dyrastaðalækjar suður og upp Leirdal, og svo sem lækurinn fellur um Botna; fyrir ofan Botna ræður sami lækur, er kallaður er Botnalækur, fyrir ofan Leirdalskletta, en úr upptökum Botnalækjarins ræður merkjum beins vesturstefna yfir Mjóadalshrygg og Mjóadal vestur í Járnhrygg. Eigandi og ábúandi Hamra hefur endurgjaldslaut beitarítak á sumrum fyrir búsmala og hross sín í svokölluðum Botnum fram um Heljargjá í Lönguhlíðarklettum í Sölvaneslandi.

Hafstaðaseli 25. dag maímánaðar 1883

Þorgrímur Ásgrímsson eigandi að jörðinni Hömrum.

Framanrituðum landamerkjum samþykkir

Eiríkur Guðmundsson eigandi Sölvanes

Jón Sveinsson prestur á Mælifelli vegna kirkjujarðarinnar Starrastaða og kirkjujarðarinnar hálfra Brúnastaða

Jóhann Pjetursson eigandi að ½ Brúnastöðum

Jóhannes Jónsson eigandi Neðra Lýtingstaðakots (handsalað)

Finnbogi Þorláksson eigandi Þorsteinsstaða

Jón Þorkelsson eigandi Þorsteinsstaðakots.

Þinglýst á Lýtingstaðþingi 12. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 12

N^o 6

Lýsing af merkjum fyrir Mælifellsárlandi í Lýtingstaðahrepp.

Með hliðsjón af landamerkjalyýsingu skrásettri árið 1475 af Oddi Ásmundarsyni lögmanni fyrir sunnan og austan á Íslandi, og samkvæmt merkjum þeim, sem haldin hafa verið í minni núlifandi manna, takmarka Mælifellsárland örnefni þau, er hjer segir:

Að sunnan Mælifellsá suðvestur þangað sem Sellækur fellur í hana, og ræður hann þangað til Kiðaskarðslækur fellur í hann, er síðan ræður merkjum allt vestur í Tjarnapoll þann, er lækurinn hefur upptök sín í vestanvert við svo nefndan Þröskuld í Kiðaskarði. Að vestan ræður lína sú, er greinir lönd Efribyggðarmanna og Svartárdælinga, sem er bein stefna úr Kirkjubust og norður í Moshlíðarhnjúk vestanverðan. Að neðan ræður bein stefna úr kletthorninu, sem er neðan við svonefndan Vaðhvamm við Mælifellsá og út í Selásvörðu, þaðan þvert í vestur um sunnanvert Svartskarð og vestur í áðurgreinda merkjalínu.

Mælifellsá 2. febrúar 1883

Einar Hannesson eigandi jarðarinnar

Að vjer undirritaðir eigendur aðliggjandi jarða sjeum samþykkir ofanrituðum merkjum, staðfesta nöfn vor

Halldóra Pjetursdóttir eigandi Nautabús

Lárus Guðmundsson eigandi Brekkukots

Jón Sveinsson pr. til Mælifells og Reykja

Jóhann Pjetursson eigandi að Reykjaseli

Guðmundur Jónsson eigandi að Hvammi í Húnavatnssýslu.

Þinglýst á Lýtingstaðapingi 12. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 13

N^o 7

Landamerkjaskrá fyrir Brekku.

Að austan og sunnan ræður Víðimýrará, frá garði þeim, sem er í mýrinni fyrir ofan ána, allt upp að Arnarstapa. Þaðan ræður þjóðvegurinn upp að Gýgjarfossi. Þaðan ræður Sæmundará næstum út á móts við Grjóthryggsenda, hvar setja skal hornmerki. Þaðan austur í vörðu á Stafhól. Þaðan eptir sömu stefnu utanvert við Brekkuslakka niður í fyrstnefndan merkjagarð í mýrinni fyrir ofan Víðimýtará.

Hjer að auk á jörðin engjateig niður á bökkum, frá Kirkjuvaðsbrú suður að merkjagarði þeim, er afmarkar teiginn að sunnan, hvar stór steinn er upp undan; fylgja þar með lágar þær framaní brúninni, sem eru upp undan teignum. Einnig á hún fría vetrararbeit fyrir 8 hross á Víðimýrarhvarfi.

Ási 16. maí 1883

Ólafur Sigurðsson (eigandi Brekku)

Hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá er jeg að öllu samþykkur, hvað áhrærir Víðimýri, með því jeg seldi hana næstliðið vor prestinum séra Jakob Benediktssyni í Miklabæ með þessum sömu merkjum

p.t. Stóruseilu 13. júní 1883.

Halldór Stefánsson fyrrverandi eigandi Víðimýrar.

Sem ábúandi Reykjarhóls er jeg landamerkjaskrá þessari samþykkur

Einar Sigurðsson

Þinglýst á Seilupingi 13. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.72 1.00 (ein króna)



Júní 13

N^o 8

Austan ræður Sæmundará frá neðri enda Katlastaðeyrar og allt upp neðantil í Fosshóla, þangað sem beint stryk næst í upptök Fosshólalækjar ofan við hólaendana, og í lítinn merkjahól á brúnunum, sem eru neðan til í miðjum fellsbrekkunum. Úr þeim merkjahól liggja landamerkin eptir beinu stryki í mitt Sandfell, þaðan út og vestur yfir fellið í slakka þann, er liggur yfir Grísafellið norður og suður, síðan eptir miðjum þeim slakka norður í svo kallað austari Moshólagil, og niður eptir því, eins og lækur þess ræður ofan í Skarðsána, svo ræður Skarðsáin merkjunum niður skarðið þar til að Konungsgilslækurinn rennur í hana að norðan, þaðan beygjast landamerkin frá ánni beint stryk heldur í suðaustur í miðjan Nónhól, svo úr miðjum Nónhól beint stryk niður yfir hálsinn í norðasta melhrygg í svonefndum Fjallshólum, og síðan niður eptir þeim melhrygg allt til Sæmundarár, neðan við neðri Katlastaðeyrar enda, eins og áður var sagt.

Fjalli hinn 29. dag desember 1882 Magnús Jónsson

Að framanrituð landamerkjalyking sje rjett á móts við Vatnskarðsland eptir því sem mjer er frekast kunnugt, vitnar staddur í Fjalli hinn 31. desember 1882

Sigurður Bjarnason

Landamerkjunum að norðan er samþykkur

E. Gottskálksson

Þinglýst á Seilupingi 13. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 14

N^o 9

Landamerki fyrir land það, er jörðinni Skarðsá tilheyrir og tilgreinast þannig:

Að norðaustanverðu ræður vik lítið vestur í bakkann við Sæmundará beint í norðari enda Einstakahóls, er stendur við ána að austanverðu, svo ræður Sæmundará að austan alla leið fram að Fjallsmerkjum, að norðari enda Katlastaðæyrar, og svo upp Markmel beint vestur á Nónhól, þaðan á ská í Skarðsá á móti mynni Konungsgilslækjar, þar sem hann fellur í ána, síðan ræður Skarðsáin merkjum vestur allt Reykjaskarð að Hrótagilslæk, er fellur rjett fyrir austan Hólasel, svo eptir því sem lækurinn og Hrótagilið ræður norðaustur eptir, þaðan beint austur yfir Breiðahnjúk síðan á háan hól fyrir ofan Neðrifjallsbrúnir, þaðan beint austur og ofan í upptök Kaldalækjar, og svo beint austur melinn fyrir sunnan Dælisstekk, og ofan holtið niður í jafnsljettu, þaðan beina stefnu yfir mýrarnar sunnan við Dælisgrænur austur að upphaflega nefndu viki beint í norðari enda Einstakahóls.

Skarðsá þann 16. janúarmánaðar 1883

E. Gottskálksson

Ofnaritaðri landamerkjalyásing er jeg undirritaður samþykkur

Fjalli hinn 6. febrúar 1883

Magnús Jónsson

Samþykkur

Jakob Pálmason Dæli

Þinglýst á Staðarþingi 14. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 14

N^o 10

Landamerkjaskrá fyrir Dæli.

Að austan ræður Sæmundará frá Króareyrartanga suður í lítið vik vestur í bakkann við ána, rjett vestan undan norðari enda Einstakahóls, er stendur við ána að austanverðu, hvar setja skal hornmerki. Þaðan upp sunnan við Dælisgrænur upp á melinn fyrir sunnan Dælisstekk. Þaðan í upptök Kaldalækjar. Þaðan í háan hól fyrir ofan neðri fjallsbrúnir. Þaðan eptir sömu stefnu vestur yfir Breiðahnjúk niður á Valbrandsdal, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður dalurinn til norðurs á móts við Auðni, hvar einnig skal setja hornmerki. Þaðan beint austur yfir fjallið fyrir utan Breiðahnjúk. Þaðan niður í Snasarskurð. Þaðan í stóran stein í Dælisbrún. Þaðan í merkjagarð á syðsta Tjarnarhól. Þaðan í fyrstnefndan Króareyrartanga.

Ási 15. maí 1883

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá viðvíkjandi Dælislandi að sunnan er jeg undirskrifaður samþykkur

p.t. Reynistað 14. júní 1883

E. Gottskálksson

Hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá er jeg sem eigandi jarðarinnar Auðna að öllu samþykkur

Vatnsholti 30. nóvember 1883

Sigurður Sigurðsson

Þinglýst á Staðarþingi 14. júní 1883, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 14

N^o 11

Landamerkjaskrá fyrir Litlugröf.

Að austan ræður Djúpakvísl frá Dældarvaði, hvar setja skal hornmerki, suður fyrir austan Litlugrafarhólma. Úr syðri hólmatánni vestur á bakkann, hvar setja skar hornmerki, rjett eptir merkjunum að ofan. Þaðan ^{sunnan} við heygard vestur í flóanum. Þaðan í Landamerkjagarð milli túnanna á Litlugröf og Páfastöðum. Þaðan upp í Bræður. Þaðan eptir sömu stefnu vestur yfir Mjósund til garðlags í vesturjaðri sundsins til móts við Þröm, hvar setja skal hornmerki. Þaðan eptir Þramar og Holtsmúla merkjum, sem liggja til landnorðurs, þar til komið er norður á móts við landamerkjagarð þann, er skilur Litlugrafar og Stórugrafar lönd, hvar setja skal hornmerki. Þaðan beinlínis í tjeðan garð. Úr honum eptir sömu stefnu í fyrstnefnda merkjabúfu við Djúpukvísl.

Ási 5. maí 1883

Ólafur Sigurðsson

Í tilliti til ábýlisjarðar minnar Páfastaða er jeg hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá samþykkt

Guðrún Jónsdóttir

Í tilliti til ábýlisjarðar minnar Stórugrafar er jeg hinsvegar ritaðri skrá samþykkur

Steinn Vigfússon

Þinglýst á Staðarþingi 14. júní 1883 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 14

N^o 12

Landamerkjaskrá fyrir Páfastöðum.

Að austan ræður Djúpakvísl frá nyrðri tá Páfastaðahólma, sem að nokkru leyti liggur fyrir Litlugrafar landi, suður að merkjaþúfu við kvíslina, er skilur Páfastaða og Kjartanstaðakots engi. Þaðan upp í tóptarbrot á millum túnanna. Þaðan upp í Nautalág. Þaðan eptir sömu stefnu vestur yfir háhæðina til móts við Þröm, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ráða Þramarmerki norður til móts við Litlugröf, hvar setja skal einnig hornmerki. Þaðan austur yfir hæðina og Háasund ofan til tveggja steina, sem heita Bræður. Þaðan garðlag milli túnanna á Páststöðum og Litlugröf. Þaðan ^{sunnan við} heygard niður í flóann. Þaðan í drag sunnan við Litlugrafarhólm, er liggur austur í Páfastaðahólmakvísl.

Ási 5. maí 1883

Ólafur Sigurðsson

Í tilliti til ábýlisjarðar minnar Litlugrafar, er jeg hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá samþykkur

Þorsteinn Bjarnason

Þinglýst á Staðarþingi 14. júní 1883 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Ár 1884.

Ystimói, bls. 8r-8v

Maí 26

N^o 13

Landamerkjalyásing á Yztamói.

Milli jarðanna Yztamós og Miðmós að neðan ræður merkjum melhóll við Laxós út við votahvamm og þaðan beint á þúfu á stútuholti á þeirri leið settar 3 markvörður á mýrarnar, og frá þúfunni beint á hyrnutopp fyrir sunnan skálina á þeirri leið settar 3 markþúfur á mýrarnar.

Milli Yztamós og Mós-kóga, ræður landamerkjum til sjávar lækjarseira, sem rennur út og ofan mýrarnar og rjett fyrir sunnan Mós-kógaklaufina upp að einstökum stórum steini, sem stendur 12 faðma frá henni (lækjarseirunni), og frá steininum beint upp há-leitið undir klettana á þeirri leið sett ein markvarða.

Milli Yztamós og Haganess að austan ræður landamerkjum svo nefndur „hvalhaus“, vörðubrot á sandinum fyrir austan sandós, og frá því að sunnan í víkina, sem sker sig útvestur í sandinn, (sem auðsjáanlega er ósfarvegur gamall) og ræður víkin merkjum til vatnsins og frá merkjavörðunni útvestur af sandinum beina stefnu sunnan til á Mós-kógaklaufar uppsátur og er sú stefna rekamark í flæðamáli.

Yztamói 24. maí 1884

Á. Þorleifsson (eigandi)

Samþykkur þessu Sveinn Sveinsson (eigandi Haganess)

Vegna eiganda Mós-kóga samþykkir Sveinn Sveinsson

Vegna eiganda Miðmós undirskrifar E. B. Guðmundsson

Þinglýst á manntalsþingi að Holti 26. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 30.

Nr. 14.

Landamerkjaskrá fyrir Merkigili.

Að norðanverðu ræður Merkigil og Merkigilsá, að norðaustan Merkigilsá til fremstu upptaka, að austan háfjöllin frá Merkigilsárupptökum til Miðhúsadalsbotns og upptaka Ábæjar ár, að sunnan ræður Ábæjará í Jökulsá, og að vestanverðu Jökulsáin. Samkvæmt sætt framfarinni að Ábæ 2. júlímánaðar 1877, hafa Ábæjar búendur rjett til sambrúkunar á Miðhúsadal út að silungalæk móts við ábúendur Merkigils yfir alla tíma ársins, nema þann sem verið er með búpening í seli (Miðhúsum) frá Merkigili, en móti þeirri brúkun hafa Merkigils ábúendur frían upprekstur á Nýjabæjarafrijet fyrir allan geldfjenað sinn án nokkurs endurgjalds.

Merkigili og Ábæ 24. maí 1884

Egill Steingrímsson

Kristín Guðmundsd.

Viðstaddir vottar:

Páll Andrjesson

Magnús Bjarnarson

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökum 30. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 6

Nr. 15.

Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðinni Skarði.

Að austan ræður sjávarströndin frá Leirdalslæk inn til Gönguskarðsárás. Þaðan ræður Gönguskarðsáin, allt þar til er Hraksíðuáin fellur í hana. Þaðan ræður Hraksíðuá upp til Þröskuldar. Þaðan yfir Þröskuldinn til upptaka Skarðsdalslækjar; ræður svo tjeður lækur norður til Lambár. Þaðan ræður Lambá til upptaka. Þaðan beint upp úr Lambárbotni uppá háfjall, milli hans og Fagranesdals, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður háfjall suður í suðurhorn Einhyrnings, sem er hornmerki á Innstalands landi. Þaðan yfir drögin og axlarkollinn og svo niður fjallið í landamerkjagarð þann, er liggur utanvert við fyrnefndan Leirdalslæk, sem ræður merkjum til sjávar.

Þar að auk á jörðin engjateig í Veðramótslandi, sem liggur fyrir neðan túnið á Veðramóti, afgirtur með fornum garði á þrjá vegu, en á einn afmarkar hann Kallá. Fyrir hann á Veðramót aptur frá skipsuppsátur í Skarðskrók.

Skarði 17. maí 1884

Sv. Sölvason.

Þessari landamerkjaskrá samþykkur vegna Reynistaðarklausturs-jarðanna Innstalands og Veðramórs

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók 6. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 6

Nr. 16.

Landamerkjaskrá fyrir Innstalandi.

Að austan ræður sjávarströndin, úr Beitarhúsavík suður þar til Leirdalslækur fellur í sjó fram. Þaðan ræður garður sá, er skilur Innstalands- og Skarðs-lönd upp til fjalls. Þaðan yfir axlarkollinn og upp Skarðsdrög allt í suðurhorn Einhyrnings. Þaðan norður vesturbrún háfjallsins þar til komið er út á móts við Innstalandsbotn, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ofan miðjan botninn niður í Innstalandsgil. Þaðan beinlínis á garðlag á ytri barmi landamerkjalausar. Þaðan í fyrstnefnda beitarhúsavík.

Ási 18. apríl 1884

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Ofanrituðum landamerkjum eru samþykkir

Sv. Sölvason vegna Skarðs.

Ólafur Andrjesson vegna Meyjarlands.

Árni Símonarson (ábúandi)

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók 6. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 6

Nr. 17.

Landamerkjaskrá fyrir Steini á Reykjaströnd.

Að austan ræður sjávarströndin frá landamerkjagarði þeim, er liggur frá fjöru til fjalls, lítið eitt fyrir utan þann stóra stein, sem jörðin tekur nafn af, suður að merkjagarði þeim, er aðskilur Stein og Meyjarlandslönd, sem enn þá sjest glöggð neðan frá sjó og upp á milli bæjanna, hvar hann er sokkinn í mýri. Þaðan upp í Meyjarlandsgil, síðan eptir sömu stefnu uppá háfjall, þar til vötn falla vestur, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður háfjallið til norðurs, þangað til komið er til móts við fyrstnefndan garð milli Steins og Fagraness, hvar einnig skal setja hornmerki. Síðan niður fjallið beinlínis í tjeðan garð, er þaðan af ræður merkjum til sjávar.

Ási 18. apríl 1884

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Ofanrituðum landamerkjum eru samþykkir

Benedikt Sölvason vegna Fagraness.

Ólafur Andrjesson. vegna Meyjarlands.

S. Símonarson vegna Steins.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók 6. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 6

Nr. 18.

Landamerkjaskrá fyrir eyðijörðinni Fossárteig.

Að austan ræður sjávarströndin frá Hólakotsá til suðurs inn á Selapoll, sem er sker skammt frá landi. Úr skerinu beint upp í gil það, sem þar er uppundan; en svo upp alla skriðuna þar fyrir ofan; síðan eptir sömu línu á fjall upp, þar til vötn falla vestur. Þaðan ræður háfjallið til Hólakotsmerkja, beint vestur undan tjörn þeirri, sem Hólakotsá fellur úr. Þaðan ofna í nefnda tjörn. Síðan ræður Hólakotsáin niður til sjávar.

Ási 18. apríl 1884

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Ofanrituðum landamerkjum eru samþykkir

Sveinn Gíslason vegna Hólakots.

Benedikt Sölvason vegna Fagraness.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók 6. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 6

Nr. 19.

Landamerkjaskrá fyrir Reykjum á Reykjaströnd.

Að norðan ræður sjávarströndin frá læk þeim sem fellur úr Illagili, inn í Fúluvík innanverða, hvar setja skal glöggt merki. Þaðan beint í vestur uppá syðra horn Sandfellsins á brúninni. Þaðan eptir sömu línu uppá hæstu brún Tindastóls, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður hin sama hæsta brún Stólsins, norður í fyrstnefnt Illagil.

Ási 2. maí 1884

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Ofanrituðum landamerkjum eru samþykkir

Stefán Bjarnason vegna Ingveldarstaða.

G. Gunnarsson vegna Sævarlands.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók 6. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 7

Nr. 20.

Landamerkjaskrá fyrir Skíðastöðum á Laxárdal.

Að austan ræður háfjall eptir því sem vötn falla vestur, utan frá Miðmúla, suður í hæsta höggið austan við hrafndal, sem er hornmerki. Þaðan vestur yfir dalsbotninn og ofan fjallið í langan moldskurð, sem liggur ofan eptir því, þaðan í syðri Kjölshaus, þaðan yfir Borgina norðanverða eptir sömu stefnu sunnanvert við Siggulágargil vestur yfir Karlá í Hamarsgil, ræður svo gilið upp undir flóann; þaðan eptir sömu stefnu upp Hvolugafjall og yfir það, sunnanvert við bingu þá, sem er sunnan við Reiðskarð vestanvert, þaðan í Mörárgil, ræður svo gilið niður til Laxár, þaðan ræður Laxá norður á móts við Skíðastaði, og síðan hinn gamli farvegur hennar vestan við Skíðastaðaengi allt þar til er hann kemur aptur í ána, rjett vestur undan Brandsmel að austan. Þaðan ræður áin enn út að Miðtópt á bakkanum austan árinna. Sem er hornmerki; þaðan í Hornborudæli, sem er djúp graslout í melbrekkuna sunnanvert við syðri Hvammsengistjörn, þaðan beint upp í fyrstnefndan Miðmúla.

Ási 3. október 1883.

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Þessi landamerki milli Skíðastaða og Hvamms í Laxárdal segja gamlir menn hjer að haldin hafi veið í sínu minni. Í biskupavísitatum allt frá fornu, eru merkin talin frá „miðtopp á Hornborudæli og þaðan ofan í Laxá.“ En jeg get ekki betur sjeð, en að þessi miðtoppur sje sama og ofangreindur Miðmúli, og þareð ekki getur verið um aðra Miðtópt að ræða eru þá einn neðan við tjörnina þá samþykki jeg fyrir staðarins hönd framansögð merki, þó svo að merkin úr Hornborudæli og ofan á bakkann liggi sunnan við tjörnina og svo sem einum eða tveim föðmum sunnan við miðtóptina, eins og Hjörtur bóndi á Skíðastöðum hefir haldið merkin.

Hvammi 5. október 1883.

Magnús Jósefsson (prestur)

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilstöðum 7. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júní 10

N^o 21

Landamerkjaskrá fyrir Reykjarhóli.

Að austan ræður Húseyjarkvísl frá merkjabúfu á bakkanum við kvíslina, allt suður að kirkjuvaðsbrú, síðan ræður brúin til vesturs og svo bein stefna upp úr henni upp í steininn Gægir á brúninni. Úr steinunum í merkjagarð í mýrinni fyrir ofan Víðimýrará, þaðan upp utanvert við Brekkuslakka. Síðan eptir sömu stefnu yfir sundið og svo næsta holt þar fyrir ofan, hvar setja skal hornmerki á efri holtsjaðrinum. Þaðan út í Rauðalæk, ræður svo lækurinn út á móts við Grófargilsbyrgi, hvar setja skal hornmerki. Þaðan austur í tjeð Byrgi. Þaðan ofan votaklett; þaðan í stóran stein á melnum fyrir austan ána. Þaðan beint til austurs rjett sunnan við Melagerði í fyrstnefnda þúfu á bakkanum við Húseyjarkvísl, rjett sunnan við Sandengisskurð.

Ási 16. maí 1883

Ólafur Sigurðsson

Hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá er jeg að öllu samþykkur hvað áhrærir Víðimýri, með því jeg seldi hana næstl. vor prestinum síra Jakobi Benediktssyni á Miklabæ með þessum merkjum

p.t. Stóriseilu 13. júní 1883.

Halldór Stefánsson. fyrverandi eigandi Víðimýrar.

Hinsvegar skrifaðri landamerkjaskrá er samþykkur vegna Grófargils

Gunnar Gunnarsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Seilu 10. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar E. Briem

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)

Mjer sýnt 28/8 84. J. Havsteen.



Ár 1885

Brúnastaðir, bls. 12r

Maí 27

N^o 22

Landamerkjaskrá fyrir Brúnastöðum.

Milli Brúnastaða og Stórhólts eru landamerkji eptir gömlum árfarvegi frá fljóta-árminni upp í Brúnastaðaá, og svo ræður hún (áin) merkjum fram að svonefndum merkislæk, sem fellur beint ofanúr fjalli og í ána.

Milli Brúnastaða og Illugastaða ræður merkjum gamall merkjagarður frá vatni til fjalls.

Brúnastöðum 19. maí 1885.

Friðrik Jónsson

Samþykkur Árni Þorleifsson eigandi Illugastaða.

Samþykkur vegna mín og meðeiganda Björn Þorleifsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stórholti 27. maímánaðar 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Mái 27

N^o 23.

Landamerkjaskrá fyrir Illugastöðum.

Milli Illugastaða og Brúnastaða ræður merkjum gamall merkjagarður frá vatni til fjals. Og milli Illugastaða og Lambaness ræður frá Miklavatni marklá uppá há Lambanessásinn og þar settar 2 marksvörður að vestan og austann af honum (ásnum) beint ofan í ána og frá ánni eftir árfarvegi gömlum fyrir sunnan þrætutungu, úr því ræður áin mekjum til fjals.

Yztamói 14. maí 1885

Á. Þorleifsson Eigandi Illugastaða

Samþykkur vegna eiganda Lambaness E. B. Guðmundsson.

Samþykkur Friðrik Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stórholti 27. maím. ár. 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 27

N^o 24.

Landamerkjaskrá fyrir Steinhóli og Sjöundastöðum.

Milli jaranna Steinhóls og Vestarahóls ræður merkjum svo kölluð Hálsá framan úr Sjöundastaðadalbotni og ofan í Flókadalsá.

Og milli Steinhóls og Sjöundastaða ræður merkjum svonefndur Sjöundastaðalækur, sem aðskilur túnin, og ræður hann einnig merkjum ofan í Flókadalsá.

Allur bithagi óskiptur milli síðannefndra jarða

Ystamói 14. maí 1885

A. Þorleifsson Eigandi Steinhóls og Sjöundastaðar

Samþykkur Sv. Sveinsson Eigandi Vestarahóls.

Þinglýst á manntalsþingi að Stórholti 27. maímánaðar ár. 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 28

N^o 25.

Landamerkjaskrá fyrir Arnarstöðum.

Jörðin Arnarstaðir, liggjandi í Fellshreppi ynnan Skagafjarðarsýslu, á land allt til þeirra merkja, sem hjer skal greina.

1. Að sunnan ræður grjótgarður, sem liggur neðan frá Hrolleifsdalsá upp undir fjallið, og er stefna eins og hann vísar beint til fjallsbrúnar.

2. Að vestan ræður nefnd Hrolleifsdalsá framan frá tjeðum merkjagarði svo langt, sem land jarðarinnar nær niður í sveitina, sem er til garðs þess, er skilur land Skálár og Arnarstaða. Garður sá er glöggur uppað vörðum, sem hafa stefnu upp í svo kallaðan Dalhól, og frá honum beint uppá fjall.

apríl 27.–1885

Jón Jónsson bóndi á Siglunesi

Samþykkr: Björn Þórðarson

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 28. maímánaðar ár. 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 28

N^o 26.

Landamerkjaskrá fyrir Bræðraá með Snorragerði.

Jörðin Bræðraá með Snorragerði, liggjandi í Fellshreppi ynnan Skagafjarðarsýslu, á land allt til þeirra merkja, sem hjer skal nefna.

1. Að norðan ræður garður, sem enn má glögglega sjá. Hann liggur fyrir neðan hin svo nefndu Svörtu-holt, austan frá á þeirri er Hrolleifsdalsá er nefnd, og vestur í læk þann, sem skiptir landi milli Bræðraár og Róðhóls.

2. Að austan ræður fyrnefnd Hrolleifsdalsá, sem skilur lönd jarðanna Bræðraár og Róðháls.

3. Að sunnan ræður glöggur garður, sem hefur stefnu neðan frá Hrolleifsdalsá upp á fjallið sunnanvert við Skálahnjúk, sem svo er nefndur. Þaðan á Bræðraá land allt neðan frá opt nefndri Hrolleifsdalsá og upp á fjall ofan að Róðhólsgili.

4. Að vestan ræður lækur, sem rennur eptir nefndu Róðhólsgili ofan til láglendis. Þegar láglendið tekur við, sem nefnt er Skriða, ræður fyrst grasivaxinn skorningur, við hvers enda er uppstunginn hnaus. Frá honum er bein stefna í þúfu, sem stendur á sljettu engi fyrir neðan skriðu-fótinn (sem svo er nefndur). Þúfan stendur á lækjarbakka; sá lækur skiptir löndum milli bræðraár og Róðhóls ofan að garði þeim, sem fyrst var um getið.

Bræðraá 16. apríl 1885

Sölvi Sölvason.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 28. maímánaðar 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 28

N^o 27.

Landamerkjaskrá fyrir Skálá.

Millum Skálár og Hrauns eru landamerki: frá fjalli eptir garði ~~eptir garði~~ að Kálfagerðislæk, og svo ræður lækurinn þaðan til vatnsins.

Á milli Skálár og Arnarsstaða eru landamerki: sjáanlegur garður frá Hrolleifsdalsá út og upp í Hólana, þaðan eptir svonefndri Merkjalaut upp að reiðgötum, svo eptir læk, sem sprettur uppá fjallinu og frá upptökum hans til eggjar.

Landamerki millum Skálár og Fells er Langilækur frá Sljettuhlíðarvatni að Hrolleifsdalsá.

Þessu til sönnunar er mitt undirritað nafn.

B. Þórðarson

Samþykktur: Einar Jónsson, prestur í Felli.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 28. maímánaðar 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 28

N^o 28.

Landamerkjaskrá fyrir Ystahóli.

Millum Ysta-hóls og Heiðar eru landamerki: eptir sjáanlegum garði, sem liggur frá fjalli og^{til} fjöru.

Á milli Ysta-hóls og Miðhóls eru landamerki: á fjallsbrún í kletti, sem Birða heitir, þaðan beina stefnu ofan á Garðsmel frá honum að Langalæk.

Á milli Ystahóls og Keldna eru landamerki: Langi lækur útí Lambapoll, þaðan bein stefna í ytri-Grafarhól, frá honum í línu að tveimur melhólum, sem standast á, frá hólnum stefnu í garðslitrur, sem liggur ofan með jöðrunum, fram á sjávarbakka.

Þessu framanritaða eum við samþykkir

B. Þórðarson.

Sv. Sveinsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 28. maímánaðar 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25



Maí 28

N^o 29.

Landamerkjaskrá fyrir Syðstahóli.

Millum Syðsta-Hols og Mið-Hóls eru landamerki: forn garður en vel sjáanlegur frá fjalli til vatns.

Á milli Syðsta-Hols og Hrauns eru landamerki: í steini, sem stendur framan í hólnum, frá honum beint til eggjar, frá sama steini í stefnu ofaná við í þrjár vörður, sem standast á og frá vörðunum, í línu á Urriðabrekku við vatnið.

Þessu framan ritaða erum við samþykkir

B. Þórðarson. Guðm. Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Felli 28. maímánaðar ár 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 28

N^o 30.

Landamerkjaskrá fyrir Hrauni.

Millum Hrauns og Syðsta-Hóls eru landamerki: í steini, sem stendur framan til í hólunum, frá honum beint til eggjar, frá sama steini í stefnu ofan á við í 3 vörður, sem standast á og frá vörðunni í línu á Urriðabrekku við vatnið.

Á milli Hrauns og Skálár ræður garður frá fjalli að Kálfagerðislæk, og svo skiptir straxnefndur lækur landi til vatns.

Þessu til sönnunar er mitt undirritað nafn

B. Þórðarson

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 28. maím. ár. 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna).



Maí 30

N^o 31.

Landamerkjaskrá fyrir Hornbrekku.

Fyrst utan og neðan. Frá vörðuhól og yfir þveran þríhyrnuflóa inn að Urriðalæk eptir beinni stefnu á Syðri-Kötluhól á Hofsskógi, en aptur að utan ^{er} frá nefndum vörðuhól og rjetta stefnu upp að svo kölluðu Ljúfbliksgih^{holt} og þaðan sömu stefnu í tóptarbrot með dálitlum pitt hjá, er stendur undir brekkunum, og þaðan rjetta sjónhending upp í Hálsskál, upp Nyjuskríðu mitt á milli Rauða-kletts og Langakletts. Þetta eru rjett sögð landamerki, milli Hornbrekku og Mýrakots.

Þar næst er að sunnan og neðan, frá einu dýi, er stendur rjett við Urriðalækinn og beint upp í melhóla tvo, annan minni en annan stærri, sem standa í rjetta línu hvor upp undan öðrum fyrir sunnan Mómel og rjetta stefnu upp í jarðfastan stein neðst í túninu, sem aðskilur Hornbrekku og Stórubrekku tún, og frá honum eptir rjettsettum merkjum með hælarið, er liggur þvert yfir ^{upp} túnið, og í skarð, sem er í túngarðinn, þaðan beina stefnu í uppsprettu lækjar er kemur undan Fossabrekkumelstopp og frá honum í annan læk, er kemur ofan úr Brekkuskál.

Þessum merkjum að sunnan, ásamt þeim að utan lýsi og líka að neðan, lýsi jeg rjettum, og lýsi því einnig hjermeð mína eign land það, sem er innan þessata ofanskrifaðra takmarka.

Hornbrekku á Höfðaströnd 30. maí 1885.

Sölvi Kristjánsson

Samþykkur:

Jón Þorsteinsson.

Björn Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 30. maím. ár 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 30

N^o 32.

Landamerkjaskrá fyrir Ljósstöðum.

Að sunnan verðu aðskilur Hofsá lönd Ennis og Ljósstaða, en að suðaustan hinn svo nefndi Gráslækur, sem kemur beint ofan Ljótsdal, og fellur í Hofsá sunnan við Ljósstaðahóla, aðgreinir tjeður lækur landeignina frá Árlandi austur á hin svo kölluðu Háfell; þaðan liggja merkin norður eptir miðju fjalli móts við Hugljótsstaðadal þaðan í vestur eptir syðri brún hans ofan í Ytra-jarðfall framan í Brúnafjallinu, þaðan í stóra Grástein, norður undan Ljósstaðatúni, síðan beina stefnu í Pollalækinn upp á Hugljótsstaðabrekkum, á þessa hlið eiga Hugljótsstaðir land að, af Brekkunum ræður áðurnefndur Pollalækur eins og hann rennur ofan eptir utan við eyrarnar með Þrælabyrgisbakkanum að Hofsá landamerkjum beint í Hofsá móts við Grænutótt, eður, sem nú kallast Ennistekkur.

Landamerki þessi skulu haldast fyrir núlifandi menn og óborna, nema, ef þeir, sem hlut eiga að máli, sanni eptir þetta með ljósum gögnum að öðruvísi eiga að vera.

Landamerkjum þessum til staðfestu undirskrifum vjer hlutaðeigendur nöfn okkar.

Ljósstöðum 29. maímán. ár 1885

Sigmundur Pálsson eigandi.

Anna Sölvadóttir búandi á Hugljótsstöðum

Björn Jónsson eigandi að Á.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 30. maí-m. ár. 1885, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu – vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 30

N^o 33.

Landamerkjaskrá fyrir Nýlendi í Hofshreppi.

Milli Nýlendis og Grundar byrja landamerki að neðan við Grafará á Lambakletti, liggja þaðan ^{beint} uppá svokallað Engjaholt, þaðan í stein lítið eitt fyrir neðan mynni á svo nefndum Neðri-Hrossadal, þaðan beina stefnu í stein norðan til í Rauðamel norðvestan við Ennishnúk. Á milli þessara örnefna leiðbeina vörður. Að sunnan ræður Grafará merkjum. Að vestan aðgreinir Nýlendis og Ártúnaland, garður sá, sem liggur í norðaustur frá Grafará eptir flóanum út neðan við Sjónarhól, þar sem Ennisland tekur við er þvergarður, sem veit til fjalls, er byrjar við áðurgreindan garð, liggja svo merkin yfir Sjónarhól, þaðan upp sunnanhalt við Einbúa, þaðan beina leið í mitt holtið milli Ennis mógrafa, og uppsprettu-lindar, sem þar er rjett fyrir sunnan, síðan sjónhending austanhalt í Ennishnúk yfir Merkjalá, upp rjett sunnan við efri Hrossadal, ennfremur eru vörður til leiðarvísis á þessum mekjum milli Ennis og Nýlendis.

Nema löggildar sannanir komi fram fyrir því, að öðruvísi eigi að vera, skulu þessi landamerki ætíð standa um ókomnar aldir.

Til staðfestu hlutaðeiganda nöfn hjer undir.

Grundarlandi 29. maí 1885.

Guðjón Vigfússon Eigandi.

Samþykkur:

Þorgrímur Krisjánsson bóndi á Enni.

Þjetur Guðmundsson Eigandi að Grindum.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 30. maí 1885, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 30

N^o 34.

Landamerkjaskrá fyrir Grundarlandi í Unadal.

Á milli Grundarlands og Hrauns að norðanverðu niður við Hofsá, sem rennur ofan Unadal, byrjar glöggur merkjagarður á árbakkanum norðan við Arnarholt, gengur sá garður beint til fjalls upp í Merkjahnúk, sem er ~~norður~~ framaní fjallinu, þaðan merkin upp á brún sunnan við Hraunsdal austur á mitt fjall, þaðan í suður eptir miðju fjallinu fram á bak við Sperðildal, þaðan í vestur ofan Tungufjallsröðull til Tungusporðsins, þaðan ræður merkjum Grundarlandsá ofan í Dalsmynnið, úr því bein lína í vörðu, sem stendur á bakkanum ^{niður} við Hofsá. Þessi merkjalína af Tungufjalli til vesturs aðgreinir land jarðarinnar frá Bjarnastaðalandi. Frá áðurnefndri merkjavörðu við ána ræður Hofsá, eins og hún nú rennur, merkjum að vestan ofan dalinn, þangað til hún fer fram hjá garði þeim, sem byrjar hin ytri merkin að norðanverðu við Arnarholt.

Landamerkjabrjef þetta skal gilda fyrir alda og óborna, nema með lögfullum gögnum sannað verði, að öðruvísi eigi að vera.

Þessu til staðfestu undirskrifum vjer hlutaðeigendur nöfn okkar.

Grundarlandi 29. maí 1885.

Guðjón Vigfússon Eigandi.

Björn Jónsson Eigandi Hrauns.

Sigmundur Símonsson (Bjarnastöðum)

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 30 d. maí-m. ár 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bokun 0.25 1 ein (króna)



Júní 1

N^o 35.

Landamerkjaskrá fyrir Skriðulandi.

Að norðan ræður merkjum hóll sá, er nefndur er Valhóll, sem er næsti hóll fyrir sunnan háfan mel, er heitir Sandhóll. Báðir þessir hólar eru í hlíð þeirri, er heitir Sandhlíð. Í fjallinu beint upp undan Valhól, er dálítil skál, og eru merkin beina stefnu úr Valhól í skálina, og þaðan beina stefnu upp á háfjall. Sömu leiðis eru merkin beina stefnu úr Valhól norður að Kolbeinsdalsá; þar skal sett merkjavarða.

Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum eptir þeim farvegi, sem hún nú hefur út með melunum, er byrjast út og yfir undan Skriðulandi, en er úteptir dregur lengra, skiptir áin sjer um hólma þann, er nefndur er Fremranes. Nes þetta á Skriðuland.

Að austan ræður há-fjallgarðurinn merkjum. Að sunnan er stór lækur, sem kemur ofan af Skriðulandsdal. Sá lækur rennur sunnan við grasivaxna grund, sem er beint niður undan Skriðulandsdal, og er grund þessi engjapartur frá Skriðulandi.

Þar sem lækurinn rennur í Kolbeinsdalsá eru landamerki; þaðan liggja merkin stefnu í opið á Skriðulandsgili, sem er þar út og upp undan og skulu á þeirri leið settar 2 merkjavörður, önnur við veginn, en hin nokkru ofar. Þegar upp eptir gilinu dregur, skiptist það í 2 gil, og ræður syðra gilið merkjum, þar til því sleppir, en úr því ræður Skriðulandslækurinn merkjum til upptaka.

Ennfremur á Skriðuland frían upprekstur fyrir sauðpening og tryppi og þar að auki beit fyrir 4 hross í Kolbeinsdalsfrjett.

Skriðulandi 30. maí 1885

Sigurður Gunnlaugsson (eigandi Skriðulands)

Ofanrituðum landamerkjum erum við hjer með samþykki.

Gunnlaugur Pálmason (handsalað) (eigandi Saurbæjar)

Guðrún Jóhannesdóttir (handsalað) (eigandi Bjarnastaða)

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. d. júním. ár 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Júní 1

N^o 36.

Landamerkjaskrá fyrir Brimnesi.

Að sunnan ræður lækur sá, sem rennur úr svokölluðu Litlahólsgili til sjóar og frá fyrnefndu gili úr vörðu þeirri, sem höggvið er á B og L beina sjónhending eptir vörðum í stein, sem stendur suðaustur til í Grjóthól og höggvir eru á stafir B og L, svo beina sjónhending, sem vörður vísa á miðja Lómatjörn að sunnan, svo úr norðurenda Lómatjarnar, sem vörður vísa til Háaleitis í vörðu þá, sem höggvið er á B og V, svo þaðan beina sjónhending ^{austanvert} í Geitagerði ~~austanvert~~, og þaðan beint út í Vagnbraut, og ræður hún þaðan þar til hún kemur í Þjóðveg, og þaðan vestur í Þjófadallæk og ræður hann til sjávar. Og nefnd jörð á frían upprekstur í Kolbeinsdalsfrjett

Brimnesi 15. maí 1885.

Sigurlaug Þorkelsdóttir (eigandi)

Samþykkir:

F. Jónsson í Viðvík.

Jón Bjarnason á Bakka.

Bessi Steinsson Kýrholti.

Aðalsteinn Steinsson á Litlahóli.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júním. ár 1885, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Júní 1

N^o 37.

Landamerkjaskrá fyrir Ingveldarstöðum.

Jörðin Ingveldarstaðir í Hólahreppi á land ofan til Hjaltadalsár, sem ræður landamerkjum móts við Efraásland suður að vörðu, sem stendur á ár-bakkanum vestan við ána; svo skulu vera landamerki millum jarðanna Ingveldarstaða og Nautabúss beina línu frá tjeðri vörðu upp í grjótvörðu þá, sem stendur á svo kölluðum Efstahól, svo þaðan sjónhending í Gollursgil, sem er syðsta gilið í Ingveldarstaðahnúk, svo þaðan beint vestur fjallið millum dalanna, allt vestur fyrir dalabotna. Þaðan eru landamerki út fjallið, þars það er hæzt, til þess komið er móts við miðjan dalsbotninn, svo eru landamerki milli Ingveldarstaða og Skúfstaða beint austur af fjallsbrún ofan miðja tangana millum lækjanna, til þess Skúfstaðaá kemur saman framan til á Skúfstaðadal. Þaðan ræður sú á merkjum allt ofan til Hjaltadalsár. Svo á jörðin Ingveldarstaðir endurgjaldsfría hagagöngu fyrir 2 hross í Skúfstaðalandi, einungis ef þar er beit, þá haglaust er á Ingveldarstöðum. Einnig á jörðin Ingveldarstaðir sama tilkall og aðrar jarðir í Viðvíkur- og Hóla-hreppum til uppreksturs í fyrverandi Hólastólslandi.

Ingveldarstöðum 27. maí 1885.

(í umboði eiganda jarðarinnar Ingveldarstaða) Benjamín Friðfinnsson.

Samþykkt:

Þórey Þorleifsdóttir (eigandi að jörðinni Skufstöðum) (handsalað)

Guðmundur Þorleifsson (eigandi að jörðinni Nautabúi) (handsalað).

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. d. júním. ár 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Júní 1

N^o 38.

Landamerkjaskrá fyrir Skúfsstöðum.

Jörðin Skúfsstaðir í Hólahreppi á land ofan til Hjaltadalsár, sem ræður landamerkjum móts við Efraásland, allt suður að Skúfsstaðaá. Þaðan ræður Skúfsstaðaá landamerkjum móts við Ingveldarstöðaland, til þess hún kemur saman framan til á Skúfsstaðadal. Þaðan eru landamerki sjónhending upp miðja tunguna millum lækjanna, og allt vestur á fjall þá í þar er hæðst millum dala. Þaðan liggja landamerki millum Skúfsstaða og Ásgeirsbrekku beinlínis út fjallið til þess komið er móts við miðja Garðaskál, svo þaðan móts við Hringversland beina línu austur á fjallsbrún ofan miðja Garðaskál, og eptir gili því, er liggur ofan úr tjeðri skál; svo eru landamerki millum Skúfsstaða og Garðakots sjónhending úr neðri enda nefnds gils í dý eður fen, sem er fyrir sunnan og ofan Titlingseyri, skammt fyrir ofan Hjaltadalsá, og svo þaðan beinlínis ofan að ánni. Einnig á jörðin Skúfsstaðir frían upptekstur á Kolbeinsdalsafrijeti, sem er ítak jarðarinnar síðan hún var Hólastóls eign.

Hofsstaðaseli 10. maí 1885

Þórey Þorleifsdóttir (eigandi að jörðunni Skúfsstöðum)

Samþykkir:

Björn Pálmason (eigandi að Ásgeirsbrekku)

Sigurður Gunnlaugsson og Hólmfríður Jónsdóttir (eigendur að Garðakoti)

Sigurlaug Þorleifsdóttir (eigandi 2/3 úr Hringveri)

Jóhannes Eyjúlffsson (eigandi að 1/3 úr Hringveri)

Í umboði eigenda Ingveldarstaða Benjamín Friðfinnsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1.d. júní-m. ár 1885, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Júní 3

N^o 39.

Landamerkjaskrá fyrir Silvrastöðum í Yxnadalsheiði.

Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.

Þess er að geta, að enginn á ítak innan þeirra merkja, sem ofan skrifuð landamerkjalyásing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprílmánaðarlok 1886.

Dýrfinnastöðum 2. júní-m. 1885.

Í umboði ekkjufrúar M. R. F. Lárusdóttir Jóh. Þorkellsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökrum 3. júní-m. ár 1885 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Júní 3

N^o 40.

Landamerkjaskrá fyrir Egilsá.

Að austan, milli Egilsár og Borgargerðis, ræður svonefnt Geldingsgil, glögg ofan af háfjalli, niður til Norðurá; að norðan, frá nefndu Geldingsgili til Egilsdalsár, ræður Norðurdalsáin; að vestan og sunnan ræður Egilsdalsáin frá Norðurá alla leið til upptaka, og svo háfjallið milli Egilsdalsins og Norðurárdalsins, norðvestur á áðurnefnt Geldingsgilsskarð.

Ítak jörðin Flatatunga og hjáleigan Tungukot eiga tollfrían upprekstur á Egilsdalinn, en kosti að hálfu við Egilsá refa eyðingu.

Flatatungu 16. maí 1885.

Porkell Pálsson (eigandi jarðarinnar).

Samþykkur: Jakob Benediktsson (eigandi Borgargerðis)

Vottar:

Steingrímur Jónsson

Kristján Kristjánsson

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökrum 3. d. júním. ár 1885, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Júní 13

N^o 41.

Landamerkjaskrá fyrir Ipishól.

Að austan móts við Reykjarhól ræður Rauðilækur, frá því Gráfargilslækurinn fellur í hann allt suður til upptaka. Þaðan ræður lík stefna suður með holtsjarðrinum, suður undan Neðra-Steinholti allt að Brekkumerkjum, hvar setja skal hornmerki, þaðan vestur í vörðu á Stafhól. Þaðan í Grjóthryggsenda, þaðan í Sæmundará. Þaðan ræður áin spölkorn útfyrir Fjallsfoss, þar til hún beygist til vesturs niður undan Brúnkollumel á Fjallshólum, hvar setja skal hornmeki. Þaðan austur í vörðu utan við Stekkjarhól, þaðan í Fuglstafa-þúfu út undan kvíahólnum á Ipishóli, sem byggja skal uppá, þaðan í fyrstnefnda lækjasamkomu.

Ási 10. apríl 1885

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Þessari landamerkjalyðingu er jeg samþykkur að öllu, er hjer er framan ritað. Þessu til staðfestu er nafn mitt og heimili.

Grafargili 11. júní 1885

Gunnar Gunnarsson

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Seilu 13. júní ár 1885, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 17

N^o 42

Landamerkjaskrá fyrir Hólakoti á Reykjaströnd.

Að austan ræður sjáarströndin frá Drangsvíkurklöpp, sem er í miðri Drangsvík suður til Hólakotsár. Þaðan ræður áin upp í tjörn þá, sem er upptök hennar. Síðan bein stefna upp úr dalsbotninum allt upp á háfjall, þar til vötn falla vestur. Þaðan ræður háfjallið norður í klett í skarði á fjallsbrúninni, sunnan við það, sem Stóllinn sýnist hæstur að sjá neðan frá. Úr klettinum beinlínis niður fjallið í stóran flatan stein neðan undir háu barði fyrir ofan Jarðföllin. Þaðan syðst í fyrst nefnda Drangsvíkurklöpp.

Ási, 20. ágúst 1885

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður Reynist.kl.)

Þorleifur Jónsson á Reykjum samkv. fullmagn frá hlutað eigandi umboðsmanni (handsalað)

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók 17. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1, ein (króna)



Maí 17

N^o 43.

Landamerkjaskrá fyrir Heiði.

Að austan ræður háfjall frá hæsta högginu austan við Hrafnadal, suður á mótis við miðjan Lambárbotn. Þaðan ræður Lambá niður til Skarðsdalslækjar. Þaðan ræður lækurinn suður til Þröskulds, hvar setja skal hornmerki. Þaðan niður í syðri Kambalág. Þaðan eftir merkjunum milli Sandárteigs og Oddsteigs niður í Kallá. Þaðan upp í Ytra-Gránugil. Þaðan beint vestur í Bakdalsskarð. Þaðan eptir líkri stefnu í Bakdalsá sem ræður niður í Laxá. Þaðan ræður Laxá norður að Mörá, og er þar útvestur horn á landinu. Þaðan ræður Mörá upp á mótis við Mörárbungu, þaðan ræður bein stefna sunnan vert við bungu þá, sem er sunnan við Reyðskarð vestanvert. Þaðan yfir fjallið beina stefnu á höggið austan við Hrafnadal niður í Hamarsgil, sem ræður niður í Kallá. Þaðan austur sunnan til vert við Siggulágargil. Þaðan í syðri Kjöls hans þaðan í langan moldskurð vestan í fjallinu. Þaðan í hæsta höggið austan við Hrafnadal.

Ási, 6. maí 1886.

Ólafur Sigurðsson

Samþykkur sem ábúandi á Veðramóti Stefán Stefánsson

Samþykkur sem ábúandi á Skarði Sv. Sölvason

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók 17. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1, ein króna



Maí 17

N^o 44.

Landamerkjaskrá fyrir Veðramóti.

Að austan ræður Hraksýðu-á frá Þröskuldi niður til Gönguskarðsár. Þaðan ræður Gönguskarðsá ^{upp} til Kallár, þaðan ræður Kallá upp til Kálfár. Þaðan ræður Kálfá suður að Marklágarskurði, sem ræður upp í garðlag sunnanvert við Marklágina. Þaðan suður og upp í Hrafnsklett. Þaðan vestur yfir Tjarnardal fyrir sunnan Urðirnar Þaðan í vörðu á Vatnaöxl. Þaðan eftir sömu stefnu vestur yfir dragið og Bakdalsháls niður að landamerkjagarði þeim, er liggur upp frá Tröllá (Laxá) skammt fyrir utan Skálar hnjúk. Þaðan ræður garðurinn ~~niður~~ niður að ánni. Þaðan ræður Tröllá norður til Bakdalsár. Þaðan austur í Bakdalsskarð. Þaðan niður í ytra Gránugil, sem ræður niður í Kallá. Þaðan eftir merkjum milli Oddsteigs og Sauðárteigs. Þaðan upp í syðri Kamba-lág. Þaðan í fyrstnefndann Þröskuld. Í landi jarðarinnar liggja 2, engjateigar, tillagðir öðrum jörðum fyrir önnur hlunnindi 1. Sauðárteigur, vestur við merki ásamt slægjulautum upp frá honum, afmarkaður með garðlagi að austan, en Kallá að neðan, tillagður Sauðá fyrir vetrar beit í Sauðárhálsum. 2. Skarðsteigur, niður undan túninu, afmarkaður með garði á þrjá vega, en Kallá að neðan, tillagður Skarði fyrir frýtt skipsuppsátur í Skarð-skrók.

Ási, 6. maí 1886

Ólafur Sigurðsson

Vegna eignarjarðar minnar Kálfárdals, er jeg undir skrifaður landamerkjaskrá þessari samþykkur

Hellulandi, 12. maí 1886.

Ingimundur Þiðriksson

Samþykkur, sem ábúandi á Heiði Björn Jónsson

Samþykkur sem ábúandi á Skarði Sv. Sölvason.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók 17. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein (króna)



Maí 18

N^o 45

Landamerkjaskrá fyrir Garði.

Að austan ráða hjeraðsvötn frá miðjum Lónsós, sem ber rjett í Málmeyar kaldbak að sjá frá upphlaðinni ~~vörðu~~ vörðu í Lóns-hólma, suður fyrir austan æðareyri og varp hólma allt suður fyrir syðri tá hans, þaðan beint í vestur, utan vert við vestari Hrísey-arhólma í suð-austur vikið á Garðsvatni, upp fyrir sunnan yzta hamar, þaðan í garð þann er liggur yfir þveran Garðs-ás, þaðan yfir Háuborg í Grjót-hrúugreni og Svörtuskoru í Geitaberg. Þaðan vestur yfir austari grendalinn eptir sömu línu, lítið eitt fyrir sunnan Dalagren vestur í Háuklöpp á túngunni milli dalanna hvar hlaðin er varða, sem er suðvestur hornmerki á landinu. Þaðan norðavestan verða tunguna, beina stefnu á Klafastein, allt að vörðu þeirri, sem bygd er austan við kletta belti það, sem liggur fyrir austan Lámatjörn rjett vestur undan Hellulandsvegaskarði og er sú varða út-vestur hornmerki. Þaðan austur yfir sunnið og bergið í sunnan vert skarðið, úr tjeðu skarði yfir Keflavíkursundið, beint í Garð þann er liggur yfir Garðsás ~~norðan~~^{utan} verðann og nær niður að klauf þeirri í Garðsbrekkur, sem er næst fyrir utan Þjóðvegjar klaufina. Þaðan niður úr klaufinni og síðan út með brekkunum til sjóar, hvar reka-merki er sett beina stefnu til Málmeyjarkaldbaks frá norð austur horninu á Króksbjargi; þaðan ræður sjáarströndin austur til fyrst-nefnds Lónsóss. – Hjer að auki á jörðin ítak í Hofstaða-eyum og má ~~Garð~~ ábúandinn á Garði, nota og rækta til slægna um aldur og æfi svo kallaða Brimnes- eða Garðsey. En allar aðrar nytjar eyarinnar, en slægjur til heyra Hofstöðum. Eyan er afmörkuð með vörðum.

Garði, 5. maí 1886.

Jóhannes Ögmundsson

Eigandi að Hofstöðum Pjetur Jónsson samþykkur

Landamerkjaskrá þessari er jeg í tilliti til eignarjarða minna Áss, Vatnskots og hálftrar Keflavíkur að öllu samþykkur Ólafur Sigurðsson

Landamerkjaskrá þessari er jeg undirskrifaður samþykkur vegna eignarjarðar minnar Hellulands. p.t. Ríp 18. maí 1886 Ingimundur Þiðriksson

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 18. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1,00 (ein króna)



Maí 18

N^o 46.

Landamerkjaskrá fyrir Hróarsdal. –

Að austan ræður Hólmavatn frá Grásteini við vatnið suður í læk þann er fellur úr því vestan við Keldudalsstekkjarborg. Þaðan ræður lækurinn suður með borginni og síðan bein stefna úr honum suður flóann allt þar til tjeður lækur dregur sig saman aptur rjett austur undan Messu-klöpp, sem er vestan við Lækjardalinn og skal þar setja hornmerki við lækinn.

Þaðan beint vestur í klöppina og svo yfir Lágarbug, hvar setja skal vörðu í yzta nafahorn, sem gengur lengst niður að kílnum, þaðan yfir engjarnar í stein á Hjeraðsvatnabakkanum, sem er suðvestur hornmerki á landinu. Þaðan ráða Hjeraðsvötnin hjer-um 45 faðma norður fyrir Kílásinn þar til komið er móts við lítið sýki, sem fellur úr tjarnarpollum í vötnin og kallað er Merkjásíki er það útvestur hornmerki. Þaðan austur í vörðu, sem stendur á klöpp austan við veginn út nesið að vestan, þaðan ræður landamerkjagarður austur í Sturlulág á Hólmabergi, úr henni í fyrstnefndan Grástein.

Ási, 5. maí, 1886.

Ólafur Sigurðsson

Landamerkjaskrá þessari er jeg undirritaður ábúandi á Kara stöðum samþykkur

p.t. Ríp. 18. maí 1886

Jón Jón Jónsson

Samþykkur sem ábúandi á Keldudal Gunnar Ólafsson

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 18. maí 1886 og ritað í landamerkja bók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 18

N^o 47

Landamerkjaskrá fyrir Keflavík.

Að norðan og austan ræður sjóarströndin frá Stigarauf að vestan, austur í Garð-skrók hvar sett er rekamerkji beina stefnu á Málmeyar Kaldbak frá norðaustur horninu á Króksbjargi þaðan suður með brekkunum, allt þar til komið er suður í Klauf þá, sem næst er fyrir utan þjóðvegarklaufina í Garðsbrekkur sem er suðaustur hornmerki á landinu. Frá klaufinni ræður beinn landa merkjagarður vestur móana og yfir þverann Garðsás norðan verðan, þaðan ræður sama stefna yfir Kefla-víkur sunðið upp í sunnanvert Hellulands vega skarð í bergið fyrir sunnan og ofan Keflavík, þaðan eptir sömu stefnu línu vestur yfir bergið og sunðið þar fyrir vestan allt upp að klettabelti því, sem er vestan við sunðið og liggur austan við Lóma tjörn hvar hlaðin er varða í sundjaðrinum, sem er suðvestur hornmerki. Þaðan norður í Klafa-stein, sem stendur vestan á Klafasteins holti suðaustur undan syðri endanum á Nesvatni þaðan í fyrst nefnda Stiga rauf.

Ási, 5. maí 1886.

Ólafur Sigurðsson (eigandi að ½ jörðinni)

Samþykkur vegna eignarjarðar minnar Garðs.

Jóhannes Ögmundsson

Vegna eignarjarðar minnar Hellulands er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur

p t Ríp 18. maí 1886.

Ingimundur Þiðriksson

Samþykkur, sem ábúandi í Utan verðunesi

p t Ríp 18. maí 1886.

Magnús Árnason

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 18. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 18

N^o 48.

Landamerkjaskrá fyrir Hamri.

Að austan, ræður ^{Land-}Hólmakvísl frá vörðu þeirri, er setja skal á kvíslar bakkanum og síðan Rípureyar kvísl hjer um 10 faðma suður fyrir Hamarsstekki hvar setja skal vörðu, sem er hornmerki, þaðan beint vestur yfir mýrarnar í landamerkjagarði fyrir ofan Kilinn. Þaðan ræður garðurinn upp á hæsta nibbu Ketu-hamars, þaðan í vörðu sem hlaða skal á melnum fyrir sunnan og ofan Hamar, þaðan í vörðu, sem setja skal 5 föðmum fyrir utan litla klöpp austan við syðri endann á Hendil-kotsvatni, þaðan eptir sömu línu vestur í vatnið, þaðan ræður vatnið norður í Þóreyraborg, sem er rjett vestan við læk þann er rennur suður úr Ríputjörn, ræður svo borgin, norður að vörðu þeirri er hlaða skal á hana norðast, sem er hornmerki, þaðan í vörðu á borginni þar fyrir austan. Þaðan í vörðu á Háuborg. Þaðan í vörðu á holtinu fyrir sunnan og ofan Rípuhöfðann, þaðan í fyrst-nefnda vörðu við Landhólmahvísl. Þar að auk á jörðin 4 hólma í Hjeraðsvötnunum. 1. Hrúthólma, 2. Selhólma, 3. Austastahólma, sem allir liggja suðaustur undan Hríseyju. – 4. Landhólma, sem liggur fyrir miklu af landinu að austan, milli þess og Rípur eyjar.

Ási, 16. september 1885.

Ólafur Sigurðsson – umboðsmaður –

Ofanskrifuðum landamerkjum er samþykkt að því er prestsetrið Ríp áhrærir
Ríp d.u.s. Árni Þorsteinsson – prestur –

Samþykktur sem á búandi á Ketu. –

P.t. Ríp 1886. Kristján Guðlaugsson handsalað nafn.

Framanstandandi landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hamri í Rípurhreppi, sem heyrir undir Reynistaðarklausturs umboðið samþykkt hjer með, sjer í lagið að því, er snertir skipti á áður óskiptu beiti landi, sem Hamar og prestsetrið Ríp hafa átt saman. –

Skrifstofu Norður og Austuramtsins 4. desbr. 1885

J. Havsteen.

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 18. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu.
Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0.25 1,00 (ein króna)



Maí 25

N^o 49

Landamerki Írafells.

Milli Grímsstaða að sunnan og Írafells að norðan ræður bein stefna úr Svartá um Kathól upp í slakkagil og þaðan þvert vestur á fjallið norðan-vert við Skökkudalshæð, þar sem setja skal hornmerki. Þaðan liggja merkin til suðurs á vörðu sem hlaðin er á nefndri hæð og vjer viljum nefna Birgisvörðu. – Þaðan á stóran stein á vestur brún fjallsins, sem vjer nefnum Grástein þaðan á minni stein á hæðinni fyrir vestan Vatns-rústir, og þaðan rjettlínis í vörðu, sem hlaðin er á steini er stendur á hæðinni norðanvert við Selgilsrústir, og sem vjer viljum kalla Klafa-stein. Þaðan rjettlínis í hásuður í gil það sem er austan undir Búrfelli og kallað er Gullreitsgil, þar sem það beygist til suður; þaðan þvert í vestur í hóla þá, sem kallaðir eru Sandhólar. Þaðan rjettlínis landnorður í klettabelti, sem er sunnan í Vatna-felli. Þaðan í læk þann er fellur í Vatnafells flóa og kallaður er Miðlækur. Síðan ræður lækurinn út í Túnársporð, þaðan ræður Gljúfrá ofan í Svartá, síðan ræður Svartá fram fyrir neðan áðurgreindum Kathól.

Írafelli, 19. maí 1886,

Indriði Árnason eigandi Írafells

Eigandi að Øldu hrygg Jóhann Hannesson

Eigendur að Gilhaga Magnús Jónsson. Oddný Þorsteinsdóttir.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 25. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu – Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein (króna)



Maí 25

N^o 50.

Landamerki Hofs í Dölum.

Hof á land allt í tungunni milli Jökulsár að vestan og Hofsár að austan og fram til Hofsjökuls. Ennfremur á Hof engja-part milli Bjarnastaða-hlíðar og Litluhlíðar, sem liggur milli Stórahóls að sunnan og bein stefna úr honum upp á fjallsbrúnina, og milli garðlags að utan, sem er mjög skammt fyrir sunnan Laxakerslæk, og er bein stefna úr garð-laginu merki á fjall upp milli Bjarnastaðahlíðar og engjapartsins. – Ennfremur á Hof það ítak í landið fyrir austan Hofs-á, þ.e. í Giljaland, að Hofs bóndi eða eigandi þess má árlega hafa heimilisbrúkunar hross og 5 trippi eða stóðmerar með folöldum, að folöldum átöldum, eða hvoru tveggja á Gilja mýrum, að Hofs bóndinn má heyja á mýrum þessum þegar hann þarf þess, að vild sinni, og hafa grasa-tekju á landi þessu austan Hofsár fyrir sjálfan sig, allt eðlilega borgurnarlaust. Litlahlíð á frían geldfjár upprekstur í Giljaland en ekki yfir Hofsá í Hofsland. Engin ítök í landið.

Goðdölum, 24. maí 1886

Zophaníás Halldórsson (eigandi Hofs.)

Samþykkur Ólafur Guðmundsson eigandi Gilja –
Sveinn Guðmundsson eigandi í Bjarnastaðahlíð
vegna Litluhlíðar Ólafur Guðmundsson

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 25. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 25

N^o 51.

Landamerki Fremri-Svartárdals.

Milli Fremri-Svartárdals að sunnan og Ytri-Svartárdals að norðan ræður bein stefna úr ásnum í svo nefndan Halldórs-gilslæg, þar sem hann rennur í Svartá upp í höggið á fjallsbrúninni þar beint upp undan. – Allt Runuland skal vera órjúfanleg eign Fremri-Svartárdals, þó svo að Ytri-Svartárdals maður skal hafa þar frjálsa beint borgunar laust fyrir sitt eigið geldfé vor og haust, en óheimilt, skal honum vera, að hafa þar ~~pening~~ fjenað sinn á sumrum. Þetta að ofan er samkvæmt áreiðargjörð árið 1883, föstudaginn 28. ágústmánaðar. Háfjallsbrúnin ræður merkjum milli Goðdalalands og Fremri-Svartárdalslands fram til fjalla móts við Kvíslarupptök. Vestan ræður Svartá.

Staddir á Goðdölum, 24. maí 1886.

Gísli Sveinsson eigandi og ábúandi á Fremri-Svartárdal

Samþykkur vegna Goðdala: Zophaníás Halldórsson pastor loci

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 25. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu – Vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 25

N^o 52.

Landamerki fyrir Giljum í Dölum.

Hofsá ræður að vestan, að utan Hrúta svo Botnalækr fram á móts við Litla-Elliða svo beint til austurs í hann, þaðan austur á Sperðilsbrúnir, svo fram Hábrúnir fram á Keldudals öxl og eptir brjefi frá 1377 allan Keldudal austur að Jökulsá, ræður hún þá fram til Jökla. En fyrir framan Gilji eru landamerki haldin í Stóra-grjót, þaðan beint í austur á ~~Hámúla~~ há-Múla, þaðan beina stefnu í hásuður til Jökuls. – Í þetta land hefir Hof þau ítök að Hofsbóndi eða eigandi þess má árlega hafa sumar langt heimilis-brúkunar hross og 5 (fimm) trippi eða stóðmerar með folöldum (að folöldum ótöldum) eða hvoru tveggja (hryssur og trippi) á Giljamýrum, að Hofsbóndinn má heyja á ~~mýrunum~~ mýrum þessum þegar hann þarf þess, að vild sinni, og hafa grastekju í landi þessu austan Hofsár fyrir sjálfan sig, allt eðlilega borgunarlaust. – Litlahlíð á frían geldfjár upprekstur í þetta land. – Að öðru leyti en hinu framan skrifaða, fyrirbýð ég hjermeð öllum alla brúkun á Giljalandi, hverju nafni sem nefnist, nema menn sanni brúkunar rjett sinn á ofan rituðu landi, eða mitt leyfi til komi.

Giljum, 22. maímán. 1886.

Ólafur Guðmundsson

Samþykkur Zophanías Halldórsson eigandi Hofs

Sveinn Guðmundsson eigandi að Þorljótsstöðum að nokkru leyti.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 25. maí ár 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjó

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 26

N^o 53.

Landamerki jarðarinnar Flatatungu í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að austan Egilsdalsáin ræður alla leið frá upptökum til þess hún er fallin í Norðurá, svo að Flatatunga á allan svonefndan Tungudal. Að norðan frá Egilsdalsánni vestur í Hjeraðsvötn ræður Norðurá er rennur norð-vestur í Hjeraðsvötn; Að vestan ráða Hjeraðsvötn frá Norðurá, fram í móts við, svo nefndan markhöfða, sá höfði er í suðvestur frá Hinglustöðum: Að sunnan. Af Markhöfða ræður bein lína í austur eptir vörðum í austustu grjótvörðu á melrana sunnan og austan við svo nefnt heiðarskarð, frá nýnefndri vörðu ræður bein lína, (sjónhending) á Eiríkshnjúksöxl, sem er uppá háfjalli, þessi fjalllína er landamerki milli jarðanna Flatatungu að norðaustan og Tyrfingsstaða, Keldulands og Stekkjarflata að sunnan og vestan. Frá nefndri Eiríkshnjúksöxl, ræður Fjallauðn í suður og austur, milli Tungudals og Bakkadals, til þess komið er fyrir upptök Egilsdalsárinnar. Ítök: Jörðin Flatatunga og hjál. Tungu kot, eiga tollfrýan upprekstur á Egils dal, en kosti þar að hálfu refaeyðing- og urriðaveiði í Norðurá – samkvæmt útskrift úr jarðabókinni frá 1760.

Flatatungu, 24. maí 1886.

Þorkell Pálsson (eigandi allrar jarðarinnar)

Vottar

Sigfús Dagsson

Kristján Kristjánsson

Samþykkur Oddur Einarsson eigandi Tyrfingsstaða.

Þinglýst á manntalsþingi að Ökrum 26. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðar sýslu. – Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 26

N^o 54.

Landamerki jarðarinnar Gilsbakka í Akra hreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að norðan ræður svo nefnt Mos-gil, sem er glöggt frá austari Jökulsá uppá há-fjall. Að vestan, frá nefndu gili að neðan – til – Merkigils ræður Jökulsáin, frá Jökulsánni í suður og austur, ræður Merkigils-áin til upptaka hennar. Að norðaustan ræður háfjallið milli Bakkadals og Tungu dals, í norð vestur til áður nefnds Mosgils að ofan.

Gilsbakka, 24. maí 1886.

Jón Jónsson (eigandi jarðarinnar)

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 26. maí, ár 1886 og ritað í landamerkja bók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 26

N^o 55.

Landamerki jarðarinnar Tyrfingstaða í Akrahreppi og Skagafjarðarsýslu. –

Að norðan ræður markja-höfði við Hjeraðsvötn, og af honum bein lína, eptir vörðum í austur, í austustu Grjótvröðu á melrana æð sunnan og austan við svonefnt Heiðarskarð. – Að austan ræður bein lína (sjónhending) frá næst-nefndri vörðu miðað á Eiríkshjúksöxl. – Að vestan ráða Hjeraðsvötn frá nefndum Markhöfða, suður í móts við stein á Vatnagilsbarmi m[erktur] M. og bein lína frá honum eptir vörðum uppí Merkjagil; að neðan, úr því ræður gilið til upptaka þess og frá upptökum bein lína í austur, þartil mætir upp á fjalli Flatatungulandi

Miklabæ, 24. maí 1886

Oddur Einarsson (eigandi jarðarinnar)

Vottar

Sigfús Dagsson

Kristján Kristjánsson

Samþykkur Þorkéll Pálsson eigandi Flatartungu

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru Økrum 26. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu – Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein (króna)



Maí 26

N^o 56

Landamerkjalyásing jarðarinnar Bjarnastaða í Akrahreppi.

Að norðan milli Bjarnastaða og Hjaltastaða ræður merkjum gil það er kallað er Bjarnastaða gil á fjall upp, úr því neðan til ræður bein stefna í merkjalág utan við Bjarnastaðaborg, úr henni sjón-hending í sýslu veginn á Þormóðsholti. Að sunnan liggur upp og ofan fyrir miðju landi laut, sem kölluð er Merkjalaut og ræður hún merkjum að sunnan, úr henni að ofan er bein stefna á fjall upp, og úr áður greindri ^{nefndri} laut að neðan, er bein stefna í vörðu sem er hlaðin er á flóanum milli Bjarnastaða og Flugumýrarkvamms, úr vörðu þeirri sjónhending ofan í sýsluvegin á Þormóðs holti, er ræður merkjum að vestan verðu, út á mótis við áður nefnda Merkjalág.

Bjarnastöðum, 10. maí 1886.

Jón Þorkéllsson (eigandi jarðarinnar Bjarnastaða)

Gísli Þorláksson (ábúandi Hjaltastaða)

Þorvaldr Arason (eigandi Flugumýrar)

Helgi Bjarnason (eigandi ½ jarðarinnar Flugumýrarkvamms)

Sigurbjörg Gísladóttir (eigandi ½ jarðarinnar Flugumýrarkvamms)

Þinglýst á manntalsþingi á Stóru-Økrum 26. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglysing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 26

N^o 57.

Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Frostastaða.

Að sunnan ~~ræður~~ eru merki milli Frostastaða og Hjaltastaða, svo kallað Stóruskriðugil í fjallsegg uppi svo langt niður sem það er glögg, svo ofan í garða af fornmönnum hlaðna, sem eru glöggir á Einbúa, Miðholti og Steins-holti og vita allir beina línu til vesturs, og svo eru merki milli Frostastaða og Ystugrundar, bein lína neðst úr Stein-holti til norðurs eptir hlöðnum vörðum út að Þverá svo ræður Þverá að norðan milli Frostastaða og Þverár, eður uppeptir eyrum nálægt því sem hún rennur, þar fellur hún úr gili og ræður nefnd á alltaf merkjum milli Frostastaða (~~dals og Þverárdals~~) og Axlarhaga og milli Frosta staða dals og Þverárdals allt fram á bý-við svo kallaðan Ranghala er sker fjallið í sundur og svo út fjallseggina út á bý-við fyrst nefnt Stóruskriðu-gil, og eiga Frostastaðir þar þvert yfir fjallið.

Frostastöðum, 9. júní 1883.

Björn Pálsson (eigandi ½ Frostastaða)

Páll Pálsson (eigandi ½ Frostastaða)

Gísli Þorláksson (ábúandi á ~~Þverá~~) Hjaltastaða

Jón Þorkelsson (eigandi ½ Þverár)

Sigurður Jónsson (eigandi ½ Þverár)

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru Økrum 26. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 26

N^o 58.

Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Yztugrundar. –

Að sunnan ráða merki milli Yztugrundar og Hjaltastaða, bein sama lína, sem á milli Frostastaða og Hjaltastaða, ofan flóa eptir upphlöðnum vörðum, allt niður á ása-bakka við Hjeraðsvötn. Svo ráða Hjeraðsvötn að neðan allt út að – Sporðakvísl, þar fellur Þverá í vötn fram og ræður þar merkjum milli Yztugrundar og Þverár að utan, og svo beina línu þar upp eptir svokölluðum mið-farveg Þverár hvar vörður eru hlaðnar, og það beina línu upp í hornmerki milli Frostastaða og Yztugrundar og svo ~~svæ~~ út og suður að ofan eins og merkjalýsing Frostastaða sýnir.

Frostastöðum 9. júní 1883,

Páll Pálsson (eigandi Yztugrundar)

Jón Þorkéllsson (eigandi ½ Þverár)

Gísli Þorláksson (ábúandi Hjaltastaða)

Sigurður Jónsson (eigandi ½ Þverár)

Þinglýst á manntalsþingi á Stóru Økrum 26. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu – Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 26

N^o 59.

Landamerkjalyásing jarðarinnar Flugumýrarhvamms í Akrahreppi.

Að norðan ræður merkjum laut, sem kölluð er merkja-laut úr henni að neðan er bein stefna í vörðu sem hlaðin er á flóanum fyrir neðan Flugumýrarhvamm og Bjarnastaði, úr vörðunni sjón hending ~~úr~~ í sýsluveginn á Þormóðsholti og úr áður nefndri merkja-laut að ofan beina stefnu í fjall upp, og sjón hending fram fjallið á Melrakkagil, er ræður merkjum til Hvamms-ár og ræður áin merkjum þar til hún fellur framúr Gálga-gili, úr því sjón hending í vörðu, sem hlaðin er á Hvammsáreyrum úr henni er bein stefna til norðurs í sýsluveginn á Þormóðsholti, sem ræður merkjum að vestan verðu út-á móts við áður nefnda vörðu á flóanum.

Flugumýrarhvammi 10. maí 1886.

Helgi Bjarnason (eigandi ½ Flugumýrarkvamms)

Sigurlaug Gísladóttir (eigandi ½ Flugumýrarkv.)

Jón Þorkellsson (eigandi Bjarnastaða)

Þorvaldur Arason (eigandi Flugumýrar)

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru Økrum 26. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu – Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 27

N^o 60

Landamerkjalysing jarðarinnar Fjalls í Kolbeinsdal.

Milli Unastaða og Fjalls ræður merkjum að neðan lækur, sem nefndur er Baululækur og rennur í Kolbeinsdals-á, úr þeim læk í Miðsteinku (eða gömlu vörðu), og þaðan beint úr henni upp á hálsinn þar sett markvarða, milli Fjalls og Neðra-ás Sellands – ræður merkjum, rauður steinn er stendur móti heljar gili og úr honum stefna beint til fjallseggjar að neðan ræður Kolbeinsdals-á eða hennar elsti farvegur. – Ábúendur lofa að fjölga vörðum við ytri og syðri merki á beinni línu.

Jóhannes Þorkéllsson (eigandi Fjalls)

Þessu er samþykkt vegna Unastaða og Neðraás eigenda Sveinn Sveinsson

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 27

N^o 61.

Landamerkjalyásing jarðarinnar Unastaða í Hólahreppi. –

Að austan ræður Kolbeinsdalsá, að sunnan á milli Unastaða og Fjalls, ræður merkjum að neðan Baululækur þar sem hann rennur í Kolbeinsdalsá, úr þeim læk bein stefna í Miðsteinku (eða gömlu vörðu) og úr henni eptir sömu stefnu uppá háls að Víðirnesmerkjum, (á þessari línu settar markvörður). Að vestan beina línu úr há Elliða út á há Ás og úteptir honum. Að norðan á milli – Unastaða og Neðri áss ræður merkjum bein lína úr bænum Saurbæ í Rjúpna hól uppá há Ás (á þeirri línu settar markvörður.

Jón Antonsson eigandi Unastaða og Víðirness.

Jóhannes Þorkelsson eigandi Fjalls.

Friðrik Antonsson eigandi Neðra- og Efra-áss.

Grímur Pjetursson eigandi Brekku kots.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
– Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 27

N^o 62.

Landamerkjalysing jarðarinnar Neðri-áss í Hóla hreppi.

Að vestan ræður merkjum Hjaltadalsá út í tungusporð, þaðan að austan ræður ^{merkjum} Kolbeins dals á fram á móts við Saurbæ. Að sunnan milli Neðri-áss og Unastaða, ræður merkjum bein stefna úr bænum Saurbæ í Rjúpnahól, sem er kollóttur melhóll austan í ásnum, frá ánni og upp að Rjúpnahól settar markvörður, frá Rjúpnahól eptir sömu línu upp á há ás. Þaðan út há ásin gegnt Stóru vörðu. Að sunnan milli Neðri-áss og Efri áss ræður merkjum Baululækur frá upptökum hans beina stefnu í Stóru vörðu, sem er ofarlega í ásnum og frá henni eptir sömu línu upp á há-ás. Neðri-ás á Selland, sem nær frá Fjalls landa merkjum vestan Kolbeinsár fram í Almennings-hóla og upp í fjallsbrún. –

Friðrik Antonsson eigandi Neðri áss og Efri áss. –

Jón Antonsson eigandi Unarstaða. –

Þinglýst á mann talsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 27

N^o 63.

Landamerkjalyásing jarðarinnar Efri-áss í Hólahreppi.

Að vestan ræður Hjaltadalsá, að norðan milli Efri-áss og Neðri áss ræður landamerkjum Baulukækur og svo frá upptökum hans beina línu í stóru vörðu, sem er ofarlega á Ásnum og frá henni eptir sömu stefnu upp á há-ás. Að austan ræður ásinn þar sem hann er hæstur. – Að sunnan milli Efri-áss og Brekku-kots ræður merkjum stór steinn á Syðra laufskála-holti austanvert við Hjaltadalsá, skammt fyrir neðan reiðgötur, þaðan beina sjónhending uppí stórann stein, sem stendur ofarlega á ásnum og hringur er áklappaður, þaðan sömu stefnu upp á há ásinn.

Friðrik Antonsson eigandi Efriá og Neðri-áss

Jón Antonsson eigandi Unastaða –

Grímur Pjetursson eigandi Brekku kots. –

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 27

N^o 64.

Landamerkjalyásing Brekku-kots í Hóla hrepp. –

Að vestan ræður Hjaltadalsá. Að norðan milli Efra-áss og Brekkukots ræður merkjum stór steinn, er stendur á syðra Laufskálaholti neðanvert við Reiðgötur og þaðan beina sjónhendingu – upp á stórann stein, sem stendur ofarlega á ásnum (upp undir brún) og hringur er áklappaður, þaðan sömu stefnu upp á háásinn og síðan fram eptir honum að suður merkjum. Á milli Víðirness og Brekku kots ræður ~~varða~~ merkjum varða, sem er fáa faðma frá Hjaltadalsá, frá henni beina stefnu í Dý, sem er stutt fyrir ofan Brekku-kotssýki, þaðan eptir sömu stefnu á Miðstekk og svo þaðan beina stefnu upp á há-ás. Sett skal varða við Miðstekk og önnur ~~(við)~~ á holti við áður nefnt Dý. – Líka á Brekku kot þriðjung beutilands á Víðirnesdal og allt út að fyrr greindum merkjum á milli Víðirnes og Brekkukots –

Grimur Pjetursson eigandi Brekku-kots

Friðrik Antonsson eigandi Efra áss

Jón Antonsson eigandi Víðirness og Unastaða.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 27

N^o 65

Landamerkjalyásing jarðarinnar Víðirness í Hólahreppi.

Að vestan ræður merkjum Hjaltadalsá. Að norðan ræður merkjum varða fáa faðma frá Hjaltadals-á frá henni bein stefna í Dý, sem er skammt fyrir ofan Brekku kotssýki og þaðan í Miðstekk, og svo þaðan bein stefna uppá há-ás, sett mark varða við Miðstekk og á holti hjá nefndu Dýi. – Að austan eru merkin eptir há-ásnum stefna á há-Elliða og eptir honum fram til Strangalækjar í Víðirnesdal eptir þeim læk til Víðirnes-ár, síðan ræður hún merkjum þar til gilið þrýtur og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár. Brekku-kot á þriðjung beitilands á Víðirnesdal og allt út að fyggreindum merkjum milli Víðirness og Brekkukots.

Jón Antonsson eigandi Víðirness og Unastaða

Grímur Pjetursson eigandi Brekkukots

Skolastjóri Josef J. Björnsson fyrir Hóla. –

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna

[Á spássíu] Viðbætir: Víðirnes á að frjálsum og sjerskyldu holt og mela jafnframt engjareitum, sem þar innan um eru frá svonefndum Miðstekk og beina sjónhending eptir vörðum fyrir vestan Brekkukots fjárgötur í Stekkjarmel. vottar J. Ólafsson.



Maí 27

N^o 66.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Nautabúi í Hjaltadal.

Að utan ræður merkjum einstakur kollóttur melhóll, sem nefndur er „efsti-melur“ og er hann út of upp undan svonefndum Tjarn-hól, utan undir litlu melholti; á hólnum stendur merkja-varða. Þaðan eru merkin beina stefnu upp í Gollursgil og þaðan beint upp á há fjall þar til vötn falla vestur af. Frá „efsta mel“ ofan eptir eru merkin eptir vörðum beina stefnu ofan að Hjaltadalsá. – Að austan ræður Hjaltadalsá landamerkjum. Að sunnan eru merki í næsta melshorn, sunnan og ofan við Nautabús-völl, og er þar merkjavarða. Þar fyrir ofan ræður Nautabús á merkjum til efstu upptaka. – Ofan frá fýrgreindu melshorni eru merkin beina stefnu í vörðu, sem stendur niður við Hjaltsdalsá. Á þeirri leið settar merkjavörður. Að vestan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Hjer að auki á Nautabú ^{fýran} upprekstur í Kolbeinsdals afrjett fyrir geldfje og tryppi.

Framanritaðri landamerkjaskrá til staðfestingar eru undirskrifuð nöfn hlutaðeigenda.

Nautabúi 24. maí 1884.

Guðmundur Þorleifsson (eigandi Nautabús)

Benjamín Friðfinnsson (í umboði eigenda jarðarinnar Ingveldarstaða)

Páll Þjetursson eigandi jarðarinnar Kjarvalstaða

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík, 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð

Þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 27

N^o 67.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Bjarnastöðum í Kolbeinsdal.

Að utan ræður merkjum gil það, er nefnt er Skriðulandsgil. Þaðan eru merkin beina stefnu ofan þangað sem lækurinn, er rennur um gilið fellur í Kolbeinsdals-á. Á þeirri leið eru 2 merkja-vörður, önnur hjá veginum en hin nokkru ofar. Þegar upp eptir gilinu dregur, skiptist það í tvö, og ræður syðra gilið merkjum svo langt, sem það nær, en úr því lækurinn til upptaka. – Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum eptir þeim farvegi, sem hún nú hefur. Að sunnan ræður merkjum Heljargil. Þaðan liggja merkin beina stefnu ofan til Kolbein-^{dals}ár í vörðu, sem stendur við ána. En er gilinu sleppir að ofan, ræður Heljar-á merkjum til efstu upptaka, og eiga þannig Bjarnastaðir Heljardal allann að norðanverðu; – Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Hjer að auki eiga Bjarnastaðir frían upprekstur í Kolbeinsdalsafirjett fyrir allan fjár-pening sinn og hrossagöngu sumar og vetur án nokkurs endurgjalds.

Landa merkja skrá þessari til staðfestu eru undirskrifuð nöfn hlutaðeigenda.

Bjarnastöðum í Kolbeinsdal 25. maí 1886.

Guðrún Jóhannesdóttir (handsalað) (eigandi Bjarnastaða)

Framanskriðuð landamerkjaskrá er jeg að öllu samþykkur. – Sigurður Gunnlaugsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 27

N^o 68.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Reykjum í Hjaltadal í Skagafjarðarsýslu.

Að austan ræður Hjaltadalsá landamerkjum. Að sunnan og framan eru landamerki í svonefnt „stóra grjót“, sem er skammt sunnar en Suðurá rennur í Hjaltadalsá og er það niður við Suðurár-dals-ána, þaðan eru merkin beina stefnu í fjallsbrún að ofan, rjett utan við Sveigsskál, á þeirri leið skal sett ein merkjavarða. – Að vestan og ofan ræður háfjallgarðurinn landamerkjum. – Að utan ræður merkjum Hvammsárgil og liggja merkin beina stefnu þaðan í vörðu, sem stendur niður að Hjaltadalsá. Dal þann er – Hvammsá ~~fellur~~^{rennur} ofan áður en hún fellur í gilið eiga Reykir að sunnan verðu árinna allt fram að svo nefnd „strangalæk“, en part þann er þar er fyrir framan eiga báðar jarðirnar Hvammur og Reykir að jafnri tiltölu.

Landamerkjaskrá þessari til staðfestu, eru undirskrifuð nöfn hlutað-eiganda. –

Reykjum í Hjaltadal 20. maí 1886.

Jóhannes Þorfinnsson (eigandi Reykja)

Þorgils Þórðarson ^(handasalað) (eigandi Hvamms)

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 27

N^o 69

Landamerkjalyásing jarðarinnar Hrappsstaða í Hólahreppi inna Skagafjarðarsýslu.

Að austan ræður merkjum Hjaltadalsá. Að sunnan milli Hrappsstaða og Hrafnhóls ræður landamerkjum lítill lækur þar sem hann fellur í Hjaltadalsá, (gegn Skiphól á Hofsár eyrum) og þaðan beina stefnu í stein, sem þaðan að sjá, ber við lopt og er upp á fjallsbrún(inni), á hvern klappaður er hringur, á þessari línu settar markvörður, svo frá nefndum steini uppá háfjall. Þaðan út fjallið í Nónvörðu (skálavörðu). Að norðan milli Kálfsstaða og Hrappsstaða ræður merkjum bein stefna úr Nónvörðu í Nóngil (Reitsgil), ræður það svo merkjum og úr því bein lína í stóran stein, sem klappaðir eru á stafirnir H og K. úr nefndum steini eptir sömu stefnu niður í Hjaltadalsá.

Þórey Þorleifsdóttir eigandi Hrappsstaða

Árni Ásgrímsson eigandi Kálfsstaða.

Guðjón Jóhannsson eigandi Hrafnhóls. –

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 27

N^o 70

Landamerkjalyásing jarðarinnar Kálfsstaða í Hólahreppi innan Skagafjarðarsýslu.

Að austan ræður merkjum Hjaltadalsá. Að sunnan á milli Hrappstaða og Kálfstaða ræður merkjum bein stefna frá Hjaltadals-á í gráann stein, sem klappaðir eru á stafirnir K og H, úr honum eptir sömu stefnu í Nóngil (eða Reitsgil) svo ~~yfir~~ eptir Nóngili í Nónvörðu (eða Skálavörðu) sem stendur uppá fjallsbrún, frá Nónvörðu fram hæst fjall að Hrafnhólsskál, þaðan yfir Mjódalsdrag þar sem það kemur í nefnda skál og upp á Litlu Tungu-fjall, ræður svo hæst fjall austan og sunnan við Breiðdal og Breiðdalsjökul, svo út Stóra Tungufjall og röðul þess ofan í Tungusporð (þar sem Breiðdalsá rennur í Nautabús-á). Þaðan yfir Breiðdalsá og eptir fjárgötum þeim er næstar liggja Naut-a-bús-á ofan hálsinn og í vörðu, sem stendur á hálsbrún, frá þeirri vörðu í Bræður (sem ~~heita~~ eru tveir stórir steinar austan í hálsinum). Úr Bræðrum beina stefnu í nyrsta Garðlag á Kringlugerði, og eptir sömu stefnu ofan í Arnar-hól (sem er niður við Kjarvalstaða hólma), þar sett mark varða, þaðan eptir sömu stefnu ofan í Hjaltadalsá. –

Árni Ásgrímsson eigandi Kálfsstaða

Þórey Þorleifsdóttir eigandi Hrappstaða

Páll Pjetursson eigandi Kjarvalstaða

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 27

N^o 71. –

Landamerkjalysing jarðarinnar Kjarvalstaða í Hólahreppi.

Að austan ræður Hjaltadalsá. Að sunnan milli Kjarvalstaða og Kálfsstaða ræður merkjum bein stefna úr Hjaltadalsá í Arnarhól og nyrsta garðlag á Kringlugerði. Þaðan eptir sömu stefnu í Bræður, sem eru tveir stórir steinar austan í hálsinum. Úr þeim í vörðu á hálsbrún ráða svo neðstu fjárgötur fram í Stóra-Tungu fellssporð, þar sem Breiðdalsá rennur í Nautabúsá, úr sporðinum upp Stóra-Tungufjallsröðul upp á fjall og það fram að jökli, sem er í Nautabúsdalsbotni. Svo ræður Nautabúsá merkjum ofan að melshorni sunnavert við Nautabúsána tún að utanverðu við ána úr því melshorni beina línu eptir vörðum ofan í Hjaltadalsá.

Páll Pjetursson eigandi Kjarvalstaða.

Árni Ásgrímsson eigandi Kálfsstaða.

Guðmundur Þorleifsson eigandi Nautabús

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Mái 27

N^o 72.

Landamerkjalyásing jarðarinnar Hrafnhóls í Hólahreppi.

Að austan ræður Hjaltadalsá allt suður að syðra Skriðufalli því er liggur ofan frá Hrafnhólsgili, svo ræður gilið landamerkjum móts við Hvammsdal allt upp í fjallsbrún, sem ræður merkjum að vestan, svo eru landamerki ^{millum} Hrafnhóls og Hrappsstaða lítil lækur, sem fellur í Hjaltadalsá gegnt Skiphól á Hofsáreyrum og þaðan beina stefnu í stein, sem þaðan að sjá ber við loft of er upp á fjallsbrún, á hvern klappaður er hringur. Á þessari línu settar markvörður.

Guðjón Jóhannsson eigandi Hrafnhóls.

Þorgils Þórðarson eigandi Hvamms

Þórey Þorleifsdóttir eigandi Hrappstaða.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 27

N^o 73.

Landamerkjaskrá fyrir Hvammsland.

Að austan ræður Hjaltadalsá. Að sunnan ræður Hvammsá, þar sem hún fellur úr gilinu, beina stefnu í vörðu, sem hlaðin er við Hjaltadalsá. En dal þann sem Hvammsá rennur eptir þangað til hún fellur í áður nefnt gil á Hvammur að norðan og vestan. Einnig svo nefndan part fyrir framan Strangalæk. Að austan og sunnan við Hvammsá á Hvammur að jafnri tiltölu við Reyki. Að vestan ræður há fjallgarðurinn út í Hrafnhólsskál, og að norðan í gil það er fellur úr skálinni, og úr Gilskverk að neðan eptir syðri skriðunni, sem fallið hefir úr gilinu að Hjaltadalsá.

Þorgils Þórðarson eigandi jarðarinnar (handsalað)

Jóhannes Þorfinnsson eigandi Reykja

Guðjón Jóhannsson eigandi Hrafnhóls.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 27. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. – Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 29

N^o 74.

Landamerki jarðarinnar Marbæli í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan móts við Teig úr syðra Klapparhorni við Kolbeinsdalsá utan við Teigslæk í ræsið á brúnni, þaðan rjett utan við vallargarðinn á hólnum og beina línu uppí garðsmót það sem hann heldur, úr honum uppá jarðfastann stein framan í þúfu svo upp í vörðu fyrir utan og ofan Teigsstekk. Þaðan í stóran stein á skriðufæti, þaðan í einstakan klett hátt í fjallinu svo í vörðu á fjallsbrúninni og þaðan beina leið til Katlafjalls. Að utan móts við Undhól, úr lækjarás við Kolbeinsdalsá eptir garði uppí vörðu á melunum neðanvert. Þaðan í stein í þúfu ofan til á melunum svo uppí garðinn og það sem hann heldur upp fyrir utan Jónsgerði, þaðan í stóran stein á neðstabekk svo upp í lækinn í Vatnsklauf og í vörðu á fjallsbrúninni. Þaðan bein leið austur í Katlafjall.

Selland fylgir jörðinni Marbæli, sem liggur á austanverðum Seljadal hjer í hreppi frá Glúmmsgilslæk að neðan og fram að Strangalæk.

Miðhús 14. maí 1886.

Vegna eiganda Kristins B. Erlendssonar undirskrifar K. Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Teigi: Það vottar Sigurlaug Þorkelsdóttir

Rjett landamerki gagnvart Undhóli: Það vottar Þorsteinn Sigurðsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu –
Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð

Þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 29

N^o 75.

Landamerki jarðarinnar Miðhúsa í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu

Að utan gagnvart Gröf, neðan frá sjó máli í þúfuna á miðjum Reykjarhól. Þaðan bein lína í tvær vörður hlaðnar með löngu millibili upp á mounum, svo í vörðu á syðsta Háakletti við neðri Grófarbarm. Þaðan upp í miðja Grófina. – Að ofan og sunnan ~~ræður~~ gagnvart Tumabrekku, úr Grafarmerkjum í Grófinni suður miðja Grófina þar sem hún nær suður í vörðu á holtinu. Þá ofan í garðinn og það sem hann nær, það-an í steininn í mýrinni þá ofan í vörðu í Einbúahól þaðan í vörðu á Breiðasundi, þá ofan í Klofa steina, þaðan í Keldu upptökin, og eptir draginu til sjáar.

Miðhús á ítölu til mánaðar beitar æð um sumar hvorttveggja dægurs, ella tveggja mánaðabeit annað hvort dægur öllum fjenaði í Tumabrekku landi að skaðlaust túni og engjum, en hjer í mót á Tumabrekka tvo fimmtu parta í reka fyrir Miðhúsalandi, Hvals og viðar, og alls þess sem betra er að hafa en missa.

Selland fylgir jörðinni Miðhúsum, sem liggur í Deildardal vestanverðum, milli Háleggstaða og Grafarsellands og eru þar landamerki þessi: Að neðan og utan gagnvart Háleggsstöðum, úr vörðu á eyrinni við Afrjettará. Þaðan beina leið í græna drag og eptir því sjónhending í skarðið á fjallsbrúninni fyrir utan Bjarkarskál. Að framan gagnvart Grafarsellandi ræður Bjarkardalsá frá því hún fellur í Afrjettará og fram til Bjarkardalsdraga.

Miðhús 17. maí 1886.

K. Jónsson

Að framanskriðu landamerki gagnvart Tumabrekku sjeu rjett, vottar K. Jónsson.

Að framanskriðu landamerki ~~sjeu~~ gagnvart Gröf og Grafarsellandi sjeu rjett það vottar Björn Jónsson

Að framanskriðu landamerki gagnvart Háleggsstöðum sjeu rjett það viðurkennir Þorgils Þórðarsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
Vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Maí 29

N^o 76.

Landamerki jarðarinnar Tumabrekku í Hofshrepp í Slagafjarðarsýslu

Að utan móts við Miðhús, Gröf og Stafnshól. Frá sjómáli upp í djúpt keldudrag það sem það nær, úr því í Klofasteina, þaðan í vörðu hlaðna í Breiðasandi, þá upp í vörðu á Einbúahól, þaðan í stein á mýrinni, þá í garðinn og eptir honum upp í vörðu á holtinu, þaðan út miðja Grófina út að Grafarmerkjum, þá upp í garðsendann á efri Grófarmel, og svo það sem hann heldur austur fyrir utan hólinn (svokallaðan Hast). Þaðan alla leið sem garðsmótið til vísar sem nú er endurný[...]að með vörðum, austur að Stafnhólslandi, þar hlaðin varða, þaðan upp eftir garðsmótinu, sem er endurnýjaður með tveimur vörðum, svo upp í Fossabrekkulæk, og þaðan beina leið suðaustur á fjall til Hrafnaldsdraga og Grænuhlíðarfjalls. Að sunnan móts við Brekkukot. Neðan frá sjómáli í vörðu hlaðna á bakkanum, þaðan í garðinn, sem síðast er sjáanlegur uppá fjallsbrekkur, þá í stóran stein í fjallinu, þaðan í vörðu á fjallsbrúninni, og þaðan beina leið austur á fjall til Grænuhlíðar.

Tumabrekka á ítölu til tveggja fimmtu parta af reka Hvals og viðar og öllu því, sem betra er að hafa en missa fyrir Miðhúsalandi, en hjer á mót á Miðhús mánaðarheit um sumar hvortveggja dægurs ella tveggja mánaða beit annað hvert dagur öllum fjenaði í Tumabrekkulandi, að skaðlausu túni og engjum.

Miðhús 17. maí 1886.

Vegna jarðeiganda Kristinns B. Erlendssonar og Ingigerðar Jónsdóttur. undirskrifar K. Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Miðhúsum vottar K. Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Gröf vottar Björn Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Stafshóli vottar sem eigandi og vegna eiganda Jóns G. Erlendssonar Björn Jónsson

Að framanskriðuð landamerki gagnvart Brekkukoti, sjeu rjett, sýnir landamerkjabrjef Einars Guðmundssonar fyrir tjeðri jörð.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu.
– Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein (króna)



Maí 29

N^o 77

Landamerki jarðarinnar Óslands í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að utan móts-við Brekkukot, ræður varða á svokölluðum Einbúa (hól eða holti), þaðan bein stefna ofan í vað á læknum í svo kölluðu Ytra Þrígili þar sett varða. Ræður svo lækurinn þaðan ofan til sjóar. Frá vörðu á Einbúa er stefnan í merkjavörðu á Þúfnabarði suður og upp, og kemur þar horn á merkin. Frá þessari vörðu er stefnan bein suður ennin suður að merkjavörðu í Háagarði. Þaðan ganga merkin beint upp svokallað Brekkukotsgil og skilur lækurinn í því land Óslands og Brekkukots til fjallseggjar.

Að sunnan, móts við Undhól, eru merkin í vörðu á háum hól út og upp undan Undhóli. Þaðan upp eptir til fjallseggjar, rjetta vínkillínu við stefnu fjallsins, og liggur sú lína rjett utan við Undhólastekk og hún að öðru leyti sett þær vörðum þar sem þurfa þykir. Frá vörðunni á hinum háa hól liggja merkin suður og niður yfir lítill kollóttann melhól niðrá mýrinni og beina stefnu í vörðu á melhól sunnan ^{við} yfir gilið, og frá þeirri vörðu beina stefnu í garðsstúfnum neðan við melana og sunnan við gilið, sem er hinn neðsti hluti af Marbælis merkjum. Á þessum síðast nefnda kafla setjast hær merkja vörður þar sem þurfa þykir.

Selland fylgir jörðinni Óslandi, er liggur næst landi jarðarinnar Stafns í Deildardal, neðst á svokölluðum Seljárdal. Landamerki þessi eru: Að utan gagnvart Stafni svokölluð Brunná, að sunnan Glúmngil, ráða þessi merki á fjall upp.

Gröf, 22. maí 1886.

Björn Jónsson (eigandi ½ jörðina)

E. B. Guðmundsson (vegna eiganda að hálfri jörðinni Óslands)

Rjett landamerki gagnvart Stafni, vottar Hjálmar Þórðarson

Rjett landamerki gagnvart Marbæli, vottar K. Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Undhóli. Vottar Þorsteinn Sigurðsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Mái 29

N^o 78.

Landamerki fyrir jörðinni Krossi í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að utan og neðan ræður gil við ána Kolku, gagnvart Teigslandi er liggur upp að settri vörðu, og þaðan beina línu eptir vörðum upp í sjerstaka vörðu á svonefndum Langhól, þaðan og í Grástein upp á fjallinu beina stefnu. Þaðan og í löngu laut á fjallsbrúninni og austur á Háakallafjall.

Að sunnan og neðan við fyrnefndu Á, byrjar gil er ræður upp í þar setta vörðu. Þaðan og í svo nefndan „Syðripoll“ og þaðan eptir merkjaskurði, sem liggur í svo kallað „Rauðadý“ og þaðan rjetta sterfðu í vörðu er stendur á hjallaenda neðan til í hlíðinni, og eptir sömu stefnu í syðri Ausuhnjúk, og austur í Flathólsgreni

Gröf 19. maí 1886.

Björn Jónsson eigandi

Rjett landamerki gagnvart Teigi vottar Sigurlaug Þorkellsdóttir

Rjett landamerki gagnvart Þúfum vottar: Pétur Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein (króna)



Maí 29

N^o 79.

Landamerki jarðarinnar Grafar í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að utan ræður Grafará frá Ós upp til Stafshóls merkja, á garð þann er liggur yfir neðanverðan Votahvamm, ræður sá garður endurnýaður með vörðum, til vörðu þeirrar er sett er á merkjatakmörkunum á milli Tumabrekku og Stafshóls; frá vörðu þessari ræður garður er liggur til vesturs neðan vert við svo kallaðann Hast niður á efri Grófarmel í vörðu þá er þar er sett; Frá vörðu þeirri ræður bein stefna til vesturs gagnvart Tumabrekku niður í miðja áðurnefnda Gróf. Þaðan er bein stefna til vesturs gagnvart Miðhúsum í vörðu þá, er sett er á syðsta klettinn, suður undan Háakletti neðanvert í grófinni. Þaðan ræður bein stefna í vörður þar er hlaðnar eru með löngu millibili niður á mounum þaðan ræður bein stefna í þúfu á miðjum Reykjarhól. Þaðan beint í sjó niður.

Selland fylgir jörðinni Gröf er liggur fram frá Deildardal vestan verðum, vestan til við Deildardals afrjett. Landamerki þess að utan gagnvart Miðhúsa sellandi að sunnan er svo kölluð Bjarkará er rennur eptir Bjarkárdal ræður hún merkjum til uppsprettu sinnar í Bjarkarárdalsbotni. Þaðan bein stefna suður eptir fjallgarðinum, fram að svo nefndu Þverfjalli. Að austan ræður svo kölluð Afrjettará þar til sem áður nefnd Bjarkará rennur í hana.

Gröf 22. maí 1886.

Björn Jónsson eigandi.

Rjett landamerki gagnvart Miðhúsum vottar K. Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Stafshóli vottar eigandi og vegna eiganda Jóns G. Erlendssonar Björn Jónsson

Rjett gagnvart Tumabrekku votttar K. Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Deildardalsafriett vottar S. Ingimundarson (oodviti)

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglysing 0 75

bókun 0 25 1 ein króna



Mái 29

N^o 80.

Landamerki jarðarinnar Stafhóls í Hofshrepp og Skagafjarðarsýslu

Að utan og neðan ~~ræður~~ gagnvart Gröf ræður sá er gengur frá Deildardalsá (Grafará) yfir svokallaðann Votahvamm neðan verðan, sá garður endurnýaður með vörðum, liggur (sá garður) til vörðu þeirrar er aðgreinir landamerki Grafar og Tumabrekku, neðan vert við Stafshólsöxl, og úr þeirri vörðu í þær ^{tvær} vörður, er settar eru á gömlum garði, er vísar beint til svo kallaðs Fossabrekkulækjar og þaðan beina stefnu til Grænuhlíðarfjalls. Að sunnan og framan gagnvart Skuggabjörgum ræður Hrappsá (Hrafnsá) eins og hún hefir runnið til forna, og í mitt svokallað Tungufjall, og þaðan til umgetinna merkja ~~við~~ í grænuhlíðarfjalli.

Gröf 22. maí 1886.

Sem eigandi og vegna eiganda Jóns G. Erlendssonar, undirskrifar Björn Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Tumabrekku, vottar. K. Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Skuggabjörgum vottar Jón Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu.
Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Mái 29

N^o 81.

Landamerki jarðarinnar Ár í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að utan ræður Grásteinslækur gagnvart Ljósstöðum, þangað er hann hefir upptök sín, og þaðan bein stefna sjónhending austur á mitt fjall. Að sunnan gagnvart Hrauni ræður varða sett á bakkanum við Unadalsá (Hofsá) gengt Hólkoti úr þessari vörðu ræður bein stefna í vörðu setta ofan til við flóann. Þaðan úr þeirri vörðu ræður bein sjónhending í svo kallað Þelagil upp í fjallinu úr því gili ræður bein stefna til austurs uppá miðfjöll. Að neðan og vestan ræður Unadalsá, eins og hún hefir runnið til forna.

Gröf 22. maí 1886.

Björn Jónsson (eigandi).

Rjett ~~gagn~~ landamerki gagnvart Ljósstöðum vottar Sigmundur Pálsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
Vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Mái 29

N^o 82.

Landamerki jarðarinnar Hrauns í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að utan gagnvart Á ræður varða sett á bakkann geg við Hofsá (Unadalsá) gegnt Hólkoti, úr þessari vörðu ræður bein stefna í vörðu setta ofan til við flóann; þaðan úr þaðan úr þeirri vörðu ræður bein sjónhending í svo kallað Illagil úr því gili ræður bein stefna til austurs á mitt fjall. Að vestan ræður Hofsá eins og hún hefir runnið til forna. Að sunnan gagnvart Grundarlandi. Að norðan ræður merkjagarður sá er byrjar og gengur frá Hofsá beint til fjalls uppí svo kallaðann Merkjahnjúk, sem er framan í fjallinu. Þaðan eptir beinni stefnu í fjallsbrún upp sunnan við Hraunsdal þaðan ræður bein sjónhending austur á mitt fjall.

Gröf 22. maí 1886.

Björn Jónsson (eigandi)

Rjett landamerki gagnvart Grundarlandi Vottar Guðjón Vigfússon

Rjett landamerki gagnvart Á vottar Björn Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 29

N^o 83.

Landamerki jarðarinnar Spræna í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að utan gagnvart Bjarnastöðum ræður varða sú er sett er á bakkann við Hofsá, rjett við gamlan árfarveg, er liggur sunnan við beitarhús frá Bjarnastöðum; úr vörðu þessari ræður sjónhending beint uppá gilminnið, þar sem Spræna fellur fram úr fjallinu. Úr því ræður nefnd á til upptaka og frá upptökum hennar bein stefna austur á mitt fjall. Að vestan ræður Hofsá eins og hún hefir runnið til forna. Að sunnan og gagnvart Unadals afrjett ræður Grjótá upp fjallið til upptaka og þaðan bein sjónhending austur á mitt fjall og að neðan ræður sama Á merkjum þar til hún fellur í Hofsá niður í afrjettinni

Gröf 22 maí 1886.

Björn Pálsson eigandi

Rjett landamerki gagnvart Bjarnastöðum vottar Sigmundur Símonsson

Rjett landamerki gagnvart Unadalsafrjett vottar S. Ingimundarson (oddviti)

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu
Vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Maí 29

N^o 84.

Landamerki jarðarinnar Brekkukots í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan gagnvart Óslandi (og Torfhól) ræður varða á svokölluðum Einbúahól (eða holti), þaðan bein stefna ofan í vað á læknum vantar í: „í svokölluðu Ytra Þrígili, ræður svo lækurinn etc.“ þaðan ofan til sjávar. Frá vörðu á Einbúa er stefnan í merkjavörðu á þúfnabarði suður og upp, og kemur þar horn á merkin. Frá þessari vörðu er stefnan beint suður ennin að merkjavörðu á svokölluðu Háagerði. Þaðan ganga merkin beint upp svokallað Brekkukotsgil og skilar lækurinn í því land Óslands og Brekkukots til fjallseggja. Að utan ræður gamall merkjagarður frá fjalli til fjöru er sjest allvíða, en þó ekki alstaðar. Endurnýjast þess vegna þau merki með vörðum er þurfa þykir er sjeu í beina stefnu frá fjallsegg til sjávar eptir því sem garðurinn tilvísar (steinn er í fjalli er garðurinn stefnir á).

Hraunum 20. októbrm. 1885

Vegna eigendanna: Jórunnar Einarasdóttur og Helgu Einarasdóttur, undirskrifar E. B. Guðmundsson.

Rjett landamerki gagnvart Óslandi, það vottar E. B. Guðmundsson.

Rjett landamerki gagnvart Óslandi, vottar eigandi að ½ jörðinni Björn Jónsson.

Rjett landamerki gagnvart Tumabrekku, það vottar vegna Kristins Erlendssonar og Ingiríðar Jónsdóttur K. Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 29

N^o 85

Landamerki fyrir jörðinni Teigi í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan og neðan mótsvið Krossland ræður lækjargil að Kolbeinsdalsá að settri vörðu þar fyrir ofan, og þaðan bein lína eptir vörðunum uppí setta vörðu sunnantil á svonefndum langhól og þaðan í grástein neðan til í fjallinu, beina stefnu þaðan og í löngulaut á fjallsbrúninni og austur á hákatlafjall. Að utan og neðan mótsvið Marbælisland úr syðra klapparhorni við fyrnefnda á utan við Teigslæk og beint eptir vörðunum uppá garðsmót það sem hann tekur og úr honum uppí jarðfastan stein framan í þúfu, svo uppí vörðu fyrir utan og ofan Teigsstekk og þaðan í stóran stein á skriðufæti, þaðan í einstakan klett hátt í fjallinu, svo í vörðu á fjallsbrúninni og þaðan beina leið til Katlafjalls.

Brimnesi 26. maí 1886

Sigurlaug Þorkelsdóttir, eigandi jarðarinnar

Rjett landamerki gagnvart Marbæli, vottar K. Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0 75

bókun 0 25 1 ein-króna



Mái 29

N^o 86

Landamerki jarðarinnar Háleggstaða í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan gagnvart Miðhúasellandi ræður varða sett við Deildardalsá, og úr þeirri vörðu sjónhending beint uppí grænalækjardrag, þaðan sjónhending beint í skarð í fjallsegginni. Að austan gagnvart Stafni ráða vörður þær, er settar eru eptir Árhólmunum, þá Deildardalsá til Háleggstaðaár. Að norðan gagnvart Skuggabjörgum ræður Háleggstaðaá þangað er hún sprettur upp, norðanvert við tungufjall, er tilheyrir báðum jörðunum jafnt Háleggstöðum og Skuggabjörgum.

Kambi 28. maí 1886

Þorgils Þórðarson, eigandi

Rjett landamerki gagnvart Miðhúsum vottar K. Jónsson.

Rjett landamerki gagnvart Skuggabjörgum, vottar J. Jónatansson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Mái 29

N^o 87

Landamerki jarðarinnar Kambs í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan gagnvart Stafni ræður strangi lækur þar sem hann fellur í Deildardalsá og þangað er hann fellur fram úr fjallinu, þaðan ræður sjónhending í fjallsbrún upp, þar sett varða. Að norðan gagnvart Brúarlandi ræður varða sett á norðasta hólinn í Kambshólum, úr þeirri vörðu bein stefna í gamlan garð, þar upp undan. Þar sett varða, úr vörðunni og garðinum ræður sjónhending uppí fremsta Reitsgil, ræður það svo á fjall upp. Að vestan ræður Deildardalsá.

Kambi 28. maí 1886

Sem eigandi, og í umboði eiganda undirskrifar Þorgils Þórðarson.

Rjett landamerki gagnvart Stafni, vottar Hjálmar Þórðarson.

Rjett landamerki gagnvart Brúarlandi, vottar Páll Þórðarson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglys. 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



Mái 29

N^o 88

Landamerki jarðarinnar Stafns í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að norðan gagnvart Kambi ræður Strangilækur, er fellur fram úr fjallinu og rennur niður í Deildardalsá frá upptökum hans þar sem hann fellur fram úr fjallinu, ræður bein sjónhending á fjallsbrún upp, þar sett varða, að vestan gagnvart Miðhúsa sellandi ræður Afrjettará, en gagnvart Háleggsstöðum ráða vörður þær, er settar eru eptir árhólmunum. Að sunnan ræður Brunná til upptaka sinnar og þaðan austur á fjall til móts við Hofsselland, nefnd á aðgreinir Óslandsselland frá Stafnslandi.

Stafni 28. maí 1886

Hjálmar Þórðarson, eigandi

Rjett landamerki gagnvart Kambi, vottar: Þorgils Þórðarson.

Rjett landamerki gagnvart Óslandi, vottar Björn Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 29

N^o 89

Landamerki jarðarinnar Undhóls í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan mótsvið Marbæli, úr lækjarós við Kolbeinsdalsá eptir garði uppí vörðu á melunum neðanvert, þaðan í stein í þúfu ofanvert á melunum, svo uppí garðinn það sem hann heldur upp fyrir utan Jónsgerði; þaðan í stóran stein á neðsta bekk svo uppí lækinn í Vatnsklauf og í vörðu á fjallsbúninni, þaðan beina leið austur í Katlafjall. Að utan móts við Ósland, að neðan úr lækjarós og á ská út og upp í vörðu á Melhól sunnan við gilið, þaðan beina línu í kollóttan melhól út og upp í mýrinni. Þaðan uppí háan hól, síðan beina línu upp fyrir utan stekk og til fjallsbrúnar.

Þúfum 28. maí 1886

Þorsteinn Sigurðsson, eigandi.

Rjett landamerki gagnvart Óslandi vottar: Björn Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Marbæli, vottar K. Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar J. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 29

N^o 90.

Landamerki jarðarinnar Skuggabjarga í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan gagnvart Háleggsstöðum ræður Háleggsstaðaá þangað er hún sprettur upp norðanvert við Tungufjall, er tilheyrir Háleggsstöðum jafnt Skuggabjörgum. Að norðan gagnvart Stafnshóli, ræður Hrappsá (Hrafnsá) eins og hún hefur runnið til forna, og frá Hrappsá ræður bein stefna í mitt Tungufjall og aptur frá miðju Tungufjalli bein stefna til Grænuhlíðarfjalls.

Skuggabjörgum 28. maí 1886

Vegna eiganda undirskrifar: Jón Jónatansson

Rjett landamerki gagnvart Háleggsstöðum vottar Þorgils Þórðarson.

Rjett landamerki gagnvart Stafnshóli, vottar Björn Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 29

N^o 91.

Landamerki jarðarinnar Hólkots í Unadal í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan stendur hlaðin varða á bakka Hofsárinnar í beina stefnu undan melshorni, er stendur austanvert við ána ræður merkjum frá áðurnefndri vörðu og yfir þveran árhvamminn og í keldudrag framan í holtinu í þar setta vörðu á ytri bakka keldunnar. Þaðan eptir settum vörðum upp eptir mýrunum og í svo kallað „Rjúpnagil“. Ræður það síðan merkjum þvert uppí Rjúpnaskál, þaðan allt til fjallseggjar. Að neðan og austan ræður Hofsáin merkjum eins og hún nú rennur unz kemur ofan að litlu kelduskarði fast við ána, litlu sunnar en mitt undan Árbænum. Úr þessu litla kelduskarði og beina stefnu í vörðu er þar er sett á holt og síðan sjónhending í stóran stein á mel fyrir neðan Sandhól, svo í annan stein sunnanvert á Sandhól, þaðan beina stefnu og til fjallseggjar. Merki þessi skulu gilda fyrir alda og óborna, nema einhver með lögfullum gögnum geti sannað að öðruvísi eigi að vera.

Hólkoti 27. maí 1886

Ásmundur Einarsson, eigandi

Rjett landamerki gagnvart Svínvallarkoti vottar sje samhljóða áðurnefndum landamerkjum, sem Þ. Kristjánsson hefur samið fyrir mína hönd er ég samþykkur O. V. Havsteen.

Rjett landamerki gagnvart Enni vottar fyrir hönd ekkjufrúar M. Lárusdóttur, Þ. Krisjánsson, Enni.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Mái 29

N^o 92.

Landamerki jarðarinnar Bjarnarstaða í Unadal í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að utan og neðan stendur hlaðin varða á árbakkanum austanvert, og ræður rjett stefna þaðan beint uppí árgilið gagnvart Grundarlandi, ræður áin síðan stefnu upp í tungusporðinn og þaðan eptir sömu stefnu í Tungufjallsröðul og þaðan austur á mitt fjall, beygist þar við, og ræður merkjum þaðan rjett sjónhending suður á bak bið Bjarnarstaðadal og í Spónárdalsbotn. Ræður áin síðan þaðan niður eptir dalnum og ofan á skriðuhausinn gagnvart Spóná. Þaðan rjetta stefnu niður grundina og í gamlan árfarveg er liggur sunnanvið nýlegar hústóftir austanvert við Unudalsá (Hofsá). Ræður hún (áin) síðan merkjum niður eptir dalnum ofan að svonefndum Svartabakka, ræður þá merkjum gamall farvegur árinna unz þeir koma saman lítið neðar, ræður áin enn merkjum eins og hún nú rennur, þar til kemur í fornan farveg hennar ræður hann merkjum norðanvert við svonefndan Gerðishólma, ræður síðan hennar núverandi farvegur til vörðu þeirra, er getið er um áður við aðgreining merkjanna Grundarlands og Bjarnarstaða.

Bjarnastöðum 24. maí 1886

Sigmundur Símonsson, vegna eigendanna

Rjett landamerki gagnvart Grundarlandi vottar Guðjón Vigfússon.

Rjett landamerki gagnvart Spóná, vottar Björn Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 29. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 31

N^o 93

Landamerki jarðarinnar Miðhóls í Fellshreppi.

Að neðan ræður langi lækur, sem rennur suður í Sljettuhlíðarvatn útað Grafarlæk og eptir honum uppað mógröfum, úr þeim í miðjan Garðsmel, þaðan beina stefnu til fjalls utan við dagmálageir, og svo þaðan beint í svokallaða Gildru á efra fjallsbrún. En að sunnan ræður garður vel sjáanlegur neðan frá áðurnefndu vatni uppað hólabrúnum, og svo þaðan beint upp, sunnan við Stórhól til efstu fjallsbrúnar.

Yztahóli 2. maí 1886

G. Jónsson. Eigandi og umráðamaður að Miðhóli.

Framanskriðuðum landamerkjum erum við eigendur að Yztahóli og Syðstahóli og Keldum samþykkir Sv. Sveinsson; B. Þórðarson; Lilja Sölvadottir.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 31. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 31

N^o 94.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Glæsibæ í Fellshreppi.

Jörðin Glæsibær í Fellshreppi hefur þau landamerki, sem hjer greinir: að innan frá sjó í hvalhaus, þaðan eptir vörðum og sjónhendingu beint strik í svokallaðan sjómannaláarmel, þaðan beina stefnu í brunhólsvörðu, að ofan og austan úr nýnefndri brunhólsvörðu beina stefnu í vörðu vestan við Tjarnavallargarð, þaðan eptir sömu sefðu í Steinboga utan til við Glæsibæjarvöll, þaðan eptir gömlum reiðgötum útá hvammabrúnir, svo þaðan í vörðu á langamel, þaðan í Arnarhól og þar í Hrolleifsá, sem ræður merkjum allt ofan að malarkambi, síðan er eign Glæsibæjar svo mikið af mölinni fyrir norðan hinn núverandi Hrolleifsárós, að tvær vörðuð, sem nú eru settar uppá brekkubrúnni í Glæsibæjarlandi, bera hver í aðra og í kringluröð á innri enda Málmeyar. Ítök í land jarðarinnar eru: að Tjarnir eiga 2/3 hluti af svokölluðum Flæðum sem eru slægjuland og 2/3 hluti af viðar og hvalreka frá áðursögðum merkjum að utan innað hvalhaus, ennfremur eiga Tjarnir fría mótekju í Glæsibæjarlandi, en aptur á móti hefur Glæsibær fría hagbeit fyrir 2 kýr yfir sumarið í Tjarnalandi.

Yztahóli 27. maí 1886

Ólöf Bjarnadóttir, eigandi Glæsibæjar.

Samþykkir ofanskrifuðum landamerkjum

Kristinn Jónsson, eigandi Tjarnar

Fyrir Fellsprestsetur Pálmi Þóroddsson prestur

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 31. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 31

N^o 95.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Tjörnum í Fellshreppi.

Jeg undirskrifaður lýsi landamerkjum og ítökum öllum á eignarjörð minni Tjörnum þannig:

1^o) frá svonefndum Arnarhól við á þá, sem Hrolleifsdalsá er nefnd liggja merki að norðan eins og hún vísar og skilur landamerki Fells og Tjarna til lækjar þess, sem langilækur er nefndur.

2^o) frá langalæk upp til merkja milli Skálár og Arnarstaða ræður fyrnefnd á að austan mekjum milli Skálár og Tjarna og svo þaðan milli Arnarstaða og Tjarna uppí garð þann, sem aðskilur lönd Bræðraár og Tjarna, sá garður liggur vestur í læk þann, sem aðskilur lönd Bræðraár og Róðhóls og afmarkar því land jarðarinnar að sunnan. Þessi sami garður deilir land milli Tjarna og Róðhóls vestur undir svonefnt Kiðholt, þaðan beint eptir hólaröðunum vestur í brunalágarvörðu liggja merki milli Róðhóls og Tjarna; frá vörðu þessari liggja merkin að vestan beina leið í göngubrúna fyrir utan Glæsibæ og eptir götum sem þaðan liggja útá hvammabakkamel fyrir vestan mjóasund og beint ofaní yztu grjótvörðu í langamel og þaðan í fyrstnefndan Arnarhól, þetta seinast talda eru landamerki milli Glæsibæjar og Tjarna. Hjer að auk eiga Tjarnir tvo parta af Flæðunum frá Lónkotsmerkjum svo langt úteptir, sem þær ná og flæðabrekkuna suður að tóftarbroti. Heimilt er Tjarnabónda að hafa skipsuppsátur á Lónkotsmöl líka búð og hjall og viðhald á því til veggja og þaka úr Lónkotslandi, þar á móti á Lónkotsbóndinn fría sumargöngu fyrir 1 kú í Tjarnalandi, heimilt er Tjarnabónda að hafa mósukurð til heimabruks í Glæsibæjarlandi móti sumargöngu fyrir 2 stórgripi í Tjarnalandi, ennfremur eiga Tjarnir tvo parta af öllum reka frá hvalhaus út til Fellsmerkja, sem eru beint strik úr 2 vörðum á flæðabrekku til sjóar og stefna þær á innri Kringluröð á Málmei.

Tjörnum 25. maí 1886

Kristinn Karl Jónsson

B. Þórðarson eigandi að Skálá.

Þessi ofanrituð landamerki staðfestast hjer með í umboði eigandans Arnarstöðum 29. maí 1886 Jón Jónsson

Róðhóli, í umboði eigandans Jón Helgason.

Sölvi Sölvason, eigandi að Bræðraá

Ólöf Bjarnadóttir, eigandi Glæsibæjar og Lónkots.

Fyrir prestsetrið Fell Pálmi Þorvaldsson, prestur.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 31. maí 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Júní 2

N^o 96.

Landamerkjaskrá fyrir Þrasastöðum í Holtshreppi.

Milli Þrasastaða og afrjettarlands eru merki úr efsta drikkjarhól beina stefnu uppí hallklett. Og milli sömu jarðar og Móafells ræður merkjum gamall árfarvegur og frá því hann sjest ekki lengur, bein stefna á árósi, á þeirri leið settar 4 markvörður. Og enn fremur milli sömu jarðar og Depla ræður merkjum gamall merkjagarður, sem liggur frá svonefndu rjettarvaði til grundarhöfða og þaðan beina stefnu á efti Hraunhól, á þeirri leið settar 2 markvörður og þaðan beina sjónhending til fjallseggjar eptir því sem merki vísa að neðan.

Þrasarstöðum 28. maí 1886

Bergur Jónsson, eigandi og umráðamaðr.

Samþykir:

Árni Þorleifsson umráðamaðr Móafells.

Bessi Steinsson, eigandi Depla.

Sigurður Halldórsson.

Hermann Þorsteinsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóraholti 2. júní 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Júní 2

N^o 97

Landamerkjaskrá fyrir Gautastöðum í Holtshreppi.

Milli Gautastaða og Þorgautsstaða eru merki úr miðjum Skjaldarhaus beint ofan fjallið að vörðu við vatnið. Og milli sömu jarðar og Skeiðs er merkjagarður gamalt uppá hjalla og úr því gil upp til fjallseggjar, áin og vatnið ræður merkjum að neðan.

Gautastöðum 14. apríl 1886

Jón Guðmundsson, umráðamaðr.

Samþykkir:

A. Þorleifsson.

Björn Pálsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóra-Holti 2. júní 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Júní 2

N^o 98.

Landamerkjaskrá fyrir Háakoti í Holtshreppi

Milli Háakots og Tungu fyrir framan ána eru engjar, svokallaðar veitur, ofanað Tungutúni, og fyrir utan ána er Háakotsland frá vörðu á Stóruskriðu beint ofanað vörðu niður við læk, og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er neðan við hann, frá henni beina stefnu á vörðu við merkjadý og frá því, beint á grjótvörðu uppá grundinni, á þeirri leið sett ein markvarða. Ennfremur tilheyrir Háakoti nes í miðjum Tungubökkum, sem byrjast að sunnan við víkina miðja og ræður varða við kelduna merkjum beint á tóft í nesinu þaðan austur að vörðu á árbakka, frá því er Háakotsland útað annari vörðu á árbakka, frá henni beint á vestaraholt, þaðan útá áltadyngju, þaðan beint vestur til vatns og þar sett ein markvarða. Ennfremur tilheyrir jörðinni alt óskipt land eptir hundraðatali.

Yztamói 14. maí 1886

A. Þorleifsson

Samþykkur Jón Guðmundsson, umráðamaðr Tungu.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóra Holti 2. júní 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglysing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Júní 2

N^o 99.

Landamerkjaskrá fyrir Þorgautssöðum í Holtshreppi

Milli Þorgautsstaða og Gautastaða eru merki að ofan úr miðjum Skjaldarhaus ofan fjallið beina stefnu á vörðu við vatnið, og milli Þorgautsstaða og Tungu, ræður merkjum varða á Draugatóft út að víkinni beina stefnu á Hrakotsnes, vestasta tanga, við víkina sett markvarða og tvær þar á milli, en eftir miðri víkinni eru merki til vatns og frá áðurnefndri Draugtóft beina sjónhending uppáð merkjadýi á þeirri leið settar tvær markvörður og ein við merkjadý, frá því beint á grjótvörðu á grundinni á þeirri leið sett ein markvarða, ennfremur tilheyrir jörðinni mótak og bithagi tiltöluleg úr öllu óskiptu landi Tungutorfunnar

Yztamói 14. apríl 1886

A. Þorleifsson.

Samþykkir:

Jón Guðmundsson, umráðamaður Gautastaða.

Jón Guðmundsson, umráðamaður Tungu.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóra-Holti 2. júní 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Júní 2

N^o 100.

Landamerkjaskrá fyrir Móafelli í Holtshreppi.

Milli Móafells og Stífluafrjettar eru merki eptir miðri stóru skriðu frá fjallsegg til ár. Og milli Móafells og Þrasastaða er gamall árfarvegur og frá því hann sjest ekki lengur, beina stefnu á árósi, á þeirri leið settar 4 markvörður, milli sömu jarðar og Hamars eru merki í Galtará fram úr Móafellsdalsbotni ofan í Fljótaá og ræður Fljóta merkjum að neðan.

Yztamór 14. maí 1886

A. Þorleifsson, umráðamaðr Móafells

Samþykkir:

Bergur Jónsson, eigandi Þrasastaða.

Jón Þorvaldsson, eigandi Hamars

Hermann Þorsteinsson, Sigurður Halldórsson, hreppsnefndarmenn.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóra-Holti 2. júní 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Júní 2

N^o 101.

Landamerkjaskrá fyrir Stýflu afrjettarlandi.

Milli Stýflu og Ólafsfjarðar afrjettarlanda á Lágheiði eru settar 4 markvörður þvert yfir heiðina og ræður lína sú, sem þær vísa merkjum til fjallseggja báðu megin, einnig undirkastar hreppsnefnd Holtshrepps sig að láta framvegis ganga austur heiðina eins og þeir hafa gjört.

Samþykkir: Þorkell Dagsson, Páll Halldórsson, Jakob Ingimundarson, Jakob Þorkelsson. Jón Jóhannsson, hreppsnefndarmenn í Þóroddsstaðahreppi.

Milli Stýfluafrijettarlands og heimalands á Þrasastöðum eru merki úr efsta Drykkjarhól beina stefnu uppí hallklett, en Fljótaá ræður merkjum að neðan. Og ennfremur milli sömu afrjettar og Móafells eru merki eptir miðri Stóruskriðu ofaní Fljótaá, áin ræðr merkjum að neðan en fjallseggjar að ofan.

Samþykkur: Bergur Jónsson, eigandi Þrasastaða.

Samþykkur: Árni Þorleifsson umráðamaðr Móafells.

Rögnvaldur Þorleifsson; Björn Þorleifsson; Sigurður Halldórsson; Hermann Þorsteinsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóra-Holti 2. júní 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Júní 2

N^o 102.

Landamerkjaskrá fyrir Hólakoti í Holtshreppi.

Merki milli jarðanna Hólakots og Gils liggjandi í Holtshreppi og Skagafjarðarsýslu eru frá Grásteini eptir vörðum beina sjónhending niður til Áar, en á milli jarðanna Hólakots og Hóla ræður sjónhending úr fyrnefndum Grásteini í stein, sem er í lækjargili ofanundan Hólabænum og eptir þeim læk til þverlækjar, sem liggur fyrir ofan Hólakotstúnið og eptir honum úti bæjarlækinn á Hólum og eptir honum til áar, bithagi er sameign beggja jarðanna Hóla og Hólakots, einnig hefur Hólakotsbóndinn frían rekstur fyrir pening sinn eptir mýrinni fyrir sunnan Hólatúnið til fjalls.

Samþykkir eigendur Hólakots

Aðalsteinn Jónsson.

Sigurður Jónsson.

Einar Jónsson.

Aðalsteinn Steinsson, eigandi ½ jarðarinnar Hóla

Jóhannes Jóhannesson eigandi ½ jarðarinnar Hóla

Sveinn Jónsson, eigandi Gils.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóra-Holti 2. júní 1886, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Ár 1887 16. maí

N^o 103

Landamerkjaskrá fyrir Íngveldarstöðum í Sauðárhreppi.

Að sunnan: Úr skurði fyrir sunnan Búðarvíkur í nefið á rauðum stein með þúfu á og þaðan beina stefnu uppí gilskorning í fjallinu, þar beint upp undan.

Að utan: Úr miðri Fúluvík bein stefna uppí gil í fjallinu og þaðan í hæðsta tindinn í klett og þaðan í hæðsta tindinn í Klett á Sauðfellinu syðst.

Staddur á Sauðarkrók 25. marz 1885

Stephán Stephensen. (Umráðandi)

Jafnvel þó ofanskrifuð landamerkjaskrá lýsi merkjunum að utan með nokkuð öðrum orðum, en eg viðhafði í Landamerkjaskránni fyrir Reykjum, er þinglesin var í fyrra vor, get eg ekki sjeð að sá orðamanur valdi ágreiningi í framtíðinni og samþykki hana því hjer með vegna nefndrar umboðsjarðar.

Ási, 20. maí 1885

Ólafur Sigurðsson (umboðsmaður)

Vegna Hólakots samþykkir sem eigandi: Þorleifur Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðarkrók 16. maí 1887 og innfærð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



27. maí

N^o 104

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Saurbæ í Kolbeinsdal í Hólahreppi

Að sunnan ræður merkjum grashóll nokkur, sem nefndur er Valhóll, hann er næsti hóll fyrir sunnan Sandhól, báðir eru þeir í hlíð þeirri, er sandhlíð heitir. Úr Valhól liggja merkin beina stefnu upp í skál í fjallinu, sem heitir Merkjaskál, og eptir þeirri stefnu liggja merkin einnig úr Valhól til áar, þar skal sett merkjavarða, spölkorn frá ánni. Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum. Að norðanverðu ræður merkjum steinn nokkur, afar stór, sem stendur fyrir sunnan og ofan „Klifið“ syðra, spölkorn fyrir ofan veginn; stein þennan nefnum vjer merkjastein. Þaðan liggja merkin beina stefnu upp í hæsta tind hnjúksins, sem er milli Sviðningsdals og Saurbæjardals; í þeim hnjúk eru „Kambar“ sem nefndir eru. Niður frá steininum liggja merkin eptir sömu stefnu, sem þegar var nefnd, allt til ár; á þeirri leið eru tvær merkjavörður, önnur þar sem Klifið hefst að sunnan, skamt frá ánni, hin nokkru ofar. Ennfremur á Saurbær frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet fyrir geldfje og stóðhross.

Saurbæ í Kolbeinsdal 26. maí 1887.

Gunnlaugur Pálmason. (handsalað) (eigandi Saurbæjar)

Landamkerkjaskrá þessari erum við undirritaðir samþykkir að öllu leyti.

Haflíði Jónsson (eigandi Sviðnings)

Sigurður Gunnlögsson (eigandi Skriðulands).

Þinglýst á manntalsþingi í Viðvík 27. maí 1887 og innfærð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



27. maí

N^o 105

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Sviðningi í Hólahreppi.

Að sunnan ræður merkjum steinn nokkur afarstór, sem stendur fyrir sunnan og ofan Klifið syðra, spölkorn fyrir ofan veginn; stein þennan nefnum vér merkjastein. Þaðan liggja merkin beina stefnu upp í hæsta tind hnjúksins, sem er milli Sviðningsdals og Saurbæjardals, í þeim hnjúk eru Kambar, sem nefndir eru. Niður frá steininum liggja merkin eptir sömu stefnu, sem þegar var nefnd, allt til ár, á þeirri leið eru tvær merkjavörður: önnur þar sem „Klifið“ hefst að sunnan, skamt frá ánni, hin nokkru ofar. Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum.

Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum.

Að norðan ráða vörður merkjum. Neðsta varðan stendur skamt fyrir ofan veginn, utanvert hóla-klasa, sem nefndur er Kerlingarhólar. Þaðan liggur merkjastefnan eptir beinni línu, sem vísa þær þrjár vörður, er standa hver upp undan annari á mýrinni með nokkuru millibili, allar fyrir ofan þá fyrst nefndu; eptir sömu stefnu liggja merkin, er vörðunum sleppir, allt upp í háfjall. Sömuleiðis liggja merkin eftir sömu stefnu, sem vörðurnar mynda ofan til Kolbeinsdalsár, og verður merkjalínan þá utan við „Klöpp“ nokkura við ána, að eins verður Klöppin öll í Sviðningslandi.

Ennfremur á jörðin Sviðningur frían upprekstur í Kolbeinsdalsafirjett fyrir geldfé og stóðhross.

Sviðningi í Kolbeinsdal 27. maí 1887.

Hafliði Jónsson (eigandi Sviðnings)

Landamerkjaskrá þessari erum við undirritaðir að öllu leyti samþykkir.

Gunnlögur Pálmason (handsalað) (eigandi Saurbæjar).

Pétur Gestsson (eigandi Smiðsgerðis).

Þinglýst á manntalsþingi á Viðvík 27. maí 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



28. maí

N^o 106

Landamerkjaskrá fyrir Ási í Hegranesi í Rípuhreppi

Að austan ráða Hjeraðsvötn frá því sunnanvert við syðri Garðshólmatá, suður fyrir austan austari Hríseyjarhólma, Kríuhólma, Langhólma, litla og stóra Hesthólma og Kálfhólma, lítið eitt suður fyrir syðri tá hans, og er þar landsuðurhorn á landinu. Þaðan vestur í skurð austan í Hríseyjarhólmatjörn. Þaðan yfir ytri enda tjarnarinnar og svo vestur yfir hólmann í landamerkjagarð þann, er liggur vestur mýrarnar og stefnir laust fyrir sunnan Torfholt. Úr garðinum upp í vörðu á Beingarðsás. Þaðan í vörðu á borginni fyrir sunnan Áshúsaborg. Þaðan í vörðu á Tjarnarborg. Þaðan yfir syðri enda Urriðavatns beina stefnu sunnantil við syðsta horn á Urriðabergi. Þaðan eptir sömu línu vestur með bergsendanum, þar til komið er móts við Selhamar, hvar setja skal útsuðurhornmerki. Þaðan beint norður í tjeðan hamar. Þaðan í vörðu, sem hlaða skal á bekknum fyrir utan Leirdal. Þaðan til Dómsvörðu, sem stendur á lítilli klöpp skammt norður frá Fögrukinn. Þaðan eptir sömu línu norður til vörðu á tungunni milli Grendalanna, sem ^{er} útnorðurhornmerki. Þaðan austur yfir í austari Grendalinn og bergið til Svörtuskoru í Geitaberg. Þaðan niður til Grjóthréugrens. Þaðan austur yfir Háuborg í landamerkjagarð þann, er liggur yfir Garðsás og virðist votta fyrir austur eptir mounum. Úr tjeðum garði sunnan til við yztahamar, stefnu í gilið suður og niður undan Vatnsleysubæ austur í suðausturvík á Garðsvatni. Þaðan eptir sömu línu austur yfir landeyju og sandana utanvert við vestari Hríseyjarhólma og sunnantil við fyrstnefnda Garðshólmatá.

Ási, 2. nóvember 1886

Ólafur Sigurðsson – eigandi að Ási –

Eptir að amtið hafði skikkað Jón hreppstjóra Jónsson á Hafsteinsstöðum til þess að gæta hagsmuna landssjóðs við setning landamerkja þjóðar jarðarinnar Kárastaða (með Ferjuhamarslandi) gagnvart jörðinni Ási og Beingarði, sem er eign umboðsmanns Reynistaðarklausturs, Ólafs Sigurðssonar, og landamerkjaganga hafði fram farið, 30. októbr. f.á. samþykkist hjermeð framanstandandi landamerkjaskrá Kárastaða vegna.

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, 15. jan. 1887.

J. Hafsteen.

Framanritaðri landamerkjaskrá, er ég sem eigandi að Hellulandi samþykkur: Ingimundur Þiðriksson.

Sem eigandi Garðs samþykkur: Jóhannes Ögmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 28. maí 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



28. maí

N^o 107

Landamerkjaskrá jarðarinnar Beingarðs í Rípuhreppi.

Að austan ráða hjeraðsvötn, frá því lítið eitt fyrir sunnan Kálfhólmatá suður fyrir austan Hríseyju, allt þar til vörðu þá, sem byggð er á ytri enda Stekkjarholtsins við austurenda landamerkjagarðs á sundinu þar fyrir ofan, ber rjett í steininn Beini, sem stendur á bekknum neðanundir Lönguborg og skal þar setja hornmerki í eyjunni, sem er landsuðurhorn á landinu. Þaðan ræður bein stefna vestur yfir eyjuna og mýrarnar, upp í laut þá sem er 6 föðmum fyrir utan Reiðholtslækinn. Þaðan í fyrrnefnda vörðu. Þaðan til Beinis. Frá Beini ræður sama stefna vestur til Hólmavatns; ræður svo vatnið vestur á móts við háa klöpp, sem er norðan við vatnið vestantil, og skal þar hlaða vörðu syðst á háklöppinni, sem er útsuðurhornmerki. Þaðan norður yfir klöppina beina stefnu á Selhamar, þar til komið er næstum út á móts við syðsta horn á Urriðabergi, hvar setja skal útnorðurhornmerki sunnan við bergið. Þaðan austuryfir Urriðavatn í vörðu á Tjarnarborg. Þaðan í vörðu á borginni fyrir sunnan Áshúsaborg. Þaðan í vörðu í Beingarðsás. Þaðan ausur fyrir sunnan Torfholt í landamerkjagarð, er liggur austur mýrarnar. Þaðan í skurð austan í Hríseyjarhólmatjörn. Þaðan í Hjeraðsvötn sunnan við Kálfhólmatá.

Landamerki þessi stefna að sjá ofan frá neðst í suðurtúngarðinn á Hofdölum, en að sunnan í Hofdalastekkjargilslækinn.

Ási, 2. nóvember 1886

Ólafur Sigurðsson – eigandi Beingarðs –

Eptir að amtið hafði skikkað Jón hreppstjóra Jónsson á Hafsteinsstöðum til þess að gæta hagsmuna landssjóðs við setning landamerkja þjóðjarðarinnar Kárastaða (með Ferjuhamarslandi) gagnvart jörðunum Ási og Beinagarði, sem eru eign umboðsmanns Reynistaðarklausturs, Ólafs Sigurðssonar, og landamerkjaganga hafði fram farið 30. oktbr. f.á., samþykktist hjer með framanstandandi landamerkjaskrá Kárastaða vegna.

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, 15. jan. 1887.

J. Hafsteen.

Að því er snertir landamerkin milli Rípur og Beingarðs er eg fyrir hönd prestsetursins landamerkja skrá þessari samþykkur.

Ríp 25. ág. 1885

Árni Þorsteinsson (prestur á Ríp).

Að framanskriðuð yfirlýsing prestsins Árna Þorsteinssonar sje orðrjett rituð eptir eiginhandar áritun hans á samhljóða landamerkjaskrá fyrir Beingarði, vottar:

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu 28. maí 1887

Jóh. Ólafson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 28. maí 1887, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu,
vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



28. maí

N^o 108

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Kárastöðum með Ferjuhamarslandi í Rípuhreppi.

Að austan ræður bein stefna norðan frá Dómsvörðu, sem er landnorður hornmerki suður til vörðu á bekknum fyrir utan Leirdal. Þaðan eptir sömu stefnu til Selhamars. Þaðan í vörðu, sem hlaða skal á háu klöppina útnorðan við Hálmavatn. Þaðan eptir sömu stefnu suður í vatnið; ræður svo vatnið suður til Grásteins, sem er landsuður hornmerki. Þaðan upp í Sturlulág á Hálmabergi. Þaðan ræður landamerkjagarður vestur eptir. Úr honum í vörðu á klöpp austan við veginn út nesið að vestan. Þaðan sömu stefnu vestur til Hjeraðsvatna í lítið síki, sem þar fellur í þau, og kallað er merkjasíki, og er það útsuður hornmerki. Þaðan ráða Hjeraðsvötnin lítin spöl út fyrir Ferjuhamarsgil þar til sjer fyrir ljósu garðlagi austan eptir mounum, og skal þar hlaða glögg útnorður hornmerki vestur undan garðsendanum. Þaðan ræður garðlagið og svo sama stefna austur eptir í stóran stein norðan til við Jónsvörðu, og skal á þeirri leið hlaða merkjavörður á hæstu klöppum.

Úr steininum eptir sömu línu til fyrstnefndarar Dómsvörðu, sem stendur á lítilli klöpp, skammt norður frá Fögrukinn.

Ási 2. marz 1887.

Ólafur Sigurðsson

Sem ábúandi Hróarsdals, samþykkur: Jónas Jonsson.

Sem eigandi og ábúandi Hellulands er eg landamerkjaskrá þessari samþykkur.

Ingimundur Þiðriksson.

Fyrir hönd landssjóðs samþykki jeg framangreinda landamerkjaskrá, að því leyti, er snertir landamerkin gagnvart jörðinni Ási og Beingarði, sem eru eign umboðsmanns Reynistaðarklausturs, Ólafs Sigurðssonar að Ási.

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, 22. marz 1887.

J. Havsteen.

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 28. maí 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur: 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



28. maí

N^o 109.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Ketu í Rípuhreppi

Að austan ræður Rípureyjarkvísl, frá því 10 föðmum fyrir sunnan Hamarstekki á kvíslarbakkanum, suður á móts við merkin á Rípurey milli Rípur og Egilsholts, hvar setja skal suðaustur hornmerki. Þaðan beina stefnu í syðstu klöpp á Stóraholti. Þaðan í syzstu vörðu á Reynarstekkjargarborg, sem er suðvestur hornmerki. Þaðan beint norður sundið fyrir austan Einbúa, og síðan melana út í suðvesturvikið á Hendilkotsvatni. Þaðan ræður vatnið, þar til komið er út að garði þeim, er skilur Eggjar og Keldudals lönd, og skal þar setja vörðu við vatnið, sem er útnorður hornmerki. Þaðan yfir vatnið í vörðu, sem hlaðin er 5 föðmum fyrir norðan litla klöpp austan vatnsins. Þaðan í vörðu, á melunum fyrir sunnan og ofan Hamar. Þaðan í syðri nibbu Ketuhamars. Þaðan ræður beinnstefna garður niður að kýl. Þaðan ræður sama stefna til fyrstnefndrar Rípureyjarkvísar 10 föðmum fyrir sunnan Hamarsstekki, hvar hlaða skal glöggt landnorður hornmerki.

Ási, 5. maí 1886

Ólafur Sigurðsson.

Sem eigandi Eggjar og Reynar er eg landamerkjaskrá þessari samþykkur.

Jón Guðmundsson.

Sem ábúandi á Hamri, er eg landamerkjaskrá þessari samþykkur.

Friðrik Friðriksson.

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 28. maí 1887, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



28. maí

N^o 110

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Keldudal í Rípuhreppi.

Að austan ræður bein stefna úr suðausturviki Hólmavatns, suður í yztu vörðu á Þóreyjarborg, sem er hornmerki á Rípur og Hamars löndum. Þaðan ráða vörðubrot suður borgina til Hendilkotsvatns; ræður svo vatnið til suðurs, þar til komið er næstum móts við merkin austan vatnsins milli Hamars og Ketu, og er þar suðausturhorn á landinu. Frá vatninu ræður garður, sem liggur vestur frá því yfir holtið og vestur eptir sundinu. Úr garðinum ræður sama stefna alla leið til Héraðsvatna, hvar setja skal glöggt suðvestur hornmerki. Þaðan ráða Hjeraðsvötnin norður til steins á ^{vatna}bakkanum, hvar einnig skal setja glöggt útvester hornmerki. Þaðan austur í ysta Nafahorn, er gengur lengst niður að Kýlnum. Þaðan beint austur yfir Lággarberg í Messuklökk, sem er vestan til við Lækjardal og svo úr henni í lækinn. Þaðan ræður lækurinn beint norður til Hólmavatns, vestan við Keldudalsstekkjarborg. Þaðan ræður vatnið austur í fyrstnefnt suðausturvík.

Ási, 5. maí 1886.

Ólafur Sigurðsson.

Að því, er prestssetrið Ríp snertir, er eg ofanritaðri landamerkjaskrá samþykkur.

Ríp 6. maí 1886.

Árni Þorsteinsson. prestur.

Samþykkur sem leiguliði í Hróarsdal

p.t. Ási 8. maí 1886.

J. Jónsson.

Sem eigandi Eggjar, er ég landamerkjaskrá þessari samþykkur.

Jón Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Ríp 28. maí 1887 og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



7. júní

N^o 111

Landamerkjalyásing á engjapartinum Broddgeiri í Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Merkjalýsing á engjaparti þeim, sem kallaður er Broddgeiri, er eg undirskrifaður ^(Ásg. Þorsteins.) hefi keypt úr Stóru Seilu engi. Merki hans eru sem hér greinir:

Að austan ræður sú gamla merkjalína, sem gilt hefur og gildir enn, milli Geldingaholts og Stóru Seilu, svo ræður Seiluá suður kanti hans upp að hornvörðu, sem stendur suður við ána, frá henni rjettsýnis í vörðu, sem stendur norður við Stuttholtskyl, frá henni norður í miðjan kýlinn og hann austur að merkjalínu þeirri, sem fyrst er frá sagt.

Framanskriafaðri merkjalýsingu til fullkominnar tryggingar setja hlutaðeigendur nöfn sín hér undir.

Geldingarholti 6. dag júní 1887

Ásgrímur Þorsteinsson.

Helga Pétursdóttir.

Jónas Halldórsson

Þinglýst á manntalsþingi á Stóru Seilu 7. júní 1887 og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



9. júní

N^o 112

Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Merkigarðs í Tungusveit í Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan eru merkin móts við Hafgrímsstaða og Hvammskotsland, úr Svartá í vörðu á miðjum Langamel svo uppeptir sunnanvert við Stóragrjót og eptir settum merkjavörðum austur í dýið beint suður frá Hamarsgerði (eða kannske lítið eitt austar), þaðan sömu stefnu eptir vörðum austur á háls og í Dalsgötur, þá út eptir hálsinum jafn hliða Hjeraðsdals og Stapa merkjum, austan ⁱⁱⁱ yfir Folaldagróf og út í Hlóðarstein, þaðan ofan eptir með Steinstaðalandi í svokallaða Markvörðu og þaðan vestur í Svartá, er síðan ræður til áður taldra ummerkja.

Ofan ritaða landamerkjalyýsingu samþykkjum vér undirskrifaðir hlutaðeigendur.

Jón Þorkéllsson, eigandi Merkigarðs. (Handsalað).

Fyrir eiganda jarðarinnar Hafgrímsstaða samkvæmt fullmakt. Samþykkur. Jóhann P. Þjetursson.

Eigandi Hvammkots Jóhannes Jónsson.

Eigandi Hvammkots Þorsteinn Lárusson.

Einn af eigendum Hjeraðsdals Einar Jónsson samþykkir.

Annar eigandi Hjeraðsdals. Eiríkur Jónsson samþykkir.

Þriðji eigandi /. Magnús Jónsson frá Gilhaga

Samþykkur jeg fyrir mig og alla hlutaðeigendur að jörðinni Stapa. Hannes Þorvaldsson á Nautabúi.

Eigandi að ½ Steinstöðum Sigurlaug Gísladóttir samþykkir.

Daníel Sigurðsson eigandi að ½ Steinstöðum (handsalað).

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 9. júní 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



11. júní

N^o 113

Landamerkjalysing jarðarinnar Þverá í Akrahrepp.

Að norðan milli Þverár og Framness, ræður bein stefna úr norðari engjatá í vörðu á vestur bakka efra Þverárengis, þaðan bein stefna eftir vörðum upp mýrarnar í vörðu á melunum fyrir sunnan Framnes, þaðan sjónhending í vörðu við melshorn fyrir utan Þverárgerði, þaðan bein stefna austur að Axlarhagalandi þar sem setja skal hornmerki. Að austan, milli Þverár og Axlarhaga, ræður bein stefna úr tjeðu hornmerki til suðurs í vörðu á mel fyrir ofan Þverárgerði, og þaðan rjettlinis suður til Þverár. Að sunnan móts við Frostastaði og Yztugrund ræður Þverá niður eftir eyrunum nálægt því, sem hún rennur, og síðan eftir svo kölluðum miðfarveg og Spirdakvísl vestur til Hjeraðsvatna. Í vötnunum liggur neðra Þverárengi umflotið á alla vegu, og nær það suður fyrir Spirdakvísl móts við Spirdana, er tilheyra Yztugrund.

Ennfremur tilheyrir jörðinni svonefndur Þverárdalur austanvert við Þverá móts við Frostastaða^{dal} og Austurdal, frá miðju Tungufjalli að vestan til botns.

Þverá 7. dag maímánaðar 1886.

Sigurður Jónsson eigandi ½ Þverár

Eigandi ½ Þverár Jón Þorkellsson

Dýrleif Gísladóttir (Eigandi Yztugrundar og Frostastaða)

Gísli Þorláksson (eigandi Axlarhaga)

Björn Petursson (eigandi að hálfu Framnesi)

Bjarni Jónsson, eigandi að hálfu Framnesi

Þinglýst á manntalsþingi á Stóruökrum 11. júní 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1 ein króna



11. júní

N^o 114

Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Axlarhaga í Akrahrepp í Skagafjarðarsýslu.

Að norðan ráða vörður þær, sem hlaðnar eru í flóanum milli Axlarhaga og Brekkukots úr austustu vörðu bein stefna á fjall upp og fram fjallið til Vindárdalsbotns, úr Vindárdalsbotni þvert yfir ofan mitt Tungufjall til Þverár; síðan ræður áin merkjum ofan á móts við vörðu þá, sem hlaðin er á melunum fyrir ofan Þverárgerði, þaðan bein stefna í vörðu sunnan og ofanvert við Klafasteinsholt.

Hjaltastoðum 7. maí 1886

Gísli Þorláksson (eigandi Axarhaga)

Björn Pétursson (eigandi að ½ Framnesi)

Jón Þorkellsson (eigandi að ½ Þverá)

Sigurður Jónsson (eigandi að ½ Þverá)

Rannveig Þorkelsdóttir (eigandi að Brekkukoti)

Bjarni Jónsson. Eigandi að ½ Framnesi

Þinglýst á manntalsþingi á Stóruökrum 11. júní 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglýsing: 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



29. júní

N^o 115

Landamerkskrá jarðarinnar Geirmundarhóls í Fellshreppi.

Ár 1886, þann 28. októbermánaðar erum við Konráð Jónsson hreppstjóri í Miðhúsum, og Björn Jónsson bóndi á Gröf, staddir að Geirmundahóli í Fellshreppi í Skagafjarðarsýslu sem fjárhaldsmenn eigenda nefndrar jarðar, Kristins Björns Erlendssonar á Miðhúsum, og Jóns Guðmundar Erlendssonar á Gröf, til þess að semja um landamerki tjeðrar jarðar við næstliggjandi landeigendur. Er þá óátalið land þessarar jarðar Geirmundarhóls og landamerki hennar, sem hér segir. Að austanverðu við Hrolleifsdalsá gagnvart Arnastöðum, svo kallaður Geirmundarhólsskógur í Grjótvallaskriðu og grjótgarð þann, sem er neðanvert við hana, úr honum sjónhending ofan og vestan yfir ána í vörðu þá, er síðar verður getið, þá fram að austan í svo kallaðann Brenniskurð, sem liggur ofan úr fjallshlíð ofan að Hrolleifsdalsá gag[n]vart Þverár landi, þá vestur yfir Hrolleifsdalsá í gamlann og velsjáanlegann landamerkjagarð er liggur frá nefndri á upp í fjallshlíðar, þaðan sjónhending eptir því sem garðurinn vísar til fjallseggja. Þaðan á Geirmundarhóll land ofan þá hlíð (einnig svokallaðann Geirmundarhólldal), ofanað Krákustaðalandi, Landamerki þar á millum, eru úr vörðu niður við Hrolleifsdalsá (og áður er nefnd), upp í vörðu á holtinu, síðan í vörðu á Djúpahvammsmel, þá sjónhending úr þessum vörðum þannig að þær beri hver í aðra og upp í svokallaða Nónshæð á fjallsbrúninni, sem er nokkuð fyrir norðan dalsmynnið. Krákastaðir eiga sambeit við Geirmundarhól, fyrr eigin búsmala í Geirmundarhólsskógi og á Geirmundarhólldal, en ekki má brúka land það frá Krákustöðum til annara landsnytja.

Geirmundarhóll á fríann geldfjár upprekstur á Hrolleifsdals afrjett.

Staddir að Geirmundarhóli sama dag, er áður greinir

K. Jónsson. Björn Jónsson. Umsjónarmenn yfir framanskrifaðri jörð.

Að framanskriðuð landamerki gagnvart Arnarstöðum sjeu rjett viðurkennir Jón Jónsson.

Að framanskriðuð landamerki gagnvart Þverá sjeu rjett viðurkennir B. Þórðarson.

Að framanskriðuð landamerki sjeu rjett gagnvart Krákustöðum viðurkennir Pétur Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Felli 29. júní 1887 og innritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



1. júlí

N^o 116

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hamars í Holtshreppi

Milli Hamars og Sljettu ræður landamerkjum neðst við Fjótá gamall merkjagarður utan við Hamarsvað, sem liggja suður og upp í Blákápugarð og ræður hann merkjum yfir lítin spöl, en frá Blákápugarði gamall garðslitur upp að neðri vegi, neðst á Hamarsbölum, ofan við vegin sett varða og í beinni línu þar uppundan 2 aðrar merkjavörður; frá neðstu vörðu skulu hinar 2 bera saman, og ræður sú stefna landamerkjum til eggjar. Milli Hamars og Stóra Grindils ræður merkjum óslitinn garður frá Miklavatni upp að Hamrinum, og af Hamrinum beina stefnu sunnan við Grjótskál, á þeirri leið settar 3 markvörður.

Jón Þorvaldsson eigandi Hamars.

Stefán Jónsson og Sigríður Jónsdóttir eigendur Sljettu

Þorlákur Einarsson (eigandi að parti úr jörðinni Stóra-Grillir.)

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



1. júlí

N^o 117

Landamerkjaskrá jarðarinnar Stórubrekku í Holtshreppi

Milli Stórubrekku og Sljettu ræður merkjum neðst við Fljótaá litill lækjarfarvegur 40 faðma fyrir sunnan stekkin. Þar í beinni línu uppundan settar 2 merkjavörður og upp á há ásnúm sett 1 markvarða, frá henni ræður merkjum til fjalls bein stefna í Tittlingsgil á þeirri leið settar 3 markvörður. Milli Stóru- og Minnibrekku ræður merkjum garður, sem liggur neðan frá Fljótaá upp í svo kallaðann Draugapoll og þaðan með smáa hnausa vörðum beint upp í annann garðsenda, liggur sá garður upp á milli túnanna á nefndum jörðum, frá efri enda þess sama garðs, eru merkin í hnausavörðum upp í svokallaðan Kúastall? utanverðann, og þaðan beint til eggjar.

Herdís Ásgrímsdóttir eigandi að ½ Stórubrekku.

Porkell Dagsson eigandi að ½ Stórabrekku.

Stefán Jónsson eigandi að 2/3 úr Sljettu.

Sigríður Jónsdóttir eigandi að 1/3 úr Sljettu

Björn Þorvaldsson eigandi að ½ Minnibrekku.

Jakob Jónsson eigandi að ½ Minnibrekku.

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0 75

bókun 0 25 1-ein króna



1. júlí

N^o 118

Landamerkjaskrá jarðarinnar Lambaness í Holtshreppi

Að sunnan móts við Illhugastaði ræður merkjum svokölluð Marklá neðan frá Miklavatni og uppá há ásin (Lambanesás), þar settar markvörður að austan og vestan. Frá austari vörðunni bein lína í svokallað Grænarjóður austaní ásnum, og þaðan beint ofan í ána, er að framan kemur. Frá henni til fjalls ræður árfarvegur fyrir sunnan svokallaða Þrætutanga, og úr því Nautadalsá.

Að utan móts við Lambanesreyki, ræður merkjum svonefnd Reykjaá, er rennur á milli bæjanna, neðan frá Miklavatni, og upp þar til er í hana kemur svokallaður merkislækur. Hann kemur úr fjalli ofan, og ræður merkjum úr því neðan hans nýtur við, en frá upptökum hans ræður bein lína til fjallseggja.

p.t. Lambanesi 24. september 1886

í umboði eigandans Margrjetar Ólafsdóttur. E. B. Guðmundsson.

Samþykkur eigandi að Illhugastöðum Á. Þorleifsson

Samþykkir eigendur að Lambanesreykjum Rögnvaldur Rögnvaldsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0 75

bókun 0 25 1-ein króna



1. júlí

N^o 119.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Lambanesreykja í Holtshr.

Að sunnan móts við Lambanes ræður svokölluð Reykjaá, er rennur á milli bæanna, frá Miklavatni og upp þar til svokallaður Merkislækur rennur í hana. Hann kemur úr fjalli ofan og skilur merkin á neðan hans nýtur við, en frá upptökum hans ræður bein lína til fjallseggja.

Að utan móts við Hraun ræður svonefnt Búðartungugil, það syðra, upp frá Miklavatni, og frá því merkjagarður upp að svokölluðum Þvergarði. Þaðan bein stefna eptir garðinum yfir Þvergarðseingi til fjalls.

Lambanesreykjum 27. septemb. 1886.

Rögnvaldur Rögnvaldsson.

Sem eigandi og umráðamaður Hrauna samþykkur: E. B. Guðmundsson.

Vegna eiganda Lambaness samþykkur: E. B. Guðmundsson

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



1. júlí

N^o 120

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hrauna í Holtshr. með hjáleigunni Hrúthúsum.

Að utan ræður svokallaður Græni forvaði við sjó undan Dalaskriðum. Þaðan bein stefna á Dalaleiðarbrún og ráða fjallseggjar, þaðan fram að landamerkjum Lambanesreykja. Að sunnan ræður svokallaður syðra Búðartungugil frá Miklavatni og frá því merkjagarður, upp að svokölluðum Þvergarði, þá bein stefna eptir garðinum yfir Þvergarðsengi til fjalls. Að vestan ræður Hraunaás er rennur úr Miklavatni í sjóinn fast vestur við Haganess land (svokallaða Haganessborg). Stakkgarðshólmi í Miklavatni tilheyrir jörðinni, sömuleiðis svokallaðir Almenningar með eyðibýlunum Hrólfsvöllum og Þúfnavöllum, og ítakalaust rekaland frá Hraunaás að Grænaforvaða.

Hraunum 24. marz 1885

E. B. Guðmundsson

Rétt landamerki gagnvart Máná það vottar: Pálmi Jóhannsson

Þessu er samþykktur: Sveinn Sveinsson eigandi Neðra Haganess

Rjett landamerki gagnvart Lambanesreykjum Rögnvaldur Rögnvaldsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Stórholti 1. júlí 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0 25 1-ein króna



1. júlí

N^o 121

Landamerkjaskrá jarðarinnar Nefstaða í Holtshreppi.

Milli Nefstaða og Nefstaðakots byrja merki að neðan, frá vörðu við ána, og eptir merkjavörðum yfir svo kallað Hestanes og yfir suður-völl Nefstaðakots, og þaðan, sem vörður til vísa beina sjónhending til fjallseggjar. En svo kallaður Nefstaðahólmi hinumegin árinna leggst að öllu leyti undir Nefstaðakot. En á milli Lunds og Nefstaða, ræður varða á áarbakknum, sem er í beinni stefnu við poll upp í mýrunum, og úr honum ~~og honum~~ og í vörðu á neðanverðurn svokölluðum merkjahrigg. Og þaðan ræður bein sjónhending til fjallseggjar, eptir því sem pollurinn og vörðurnar vísa að neðan.

Samþykkir eigendur Nefstaða Bessi Steinsson.

Sigurður Jónsson.

Árni Stefánsson

Eigandi Nefstaðakots Jóhann Þorvaldsson

Eigendur Lunds Jón Þorleifsson Á. Þorleifsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



1. júlí

N^o 122

Landamerkjaskrá jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshr.

Að sunnan móts við Hóla ræður merkjagarður frá Fljótaá til fjalls sem liggur sunnan við svokallaðan Merkisgil^{læk}, úr því ræður lækurinn merkjum til fjallseggjar. Að neðan Fljótaá. Að utan móts við Molastaði ræður bein lína úr Fljótaá upp í gamlan merkjagarð á Molastaðahöfða. Þá skilur garður þessi merkin beint upp eptir um tíma, en síðan beygir hann í norður og liggur þannig dálítin spöl. En fyrir sunnan og ofan Molastaði kemur aptur vinkilbugur á gaðin og liggur síðan út og upp í læk, sem úr fjalli rennur. Skilur þá lækurinn þessi merkin upp að olnboga á honum, þar sett glögg merkjavarða. Úr henni ræður bein lína í aðra merkjavörðu skammt fyrir sunnan og ofan svonefndan Rjettarhól, og þaðan eptir vinkillínu til fjallseggjar.

p.t. Reykjarhóli 24. septemb. 1886

í umboði eigandans Margrjetar Ólafsdóttur. E. B. Guðmundsson

Rjett landamerki gagnvart Hólum: Jóhannes Jóhannesson

Rjett landamerki gagnvart Molastöðum: Árni Gíslason.

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0 25 1-ein króna



1. júlí

N^o 123

Landamerkjaskrá jarðarinnar Depla í Holtshreppi.

Landamerkjum jarðarinnar Depla, liggjandi í Holtshreppi Skagafjarðarsýslu, ræður að sunnan gamall merkjagarður, sem liggur frá Stífluá í beinni stefnu á svonefndan efri Hraunhól, upp í fjallinu og þaðan ræður bein sjónhending til fjallseggjar, eptir því sem garðurinn til vísar að neðan.

Eins að norðan, er gamall merkjagarður, sem liggur frá Stíflu á til Grundarhöfða og eins og hann vísar, að neðan ræður hann merkjum eptir sjónhending til fjallseggjar að ofan.

Samþykkir ofanskriðuðum landamerkjum, eru eigendur jarðarinnar Depla
Bessi Steinsson

Jón Þorleifsson (eigandi og umráðamaður Lunds)

Bergur Jónsson (eigandi og umráðamaður Þrasastaða).

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0 75

bókun 0.25 1-ein króna



Júlí 1

N^o 124

Landamerkjalyásing jarðarinnar Stóruþverá í Holtshreppi

Milli Stóruþverá og Minniþverá móts við Skeiðsland, ræður merkjum Skeiðsá framan úr Skeiðsdalsbotni ofan til Fljótaár. Og milli nefndrar jarðar og Berghylslands að utan, eru merki úr Setagili í Grjóthól og svo ræður merkjalækur til efstu vörðu í lækjarbakka þaðan fimm vörður í beinni línu ofan í fyrnefndan merkjalæk, og ræður hann úr því merkjum til fljótaár. Milli Stóruþverá og Minniþverá eru merki að sunnan við hnausavörðu, sem stendur við laut neðan við flötu dagsláttu, þaðan ráða merkjum 4 hnausavörður út í stórann stein, sem stendur ofan til í efra Reiðholti, þaðan ráða 4 hnausavörður í beinni línu út að Berghylsmerkjum.

Ennfremur tilheyrir Stóruþverá spilda fyrir ofan þver merki og ræður þar að utan svonefndar Dynjandi, lækur, sem fellur úr Setagili, en að sunnan varða á Grundinni og svo 4 vörður í beinni línu ofaní áðurnefnd þvermerki; aptur að sunnan er Stóraþverárland út að grænutópt, sem stendur á grundinni, og þaðan ráða merkjum 5 vörður í beinni línu á Minniþverár-hesthúsgerði; alt beitiland óskipt eptir hundraðatali jarðanna.

Staddir á Stóruþverá 25. júní 1887

Á. Þorleifsson (eigandi Stóruþverár.)

Sigurður Sigmundsson (í umboði eiganda Minniþverár)

Samþykkir Björn Pálsson. Jón Jónsson (eigendur Skeiðs)

Einar Halldórsson (eigandi Berghyls).

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1, ein króna



1. júlí

N^o 125

Landamerkjaskrá jarðarinnar Túngu í Holtshreppi.

Milli Túngu og Hrings eru merkji í stóran stein, sem ligur við götuna í túninu milli bæjanna, og frá honum (steininum) beina stefnu í skurð, sem ligur í Tungubæjarlæk, og ræður lækurinn úr því merkjum til ár; tröðin ræður merkjum suður að túngarði, en þar fyrir sunnan er óskipt land. Milli Tungu og Háakots, að ofan, eru merki við túnið, og milli sömu jarða að utan eru merki í vörðu í Stóru-Skriðu, og frá þeirri vörðu í vörður niður við læk, og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er niður við hann, frá henni beina stefnu í vörðu við Merkjadý, frá því beina stefnu á Draugatópt, á þeirri leið settar 2 markvörður, og þaðan út að víkinni beina stefnu í Háakotsnes vestasta Tungukelda úr víkinni ræður merkjum austur að vörðu í árbakka frá þeirri vörðu er Háakotsland út að annari vörðu í árbakkanum frá henni beint í vestari tópt, þaðan beint á Álftadyngju, þaðan beint vestur til vatns, við Háakotsnes, og þar sett ein markvarða, úr því ræður vatnið og áin merkjum út að Hvammshólum. Jörðinni fylgir enn fremur alt óskipt land tiltölulega eptir hundraðatali.

Staddir á Tungu 27. júní 1887

Jón Guðmundsson Aðalsteinn Steinsson. (eigendur)

Samþykkir Á. Þorleifsson (eigandi Háakots)

Jóhann Jónsson. (eigandi Hrings).

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1, (ein króna)



1. júlí

N^o 126.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Skeiðs í Holtshr.

Milli Skeiðs og Gautastaða, er merkjagarður gamall neðan frá á og upp á hjalla og úr því gil upp til fjallseggjar. Og milli sömu jarðar og Þveránna ræður áin merkjum framanúr Skeiðsdalsbotni ofan til Fljótaár og ræður hún merkjum að neðan nema Bakki á lítin hólma Skeiðsmegin.

Skeiði 28. júní 1887.

Björn Pálsson (eigandi ½ jarðarinnar)

Samþykkir:

Jón Jónsson

Árni Þorleifsson

Björn Þorvaldsson

Þinglýst á manntalsþingi á Stóraholti 1. júlí 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jón Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1-(ein króna)



29. júní

N^o 127.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Skálá í Fellshreppi.

Að utan: milli Skalár og Hrauns, eru merkin frá suðaustur horni Sljettuhlíðarvatns eptir svo kölluðum Kálfagerðislæk að uppsprettu hans neðanundir hraununum, þaðan beina stefnu til fjallshryggjar fyrir norðan og austan Skálárskarð. Að vestan eru landamerki milli Skálár og Fells, eptir Laugalæk, frá Sljettuhlíðarvatni til Hrollfeifsár, þaðan eru merkin eptir henni milli Skálár og Tjarna. Að sunnan: milli Skálár og Arnarstaða eru landamerki eptir garði sem liggur frá Hrolleifsá upp í utanverða hólana, þaðan eptir sama garði suður í svokallaða Landamerkjálá, og uppeptir henni að sunnan upp að læknum, sem síðan ræður merkjum til uppsprettu þaðan beina stefnu eptir vörðum upp í vörðu á svokölluðum Dalhól, þaðan í jarðfastan stein á Kambaskálarbrún, og eptir þeirri stefnu upp á sunnan og vestanverðan Skálarhnjúk, líka á Skálaá allan Skálárdal og Skálárskarð, eins og vötn aðdraga til háfjalla.

Ennfremur á Skálá eptir máldögum frá 16. öld og samningi þau rekaítök fyrir annara jarða löndum, sem hjer greinir: Fyrir Fellslandi, frá Fornáosi til Raufarbergs, einn fjórða hluta, bæði hvals og viðar og alls þess, sem rekamaður á að hafa að lögum; einnig á Skálá fyrir Keldnalandi, hálfan reka, viðar og hvala og alls þess, sem rekamaður á að hafa að lögum, frá Skarfasteini út að Yztahólsmerkjum, líka á Skálá frýjan upprekstur í Hrolleifsdalsafrejt.

Skálá 27. maí 1887.

B. Þórðarson F. S. Stefánsson. (eigendur)

Samþykkir framanskriðuðum landamerkjum og reka ítökum:

Samþykkur landamerkjunum milli Fells og Skálá, en ekki rekaítakinu að svo stöddu. Pálmi Þóroddsson (prestur í Felli).

Samþykk reka ítakinu fyrir Keldum Lilja Sölvadóttir.

Samþykkur framanskriðuðum landamerkjum vegna Arnarstaða Jón Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 29. júní 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur: 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)

[Á spássíu] Viðbót. Sökum þess að eigi hafa fengist nein skjöl eða máldagar fyrir prestssetrinu Felli, er geti hrundið framanskriðuðri kröfu um ¼ af viðar- og hvalreka er Skálá eigi fyrir Fellslandi frá Fornáosi vestur af Laungubúð- til Raufarbergs, samþykkist þetta reka ítak hjer með

Felli 1. septbr. 1887.

Pálmi Þóroddsson prestur á Felli. vottar J. Ólafsson.



29. júní

N^o 128

Landamerkjaskrá jarðarinnar Klónsu í Fellshreppi.

Að utanverðu eru merkin í Fossbrekkulæk, að sunnanverðu eru þau í svokölluðu Stóragili, eptir dalnum ræður áin mekjum á milli jarðanna Klóns og Þverá, að austan ræður fjallsegg merkjunum.

Þverá 27. maí 1886,

B. Þórðarson.

Að ofanskriðuð landamerki fyrir jörðinni Klóni í Fellshreppi hafi verið höfð og haldin, alla þá tíð, sem jeg, faðir minn sál. og föðurfaðir áttu jörðina Klón, vitna jeg undirskrifaður.

Björn Jónsson.

Ofanskriðuð landamerki samþykkir Kristinn Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 29. júní 1887, og innfærð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



29. júní

N^o 129.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þverá í Fellshreppi.

Að utan er sjáanlegur garður frá ánni til fjalls, milli Geirmundarhóla og Þverár að framan í Þverá fram í Barnadalsá að neðan, og svo beint ofan til við hólana upp í öxlina til eggjar, fyrir austan ána á Þverá land frá Fossabrekku út að Brenniskurði í frá ánni milli fjalls og eggjar, milli Þverár og Klóns, heldur áin svo líka á hún allann Þverárdalinn.

Þverá 27. maí 1886.

B. Þórðarson.

Að ofanrituð landamerki gagnvart Geirmundarhóli sjeu rjett, viðurkenna:

K. Jónsson.

Björn Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 29. júní 1887, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þinglestur 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



1. júlí

N^o 130

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hvamms í Holtshreppi með hjáleigunum Höfn og Bakka.

Að utan móts við Gil ræður merkjagarður frá Fljótaá uppað svokölluðum Grundarhöfða, þaðan bein sjónhending til fjallseggjar. Á litlum parti utanvið svokallaðan Eingjalæk, fyrir ofan eyrarnar sjest ekki garðurinn og eru því þar settar merkjavörður eptir stefnu garðsins að ofan og neðan, á þá Hvammur tungu þessa ofan með læknum að utanverðu. Að sunnan ræður Húnstaðaá sunnan við hólana, og frá árupptökum í svokallaðan forsæluhryggshaus, úr honum bein stefna til fjallseggjar. Að neðan ræður Fljótaá, þó telst sem Bakkaland aflangur eyrarhólmi vestan við ána, og skilur þar merki frá Skeiðslandi gamall árfarvegur, sem nú er orðinn grasivaxinn. Hjáleigan Bakki hefur merki sín að utan í Engjalæk, og í garðinn á eyrunum til móts við Gil. Að ofan mótsvið Hvamm ræður engjalækurinn þar sem hann rennur út eptir, og úr efri krók á honum, eða þar sem hann beygir til fulls uppeptir, suður í dýaveitu utaní hólunum. Á báðum þessum stöðum settar merkjavörður. Að sunnan áðurgreind merki, og að neðan Fljótaá með þeirri undantekningu, sem áður er nefnd.

Milli Hvamms og Hafnar skulu ráða merki þau, er nú greinir:

Nokkuð fyrir utan og ofan Höfn, sjest horn á gömlum merkjagarði, þar sett glögg merkjavarða. Úr henni bein lína í aðra merkjavörðu suður og uppvið hólana. Úr hornvörðunni ræður bein lína útí Gilsmerki og á þeim kafla settar 3 merkjavörður. Öll Hvammstorfan hefur óskipt land bæði í fjallspildunni fyrir ofan bæina og eins í Hvammshólum eptir áðurgreindum merkjum og geta notað það eptir rjettri tiltölu, Hvammur að helmingi og hjáleigurnar að fjórða parti hvor um sig.

p.t. Hvammi 24. septbr. 1886

E. B. Guðmundsson eigandi að Hvammi og Höfn.

A. Þorleifsson eigandi að Bakka.

Sem umráðamaðr Húnstaða samþykkur Tómas Bjarnason.

Sem eigandi og umráðamaðr Gils samþykkur: Hallgrímur Björnsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóraholti 1. júlí 1887 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þinglestr 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



1888 maí 25

N^o 131

Landamerki jarðarinnar Smiðsgerðis í Hólahrepp eru: að sunnan milli Sviðnings Smiðgerðis og Sviðnings í grjótvörðu, sem stendur utan til á rauðaklökk niður við Kolbeinsdalsá; frá henni beina stefnu í grjótvörðu er stendur upp undir fjallinu, frá þeirri vörðu beina stefnu í skorning, sem er fyrir sunnan svokallað Guðnýjardí upp í fjallinu, þaðan sömu stefnu syðst í Smiðsgerðisskál og upp á fjallsbrún. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá landamerkjum jarðarinnar. Að norðan milli Smiðgerðis og Sleitustaða, eru merkin í grjótvörðu niður við Kolbeinsdalsá, rjett sunnan við íllukeldu, skamt fyrir utan túnið, frá þeirri vörðu beina stefnu upp í fjallstopp, sunnan við Úlfsskál, mitt á milli ystu nibbu og næstu hæðar skamt sunnar, og sama stefna ræður austur á miðja hnjúka. Til glöggari aðgreiningar á slægjulandi, skulu settar 2 grjótvörður í þessa beinu línu. Hjer að auk á jörðin frían upprekstur í Kolbeinsdalsfrjett fyrir geldfje og tryppi.

Smiðsgerði 19. maím. 1888.

Magnús Ásgrímsson eigandi Sleitustaða.

Pjetur Gestsson eigandi Smiðsgerðis.

Hafliði Jónsson (eigandi Sviðnings)

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 25. maí 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhann Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna) JÓ



29. maí

N^o 132

Landamerkjaskrá um landamerki Grófargils í Skagafjarðarsýslu.

Svofelld landamerki voru samþykkt og undirskrifuð af eiganda jarðarinnar Gunnari Gunnarssyni á Hafragili, og þeirra manna, sem lönd áttu að nefndri jörðu, að sunnan og norðan. Neðst að sunnan niður við Húseyjarkvísl ræður landengisskurður, og frá honum rjett sýn upp í steininn í Reykjarhóli, og þaðan rjettleiðis vestur yfir Víðimýrará þar sem verið hafa klafasteinar, og þaðan í Fuglstafapúfu í hóli fyrir neðan Íbishól, þaðan í holtið fyrir utan forna stekkin frá Íbishóli, og svo rjett leiðis í landgrafarhornið fyrsta frá Fjalli, og þaðan rjettsýni vestur í Sæmundará, og svo ræður hún út á bí við miðjan Grafarhól, frá vörðu á honum eptir merkjavöð beint austur yfir Seiluás alla leið til vörðu sem stendur á holtinu fyrir ofan Seilúa, frá henni í mitt laxaker og þaðan þeint í vörðu, sem stendur ^{niður} við Húseyjarkvísl, fáa faðma fyrir sunnann Melkotsskurð, og svo ræður kvíslin suður í Sandengisskurð, sem fyrst er frá skýrt. Ofanskriðari merkjaskrá til tryggingar, setja allir hlutaðeigendur nöfn sín hjer undir:

fyrir hönd eigandans, Gunnar Gunnarsson.

J. Halldórsson.

S. Jónsson.

Einar Sigurðsson. ~~Sigurð~~

H. Einarsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru Seilu 29 maí 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóha. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



30. maí

N^o 133

Landamerki Ölduhryggs.

Landamerki Ölduhryggs að sunnan, en Miðvalla að norðan, eru í gil það, sem er á móti fremri Svartárdal og kallað er Selgil; gilið ræður stefnunni frá Svartá upp á fjallsbrún, þaðan rjettlínis suðvestur á fjallið í gegnum miðjar Selgilsrústir að landamerkjum Írafells, þaðan rjettlínis til hásuðurs móti Írafellslandi í gil það, sem er austan undir Búrfelli, og kallað er Gullreitsgil, þar sem það beygist til suðurs síðan rjettlínis til suðurs eins og gilið liggur bak við Gullreitsbrúnir þá gilið endar beina stefnu í kvíslarupptök í Gullreitspolla, að austan ræður Svartá út að áðurgreindu Selgili.

Ölduhrygg 28. maí 1888

Jóhann Hannesson.

Indriði Árnason eigandi að Írafelli.

Jóhann Lárus Jónsson.

Magnús Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 30. maí 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna JÓ)



30. maí

N^o 134
Landamerkjabrjef.

Þetta eru landamerki Brúnastaðalands í Tungusveit. Að sunnanverðu milli Þorsteinsstaða og Brúnastaða í Stóragrjót syðst, við Svartá; þaðan beina stefnu í vörðu á langamel, svo í skurð þann, er gengur ofan úr Litlastkarði; ræður svo skurðurinn upp í Litlaskarð (það), sem er í hrygginn vestanundir Eggjunum, svo úr þessu Litlaskarði miðju beint í austur í ytri enda á Þorsteinsstaðatjörn; svo úr þeim tjarnarenda beint í stein þann, er stendur á mel fyrir austan Hellisás. En að utanverðu á móts við Hafgrímsstaðaland, eru landamerkin í gamalt garðslag, sem gengur ofan fyrir Engjalá ofan af Hellisás og ofan fyrir utan Vörðuhól, neðst á mýrunum, svo í þrjá steina syðst í Hafgrímsstaðanesi, og standa steinarnir upp í brekkunni við nesið, svo úr nefndum steinum beint í vestur í sýki það, sem er fyrir norðan Víðirhólma, ræður svo sýkið í Svartá. Svo eiga Brúnastaðir allan Víðirhólma og Brúnastaðahólma, ræður svo vestasta kvísl af Svartá alla leið fram að áðurgreindum merkjum í Stóragrjóti.

Brúnastöðum, 24. marz 1885.

Jóhann P. Pjetursson (eigandi að ½ Brúnastöðum)

Jón Sveinsson prestur á Mælifelli vegna kirkju háflendunnar af Brúnastöðum

Einar Jónsson eigandi að parti úr Hjeraðsdal.

Ó. Guðmundsson.

Jónas Jóhannsson.

Samþykkur sem eigandi Hafgrímsstaða Arnljótur Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 30. maí 1888, og ritað í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna) JÓ.



30. maí

N^o 135
Landamerkjabrjef.

Þetta eru landamerki Reykja og Vindheima. Að utanverðu á Hólminum eru landamerki á milli Syðra Vallholts og Reykja að norðanverðu við Skiphól, þaðan beint vestur í Svartá, svo beina stefnu austur yfir Hólminn í Djúpafarveg. Þann er ræður landamerkjum milli Syðra Vallholts og Stokkhólma fram þann farveg, en þar sem hann tekur enda, þá eptir sömu stefnu beint fram Hólminn í Hjeraðsvötn, er ráða merkjum að austanverðu við Steinstaðahólm fram að Steinstaðalandi, svo beint vestur yfir Steinstaðahólminn móts við Steinstaðaland, svo sömu stefnu vestur yfir Steinsstaðamela, og ofan fyrir utan Steinsstaðavöll, eptir uppsettum vörðum, vestur í Svartá. ^{Að vestan ræðr nefnd Svartá} En landamerkin fyrir Reykjaseslandi fram á Mælifellsdal, eru þessi: Að norðanverðu í Mælifellsárselslækinn, ræður hann merkjum upp í Kiðaskarð, og sami lækur í Skarðinu allt vestur í Þröskuld í Skarðinu; á því Reykjasel allt land að sunnanverðu í Skarðinu vestur á Kirkjubust; svo fram Reykjasesfjallið þar sem það er hæðst, allt sem vötn að draga fram á móts við Hnjúka hina fremri, sem ræður merkjum austur í Mælifellsá. Ræður svo nefnd á merkjum allt út að áðurnefndum Mælifellsárselslæk.

Brúnastöðum og Vindheimum 24/3 '85.

Jóh. P. Pjetursson.

E. Jóhannesson á Vindheimum.

Sigurlaug Gísladóttir á Víðivöllum (handsalað).

Bjarni Ólafsson Eigandi að Stafni.

Jón Sveinsson prestur að Mælifelli

Eyjólfur Einarsson fyrir hönd eiganda Mælifellsár.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 30. maí 1888, og ritað í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna JÓ).



30. maí

N^o 136

L-a-n-d-a-m-e-r-k-j-a-b-r-j-e-f.

Þetta eru landamerki jarðarinnar Hafgrímstaða í Lýtingsstaðahreppi með hjáleigunni Hvammkoti. Að utanverðu móts við Merkigarðsland í vörðu á Langamel við Svartá, þaðan beint í austur, sunnarlega í Stóragrjót. Þaðan sama stefna í dý fyrir sunnan og ofan Hamarsgerði, svo í vörðu upp á klöppinni, þaðan beint austur í reiðgötur. Svo fram þær götur beint í melhrygg norðan í áshausnum, svo fram yfir nefndan Áshaus yfir Djúpulaut upp á Ásnum. Svo ráða austari brúnir á Hellisás fram á móts við Brúnastaðamerki. En að sunnanverðu á móts við Brúnastaðaland er gamallt garðlag, er ræður merkjum ofan af Hellisás, og ofan fyrir utan Engjalá, og svo beint ofan mýrarnar fyrir utan Vörðuhól, er stendur neðst í mýrunum. Svo í þrjá steina, er standa í brekkunni, syðst í nesinu. Svo beint í vestur í síkið fyrir sunnan Hafgrímsstaðanes. Ræður svo nefnt síki til Svartár, en Svartá ræður merkjum alla leið út að áminnstri vörðu á langamel.

Brúnastöðum 26. maí 1888.

Sem fullmektugur eigandi jarðarinnar Hafgrímstaða Arnljóts Guðmundssonar
Jóh. P. Pjetursson.

Samþykkur sem eigandi að hálfum Brúnastöðum Jóh. P. Pjetursson.

Samþykkur vegna eiganda Merkigarðs Jóns Þorkelssonar Pjetur Pálmason.

Einar Jónsson eigandi parts á Hjeraðsdal.

Indriði Árnason eigandi að parti í Hjeraðsdal.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 30. maí 1888, og ritað í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna JÓ.



31. maí

N^o 137.

Landamerki jarðarinnar Ábær í Skagafjarðardölum eru: að norðanverðu Ábæará til fremstu upptaka; að austanverðu háhraunin frá Ábæarár upptökum til upptaka Tinnár; að sunnan ræður Tinnár til Jökulsár, og að vestanverðu Jökulsáin. Hálf Nýjabæarafrjett liggur undir Ábæ. Samkvæmt sætt framfarinni að Ábæ 2. júlím. 1877, hafa Ábæar búendur rjett til sambrúkunar á Miðhúsadal útað Silungalæk móts við ábúendur Merkigils yfir alla tíma ársins, nema þann sem verið er með búpening í Seli (Miðhúsum) frá Merkigili, en móti þeirri brúkun hafa Merkigils ábúendur frýan upprekstur á Nýjabæjar afrjett fyrir allan geldfénað sinn, án nokkurs endurgjalds.

Ábæ og Merkigili 24. maí 1888.

Kristín Guðmundsdóttir

Egill F. Steingrímsson.

Samþykkur:

Steingrímur Jónsson, eigandi Nýjabæjar (handsalað)

Viðstaddir vottar:

Snorri Jóhannsson

Jón Danélfsson (handsalað)

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökrum 31. maí 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna) JÓ.



11. júní

N^o 138

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Hugljótsstöðum í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu að nýju mati 7.1 hndr. að dýrleika.

Að austanverðu byrjar Hugljótsstaðaland uppá háfjalli og liggur svo til vesturs með fram Ljótsstaðalandi eptir syðri brún Hugljótsstaða dalsins ofaní ytra jarðfallið framaní Brunafjallinu, síðan í stóra Grástein norður undan Ljótsstaðatúni, þaðan beina stefnu í Pollalækinn uppá Hugljótsstaðabrekkunum, síðan ræður sá lækur ofan á Þrælabyrgi. Að norðanverðu liggja merkin frá Þrælabyrgi eptir gömlum garði upp með Ölvishólum að norðanverðu, og frá yztu og efsta enda þeirra beina stefnu í Skriðulæk, þar sem hann fellur niður úr Hugljótsstaða dalsmínninu, síðan ræður sá sami lækur landamerkjum austur á fjall. Að norðanverðu á Hofstorfan land að. Landamerki þessi skulu gilda fyrir alda og óborna, nema ef sannað verður eptir þetta með ljósum gögnum og rökum, að öðruvísi eigi að vera. Til staðfestu þessum landamerkjum undirskrifuðum vjer hlutaðeigendur nöfn okkar.

Hugljótsstöðum 8. júním. 1888.

Guðlaug Baldvinsdóttir. (eigandi)

Kristján Jónsson. (ábúandi).

S. Pálsson eigandi að Ljótsstöðum.

O. J. Havsteen.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 11. júní 1888, og ritað í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna) JÓ.



11. júní

N^o 139

Landamerki jarðarinnar Litlubrekku í Hofshrepp og Skagafjarðarsýslu, eru sem hjer á eptir greinir:

Að utan gagnvart Stórubrekku og Þorgeirsbrekku, ræður gamall vallargarður, er liggur á milli túnanna, á efri enda vallargarðsins er sett varða, úr vörðu þeirri ræður bein stefna í vörðu á hól strýtumynduðum fyrir ofan völlinn í Litlubrekku, úr þeim hól, og vörðu ræður bein stefna upp í gil í fjallinu, fyrir utan svo kallaða grjótskál, þaðan á fjall upp. Úr vallargarðsendanum neðri ræður bein stefna í vörðu hlaðna á holti, fyrir sunnan, og neðan völlinn í Þorgeirsbrekku, þaðan eptir beinni línu í vörðu niður við svo kallaðan Höfðalæk. Að neðan gagnvart Hofi ræður bein stefna, suður eptir flóanum, úr vörðunni við fyrnefndan læk, suður til móts við Þrastastaði, eins og Hofsmarki ráða. Að sunnan gagnvart Þrastastöðum, ræður garður, er lagður er frá Hofsmerkjum, upp eptir flóanum, er liggur þegar ofarlega kemur í flóann, norðanvert í litlum melhól, þar sett varða, úr þeirri vörðu, er bein stefna í vörðu, setta sunnanvert í stórt melholt upp í hlíðinni, úr þeirri vörðu ræður bein sjónhending til fjalls upp í svokallaðann yzta díagrænuhrygg, þaðan beint á fjall upp.

Björn Pálsson. (eigandi jarðarinnar)

Landamerkjum þessum, erum við undirskrifaðir eigendur, og umráðamenn kringliggjandi nefndra jarða samþykkir.

Jón Þorsteinsson ábúandi

Fyrir hönd eigandanna að Hofi E. Briem. M. Lárusdóttir & Ole Havsteen. S. Pálsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 11. júní 1888, og ritað í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna) JÓ.



júní 13

N^o 140

Landamerkjabrjef fyrir jörðunum Efra- og Neðrahaganesi í Holtshreppi.

Að sunnan móts við Langhús ræður merkjum frá Hófsvatni gamall garður, sem liggur upp með svonefndum Merkislæk, austanundir Langholtum, um vestanverða Höskuldartópt, yfrum Haraldslæk beina stefnu í Grettiskrök, fram að stórum jarðföstum steini milli Haralds- og Harðabakkalækja. Úr steininum beygist garðurinn til austurs, stefnu á sunnanverðan Lambanesás. Ræður sú stefna merkjum að Harðabakkalæk, og hann svo (lækurinn) að Miklavatni. Að austan ræður Miklavatn og Hraunaós við Haganesborg. Milli Yztamós og Efrahaganes ræður merkjum á sandinum svonefndur „Hvalhaus“ (nú vörðubrot) fyrir austan Sandás, og frá vörðubrotinu að sunnan í víkina, sem sker sig útvestr í sandinn, og ræður víkin merkjum til vatnsins. Frá vörðubrotinu til norðurs er bein stefna sunnantil á Mósógaklaufaruppsátur, og er sú stefna rekamark í flæðarmáli. Efrihaganesi fylgja 3 varphólmar, sem nefndir eru: 1 Sandhólmi (við Haganessand) 2. Djúphólmi og 3. Grunnhólmi, allir í Hofsvatni. Milli Efra- og Neðrahaganess ræður merkjum óslitinn garður úr Haganesvík austurí Miklavatn, en rekamarkið er stór steinn utanvið lendinguna í Haganesvík. Bæði Haganesin eiga frían upprekstur á Flókadalsafrijet.

Haganesi 11. júní 1888.

Sv. Sveinsson Eigandi Efra- og Neðrahaganess.

Sem eigandi og umráðamaðr Hrauna samþykkir E. B. Guðmundsson.

Sem eigandi Yztamós samþykkur: Á. Þorleifsson.

Sem umráðamaðr Barðs samþykkur: Tómas Bjarnason.

Þinglýst á manntalsþingi að Efra-Haganesi 13. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JÓ.



Júní 13

Nº 141

Landamerki Vestarihóls í Holtshreppi.

Að utan móts við Steinhól ræður merkjum svonefnd Hólsá frá dalsbotni að ofan til Flókadalsár.

Að sunnan móts við Sigríðarstaði og Sigríðarstaðakot ræður merkjum óslitinn garður úr kýl við Flókadalsá beina stefnu til eggjar. Að neðan ræður Flókadalsá.

Haganesi 11. júní 1888.

Sv. Sveinsson Eigandi Vestarihóls.

Samþykkur: Friðrik Stefánsson, eigandi ½ Sigríðarstaða.

[Samþykkur:] Jón Antonsson [eigandi] ½ [Sigríðarstaða.]

[Samþykkur:] Friðrik Antonsson [eigandi] að Sigríðarstaðakoti.

[Samþykkur:] Árni Þorleifsson [eigandi] að Steinhóli.

Þinglýst á manntalsþingi að Efrahaganesi 13. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JO.



júní 13

N^o 142.

Landamerki jarðarinnar Krakavalla í Flókadal: að framan eða við afrjettina í Grænhól og úr honum beina línu niður í hil ár og til fjallsbrúnar, að utan í gamlan garð, sem liggur frá ánni til fjallsbrúnar.

Krakavöllum í júní 1888.

Guðlaug Baldvinsdóttir, jarðeigandi.

Samþykkur: Jón Stefánsson, eigandi Steinavalla.

[Samþykkur:] fyrir hreppsnefnd Jóhann Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Efrahaganesi 13. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JO.



júní 13

N^o 143

Landamerkjálýsing.

Milli Sjöundastaða og Syðstamós eru merki, að ofan í hausagjá, þaðan um siðri enda á Stórhól ofan í Stórhólfsfen og svo eptir seiru úr því, sem liggur fyrst út og ofan, og svo beint ofan til vatns, en vatnið ræður merkjum að neðan. Borgargerðisland er af túninu, Borgargerðisvöllur og svo svokallaðir Reitar, heimarlega á túninu, af engi tilheyrir Borgargerði svonefndur fimmhundraðapartur, sem liggur milli Sjöundastaða og Borgargerðislækja ofan frá túnunum, ofan til Flókadalsár, áin ræður merkjum að neðan, bithagi tilheyrir jörðunum eptir hundraðastali.

Yztamói 20. maí 1888.

Á. Þorleifsson, eigandi Sjöundastaða.

Samþykkir: Kristján Jónsson, Björg Jónsdóttir eigendur Syðstamós.

[Samþykkir:] vegna hreppsins E. B. Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Efrahaganesi 13. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JÓ



júní 18

N^o 144.

Landamerkjaskrá fyrir Selnesi.

Að austan ræður sjóarströndin frá syðsta Borgarlækjarhesti sem er sker skammt frá landi til Selárós, þaðan ræður Selá í Svartabakkahyl í Selá suður undan hinum fornu seltóftum, þaðan yfir Móholtstaglið, þaðan sunnanvert við heygarð í Hjaltaflóa, þaðan í stóran stein í Reiðholti, þaðan í stein á Kyrilækjarhól, þaðan í vörðu á Tjarnarholti, þaðan í vörðu niður á brún, þaðan sunnan til við siðsta Borgarlækjarhest sem fyr er nefndur.

Skíðastöðum 14. júní 1888.

Hjörtur Hjálmarsson.

Þorsteinn Jóhannsson.

Landamerkjaskrá þessari erum við undirskrifaðir eigandi og umboðsmaður að Borgarlæk að öllu samþykkir

Ólafur Sigurðsson.

S. Gunnarsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 18. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JÓ



Júní 18

N^o 145.

Landamerkjaskrá fyrir Efranesi.

Að austan ræður Neslækur frá Hólknárvatni suður til Neðranesvatns; ræður svo vatnið lítið eitt suður fyrir Hrísholt, allt þartil Miðdegisvörðu, sem hlaða skal upp að nýju á Neshæðinni fyrir sunnan Nónhól ber yfir grjótkeldu þá, er liggur gegnum rindann austur undan siðri endanum á Efranesvatni, og skal þar hlaðið glöggt hornmerki við Neðranesvatn. Þaðan ræður bein lína upp í fyrrnefnda Grjótkeldu. Þaðan í Miðdegisvörðu. Þaðan eptir sömu stefnu vestur í Hrafnabjargaárgljúfur, sem er hornmerki. Þaðan ræður Hrafnabjargaá að norðan niður í Nesvatn. Þaðan yfir vatnið beint til Nesáróss, sem fellur úr því. Þaðan ræður Nesá til fyrstnefnds Hólknárvatns.

Ási 15. jan. 1884.

Ólafur Sigurðsson, umboðsmaður Reynist.kl.

Samþykkt: Jónína Þórey Jónsdóttir, eigandi Neðraness.

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 18. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna) JO



júní 18

N^o 146

Landamerkjaskrá fyrir Mallandi.

Að austan ræður sjóarströndin frá garðlagi skammt fyrir innan Neðranesstekk, inn til 2ja steina (Bræðra) utan til við Hjálmarsvík, sem er hornmerki. Þaðan vestur fyrir utan Grímsborg til móts við Ketu upp af rindanum sunnantil í Mallandsdal. Þaðan í vörðu á Tjarnarsandhól. Þaðan eptir sömu stefnu yfir Skotustjarnarsund utarlega. Þaðan í Mjósund á Selvatni. Þaðan í Aravatnshaug, sem er hornmerki. Þaðan norður í Kjölshaus, ræður svo Kjölurinn norður í mitt Trafalaskarð, sem er hornmerki. Þaðan austur til móts við Neðranes í vörðu, sem hlaða skal á Búrfellshæðum. Þaðan í vörðu á Skjaldbreiðarurðum. Þaðan í Grænuþúfu á hömrinum, þaðan í fyrstnefnt garðlag við sjóinn. Eptir máldögum Silfrastaðakirkju á hún allan reka frá stórum steini á bakkanum upp undan Látravík, út til Neðranesmerkja. Að öðru leyti skiptist rekinn þannig eptir rekaskrá Reynistaðarklausturs, að Klausturhlutinn (Syðra Malland) tekur áttung frá Látrum inn á móts við Mallandsskarð, en fjórðung frá nefndu skarði inn til Ketumerkja, svo Ytra Malland tekur 7/8 út frá skarði en 3/4 fyrir innan það.

Ási 15. janúar 1884

Ólafur Sigurðsson, umboðsmaðr Reynist.kl.

Undirrituð, eigandi Neðraness, samþykkir landamerkin milli jarðanna Neðraness og Mallands.

Höfnum 21. marz 1888.

Jónína Þórey Jónsdóttir.

Sem eigandi Ketu samþykkur: Gunnar Gunnarsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 18. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JÓ



júní 18

N^o 147.

Landamerkjaskrá fyrir Selá.

Að austan ræður sjóarströndin frá Selárósnum inn að Dýareitslæk, sem er suðausturhornmerki. Úr nefndum læk upp í syðri enda Lómatjarnar. Þaðan eptir sömu stefnu í stóran stein að sunnanverðu á Kotskarðabrun. Þaðan í vörðu, sem hlaða skal austanvert við Nýputjarnarflóa. Þaðan í stóra þúfu norðantil á há Selvatnshól. Þaðan sunnan til yfir tjarnir þær, sem eru í flánni fyrir sunnan Selvatn, og svo vestur yfir holtin í vörðu, sem hlaða skal austanvert við Hrossaflóalæk; þaðan í þúfu á há Miðbugaholti. Þaðan í vörðu, sem hlaða skal austan við Hrauná, framanvert við Fremstubuga, og er það suðvesturhornmerki. Þaðan ráða almenningsmerkin norður í vörðu, er hlaða skal neðanvert við ytra-Hnausabrekkuhorn, og er það norðvesturhornmerki. Þaðan austur í Stíflulækjarós; ræður svo Stíflulækur niður í Ölvisvatn, þaðan Ausuá eða Eiðisá niður í Fossvatn. Þaðan Fossá til þess hún fellur í Selá. Þaðan ræður Selá til sjóar.

Ási, 20. ágúst 1886

Ólafur Sigurðsson, umboðsmaður Reynist.kl.

Vegna eignar og ábýlisjarðar minnar Hvalness er eg landamerkjaskrá þessari samþykkur Sigurður Jónsson.

Í tiliti til eignar- og ábýlisjarðar minnar Hóls er eg þessari landamerkjaskrá samþykkur Friðbjörn Björnsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 18. júní 1888, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna) JÓ



júní 18

N^o 148.

Landamerkjaskrá fyrir Borgarlæk.

Að austan ræður sjóarströndin frá merkjaþúfu á bakkanum utan til við Rauðalæk rjett suður fyrir syðsta Borgarlækjarhest, sem er sker skammt frá landi, hvar setja skal merki við sjóinn. Þaðan í vörðu, sem hlaða skal upp á brúninni. Þaðan í vörðu, sem hlaða skal á Tjarnarholti. Þaðan í stein á Kýrlækjarhól. Þaðan í stóran stein á Reiðholti. Þaðan sunnanvert við heygarð í Hjallaflóa, hvar setja skal merki. Þaðan yfir Móholtstaglið í Svartabakkahyl í Selá, suður undan hinum fornu seltóftum. Þaðan ræður Selá til ármóta; síðan Fossá upp í Fossárkrók. Þaðan vestanvert við Bugadragið, sem liggur úr króknum norður undir syðri endann á Melrakkafelli. Þaðan austur í reiðgötur á Hjallanum, sem liggja lítið eitt fyrir norðan Hjallahöfuð. Þaðan niður í Miðlág, er ofan til við hana skal hlaða vörðu. Úr nefndri Miðlág niður í utanverðan Torfhamar. Þaðan í fyrstnefnda merkjaþúfu á sjóarbakkanum utan við Rauðalæk.

Ási 28. septbr. 1886

Ólafur Sigurðsson, umboðsmaðr Reynist.kl.

Landamerkjaskrá þessari erum við undirritaðir eigendur Selness að öllu samþykkir:

Gunnar Gunnarsson, oddviti vegna Skefilsstaðahrepps

Hjörtur Hjálmarsson.

Sömuleiðis eg sem eigandi og ábúandi Hvalness Sigurður Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 18. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JÓ



júní 18

N^o 149.

Landamerkjaskrá fyrir Hvammkoti.

Að austan ræður sjóarströndin frá Rauðalæk suður til Fossár, þá ræður Fossá upp í Fremstahvam þartil Grafdalstjarnarlækur fellur í hana, og er það suðvesturhornmerki. Þaðan ræður bein stefna norður í lækjarósinn, þar sem hann fellur úr tjörninni, og er hann norðvesturhornmerki. Þaðan beina stefnu austur í Hólsdalsþúfu. Þaðan í vörðu á Urðabrúnum. Þaðan eptir sömu stefnu í Svartaklett. Þaðan í ytrihólinn á rindanum upp undan Rauðalæk. Þaðan í lækinn, sem ræður til sjóar. Það auk á jörðin engjateig í Hólslandi, sem kallast Hnausar, er liggja með Fossá frá Þröngagili fram að Fosshólma, en að vestan ræður holt það, se, er fyrir ofan Hnausana. Ítak þetta er móti fjörubeit í Hvammkotsvík fyrir fje Hólsbónða hvenær sem hann vill.

Ási 20. Ágúst 1886

Ólafur Sigurðsson.

Vegna eignar og ábýlisjarðar minna, Hóls, er jeg hinsvegar skrifaðri landamerkjaskrá samþykkur Friðbjörn Björnsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 18. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JÓ



júní 18

N^o 150

Landamerkjaskrá fyrir Skefilsstöðum.

Að austan ræður sjóarströndin frá Gaukstaðaá inn til Bakkakotsár, þaðan ræður nefnd á til suðvesturs, allt þartil hún beygist í krók, hvar setja skal merki. Þaðan beina stefnu í Landamerkjalaus norðan við Gullhamar. Þaðan eptir sömu stefnu vestur í fjárgötur þær, er liggja skammt fyrir norðan Stórhól. Þaðan vestur í Syðri-Leirtjörn austan við Ytra-Bjarnarvatn, þaðan í nefnt vatn, sem ræður merkjum, þar til Gaukstaðaá fellur úr því, og ræður hún síðan niður til sjávar.

Ási 5. febr. 1885.

Ólafur Sigurðsson, umboðsmaður Reynist.kl.

Sem umráðamaður Bakkakots fyrir hönd Miklabæjarkirkju samþykkur:

Miklabæ 23. nóvbr. 1887

Einar Jónsson.

Sem eigandi Þorbjargarstaða samþykkur: Gunnar Gunnarsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 18. júní 1888, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóhannes Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JÓ.



júní 18

N^o 151

Landamerkjaskrá fyrir Þorbjargarstöðum

Að austan ræður Laxá frá Sigguhól, sem er landnorðurhornmerki suður til Stekkjarness, sem er landsuðurhornmerki. Þaðan upp í Merkjamel neðst í hálsinum. Úr honum eptir sömu línu upp af hálsbrúninni, hvar hlaða skal vörðu. Þaðan ræður sama stefna utan til yfir Grímsborg vestur í grjótbyrgi á ásnum fyrir austan Syðra Bjarnarvatn. Þaðan í Grástein, sem stendur í litlum lækjarfarveg á Bletti. Þaðan vestur í vatnið, og skal þar hlaða útsuðurhornmerki. Þá ráða Bjarnarvötnin útá móts við Syðri Leirtjörn austan við Ytra-vatnið, og skal þar setja útnorðurhornmerki. Þaðan austur í tjeða Leirtjörn. Þaðan í fjárgötur þær, er liggja skammt fyrir norðan Stórhól. Þaðan í landamerkjalaus norðan við Gullhamar. Þaðan austur í krók á Bakkakotsá, og skal þar hlaða vörðu við ána. Þaðan í tvo stóra steina á hálsbrúninni, sem heita Bræður. Þaðan niður hálsinn í syðri röðina á fyrstnefndum Sigguhól.

Hafragili 20. janúar 1885

Gunnar Gunnarsson.

Vegna klausturjarðanna Hafragils og Skefilsstaða er ég landamerkjaskrá þessari samþykkur

Ási, 15. desbr. 1887.

Ólafur Sigurðsson.

Vegna kirkjujarðar Miklabæjar, Bakkakots, er ég landamerkjaskrá þessari samþykkur

Staddur á Flugumýri 29. jan. 1888

Einar Jónsson.



Landamerkjaskrá fyrir Hellulandi.

Að austan ræður bein stefna norðan frá Klofasteini, sem er landnorður hornmerki, suður til merkjavörðu í vestur jaðri á sundinu fyrir vestan Geitaberg, rjett vestur undan Hellulands vegarskarði í bergið, sem er hornmerki á Garðs og Keflavíkurlöndum. Þaðan eptir sömu stefnu í vörðu, sem stendur á tungunni milli Grendalanna vestur undan Svörtuskoru í Geitaberg, er líka er hornmerki á Áss- og Garðslöndum. Frá tjeðri vörðu beint suður til Dómsvörðu, sem er landsuðurhornmerki. Þaðan vestur í stóran stein norðan til við Jónsvörðu. Þaðan eptir sömu línu hjerum bil stefnu á ytri bæinn á Gili í landamerkjagarð, sem liggur upp frá Hjeraðsvötnunum skammt fyrir utan Ferjuhamarsgil, og skal hlaða vörðu á hæstu klöppum á þeirri leið, en sjer í lagi glöggt útsuðurhornmerki við vötnin.

Þaðan ráða Hjeraðsvötnin norðureptir fyrir vestan Ásgrímsstaðahólma, Víðihólma og Varphólma og síðan kvíslin austan við Neshólma og Nýjalandshólma, þar til komið er út á móts við landamerkjagarð þann, er liggur upp flóann lítið eitt fyrir utan Bleikshöfða og skal þar hlaða útnorðurhornmerki við vötnin. Þaðan ræður garðurinn upp í Kiðuklauf, og síðan austar úr henni beina stefnu í fyrstnefndann Klofastein. Eptir máldagabrjefi af 1451 á jörðin geldfjárrekstur vestur á fjall í Sauðárleitir, og eptir sama brjefi á hún einnig eingi og ítök fyrir vestan vötn. En þar merki eru eigi tilgreind á þeim engjum og ítökum, geimi jeg mjer, eða hverjum, sem kann að verða eigandi Helllands, óskertan rjett ⁱⁱⁱ þeirra, ef ástæður þættu til þess, eða greinilegri skjöl fengjust.

Hellulandi, 28. júní 1887

Ingimundur Þiðriksson.

Vegna eignarjarðar minnar Áss og klausturjarðanna Kárastaða og Sauðár, er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur. Ólafur Sigurðsson.

Vegna ábýlisjarðar minnar Utanverðuness er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur. Magnús Árnason.

Vegna eignarjarðar minnar Garðs er jeg þessari landamerkjaskrá samþykkur. Jóhannes Øgmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Ríp 21. maí 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Merkjum jarðarinnar Kýlholtis í Viðvíkursveitahreppi.

Að neðan ræður lækur sá, er fellur eptir svonefndum Þrígiljum til vörðu þeirrar er síðast er við gils upptökin og þaðan beint í vörðu þá er yzt er á núnefndu Efragjáholti, áður kallað efra Kýrholt, og þaðan ráða settar vörður í beina stefnu til Bugalækjar eptir því sem vörður vísa að utan, svo lækurinn upp að skurði þeim er grafinn er á merkjum milli jarðanna Lækjar og Kýlholtis neðan frá Bugalæk og upp að Rauðagili í Eyvindarbrekkum, en á ytri brún gilsins er hlaðin varða í beinni stefnu við aðra neðarlega á holti því er kallað er ^{Efra} Brautarholt, og beint úr þeirri vörðu í neðstu merkjavörðu milli jarðanna Ennis og Miklahóls og þaðan beint í vörðu á svonefndum Nauthólsskalli og svo ofaní vatnsgötu í gilinu veatan við Klofasteina úr því ræður gilið merkjum, ofan að Litlahóls bæjarlæk, og svo lækurinn til ofanskrifaðs Þrígjalæks.

Fríann upprekstur á jörðin í Kolbeinsdalsafrett.

Samþykkir eigendur jarðanna: Lækjar, Bakka, Brimnes, Litlahóls, Miklahóls, Ennis Kýlholt.

Bessi Steinsson.

Sigurlaug Þorkelsdóttir,

Sigurður Sigurðsson.

Aðalsteinn Steinsson

Guðmundur Pálsson

Gísli Pjetursson

Sigurlög Gísladóttir

Jón Bjarnason

Margrjet Bjarnadóttir.

Þorgrímur Helgason.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík, 22. maí 1889 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Landamerki jarðarinnar Sleitustaða í Hólahrepp eru samkvæmt kaup og afsalsbrjefi fyrir jörðinni dagsettu 24. október 1881: að sunnan milli Sleitustaða og Smiðsgerðis í grjótvörðu niður við Kolbeinsdalsá, rjett sunnan við íllukeldu, skammt fyrir utan Smiðsgerðis tún; frá þeirri vörðu beina stefnu upp í fjallstopp sunnan við Úlfsskál, mitt á milli yztu nibbu og næstu hæðar skammt sunnar, þaðan ræður sama stefna a[u]stur á miðja hnjúka. Til glöggvari aðgreiningar á slægjulandi skulu settar 2 grjótvörður í þessa beina línu. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá landamerkjum jarðarinnar. Að norðan milli Sleitustaða og Miklabæar eru landamerki jarðarinnar í grjótvörðu niður við Kolbeinsdalsá, er stendur ^{rjett} norðan við Kringlugerðislæk þar sem hann rennur í ána, frá henni beina stefnu í grjótvörðu er stendur á barði fyrir norðan (svokallaða) Laxaveitu, frá þeirri vörðu beina stefnu uppí Sámsstaðagil þar sem það fellur úr gljúfrum. Svo ræður gilið merkjum upp á fjallsbrún og þaðan sama stefna austur á miðja hnjúka. Til glöggvari aðgreiningar á engjum jarðanna eru 2 grjótvörður settar í þessa beinu stefnu, önnur yzt á grashól fyrir norðan Kringlugerði, hin á neðsta Krosshól utanverðum. Auk þeirra skulu 2 grjótvörður settar upp undir fjallinu, í sömu stefnu og hinar. Hjer að auk eiga Sleitustaðir frijan upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet, fyrir geldfje og trippi.

Sleitustöðum 17. maí 1888.

Magnús Ásgrímsson (eigandi Sleitustaða)

Pjetur Gestsson (eigandi Smiðsgerðis)

Björn Pjetursson samþykkur.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík, 22. maí 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0 75

bókun 0 25 1 00 (ein króna)



N^o 155

Skrá yfir landeign jarðarinnar Framnes, sem öll er eptir jarðabókinni af 1861 24 hndr. að dýrleika.

Að norðan ræður frá vötnum, skurður í mýrunum stefnu í Landamerkjalaus (sem er milli Framnes og Syðri Brekkna), svo ræður sjónhending upp yfir sundin og ásana í stefnu, sunnan við Kalsteinsstaði í vörðu á vörðuás, frá þeirri vörðu bein stefna í vörðu þar ofar sunnan við Kalsteinsstaðalæk, það er hornmerki. Að ofan ræður stefna úr nefndu hornmerki suður ásinn í vörðu sem er hornmark milli Framnes og Þverár. Að sunnan ræður stefna úr því hornmarki ofan yfir djúpa sund og ásana í vörðu á Framnesás, úr þeirri vörðu ræður rjett stefna eptir vörðum í mýrunum, og í norður tá Þverár neðra engis. Að vestan ráða Hjeraðsvötn; svo nefndur Framnes og hesthólmi eru upphaflega nefndrar jarðar eign, Brekkna stokkur greinir eingja bót frá frambökkum og ræður merkjum.

Dýrfinnstöðum 27. maí 1886.

Jóhannes Þorkelsson. Björn Þórðarson. – Eigendur –

Björn Pjetursson eigandi Syðri-Brekkna, samþykkur.

Jón Þorkelsson eigandi að Þverá

Gísli Þorkelsson (eigandi jarðarinnar Axlarhaga)

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru Økrum 23. maí 1889 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalyýsingu þeirri sem rangri á móts við tjeða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnsstöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M.R.F. Lárusdóttir fyrir eignarjörð hennar Silfrastöðum með Yxnadalsheiði að Kallbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjer með eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur ʏfyrir Tjaldhól og þar þvert yfir og fyrir þjóðum vjer hjermeð alla brúkun á tjeðum landsparti nema með voru fullkomnu leyfi, og lýsum vjer hjermeð að yfir því að vjer munum nota umrædda landeign vora eins hjer eptir sem hingað til, og eigi sleppa tjeðu landi úr eign vorri, nema sannað verði hið gagnstæða með dómi.

Bakka í Yxnadal 16. maí 1889.

S. Jónasson.

Jón Jónasson.

Mótmælingabrjef þetta er þinglýst á manntalsþingi að Stóru Örkum 23. maí 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Litlidalur og Litladalskot í Lýtingsstaðahreppi, bls. 66v
N^o 157.

Landamerkjarjef jarðanna Litladals og Litladalskot í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Hjeraðsvötn ráða að austan, garður að norðan, sem liggur upp á milli dalanna vestur í stein, sem er austanundir Hellisás, sunnarlega. Að austan út nefndum steini til suðurs í Þorsteinsstaðatjörn miðja. Að sunnan frá tjarnarendanum austur á löngubrekkubrún, þaðan suður brúnina beint vestur undan Einbúa svo til austurs í Einbúa og þaðan sömu stefnu í Hjeraðsvatn!

Litlidal og Litladalskoti 29. maí 1888.

Jóhann Jóhannsson.

O. Guðmundsson

Vegna Hjeraðsdals samþykkir Einar Jónsson Eiríkur Jónsson Indriði Árnason.

Jóh. P. Pjetursson eigandi að hálfum Brúnastöðum

Jón Sveinsson prestar á Mælifelli samþykkur fyrir kyrkjueignina hálfu Brúnastaði

Finnbogi Þorláksson (handsalað) fyrir mína eigin hönd sem eiganda Þorsteinsstaða og eiganda Þorsteinsstaðakots er hefir gefið samþykki.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 24. maí 1889 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Landamerkjalysing fyrir jörðunni Ánastöðum er liggur í Lýtingsstaðahrepp innan
Skagafjarðarsýslu.

Landamerkin eru sem hjer greinir: Að vestan ræður Svartá, að utan milli Breiðar og Ánastaða eru merki í garðslag niður við Svartá, úr þeim garði beina stefnu upp í melhól lítinn, sem ^{steinn} stendur á, þaðan beina stefnu í austur í jarðfallsskurð vestan í hálsinum, úr þeim skurði sömu stefnu í vörðu, sem stendur sunnanvert að holtsjaðar uppá hálsbrúninni, úr þeirri vörðu beina stefnu austur í vörðu er stendur sunnan í yztuborg, (sem er hornmerki), úr þessari yztuborg beina stefnu í suður frambrúnina fram til Goðdalakistu. Að sunnan milli Svartárdals og Ánastaða, eru merki í læk þann, er rennur eptir svokallaðri ^{ytri}gróf, ræður þessi lækur frá Svartá upp til flóabrunar þar sem hann þrýtur, er það bein stefna í austur upp yfir flóann, í miðja háuborg uppá fjallsbrúninni (sem er hornmerki annað).

p.t. Ánastöðum 16. maí 1889.

Jóh. P. Pjetursson (fullmektugur jarðeiganda)

Rut Jónsdóttir

B. Þorkelsson, sem umboðsmaður Breiðar

Hálfván Guðjónsson samþykkir vegna Goðdala.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 24. maí 1889, og ritað í landamerkjabók
Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Landamerkjalýsing fyrir Ytri Svartárdal.

Samkvæmt gjörðardómi frá 1885, eru merkin millum fremra Svartárdals að sunnan, og ytra Svartárdals að norðan úr svo nefndum Halldórslæg, þar hann rennur í Svartá, þaðan beina stefna línu í klett, er stendur á fjallsbrúninni ofanvert við Dýhól. Millum ytra Svartárdals að sunnan og Ánastaða að norðan eru merki í svonefndum ytrigrófarlæg þar sem hann rennur í Svartá, þaðan ræður lækurinn upp til flóabrunar þaðan beina línu í Klettabelti á svonefndri Háuborg er er stendur norðanvert við Goðdalakystu. Millum ytra Svartárdals að vestan, og Goðdala að austan, eru merki úr háu borg bein stefna í svokallað Fálkasetur, sem er lítil grasþúfa norðast á Goðdalakistu, þaðan beina stefnu fram hæðstu brúnir fram að fyrirgreindum merkjum. Að vestan ræður Svartá. Samkvæmt ofanrituðum gjörðardómi, á ytri Svartárdalur frjálssa beit fyrir geldfé vor og haust í Runulandi, sem er eign Fremra Svartárdals borgunarlaust.

Til merkis um að allir hlutaðeigendur sjeu samþykkir ofanritaðri merkjalýsingu eru þeirra undirrituðu nöfn.

Sem eigandi og umráðamaður Ytra Svartárdals Rut Jónsdóttir.

Jóh. P. Pjetursson eigandi fremri Svartárdals.

Jóh. P. Pjetursson (sem fullmektugur eigandi Ánastaða)

Hálfván Guðjónsson samþykkir vegna Goðdala

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 24. maí 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Landamerkjaskrá fyrir Syðra Vallholti í Skagafjarðarsýslu.

Að vestanverðu, ræður merkjum, gamli Svartárfarvegur fram í Steinbrúarsýki, sem þá tekur við þar til fram í Mosakeldukrók, og eru merkin í vörðu þá er þar stendur, og þaðan beinlínis suðvestur í yzta horn Skiphóls, ræður svo þaðan bein stefna í háaustur yfir Hólminn í Djúpafarveg þar sem varða vísar, svo ræður hann merkjum að austan, út ofanvert við Hringeyjartún, alt í Hringeyjarlæk er síðan ræður út að Garðsvaði (eður Skakkvaði) til vörðu sem þar er, frá henni vísar sjónhending í vestur, yfir eyland, móa og mýrar, í þann stóra stein, sem stendur á háholtinu í milli Vallholts bæjanna, og þaðan vestur í vörðu sem stendur á bakkanum við áður tjeðan Svartárfarveg.

Þessi hjer skráðu landamerki samþykkjum vjer undirskrifaðir.

Jón Stefánsson (eigandi Skinnþúfu) (L.S.)

Jóh. P. Pjetursson Eigandi Reykja

E. Jóhannesson Eigandi Vindheima

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruseilu 25. maí ¹⁸⁸⁹ og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð: 1-ein-króna



Landamerkjabrjef fyrir Borgarey.

Að norðan ræður stefna úr miðju Borgarárgili í háaustur yfir eylandið, austur í þann gamla Svartárfarveg og hann ræður merkjum að austan fram í Steinbrúarsýki, og svo eftir því, allt fram í Mosakeldukrók, og þaðan ræður bein stefna suðvestur að Skiphól, og síðan rjett stefna í hávestur í Svartá, og hún ræður merkjum að vestan allt út á móts við áður nefnt Borgarárgil.

Árni Jónsson (eigandi Borgareyjar)

Nöfn þeirra, sem samkvæmir eru ofangreindum merkjum tjeðrar jarða.

Gunnar Gunnarsson (handsalað)

Jóh. P. Pjetursson (eigandi Reykja)

E. Jóhannesson eigandi Vindheima.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruseilu 25. maí 1889 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, Vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0 75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Skrá yfir landeign jarðarinnar Þúfna í Hofshrepp, sem öll er metin (með afbýlinu Stóragerði) eptir jarðabókinni af 1861, 21.3 hndr.

Að sunnan ræður bein stefna úr há ? Hatti í Grástein og að þeim merkjum miðuðum saman bein stefna til Kolbeinsdalsár, svo ræður nefnd á að vestan. Að norðan eru merki eptir læk í syðsta gili í vörðu ofan við gilið, frá vörðu þessari sjónhending upp þúfnaflóa eptir skurði í rauðukeldu, svo ræður bein stefna í vörðu á Hjallenda þaðan sjónhending í Syðriusahnjúk. Selstöðu á jörð þessi milli Glúmmsgils og Garðsgils á Deildardalsaftrjett, og þar upprekstur, án endurgjalds.

Hofstöðum 22. maímánaðar 1886.

Pjetur Jónsson eigandi að Þúfum

Björn Pjetursson eigandi að Miklabæ samþykkur.

Rjett landamerki gagnvart Krossi vottar Björn Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 12. júní 1889 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, Vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Skrá yfir landeign jarðarinnar Miklabæjar í Óslandshlíð, sem öll er talin eptir jarðabókinni frá 1861, 24.2 hndr.

Að norðan ræður bein stefna úr svokölluðum Háhetti (sem er í fjallsbrún) og í Grástein (sem er fyrir sunnan og ofan Stóragerði) svo eptir sömu beinni stefnu og í vörðu, niður á melunum, og þaðan til Kolbeinsdalsár. Að suðvestan ræður áin. En að sunnan ræður bein stefna úr vörðu að neðan (sem stendur utan við laxaveitu) og beint upp í Sámstaðagil þar sem það fellur úr gljúfrum.

Jörðin Miklibær á selstöðuland í Deildardals aftrjett, og þar frían upprekstur fyrir geldfjenað.

Til forna, átti jörðin Miklibær í Óslandshlíð Elínarhólma (sem liggur fram undan Kolbeinsdalsárósi), en í stað tjeðs hólma á nú Miklibær 12 hesta högg og rifhrís, árlega á Viðvíkurskógi fyrir austan götur, eins og má sjá af máldagabók frá 1461 eptir Ólaf biskup Rögnvaldsson.

Hofstöðum 14. maímán. 1889.

Björn Pjetursson eigandi að Miklabæ

Pjetur Jónsson eigandi að Þúfum, samþykkur.

Magnús Ásgrímsson, samþykkur.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 12. júní 1889 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, Vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0 75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



12. júní

N^o 164

Landamerkjabrjef fyrir kirkjujörðinni Prastastöðum, með hjáleigunni Prastastaðagerði liggjandi í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu að dýrleika 20.2 hndr. að nýu m.

Jörðin á land að norðanverðu að Litlubrekku landi, niður við flóan skiptir því garður, sem liggur nokkuð uppeptir og sunnan til í Langholt, síðan beina stefnu á fjall upp. Að vestan segir landamerkjabrjef Hofs til, sem á land þar að suður flóann mótis við Einbúa, þá beigjast merkin rjett í austur frá Einbúa í Grænady neðan undir Prastastaðastahólum, þaðan beint upp Fossabrekku í lautina Krabba í skálinni, síðan á fjall upp. Landeignin er því nær rjettur ferhyrningur.

Hofsós 28. maím. 1889.

Fyrir hönd meðeiganda E. Briems & M. Lárusdóttir. S. Pálsson.

O. J. Havsteen

Björn Pálsson eigandi að Litlubrekku eptir umboði frá Sigmundi Pálssyni

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 12. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



12. júní

N^o 165

Landamerkjabrjef fyrir kirkjujörðunni Svínavallakoti með eyðijörðunni Svínavöllum, er liggur að vestan verðu í Unadal og Hofshreppi, að nýju mati 13.5 hundr. að dýrleika.

Að suðaustan eru landamerki tjeðrar jarðar og Bjarnastaðagerðis, sem á land á móti að framan neðan frá Hofsá eptir Rauðuskriðu beina stefnu á fjall upp. Að norðaustanverðu ræður Hofsá, nema hvað út lítur fyrir að áin ætli að brjótast í gegnum dálítið nes, er tilheyrir jörðinni. Að verstanverðu eru merkin út og yfir undan Hrauni, norðan til úr hvamminum eptir smá vörðum upp engjarnar og síðan eptir Rjúpnahrygg beint á fjall upp. Á þessa hliðina á Hólkot land að.

Landamerkjum þessum til fullkomins kraptar, undirrita hlutaðeigendur nöfn sín.

Hofsós 11. júnímánaðar 1889.

E. Briem & M. Lárusdóttir S. Pálsson.

O. J. Havsteen eigandi að 4/9.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 12. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, Vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



12. júní

N^o 166

Landamerkjabréf fyrir jörðunni Þönglaskála liggjandi í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu að nýju mati 9.9 hndr. að dýrleika.

Landamerki að norðanverðu milli Þönglaskála og Bæjar eru úr miðju Æðarskeri beina stefnu í stóra þúfu uppá flóanum, þaðan uppí Tíðalág, þá tekur við Hofslund liggja þá merkin suður með Hofsskógi að vestan til þess ? neðan við Engilbrektshóla, að þau beigjast beint í vestur ofaní Margróf og til sjávar norðan við Snekkunaust.

Landamerkjum til staðfestu, undirritum við hlutaðeigendur nöfn okkar.

Hofsós 10. júnímánaðar 1889.

Þ. E. Briem & M. Lárusdóttir. S Pálsson

O. Havsteen eigandi

Bæjar eiganda vegna samþykkur K. Jónsson.

Ennfremur á Þönglaskáli selland á Unadal, og byrjar það fyrir framan Bjarnastaðagerðisland, og takmarkast að framan af Ennissellandi.

Sama dag og að framan greinir

Þ. E. Briem & M. Lárusdóttir. S. Pálsson

O. J. Havsteen eigandi

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 12. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, Vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð

þingl. 0 75

bókun 0 25 1.00 (ein króna)



12. júní

N^o 167.

Landamerki fyrir jörðunni Mannskapshóli í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að utan og neðan gagnvart Vatni, stendur hlaðin varða á vatnsbakkanum frá henni ræður merkjum bein stefna upp Lambalaut yfir miðja Ræningjalaut ofan við þjóðveginn þaðan, og í Sandhól, eptir sömu stefnu úr hólnum upp milli tveggja dýja er sjást í fjallshlíðinni, þaðan rjetta sjónhending til fjallseggjar í þar setta vörðu norðan við Gusthnjúkshorn, þaðan eptir sömu stefnu og í farveg árinna, og ræður farvegur sá merkjum þangað, sem hann hefir upptök sín og þaðan austur á Miðfell. Frá áður nefndri vörðu á vatnsbakkanum ræður Höfðavatn merkjum allt að nýbýlinu Vatnsenda og í vörðu, er sett er á garðinn vestan við bæinn og beygist þar við í rjett horn í suður, á milli áður nefnds bæjar og Óss, þaðan beina stefnu suður flóann og í svo nefnda Þórðarþúfu, og beygist þar við í austur upp í sjómanna dý, þaðan uppá Flugulækjarholt í þar setta vörðu, ráða merkjum þaðan vörður er settar eru yfir veiturnar og sunnarlega á þjóðvegjarbrúna gagnvart Mýrakoti í þar setta vörðu, ræður merkjum þaðan ~~rjetta sjónhending í klett~~ bein stefna upp í aðra vörðu, er sett er á grundunum, þaðan rjetta sjónhending í klett einn sunnan við hvítutó, þaðan alla leið til fjallseggjar, og eptir sömu stefnu austur á fjöll.

Merki þessi skulu gylða fyrir alda og óborna, nema einhver geti með lögfullum gögnum sannað að öðruvísi eigi að vera.

Mannskapshóli 7. júní 1889.

Þorsteinn Þorsteinsson.

Sölvi Kristjánsson.

Rjett landamerki gagnvart Vatni vottar: Gunnar Guðmundsson.

Rjett landamerki gagnvart Mýrakoti vottar: Björn Jónsson.

Rjett landamerki gagnvart Bæ vottar Jón Þorkelsson Konráð Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 12. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



13. júní

N^o 168

Landamerki jarðarinnar Krákustaða í Fellshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að framan móts við Geirmundarhóla við Hrollleifsdalsá er varða þaðan í vörðu á holtinu svo í vörðu á Djúpahvammsmel, þá sjónhending úr þessum vörðum þannig, að þær beri hvor í aðra, og uppí svokallaða Nónshæð á fjallsbrúninni. Að neðan móts við Bræðraá, er merkjagarður neðan frá Hrollleifsdalsá, og upp í fjallshlíðar, svo sjónhending úr honum til fjallseggja. Á milli Krákustaða og Arnastaða skilur Hrollleifsdalsá. Krákustaðir eiga sambeit við Geirmundarhóla fyrir eigin búsmala á Geirmundarhólsdal og í Geirmundarhólaskógji. Krákustaðir eiga frían geldfjár upprekstur í Hrollleifsdalsafrijet.

Staddur að Krákustöðum 28. október 1886.

Vegna eigandans Stefáns Erlendssonar í Ameríku undirskrifar Pjetur Guðmundsson.

Að framan skrifuð landamerki gagnvart Geirmundarhóli sjeu rjett viðurkennir K. Jónsson

Að framan skrifuð landamerki gagnvart Bræðraá sjeu rjett það viðurkennir S. Sölfason

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 13. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0 75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



14. júní

N^o 169

Landamerki jarðarinnar Ness með hjáleigunni Neskoti í Holtshreppi.

Að utan móts við Sigríðarstaði og Sigríðarstaðakot, ræður merkjum Vörðuhóll ofantil við eyrarnar, þar sett glögg merkjavarða úr grjóti. Úr vörðu þessari bein vinkillína niður í á, þar á árbakkanum sett markvarða. Úr vörðunni í Vörðuhól ræður merkjum upp eptir bein lína upp í stóran stein á hálsinum ofan undan Nesdal, þar sem áin fer að beygja niður á við í dalsmynninu. Eiga Sigríðastaðir þannig allan Nesdal utan við ána en Nes sunnan við.

Að sunnan móts við Illugastaði ræður merkjagarður, sem heita má einlægur neðan frá Flókadalsá og uppá hálsinn, þaðan bein stefna í syðri Blikhyrnutopp. Á Nes og Neskot þannig allan Blikudal og öll svokölluð Árlönd austan við Blikhyrnuna. Að neðan ræður Flókadals á með þeim undantekningum er nú greinir: Undan Neskotslandi eiga Helgustaðir hólma verstan við ána í gamlann farveg á eyrunum. Þessi hólmi er nú orðin mikið til að grjóteyri. Fyrir austan ána á Nes hólma í austasta farveg, sem brúkaður er fyrir bithaga. Á milli Ness og Neskots eru merkin í miðjan heygard gamlan vestan við sýkið, er liggur ofan við eyrarnar, þaðan beina línu niður í á, og þar sett markvarða. Úr heygardinum uppeptir ræður bein lína í svokallaðan Grástein, og liggur sú lína lítið eitt suður á við. Úr Grásteini suður svonefnda Merkjahæð suður að Grænulaut, þaðan bein vinkillína til fjallseggjar. Fyrir sunnan Grænulaut og ofan Neskotsengi svokallaðir Hálsablettir, óskipt land, sem tilheyrir báðum jörðunum (Nesi að 2/3 og Neskoti að 1/3), sama er og um svokölluð Árlönd.

20. júní 1887

Eigandi að Neskoti A. Eiríksson.

Eigandi að Nesi E. B. Guðmundsson.

Fyrir hönd eiganda Sigríðarstaðakots $\frac{1}{2}$ ^{ta} Sigríðarstaða og $\frac{2}{3}$ Illugastaða er þessu samþykktur. Sv. Sveinsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 14. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



14. júní

N^o 170

Landamerki á Hring.

1. Milli Hrings og Tungu: frá steini í reiðgötubakkanum, beint niður í skurð, sem liggur út og niður í Tungubæjarkæk, og þaðan sem lækurinn heldur til ár, einnig tilheyra Hring ræktuð gerði og bithagi úr Tungutorfunni að hlutfalli rjettu.

2. Millum Hrings og Hamars: frá þolli, sem er á árbakkanum, beint í svokalla Völupúfu efst á fjallinu.

3. Milli Hrings og Nefstaða: úr fyrnefndum þolli á árbakkanum út í svonefnda Marseljukeldu, sem liggur til ár í útaustur.

4. Millum Hrings og Mjölbreiðar er merki á Hringahólma: frá vörðu, sem er á árbakkanum beina línu upp í merkjalækinn milli Mölbreiðar og Nefstaðakots, fyrir austan hringshólmann kelda sem liggur í vörðu og úr henni beint í vestur í aðra vörðu, sem er á árbakkanum.

Margrét Ólafsdóttir (jarðareigandi)

Jón Þorvaldsson, eigandi að Hamri samþykkir.

Jón Guðmundsson, eigandi hálfrar Tungu sömuleiðis.

Á. Þorleifsson eigandi Mjölbreiðar sömuleiðis.

J. Þorvaldsson eigandi Hamars sömuleiðis.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 14. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0 25 1.00 (ein króna)



14. júní

N^o 171

Landamerki jarðarinnar Miðmós í Holtshrepp.

Að utan móts við Yztamó ræður merkjum að neðan melhóll við Laxós út við votahvamm, þaðan bein lína í þúfu á svokölluðu Strítuholti. Á þeirri leið settar 3 markvörður í mýrarnar. Frá þúfunni bein lína á hyrnutopp sunnan við Márskál. Á þeirri leið einnig settar 3 markvörður á mýrarnar. Að sunnan móts við Syðstamó, ræður merkjagarður frá vatni til fjalls.

Hraunum 20. júlí 1887.

vegna eigandans Margrétar Ólafsdóttur E. B. Guðmundsson.

Rjett landamerki gagnvart Syðstamói Björg Jónsdóttir Kristján Jónsson.

Rjett landamerki gagnvart Yztamói Á. Þorleifsson

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 14. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0 75

bókun 0 25 1.00 (ein króna)



14. júní

N^o 172

Landamerki jarðarinnar Austarahóls í Holtshreppi.

Að sunnan móts við Helgustaði eru merkin í miðjan koll á melhól fyrir ofan eyrarnar, sem kallaður er Merkishóll. Úr honum ræður bein lína í svokallaðan Hádegishól upp á brúninni og úr honum bein lína til fjallseggjar. Úr merkishól niður eptir ræður bein lína í markvörðu niður við ána, rjett sunnan við tána á Neshólmanum. Að utan móts við Teiga ræður garður neðan frá Flókadalsá uppí svokallaðan Sjónarhól, og þaðan bein lína eptir garðinum til fjallseggjar. Að neðan ræður Flókadalsá suður þangað sem Neshólmi byrjar, og úr því hinn gamli árfarvegur suður að Helgustaðamerkjum.

Hraunum 20. júní 1887.

Vegna eigendanna: Sveins og Jóns sona minna E. B. Guðmundsson

Fyrir hönd eiganda að Teigum samþykkur: S. Pjetursson.

Fyrir hönd eiganda að Helgustöðum samþykkur S. Pjetursson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 14. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



14. júní

N^o 173

Landamerkjalysing jarðarinnar Steinavalla í Flókadal.

Milli Krakavalla og Steinavalla ræður merkjum við Flókadalsá óslitinn garður, sem liggur beint frá ánni upp í svonefnt Merkisgil, ræður svo gilið merkjum uppí fjallsbrúnina og af fjallsbrúninni beina stefnu til eggjar. Milli Steinavalla og Helgustaða ræður merkjum óslitinn garður frá Flókadalsá uppí svonefndan Dalakamb, þaðan í stórann stein, sem stendur á brúninni og úr honum beint til eggjar.

Steinavöllum í maímánuði 1889.

Jón Stefánsson.

Guðjón Vigfússon

Sveinn Stefánsson. Eigendur Steinavalla.

Guðfinna Jónsdóttir eigandi Helgustaða

Guðlaug Baldvinsdóttir eigandi Krakavalla

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi, 14. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



14. júní

N^o 174

Landamerkjalyásing jarðarinnar Sljettu í Fljótum.

Milli Sljettu og Stórubrekku ræður merkjum neðst við Fljótaá lítill lækjar farvegur 40 föðmum fyrir sunnan stekkin, þar í beinni línu upp undan settar 2 markvörður uppá háásinn. Á háásnum sett 1 markvarða frá henni ræður merkjum til fjalls bein stefna í tittlingsgil, á þeirri leið settar 3 markvörður. Milli Hamars og Sljettu ræður merkjum neðst við Fljótaá gamall merkjarður utan við Hamarsvað, sem liggur suður og upp í Blákápugarð, og ræður hann merkjum yfir lítinn spöl, en frá Blákápugarði gamalt garðslitur upp að neðra veigi neðst á Hamars böllum ofan við veiginn sett markvarða og í beinni línu þar uppundan settar 2 aðrar markvörður, frá neðstu vörðu skulu hinar 2 bera saman og ræður sú stefna merkjum beint til eggjar. Að neðan ræður Fljótaá, eða hennar núverandi farvegur. Sljettu ábúendur hafa fríann upprekstur fyrir allan sinn geldpening, á Stífluafrjett.

Sljettu í maímánuði 1889.

Stefán Jónsson. Sigríður Jónsdóttir eigendur Sljettu.

Jón Þorvaldsson eigandi Hamars (handsalað)

Jón Þorláksson eigandi hálfrar Stórubrekku

Herdís Ásgrímsdóttir eigandi að hinum helmingnum.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 14. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



14. júní

N^o 175

Landamerki fyrir jörðinni Gili í Austur Fljótum.

Merki að utan, eru í svokallaðan Grástein, sem stendur á Ytraleyti, sem er bein lína upp til fjalls í stall, sem liggur syðst í Hóladölum, og þaðan beina stefnu til eggjar. En niður frá Grásteini liggja merkin í vörðu þá, sem stendur á svokölluðum Laugargilsbarmi að neðanverðu, og þaðan beina línu niður að á utan til í Ármótahvamm. Að sunnan eru merki: að neðan í garðbrot það, er liggur á eyrum milli Bakka og Gils, og þaðan upp í aðalmerkjagarðinn milli Gils og Hvamms, sem skal miða svo að endar beri saman, og liggur sú lína eptir óslitnum garði til fjalls, og frá garðenda til eggjar.

p.t. Gili 30. apríl 1889.

Hallgrímur Björnsson

Vegna Hóla samþykkur Jóhannes Jóhannesson

Samþykkur Á. Þorleifsson eigandi Bakka

Vegna Hvamms og Hafnar samþykkir: E. B. Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi, 14. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



14. júní

N^o 176

Landamerkjalysing milli Melbreiðar og Nefsstaðakots ræður merkjum garður, sem liggur frá á upp að svonefndu jarðfalli, en þaðan beina sjónhending til fjalls. Og milli Knappstaða og sömu jarðar ræður merkjum garður sem liggur frá á upp fyrir norðan svonefnda Kverfilaut, og svo beina sjónhending til fjallseggjar.

Staddir á Melbreið 27. júní 1887.

Á. Þorleifsson. Hallgr. Björnsson eigendur.

Samþykkir Tómas Bjarnason umráðam. Knappstaða

Jóhann Þorvaldsson eigandi Nefstaðakots.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 14. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, Vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



20. júní

N^o 177

Landamerkjaskrá fyrir Hvalnesi.

Að austan ræður sjóarströndin frá nyrðra borgarhorninu suður frá Lámúla inn að landamerkjapúfu á sjóarbakkanum 14 faðma fyrir utan Rauðalæk, sem er landsuðurhornmerki. Þaðan upp í utanverðan Torfhamar. Þaðan upp í Miðlæg, en ofan til við hana skal hlaða vörðu. Þaðan upp í reiðgötur á Hjallanum norðan til við Hjallahöfuð. Þaðan upp í Fossárkrók, vestanvert við Bugadragið, sem liggur norður undir syðri endann á Melrakkafelli. Þaðan ræður Fossá upp í Fossvatn, þá Eiðisá upp í Ölvisvatn, þaðan yfir það þvert í Stíflulækjarós; ræður svo Stíflulækur upp í Stífluvatn. Þaðan yfir það þvert, í vörðu, er hlaða skal neðanvert við ytra Hnausabrekkuhorn, og er það útsuðurhornmerki. Þaðan ráða almennismerkin út í Urðarhól, norðan við Andavatnsbreið, sem er útnorðurhornmerki. Þaðan í stóran stein, austanvert í Mávadni. Þaðan beint austur eptir urðunum og ofan fyrir norðan Hamarsgerði. Þaðan í hið fyrstnefnda Borgarhorn.

Fyrir landi jarðarinnar eignar Reynistaðarklausturs sjer reka frá Hvallæk í miðja Hvalvík, að helmingi við Víðimýrarkirkju.

Hvalnesi, 18. nóv. 1887.

Sigurður Jónsson.

Samþykkur vegna Brókarlækjar, Ási, 20. nóv. 1887 Ólafur Sigurðsson, umboðsmaður Reynistaðar kl.

Sigurður Gunnarsson.

Samþykkur vegna Selár Guðmundur Andrjesson

Samþykkur vegna Lág múla Ásgrímur Þorsteinsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 20. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



20. júní

[Færslan er yfirstrikuð í heild sinni]

N^o 178 Sjá N^o

Landamerkjaskrá fyrir Hrauni (á Skaga).

~~Að austan ræður sjóarströndin frá Hraunsmúla inn á móts við Þangskálavatnshornið lítið eitt, hvar hlaða skal vörðu, á graseyri við 3 jarðgróna steina, sem þar eru. En rekamerkin milli Hrauns og Þangskála eru ákveðin sjónhending frá vörðunni á Úlfsdalatá. Þaðan vestur yfir vatnið til Steinalækjaróss. Þá ræður Steinalækur upp í Steinatjörn. Úr efri Steinalækjaróssnum beina stefnu til Dauðmannsvörðu á rindanum fyrir neðan Kolluvatn. Þaðan í miðjan Grafadal. Þaðan fram til Efranesvatns, ræður svo vatnið til Hrafnabjargarár. Síðan ræður Hrafnabjargará til gljúfra. Þaðan suður miðjan Kjöl til þess komið er mitt á milli Trafalaskarðs og fremri Kjalarneshauss, hvar hlaðið er norðausturhornmerki almenningsins, sem einnig er hornmerki á Hraunslandi. Þaðan vestur yfir þvert Aravatn til Haldjúpshóls, sem er suðvestur hornmerki. Þaðan beina línu norður til Deildarhamars, og skal hlaða merkjavörðu með hæfilegu millibili á vesturjaðri landsins. Frá Deildarhamri ræður svo sjóarströndin til fyrstnefnds Hraunmúla. Fyrir landi jarðarinnar eiga Spákonufells og Höskuldstaðakirkjur viðarreka ítök, sem skiptast þannig: Vestast frá Deildarhamri til Langatanga tekur Spákonufellskirkja helming, Höskuldstaðakirkja fjórðung.~~

~~Frá Langatanga til þriggja steina marks, Spákonufellskirkja helming.~~

~~Frá þriggja steinamarki austur til Fornuvarar, Höskuldstaðakirkja helming, Spákonufellskirkja fjórðung.~~

~~Ási, 14. desember 1886.~~

~~Ólafur Sigurðsson umboðsmaður Reynistaða kl.~~

~~Framanskrifaða landamerkjaskrá, er jeg sem eigandi Þangskála og Kelduvíkur samþykkur.~~

~~Þangskála, 12. júní 1888.~~

~~Jónatan Jónatansson.~~

~~Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum, 20. júní 1889, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Vottar: Jóh. Ólafsson.~~

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 — 1.00 (ein króna)

[á spássíu] Sjá landamerkjaskrá, dags. 5. apríl 1894.



1890 Maí 16

N^o 179

Landamerki jarðarinnar Fagraness

Að austan ræður sjáfarströndin frá skeri því, í flæðarmálinu, er Selapollur nefnist, og að enda gamals garðlags úr torfi, er liggur frá sjó til fjalls upp, um svokallaða Steinshóla utanverða. Að sunnan ræður áðurnefnt garðlagt, og er því sleppu, bein lína á fjall upp. Síðan ræður að vestan lína í norðurátt svo sem háfjall, fyrir ofan botn Fagranessdalsins, tilsegir. Norðanmörk jarðarinnar eru: við sjó fram áðurnefnt sker (Selapollur), og úr því bein lína upp í gil það, er þar er uppundan, svo upp alla skriðuna þar uppundan og síðan lína er liggur á fjallið upp unz hún sker vesturtakmarkalínu jarðeignarinnar

Fagranesi 6. maí 1890.

Árni Björnsson.

Ólafur Briem.

Þinglýst á manntalsþingi að Sauðárkróki 16. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0 25 1-ein-króna



Maí 16

N^o 180

Landamerkjaskrá fyrir Áshildarholti.

Úr vörðu þeirri, er stendur við Laxaker í Kvíldislæk, sem er suðausturhorn landseignarinnar; þaðan bein stefna í vörðu þá, sem stendur við upptök Beinakeldu, og síðan beina stefnu í vörðu, sem hlaðin er á brúninni fyrir austan Sauðárgil; þaðan yfir Molduxagil í vörðu þá, sem hlaðin er á melnum utan við Molduxagil. Þaðan ræður bein stefna í vörðu þá, sem stendur norðaustanundan hákollinum á Stóramolduxa og er það suðvesturhorn landeignarinnar. Þaðan ræður bein stefna í norður í svonefnt Rjúpnadrag, þar sem moldskurður sá, er liggur milli Molduxanna, rennur í fyrnefnt Rjúpnadrag, og er það norðvestur hornmerki landeignarinnar. Síðan beina stefnu í vörðu þá, er stendur uppá brúninni fyrir vestan Selbotnagil; síðan beina stefnu í vörðu þá sem hlaðin er á Sauðárhálsi; þaðan beina stefnu í garð þann, sem liggur í vestur frá garðsendavík fyrir norðan Áshildardys, og er það norðausturhorn landseignarinnar. Síðan ræður bein lína yfir vatnið, þangað sem Kvíldislækur rennur í Áshildarholtsvatn, og ræður svo lækurinn að fyrnefndri vörðu, sem stendur við Laxaker.

Sauðárkróki 10. maí 1890.

Í umboði eigandanna D. herrer B. Muus & C^o Kaupmannahöfn S. Blöndal

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Umráðandi Sauðár. Ólafr Briem.

Umráðandi Borgargerðis P. Sigurðsson.

Umráðandi Brennigerðis Jón Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Sauðárkróki 16. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 16

N^o 181

Landamerkjaskrá fyrir Borgargerði.

Að norðan og vestan skilur Kvíldislækur land Áshildarholts og Borgargerðis að Laxfossi, þaðan skilja 3 vörður land Brennigerðis og Borgargerðis og er hin syðsta þeirra einnig í suðurhorni Bogargerðislands móts við Kimbastað: í suðausturhorni aðskilur garður, er gengur úr Miklavatni til vesturs lönd nefndra jarða rjettsýnis í fyrnefnda vörðu og þær vörður er hlaðnar eru milli jarðanna Kimbastaða og Brennigerðis er stefna til vesturs í lækjargil er verður úr tveimur moldgiljum í fjallinu. Skurðurinn, sem grafinn er milli vatnanna aðskilur að austan engi Borgargerðis og Sjóarborgar en óskipt beitiland fyrir austan nefndan skurð í Borgarmýrum milli þessara jarða.

p.t. Sauðárkróki 16. maí 1890

P. Sigurðsson umráðandi Borgargerðis.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Umráðendur Kimbastaða, Áshildarholts og Brennigerðis, S. Blöndal. Sigurjón Markússon.

Þinglýst á manntalsþingi að Sauðárkróki 16. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 16

N^o 182.

Landamerkjaskrá fyrir Brennigerði.

Norðausturhornmerki jarðarinnar er varða sú, er stendur hjá Laxakeri í Kvígildislæk, þaðan í vörðu þá, er stendur í holtinu ofan við Smærnhól, svo í grjótvörðu þá, er stendur í Kimbastaðaflóa niður undan Þrætuholti, og er hún suðausturhornmerki jarðarinnar, þaðan í vörðuna sunnantil á Þrætuholti svo í vörðuna við Löngubrú, svo í læk þann, er kemur ofan úr fjallinu þarsem hann fellur í eitt úr tveimur moldgiljum, síðan sjónhending milli tjeðra moldgilja í vörðu þá á brúninni, síðan beina stefnu vestur yfir Brennigerðisflóa, sandfellstaglið og í syðra enda á tjörn þeirri, sem er í Molduxaskarði, og er það suðvesturhornmerki landsins; þaðan með vestri hlið tjarnarinnar í vestaragilið, sem liggur norður í Molduxann eptir því þartil það þrítur, og í vörðu þá sem stendur norðaustur undan hákollinum á Molduxanum, og er hún norðvestur hornmerki landsins; þaðan beina stefnu í vörðu á norðari Molduxagils barni, svo í vörðu niður á brúninni, þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur hjá upptökum Beinakeldu, og svo í áðurnefnda vörðu hjá Laxkeri í Kvígildislæk.

Brennigerði 8. maí 1890.

Jón Guðmundsson.

Guðmundur Jónsson landeigendur.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Umráðandi Sauðár Ólafur Briem.

Umráðandi ½ Kimbastaða og Áshildarholts S. Blöndal.

Umráðandi Borgargerðis P. Sigurðsson

Umráðandi ½ Kimbastaða Sigurjón Markússon.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki 16. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 16

N^o 183

Landamerkjaskrá fyrir Kimbastöðum.

Úr miðju Miklavatni frá garði þeim er skilur Gils og Kimbastaðaland og er það suðausturhorn landeignarinnar, og eptir því, sem sami garður ræður fyrir utan Klofastein, og beina stefnu í suðurenda Svartaskuta og þaðan beina stefnu yfir fjallið í Sandfellið, utan vert við Grettisskirtu, og þaðan í hið svonefnda Ófærugil og ræður síðan Ófærugil vestur í Ranghalaá og síðan ræður Ranghalaá þangað til hún fellur í Gönguskarðsá til norðurs þartil syðra Húsgilið kemur saman við hana og er það norðvesturhorn landeignarinnar; síðan ræður fyrnefnt Húsgil til austurs upp hlíðina fyrir utan Fannhól og alla leið í sunnanverða tjörnina á Molduxaskarði; þaðan ræður bein stefna yfir fjallið á milli hinna tveggja moldgilja, sem liggja niður fjallshlíðina þartil þau koma saman að neðan, og ræður síðan lækur sá, er úr þeim fellur, beina stefnu í vörðu þá, er stendur á Prætureitsholti, og þaðan í vörðu þá, er hlaðin er á garði þeim, er liggur að austan frá Miklavatni og næst liggur við Borgargerðisland, og er það norðausturhorn landeignarinnar, og síðan ræður bein stefna í suður í áðurnefnt suðausturhornmerki. Lögfestum við hjer undirritaðir alla jörðina Kimbastaði liggjandi í Sjávarborgarkirkjusókn með öllum hennar gögnum og gæðum, töðum og engjum, veiðivötnum og sjerhverjum landsnyttjum. Lögfestum við fyrnefnda jörð Kimbastaði til allra þeirra yztu ummerkja, sem aðrir menn með rjettu móts við hana eiga að áðurnefndum landamerkjum tilgreindum. Fyrirbjóðum vjer einum og sjerhverjum manni greinda jörð innan tiltekinna landamerkja, yrkja, beita nje í að vinna eðr sjer á nokkurn máta að nýta, hvort heldur vera kann til landsgagns eða veiðiskapar án okkar heimildar eða leyfis.

Þessa lögfestu vitnum við til allra málugra manna sem hana heyra.

Sauðárkróki 16. maí 1890

Í umboði eigendanna að ½ Kimbastöðum Dherr B. Muus & C^o Kaupm.höfn S. Blöndal

Í umboði eigandans að ½ Kimbastöðum Markúsar Arasonar Sigurjón Markússon.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Umráðandi Sauðár Ólafur Briem.

Umráðandi Borgargerðis P. Sigurðsson.

Umráðandi Brennigerðis Jón Guðmundsson.

Vegna jarðarinnar Gils samþykkir: Jóh. Ólafsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Sauðárkróki 16. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð 1-ein-króna



Maí 16

N^o 184

Landamerkjaskrá fyrir Selhólum.

Frá Svörtuhlettum ræður Kaldilækur ofan í Kálfá. Ræður þá Kálfá í Kerlæk. Ræður hann til fjallseggja. Ráða fjallseggjar í Jörundarlæk. Ræður Jörundarlækur í Tröllá. Ræður Tröllá í Tröllafoss. Þaðan liggja merkin yfir miðja Tröllá bungur eptir hábrúnum austur hjá Kjóamýri. Þaðan í fyrnefnda Svörtukletta.

Sauðárkróki 16. maí 1890

Halldór Stefánsson.

Skúli Bergþórsson handsalað.

Samþykktur Árni Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Sauðárkróki 16. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna JÓ.



Maí 16

N^o 185.

Landamerkjalyásing milli Sjávarborgar og Grænhóls.

1890, 5. dag maím. vorum við undirritaðir tilkvaddir af hlutaðeigendi umráðamönnum jarðanna Sjávarborgar og Grænhóls að gjöra landamerki á milli tjeðra jarða og settum við þau þannig: á vestari Hjeraðsvatnabakka er heygarður, sem heitir Sigfús heygarður; á norðurenda tjeðs garðs hlóðum við vörðu, sem er suðausturhornmerki Sjávarborgar, en norðausturhornmerki Grænhóls, svo sjónhending í vörðu, er stendur á háum Sandhóli við norðaustur enda Núpsdrags og þaðan í vörðu er stendur uppvið Miklavatn á svonefndum Tjaldhól, að norðanverðu við fýrgreint Núpsdrag.

Þetta er gjört eptir beztu samvizku.

p.t. Sauðárkróki 16. maí 1890

Jón Guðmundsson.

Björn Jónsson.

B. Sölvason.

Framanskriðuð landamerki milli Sjávarborgar og Grænhóls er jeg sem umráðandi Sjávarborgar samþykkur að væntanl. samþykki aðalumboðsmanns eiganda Sjávarborgar

ár og dag sem fyrr segir

Umráðandi Sjávarborgar S. Blöndal.

Umráðandi Grænhóls P. Sigurðsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Sauðárkróki 16. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 17

N^o 186.

Landamerkjaskrá fyrir Hóli með eyðihjáleigunni Hjallalandi

Jörðin Hóll í Sæmundarhlíð með eyðihjáleigunum Hjallalandi, sem er neðan til í fjallinu uppundan Hólsbæ, og Bakkakoti, sem er fyrir austan Sæmundará móti Hóli, hefur eptirffylgjandi landamerki:

Vestan Sæmundarár að norðan milli Hóls og Varmalands liggja landamerkin yfir svokallaða Dokkaeyri í gamlan garð er sjest í mounum ofan við svokallaða Dokk, og ræður sá garður beinni stefnu í foss norðantil í Háubjörgum, og þaðan eptir sömu stefnu í einstakan klett í svonefndum Fjallabjörgum, og þaðan beina stefnu vestur á fjöll norðanvert við austara Hólsvatn og þaðan eptir sömu stefnu sunnan við Sauðahnjúk og vestur yfir Sauðatungu ofan í Miðdalsá, og er það norðvesturhorn. Að sunnan vestan Sæmundarár milli Hóls og Bessastaða ræður landamerkjalækur upp í svokallaðan Svartafoss í Svartfossbrekku, þaðan ræður bein stefna vestur í Sandskarð sunnanvið Vatnöxl, og þaðan bein stefna vestur yfir Hrafntinnimel ofan í miðja Aurriðatjörn, og er þar suðvesturhorn. Að vestan ræðr Aurriðatjörn frá áðurnefndum stað og lækurinn sem í hann rennur úr vestara Hólsvatni, síðan ræður bein stefna úr nefndum læk norðuryfir vatnsvikið og norður í Miðdalsá að áðurnefndu norðvesturhorni. En austan Sæmundarár, milli Hóls og Bessastaða ræður skurður í austari árbakkann, sem er undan norðari endanum á Bessastaðatúninu, og þaðan beina stefnu í austur í gamlan garð upp í ásnum, sem liggur austur fyrir ásbrúnina, og er þar suðausturhorn, þaðan liggur garður til norðurs, sem aðskilur Hóls og Þramarland, austan við ásbrúnina og ræður hann á meðan hann sjest, síðan ræður bein stefna úr honum í þúfu á melnum norða við Nautalá, og er þar norðausturhorn, þaðan liggja merkin beint ofan í Sæmundará. Jörðin á nægilegt upprekstrarland innan áðurnefndra takmarka.

Hóli hinn 21. marz 1890

Jón Jónsson.

Eigandi og umráðamaðr Hóls og Bessastaða.

Sem umráðamaður Varmalands og Þramar er jeg framanritaðri landamerkjaskrá samþykkur. Ólafur Briem.

Undirskrifaður er samþykkur merkjunum milli Hóls og Reynistaðar frá Urriðatjörn norður í Miðdalsá, og hefi ekkert við merkjabrjefið að athuga.

Í umboði síra Jóns Hallssonar í Glaumbæ Árni Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 17

N^o 187

Landamerkjaskrá fyrir Kjartanstöðum.

Að austan ræður Djúpakvísl, frá merkjaþúfu, sem setja skal við kvíslina (á austurbakka Lambhagans) næstum suður að skurði austan í Lambhagann, hvar setja skal hornmerki. Þaðan vestur í garð þann er Beinhallarkofi stóð á til móts við Marbæli. Þaðan eptir sömu stefnu sunnan til á Húsás upp lítið eitt fyrir norðan grástein austan í Rjúpnáás. Þaðan eptir sömu línu yfir norðurenda Kringlumýrar, vestur yfir háhæðina til móts við Þröm, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ráða Þramarmerki, sem liggja í landnorður til mótsvið Páfastaði, hvar einnig skal setja hornmerki. Þaðan beint austur í Nautalág. Þaðan í tóptarbrot á milli túnanna á Kjartanstöðum og Páfastöðum. Þaðan í fyrstnefnda merkjaþúfu við Djúpukvísl.

Álfgeirsvöllum 31. desbr. 1889

Ólafur Briem

landamerkjaskrá þessari er jeg samþykkur vegna Marbælis Magnús Hannesson.

Samþykkur vegna Páfastaða Guðrún Ólafsdóttir

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890 og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 17

N^o 188.

Landamerkjaskrá fyrir Stóru Gröf.

Að austan ráða Hjeraðsvötnin frá gömlum heygarði á bakkanum skammt fyrir utan húsin, suður að hinu forna Dældarvaði, hvar hlaða skal hornmerki. Þaðan uppí landamerkjagarð framan í ásnum skammt fyrir sunnan túnið, sem ræður þangað til hann þrýtur. Þá ræður sama stefna upp að Þarmarmerkjum, hvar setja skal hornmerki. Þaðan liggja merkin til norðausturs í stóran stein vestan í Hádegisholti, þaðan eptir sömu stefnu út í Fagradal. Þaðan í merkjagarð í holtinu fyrir ofan Holtsmúlabrú, rjett fyrir sunnan veginn. Þaðan beint austur í fyrstnefndan heygarð á vatnabakkanum.

Álfgeirsvöllum 31. desbr. 1889

Ólafur Briem

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir:

Vegna Litlugrafar Jóhann Þorsteinsson.

Vegna Holtsmúla Sigurjón Markússon.

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 17

N^o 189

Landamerkjaskrá fyrir Pröm

Að austan ræðr bein lína frá vörðu þeirri, er steja skal þarsem Mjósund mjókkar með stórum stalli vestan í hæðinni, til suðvesturs í stóran stein suðaustur undan bænum. Þaðan bein stefna í norðurendann á Meðalheimsvatni, og skal þar hlaða vörðu á vatnsbakkanum. Þaðan sömu stefnu eptir miðju vatninu, þar til komið er móts við garð þann, er liggur vestur frá vatninu, lítið eitt fyrir sunnan Arnæstapa. Þaðan ræðr garðurinn vestur undir ásbrún, hvar setja skal útsuðrhornmerki. Þaðan beina stefnu í garð, er skilur Hóls og Þramarland, austan við ásbrúnina, og ræður sá garður, meðan hann sjest, síðan bein stefna úr honum norður í merkjabúfu á Nautalágarmel. Þaðan þvert vestur í Sæmundará, ræður svo áin norður á móts við mjóan melhrygg, sem er næst fyrir sunnan stóra melshornið, hvar setja skal útnorðrhornmerki. Þaðan upp melhrygginn í garðlag, sem vottar fyrir austur eptir mounum í stefnu á Vindárdal. Þaðan austur yfir Grænumýri í garðlag vestan í holtinu. Þaðan í garð sunnan við Vatnsholt, sem þó virðist vera heldur sunnarlega í stefnunni. Þaðan sunnan til yfir Djúpasund í fyrstnefnda vörðu við stallinn á Mjósundi.

Álfgeirsvöllum 31. desbr. 1889

Ólafur Briem

Sem eigandi Hóls og Bessastaða samþykkur: Jón Jónsson

Sem eigandi Marbælis samþykkur Magnús Hannesson.

Sem umráðam. Elvoga: J. Hallsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 17

N^o 190

Landamerkjaskrá fyrir Varmalandi.

Að austan ræður Sæmundará, frá landamerkjavörðu þeirri, er hlaða skal við ána niður undan Hvíthól, suður á Dokkareyri, þartil komið er mótsvið garð þann, er sjest í mounum fyrir ofan dokkina; síðan ræður garðurinn upp yfir móinn, og þaðan beint í Merkjafoos í Háubjörgum. Þaðan í klett þann, er stendur fram úr Fjallabjörgum. Þaðan ræður sama stefna vestur yfir fjallið utanvert við austara Hólsvatn. Þaðan eptir sömu stefnu, fyrir sunnan Sauðahnjúk, vestur í Miðdalsá, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður áin norður að Dúksmerkjum. Þaðan eptir sömu merkjum austur yfir fjöllin og ofan í landamerkjalaus, sem er næst fyrir sunnan Guladý. Þaðan niður í syðri enda Rauðalækjarbjarga. Þaðan í Hvíthól. Þaðan í fyrstnefnda vörðu við Sæmundará.

Álfgeirsvöllum 10. apríl 1889

Ólafur Briem umboðsmaður Reynist.klausturs.

Samþykkur sem eigandi Hóls: Jón Jónsson.

[Samþykkur] sem ábúandi Dúks: Ólafur Sæmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 17

N^o 191.

Landamerkjaskrá fyrir Dúki

Að austan ræður Sæmundará frá landamerkjagarði þeim er skilur Dúks og Geirmundarstaðalönd, suður á móts við Hvíthól, sem er lítið eitt sunnar og neðar, en mitt á milli Dúks og Lands, skal þar hlaða merkjavörðu við ána. Úr vörðunni uppí nefndan Hvíthól. Þaðan uppí syðri enda Rauðalækjarbjarga. Þaðan í landamerkjalaus í fjallinu, sem er næsta laut fyrir sunnan Guladý. Þaðan eptir sömu stefnu vestur yfir fjöllin allt í Miðdalsá, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður Miðdalsá út að Geirmundarstaðamerkjum. Þaðan eptir sömu merkjum austureptir utnavert á Engjabungu og svo niður fjallið beint í fyrstnefndan landamerkjagarð.

Ási 28. ág. 1885

Ólafur Sigurðsson umboðsm. Reynist.kl.

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir

Vegna Geirmundarstaða Steinunn Jóhannsdóttir.

Vegna Varmalands Jón Ingimundarson handsalað.

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 17

N^o 192.

Landamerkjaskrá fyrir Geirmundarstöðum

Að austan ræður Sæmundará til suðurs frá vörðu, sem hlaða skal á eyrinni fram undan Glyttingsdalslæknum, þangað til komið er móts við landamerkjagarð þann, er skilur Geirmundarstaða og Dúkslönd, sem er nokkuð utar enn mitt á milli bæjanna. Síðan ræður garðurinn í fjall upp, og svo eptir sömu stefnu upp af brúninni. Þaðan eptir beinni stefnu vestureptir utanvert á Engjabungu yfir Sauðafell allt vestur í Miðdalsá. Þaðan ræður Miðdalsá út á móts við Holtsmúlasel. Þaðan beint austur yfir Sauðafell sunnan við Sauðafellsgrænur, ofan í Melsgil niður í fjallsrætur, og svo bein stefna úr því ofan í fyrstnefnda vörðu við Sæmundará.

Álfgeirsvöllum, 31. desbr. 1889

Ólafur Briem

landamerkjaskrá þessari eru við samþykkir:

Vegna Dúks Ólafur Sæmundsson.

Vegna Reynistaðar Árni Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 17

N^o 193

Landamerkjaskrá fyrir Bessastöðum.

Að austan liggja merkin milli Bessastaða og Þramar, upp á ásnum úr garði þeim, sem aðskilur Hóls og Þramalönd eptir sömu stefnu og garðurinn hefur alla leið suður fyrir austan Arnstapa og í gamlan landamerkjagarð millum Bessastaða og Elvoga og er þar suðaustur hornið. Þaðan liggur garðurinn til vesturs nokkuð fyrir sunnan Arnstapa og ræður hann merkjum beint vestur í Sæmundará, gengt því, er Sólheimalækurinn rennur í hana að vestan. Þaðan ræður Sæmundará landamerkjum milli Bessastaða og Sólheima út í Bessastaðafoss; Þaðan liggja merkin til vesturs yfir holtið og í vörðu sunnantil á Ytri Stekkjardalsmel, og beint upp fyrir utan Fornusel, og í melhrygg í brúninni, og sömu stefnu vestur yfir fjall og yfir Einbúann og ofan í Vatnadalsá, og er þar suðvestur hornið. Þaðan ræður Vatnadalsá merkjum milli Bessastaða og Reynistaðar alla leið norður í miðja Urriðatjörn, og er þar norðvestur hornið. Þaðan liggja merkin milli Bessastaða og Hóls yfir Hrafnstinnemel, og austur í Sandskarð sunnan við Vatnaöxl; þaðan beina leið yfir brúnirnar ofan fjallið of ofan í Svartafoss í Svartafossbrekku. Þaðan ræður landamerkjalækur ofan í Sæmundará; Þaðan ræður áin til suðurs í gamlan skurð, sem er í gegnum austari árbakkann, gagnvart ytrienda Bessastaðatúns; þaðan liggja merkin til austurs í gamlan garð uppá ásbrúninni, sem liggur austur í áðurnefndan garð milli Hóls og Þramar og er þar norðaustur horn.

Engin ítök eru frá öðrum jörðum í landi jarðarinnar og á jörðin nægilegt upprekstrarland innan nefndra takmarka.

Bessastöðum 9. maí 1890

Eigandi og umráðamaður Hóls og Bessastaða: Jón Jónsson.

[Eigandi og umráðamaður] Elvoga: J. Hallsson.

Samþykkur vegna Þramar: Ó. Briem.

[Samþykkur vegna] Reynist. A. Jónsson.

[Samþykkur vegna] Sólheima A. Sveinbjörnsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 17

N^o 194.

Landamerkjaskrá fyrir Sólheimum.

Að austan ræður Sæmundará úr Bessastaðafossi suður fyrir nes það, er gengur austur í ána vesturundan Elvogabæ, og er þar varða suðaustur hornmerki. Þaðan liggja merkin milli Auðna og Sólheima til vesturs beina stefnu í vörðu þá, er stendur á brúninni fyrir sunnan Leininglæk, þaðan beina línu í skurð sunnan við Fögruhlíðarmel, og bein stefna í Mosavörðu syðst á Mosavörðumel, og svo beint vestur yfir fjall og í Pallsgilslæk og ræður svo lækurinn þartil hann fellur í syðri Valbrandsdalslæk, og er það suðvesturhornið; og þaðan liggja merkin eptir miðjum Flóanum norður í læk þann, er rennur norður ytri part Valbrandsdals út í Hrossagilslæk, og svo ræður lækur þessi vestur þartil hann fellur í á þá, er rennur ofan Þröngadalinn, og svo ræður áin norður fyrir Einbúann að vestan, og er þar norðvesturhornið; þaðan liggja merkin milli Sólheima og Bessastaða til austurs beina línu norður til yfir Einbúann og sunnan til yfir Sandfell og beina línu í vörðu er setja skal á melhrygg í brúninni að austan, og þaðan beina línu ofan fjallið fyrir utan Fornusel og í vörðu sunnarlega á ytri Stekkjardalsmel og þaðan sömu stefnu í áðurnefndan Bessastaðafoss og er þar norðausturhornið. Jörðin hefur nægilegt upprekstrarland innan nefndra takmarka; jörðin á ítök í Elvogalandi, Teiginn fyrir sunnan Holt undan Hólmavaði og tveggja mánaða beit sem stendur í landamerkabrjefi jarðarinnar frá 1378.

Sólheimum 13. maí 1890

Eigandi og umráðamaður jarðarinnar Árni Sveinbjörnsson

Vegna Auðna samþykkr: Ólafur Sigurðsson.

Eigandi og umráðamaður Bessastaða samþykkur Jón Jónsson.

Hinsvegar rituð landamerkjaskrá er þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 17

N^o 195.

Landamerkjaskrá fyrir Auðnum.

Að vestan ræður Sæmundará frá vörðu, sem hlaða skal á sunnanverðu Merkjanesi vestur undan Elvogum suður á Króareyrartanga. Þaðan beint vestur í merkjagarð á syðsta Tjarnarhól. Þaðan uppí stóran stein í Dælisbrún. Þaðan beina stefnu í Snausskurð ofantil við fjallsræturnar. Þaðan eptir sömu stefnu yfir klettabeltið uppá brún fyrir utan Breiðahnjúk, síðan beina stefnu yfir fjallið vestur í Valbrandsdalslæk, hvar setja skal útsuður hornmerki. Þaðan ræður tjeður lækur til Pálsgilslækjar, sem er út norðurhorn á landinu. Þá ræður gilið upp í brún. Þaðan beina línu yfir Hrossafellsendann og sunnanvið Kaldbak yfir fjallið niður í Mosavörðu, sem stendur á Mosavörðumel austan við fjallsbrúnina. Þaðan niður í skurð sunnan við Fögruhlíðarmel. Þaðan í vörðu á barðinu sunnan við Leyningslæk. Þaðan í fyrstnefnda vörðu við Sæmundará.

Ási 25. apríl 1890

Ólafur Sigurðsson eigandi jarðarinnar.

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir:

Ólafur Briem umráðandi Dælis.

Árni Sveinbjörnsson (eigandi Sólheima)

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð: 1-ein-króna



Maí 17

N^o 196.

Landamerkjaskrá fyrir Hólkoti.

Í norðausturhorni niður við vatn á milli Gils og Hólkots þarí melklöpp ofan við götur á svonefndum brikum, þaðan rjettsýnis í hávörðumel, þaðan rjettsýnis utanhallt við langa graslaut, sem er utan og neðan við svonefnda Hólkotskatla og þaðan rjettsýnis í Nónhól og þaðan beint vestur í háGilsbundu og þar beint fram svonefndan Þröskuld og þar frammí öxl á móti Víkurmerkjum og þaðan beint ofanum Votaberg og þaðan rjettsýnis fyrir sunnan Hólkotsstekk og þaðan beint ofan að vatni utan við há Tröllhöfða, og fyrir þessu landi vatnið til allrar arðsemis notkunar, sem fyrir getur komið og hugsast getur, og svo hefur áður nefnd jörð frían upprekstur.

Hólkoti 12. maí 1890

Benedikt Þorsteinsson.

Gísli Magnússon eigendur jarðarinnar.

Samþykkur sem eigandi Glæsibæjar: Árni Jónsson

[Samþykkur] vegna Øgmundarstaða: Jón Björnsson

[Samþykkur vegna] ½ Víkur: Þorbergur Þorleifsson

[Samþykkur vegna] ½ Víkur Þorleifur Bjarnason Jón Jónsson

[Samþykkur vegna] Gils: Jóh. Ólafsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 20

N^o 197.

Landamerkjaskrá fyrir Utanverðunesi

Að norðan og austan ræður sjóarströndin frá Landsenda inn í Stigarauf, sem er norðaustur hornmerki. Þaðan ræður bein stefna suður til Klofasteins, sem er suðaustur hornmerki. Þaðan beinlínis vestur í landamerkjagarð þann, er liggur austur úr Kiðuklauf, sem ræður vestur í Klaufina. Úr Klaufinni liggur hann aptur, fyrst til suðvesturs og síðan beint vestur í Nesflóa til Hjeraðsvatna, hvar hlaða skal suðvesturhornmerki. Þaðan ráða mið Hjeraðsvötn norður úr ósnum til sjóar og síðan sjóarströndin til fyrstnefnds Landsenda.

Sem umráðamenn þessarar kristfjárjarðar erum við undirskrifaðir samþykkir ofanskrifuðum landamerkjum hennar

Glaumbæ 4. ág. 1887.

J. Hallsson prófastur

Gili 5. ág. 1887

Jóh. Ólafsson sýslumaður

Landamerkjaskrá þessari samþykkur vegna Hellulands og ½ Keflavíkur: Ólafur Sigurðsson.

vegna ½ [Keflavíkur]: Jónas Halldórsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Ríp 20. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 20

N^o 198.

Landamerkjaskrá fyrir Egg með hjáleigunni Reyn.

Að austan ræður Rípureyjarkvísl og svo Egilsholtskvísl og Egilsholtssandur suður fyrir Eggjarnestá, norðan frá vörðu, sem hlaða skal á kvíslarbakkann á landamerkjum Reynar og Ketu. Frá fyrrnefndri Eggjarnestá ráða vestari Hjeraðsvötn fyrir vestan 5 hólma, þar til komið er móts við landamerkjagarð þann, er liggur vestur frá Hendilkotsvatni sunnantil, og skal þar sett glögg hornmerki við vötnin. Þaðan eptir garðstefnunni uppá Kílholtið sunnarlega, hvar setja skal vörðu. Þaðan eptir sömu stefnu austur í garðinn á sundinu, sem ræður austur í fyrnefnt Hendilkotsvatn, og skal þar hlaða vörðu við vatnið á garðendann. Þaðan ræður vatnið suður í vestara vikið. Þaðan beina stefnu í syðstu vörðu á Reynarstekkjarborg. Frá tjéðri vörðu austur í syðstu klöpp á Stóraholti, hvar hlaða skal vörðu; Þaðan eptir sömu stefnu í fyrstnefnda vörðu við Rípureyjarkvísl. Þar að auki á jörðin hálfu Borgarey, hálfar Hróteyjar og hálf Grundarnes til móts við Egilsholt, sem enn er óskipt.

Egg 5. marz 1887

Jón Guðmundsson.

Vegna klausturjarðarðanna Ketu og Keldudals er jeg landamerkjaskrá þessari samþykkur.

Ási 5. marz 1887

Ólafur Sigurðsson umboðsm. Reynist.kl.

Samþykkur: Sigfús Pjetursson.



Maí 20

N^o 199

Landamerkjaskrá fyrir Rípuprestsetri.

Að austan ráða Hjeraðsvötn til suðurs frá vörðu þeirri, sem sett er á eystri bakka Hríseyjar suður fyrir eyjartána; síðan ræður landhólmakvísl milli hólman og meginlandsins suður að vörðu þeirri, sem setjast skal á kvíslarbakkann, og er varða sú hornmerki. Þaðan ræðr bein stefna til vesturs uppyfir mýrarnar í vörðu á holtinu fyrir sunnan og ofan Rípurhöfðann, og þaðan bein stefna í vörðu á Háuborg; heldur sú beina lína áfram í vörðu norðast á Þóreyjarborg, sem er hornmerki. Þaðan ræður bein stefna til norðvesturs í syðsta og austasta vikið í Hólmavatni. Ræður Hólmavatn síðan til norðurs að vörðu þeirri, sem setjast skal norðarlega við vatnið, sem er hornmerki. Þaðan ræður bein lína til austurs í steininn Beini fyrir sunnan og ofan Beingarð; Þaðan ræður bein stefna í fyrstnefnda vörðu á austurbakka Hríseyjar. Verða merkin þá milli Rípur og Beingarðs bein sjónhending frá steininum Beini í Srekkjargil fyrir sunnan Hofdali, þarsem sjest í lækinn fyrir sunnan stekkin. Og milli Rípur og Hamars eru merkin í beinni sjónhending frá vörðunni á Háuborg í Kyrfisárgil niðurvið eyrarnar. Sömuleiðis á prestsetrið engjateig á svonefndri Rípurey, og eru merkin á henni þannig. Að austan ráða megin vötn Hjeraðsvatna að vörðu á austurbakka eyjarinnar, sem er hornmerki; Þaðan ræður bein lína til vesturs yfir eyjuna um utanverðan Þórðarhólma norðanvið svonefnda Merkjatjörn og í vörðu á vesturbakkanum. Síðan ræður Rípureyfarkvísl norður að eyjartá.

Ríp 16. septbr. 1885

Árni Þorsteinsson prestr.

Ofanskrifaðri landamerkjaskrá er eg samþykkur vegna jarðanna Beingarðs, Hamars og Keldudals

Ási 16. septbr. 1885

Ólafur Sigurðsson

p.t. Ríp 20. maí 1890

Sigfús Þjetursson.

Þinglýst á manntalsþingi að Ríp 20. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1. ein króna –



Maí 21

N^o 200

Landamerkjaskrá fyrir Lóni.

Að austan ræður bein lína frá vörðu, sem hlaðin er í háasundsholti vestan við þjóðveginn norðan í Lónsási suður í merkjaþúfu á Rauðalækjarholti og skulu hlaðnar nægilega margar vörður á þeirri leið. Úr tjeðri merkjaþúfu eptir sömu stefnu lítið eitt suður fyrir Ferginisker, sem er fyrir sunnan holtið, og skal þar hlaðið landsuður hornmerki. Þaðan beint í vestur mýrina í gamla vörðu á brúninni norðan við Landamerkjalæk. Þaðan eptir sömu línu ofan í gilið og vestur flæðarnar til Hjeraðsvatna, hvar setja skal útsuður hornmerki. Þaðan ráða Hjeraðsvötn fyrir vestan Flæðarnar, Lónshólma og Grjótnes til sjóar, og ber miðju vatnaóssins í Málmevjarkaldbak að sjá frá vörðu, sem hlaðin er á háa rindanum í Lónshólma. Þaðan ræður sjóarströndin austur í Lónskrók og síðan brekkurnar, suður á móts við stóran stein uppá ásendanum og skal þar hlaða vörðu á brekknabrúninni. Þaðan uppí steininn, og eptir sömu stefnu ^{austur} yfir Beinadali og ásinn norðanverðann í fyrstnefnda vörðu.

Ási 25. apríl 1890

Ólafur Sigurðsson, eigandi Lóns.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá erum við sameigendur Bakka samþykkir, að undanskildu því er segir um Lónskrók, um hann færi, sem segir í landamerkjaskrá Bakka.

Sigurlaug Þorkelsdóttir.

María Bjarnadóttir.

Margrjet Bjarnadóttir.

Jón Bjarnason.

Björn Pálmason eigandi Vatnsleysu.

Gísli Pjetursson Sigurlaug Gísladóttir eigendur Lækjar.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá erum við sameigendur að Narfastöðum samþykk.

Í umboði eigendanna Jón Sölvason.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 21

N^o 201

Landamerkjaskrá fyrir Langhúsum

Jörðin Langhús í Viðvíkursókn á land suður eftir móts við Viðvík á merkjaholt austan við austari lækinn (Viðvíkurbæjarlækinn). Úr því holti eru merkin milli Viðvíkur- og Langhúsa bein sjónhending austur að Hjaltastadalsá, og sömuleiðis úr hinu sama merkjaholti vestur beina sjónhending yfir tunguna, sem er þar milli Viðvíkurbæjarlæksins og marklækjarins, í holt vestan við marklækinn, og stendur nú varða á því holti, úr því holti eru merkin milli Langhúsa og Miklahóls bein stefna vestur í mel, sem varða stendur á fyrir austan Breiðarlind, og svo þaðan í vörðu á Langamel og úr þeirri vörðu í vörðu á Stórhól, og þaðan í vörðu vestast á Stekkjarás og úr þeirri vörðu í vörðu á Lómatjarnarás, og svo þaðan beina stefnu í miðja Lómatjörn. Í Viðvíkurskóg á jörðin Langhús sambeit við Viðvík að tiltölu við hundraðafjölda jarðanna, er merki þessa skógs eru greinilega ákveðin í Hólabiskupsdæmis allra náðugast authoriseruðu „Máldagabók“, sem rituð er í N^o 215 4^{to} í h[andrita]safni Jóns Sigurðssonar á Landsbókasafninu í Reykjavík. Jörðin Langhús á frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet síðan hún var Hólastólseign með Viðvík.

Langhúsum 13. maí 1890.

Sigurður Ólafsson

Margrjet Ólafsdóttir

Helga Ólafsdóttir sem eigendur að Langhúsum

Zofonías Halldórsson fyrir Viðvík.

Aðalsteinn Steinsson eigandi Litlahóls.

Þorgrímur Helgason, eigandi Miklahóls.

NB// Umráðamaðr Hóla, Hermann Jónasson mótmælti að jörðin ætti frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 21

N^o 202

Landamerkjaskrá fyrir Miklahóli.

Að utan ræður frá merkjaklöpp beina línu í vörðu á sunnanverðu merkjaholti og þaðan beina línu í vörðu neðst á Spóholti, þaðan í vörðu á mel millum tveggja tjarna, þaðan beina línu í vörðu á mel utan við svokallaða Kringlumýri, þaðan beina línu í vörðu á Stórhól, síðan í vörðu á Langamelsholti, þaðan í vörðu á holti við merkjalæk, síðan ræður Marklækur til Dalagils, þaðan ræður lækur, sem fellur undan þúfu, sem kölluð er Miðaptansþúfa heiman frá Hólum, þaðan beint til fjallseggja. Að vestan eru merki eptir miðju gili því, er liggur frá ofanskriðri merkjaklöpp til Vatnsgötu, þaðan beina línu í vörðu á Nautháls kalli, þaðan í vörðu, sem er fyrir ofan ytri röð á gömlum heygardi, þaðan beina línu í vörðu fyrir vestan rískeldu, þaðan beina línu í vörðu á mel vestanvið Breiðagil, þaðan í vörðu á Stórhól uppí fjallinu, þaðan beint til fjallseggja.

Miklahóli 7. febrm. 1890

Þorgrímur Helgason, eigandi

Aðalsteinn Steinsson, eigandi Litlahóls

Sigurlaug Þorkelssóttir eigandi Hringvers

Samþykkir Margrjet Pálsdóttir eigandi Langhúsa

[Samþykkir] Björn Pálmason eigandi Ennis.

[Samþykkir] Zophonías Halldórsson pr. í Viðvík vegna Viðvíkr

[Samþykkir] Bessi Steinsson, eigandi Kílhólts.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 21

N^o 203

Landamerkjaskrá fyrir Litlahóli.

Að norðaustan eru merki í vörðu, sem stendur að austanverðu við svokallaða Lómatjörn utarlega, þaðan beina sjónhending í vörðu, sem stendur á Há Lómatjarnarás, þaðan beina sjónhending eptir vörðum í suðaustur í vörðu þá, sem stendur á svokölluðu Stórhól, úr þeirri vörðu beina sjónhending í suðvestur eptir vörðum í vörðu sem stendur á svokölluðu Spóholti, þaðan beint í vestur í vörðu sem sterndur sunnarlega á svokölluðu Merkjaholti, þaðan beint í svokallaða efri merkjaklöpp, sem er að vestanverðu í gilinu. Þaðan ræður lækur, sem rennur eptir gilinu niður í klöpp þá, sem kölluð er Neðrimerkjaklöpp, úr þeirri klöpp eptir vörðum í stóran jarðfastan stein, sem stendur suðaustan til á Grjóthól, sem klappaðir eru á stafir L og B, þaðan í norðaustur í Lómatjörn og svo beint eptir tjörninni í vörðu þá, sem fyrst er nefnd út austantil við Tjörnina. Eptir tiltölu á Litlihóll sambeit við Miklahól á Risinu og í fjallinu. Líka á jörðin frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrrjett.

Litlahóli 10. febrm. 1890

Aðalsteinn Steinsson, eigandi Litlahóls.

Samþykkur: Þorgrímur Helgason eigandi Miklahóls.

[Samþykkur:] Margrjet Pálsdóttir [eigandi] Langhúsa

[Samþykkur:] Sigurlaug Þorkelsdóttir [eigandi] Brimness

[Samþykkur:] Bessi Steinsson [eigandi] Kílhólts.

NB// Umráðamaður Hóla, Hermann Jónasson mótmælti að jörðin ætti frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrrjett.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



Maí 21

N^o 204.

Landamerkjaskrá fyrir Garðakoti.

Jörðin Garðakot í Hólahreppi á land ofan til Hjaltadalsár, sem ræður landamerkjum móts við Efraásland. Milli Skúfstaða og Garðakots eru landamerkin sjónhending úr Garðaskálgargili að neðan við merkjavörðu og í dý eða fen, sem er fyrir sunnan og ofan Titlingseyri, skammt fyrir ofan Hjaltadalsá, og svo þaðan beinlínis ofan að ánni. Garðakot á land á Breiðumela upp eptir og þaðan út í Ytri-Lækjardal, og beina stefnu úr honum miðjum ofan á Kvíamelinn, og þaðan bein sjónhending í Gvendarbrekkumýrardýið utan og ofantil við Fylkishólinn; úr dýinu ræður Lækjarsitra, sem rennur í bæjarlækinn, og úr honum liggja merkin milli Hringvers og Garðakots út melbrúnirnar fyrir ofan Köldumýrina útað Viðvíkurlandamerkjum í stein við götu sunna við sjálfan (= sunnan til í) Svepphöfðann, og úr þeim steini eru merkin milli Viðvíkur og Garðakots bein stefna niður í Hjaltadalsá gegnt Baululæk. Jörðin Garðakot á frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet, sem er ítak jarðarinnar frá því hún var Hólastólseign.

Garðakoti 26. apríl 1890

Magnús Vigfússon, ábúandi á Garðakoti.

Zófonías Halldórsson, prestur í Viðvík

Sigurlaug Þorkelsdóttir, eigandi Hringvers

Jón Sigurðsson fyrir eigendur Skúfstaða.

NB// Umráðamaðr Hóla Hermann Jónasson mótmælti að jörðin ætti frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein-króna.)



Maí 21

N^o 205.

Landamerkjaskrá fyrir Bakka.

Að austan ræður bein stefna frá vörðu, sem hlaðin er við Þrígil sunnanvið Brimneslæk, suður efra Kílholt og eptir sömu stefnu suður fyrir holtið að Bugalæk, þaðan suðvestur yfir flóann beina stefnu í vörðu, sem hlaðin er í Háasundsholti, þaðan beina stefnu vestur yfir norðanverðan Lónsás í stóran stein er stendur á norðanverðum ásnum rjett vestan við veginn millum Lóns og Bakka, síðan eptir sömu stefnu ofan á sinn í vörðu er stendur á brekkna brúninni, þaðan ofanfyrr brekkurnar og niður á sjóarströndina þartil að sjest á bæinn á Bakka, síðan ræður sjóarströndin norður að Brimneslæk, þaðan ræður lækurinn þartil Þrígiljalækur kemur í hann, og síðan Þrígiljalækur, þartil komið er móts við fyrstnefnda vörðu. Einnig á jörðin eyjuna Lundey á innanverðum Skagafirði, er liggur hjer um bil tæpa hálfu mílu vestur frá Bakka og frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrrjett.

Bakka 12. maí 1890.

Sigurlaug Þorkelsdóttir.

María Bjarnadóttir

Margrjet Bjarnadóttir.

Jón Bjarnason eigendur Bakka.

Sigurlaug Gísladóttir. Gísli Pjetursson eigendur Lækjar.

Bessi Steinsson eigandi Kílholtis

Samþykkur sem eigandi Lóns: Ólafur Sigurðsson.

Umráðamaðr Hóla, Hermann Jónasson mótmælti að jörðin ætti frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrrjett.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 21

N^o 206

Landamerkjaskrá fyrir Hólum.

Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða, þaðan suður hæstu brúnir gegnt upptökum Strangalækjar á Víðinesdal, þá með Strangalæk þartil hann fellur í Víðinesá. Síðan ræður Víðinesá merkjum þartil gilið þrýtur, og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár gegnt miðju Tíðaskarði.

Að austan og norðan ráða hæstu fjallabrúnir fyrir ofan botna á Heljardal, Skíðadal og Inggjaldskál. Þá Tungnahryggsjökull og síðan eins og fjöll liggja hæst fyrir ofan Hóladalsbotn, Hólabyrðu, Villingadalsbotn, Hólahaga, Hjeðinsdalsbotn og Hyrnu.

Að sunnan ráða hæstu fjallseggjar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal. Að vestan ráða merkjum hæstu fjallahryggir að vestanverðu við Suðurárdal norður að Sveigsskál og þaðan þvert niður í Stóragrjót, sem liggur skammt fyrir sunnan það, er Suðurá rennur í Hjaltadalsá, þá með Suðurá þartil hún fellur í Hjaltadalsána. Úr því ræður Hjaltadalsá merkjum eptir sínum efstu og beinustu farvegum norður að því, sem fyr segir um Víðinesá. En frá Hrafnhólslandi sunnanverðu og norður undir Hrapptaði liggur áin fast við vesturbrekkur. Enn í beina stefnu niður af Hrapptaðabæ eru elstu farvegir hennar 75 föðmum fyrir austan melbakkann og svo norður eyrar beina stefnu vestan við Lambamó. Bjarnastaðir og Fjall eiga frían upprekstr fyrir fje í Hólaafrett í Kolbeinsdal.

Hólum 20. dag maím. 1890

Hermann Jónasson (umráðandi Hóla)

Framanritaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir

Jón Guðmundsson, eigandi Víðiness

Árni Ásgrímsson [eigandi] Kálfstaða

Jóh. Þorfinnsson [eigandi] Reykja.

Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna

Aths. Björn bóndi Pjetursson á Hofstöðum mótmælti ofanritaðri skrá fyrir Hólum í umboði nokkra bænda í Viðvík & Hólahreppum, að því er snertir hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal & Kolbeinsdal, vottar J. Ólafsson.



Maí 22

N^o 207

Landamerkjaskrá fyrir Úlfsstöðum með Úlfsstaðakoti

Að austan ræðr merkjum fjallsbrúnnin suður á móts við vörðu þá, er stendur suður og upp frá Hleynardyrum og úr þeirri vörðu eru merkin ofaní suðurenda Sjónarhóls, þaðan beinlínis í Krikaborg, þarsem lægst ber á henni, þá í Úlfshaug og þaðan í vörðu niður á bakkanum og svo rjettsýnis vestur í Hjeraðsvötn, er síðan ráða merkjum út að vestanverðu við Úlfsstaðahólmana alt út á móts við skurð þann, er aðgreinir Úlfsstaða og Sólheimagerðis engjar; þá eru merkin beint í tjeðan skurð og úr efrienda hans uppundir Merkjalág, þaðan sem vörður vísa uppí svokallaðan Svartaskurð (sem er framan í Bjargabrúnninni út og upp frá Úlfsstaðakoti), og þá í vörðu skamt frá efri enda skurðsins; þaðan sama strik í Árgilshjallavörðu, svo beinlínis í ytrienda Litlastóls og loks til fjallsbrúnnar, sem fyrst greinir.

Skíðastöðum 18. maí 1888.

Í umboði eigenda Úlfsstaða Pálmi Pjetursson.

Framanskriðuð landamerki samþykkjum vjer undirskrifaðir

Benedikt Kristjánsson, eigandi Úlfsstaðakots

Ólafur Hallgrímsson [eigandi] Kúskerpis.

Gísli Sigurðsson [eigandi] Sólheimagerðis

Helgi Jónsson [eigandi] Sólheima.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 22

N^o 208

Landamerkjaskrá fyrir Brekkukoti.

Milli Dýrfinnastaða að sunnan og Brekkukots að norðan ræðr bein stefna úr hornvörðu sunnanvið brú í Bugasundi í stein með vörðu á, Á Bæjarás; þaðan ræðr sama bein stefna uppí lækjarkrók utan og neðan við Brekkukotsvöll. Þaðan sjónhending í stóran stein með vörðu á, utan við Brekkukotsvöll. Þaðan ræðr bein stefna til fjallsbrúnar í háhnjúk utanvið Lambaskarð. Að ofan ræður háfjall. Að sunnan bein lína af Hnjúknum, þarsem hann er hæðstur, niður um miðja bláurð og svo eptir vörðum yfir mýrarnar sunnan við Klofasteinsholt þarsem Hornvarðan (útvestr af Hornvörðu Syðriþrekkna og Framness), þaðan er bein stefna til úrvesturs með Holtsjaðrinum, vestur af yfir Klofasteinum og beina sömu stefnu í áðurgreinda Hornvörðu í Bugasundi. Upprekstur á jörðin í Silfrastaðaafrett.

Svarðastöðum 19. maí 1890.

Rannveig Þorkelsdóttir, eigandi að Brekkukoti

Björn Pjetursson, eigandi að Syðriþrekkum og ½ Dýrfinnastöðum.

Sigtryggr Jónatansson eigandi að ½ Dýrfinnastöðum.

Gísli Þorláksson, umráðamaður Axlarhaga.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 22

N^o 209

Landamerkjaskrá fyrir Syðribrekkum

Milli Syðri- og Ytribrekkna ræðr bein stefna úr Víðirhólmatá og í vörðu á Merkjaholti, sem er milli bæjanna, þaðan ræðr sjónhending yfir ásana og í vörðu í Bugasundi, sem er hornvarða milli Syðribrekkna að ofan og Brekkukots að neðan; úr nefndri hornvörðu ræðr bein stefna til suðurs í holtsjaðarinn vestur af ytri Klofasteinum, þaðan sjónhending í vörðu, sem er hornmark Syðribrekkna og Framness. Úr seinast nefndri vörðu ræðr bein stefna yfir vörðuás sunnanvið Kolbeinsstaðahól í garðlag austan í Rauðkuás, svo eptir beinni stefnu yfir ásana og sundin í landamerkjalaus, sem er milli Syðribrekkna og Framness, þaðan ræðr bein stefna eptir skurði, sem er í mýrunum til vatna. Svokallaður Brekknastokkur greinir frambakka frá eingabót og ræður merkjum. Vestan við Syðribrekkna engi renna Hjeraðsvötn, og ráða merkjum; 2 smá hólmar eru vestan við engið, sem upphaflega áminnstri jörð fylgja. Syðribrekkur eiga upprekstr í Hálfánartungna landi.

Hofstöðum 10. apríl 1890

Björn Pjetursson eigandi að Syðribrekkum og ½ Framnesi

Gísli Þorláksson, [eigandi] að Axlarhaga;

Pjetur Jónsson eigandi að ¾ í Ytribrekkum

¼ Eyjólfur Stefnásson

Rannveig Þorkelsdóttir, eigandi að Brekkukoti.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 22

N^o 210

Landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum

Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræðr bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppí botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan Kotgil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjardalslækr rennur í hana. Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á Fletjardal Fýlsmýrum og Kleifum. Þá yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þarsem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Ernisdalsbotn. Ræður svo Ernidsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggr Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækr rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.

Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrjett, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrjettina.

Silfrastaðakirkja á rekaítak á Skaga, allan reka frá Látratanga til Hamars í Sandvík.

Álfgeirsvöllum 31. marz 1890

Í nafni frú Marenar Lárusdóttur Ólafur Briem

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir

Stefán Sveinsson, eigandi Uppsala.

Sveinn Friðriksson ábúandi Ytrikota.

Þinglýst hinsvegar ritaðri skrá á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Mái 22

Nr^o 211

Landamerkjaskrá fyrir Krókárgerði.

Að vestan ræðr Stórilækr frá Norðurá uppí Stóralækjar skarð í fjallsbrúninni. Að sunnan bein stefna, þaðan yfir fjallið austur í botn á Ernidal. Að austan Ernidalsá og síðan Króká ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að norðan, vesturað Stóralækjarós.

Álfgeirsvöllum 31. marz 1890

Í nafni frú Marenar Lárusdóttur Ólafr Briem

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir:

Steingrímur Jónsson, ábúandi Silfrastaða.

Sigurlaug Gísladóttir eigandi Gulreits.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna.



Maí 22

N^o 212

Landamerkjaskrá fyrir Fremrikotum

Að vestan ræðr Merkjaskriða frá Norðurá og síðan Merkjaskriðugil upp í gegn um Merkjaskarð í fjallsbrúninni, og þegar því sleppur sama stefna norður í botn á Fletjardal. Að norðan Fletjardalslækur austur í Valagilsá. Að austan Valagilsá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan vestur á móts við Merkjaskriðu.

Álfgeirsvöllum 31. marz 1890

Í nafni frú Marenar Lárusdóttur Ólafur Briem

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir:

Steingrímur Jónsson, ábúandi Silfrastaða.

Sveinn Friðriksson, ábúandi Ytrihóla.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Mái 22

N^o 213.

Landamerkjaskrá fyrir Ytri-Kotum.

Að vestan ræður Kotá frá Norðurá og síðan Kotagil norður í Kotabotna. Að norðan bein stefna þaðan, fyrir norðan Kotaurðir, austur í botn á Fletjardal. Að austan bein stefna þaðan suður í Merkjaskriðugil, og síðan Merkjaskriða ofan að Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur að Kotárós.

Álfgeirsvöllum 31. marz 1890

Í nafni frú Marenar Lárusdóttur Ólafur Briem.

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir:

Steingrímur Jónsson, ábúandi Silfrastaða.

Friðrik Sveinsson Ábúandi Fremrikota.



Mái 22

N^o 214

Landamerkjaskrá fyrir Djúpadal.

Að sunnan fram ræður Djúpadalsá til jökuls, og austur í Gloppugil. Rjettsýnis þaðan norðureptir fjallinu mótsvið Hólastaðarmenn. Síðan rjett í vestr eptir öllu fjallinu og allt á Feikirsnauf og þaðan rjettsýnis í vörðu á Nautaskálarmel og þaðan rjetta sjónhending í vörðu við Djúpadalsáreyrar.

Djúpadal 14. apríl 1890.

Valdimar Jón Jónsson.

Eiríkur Jónsson (eigendur Djúpadals).

Þorvaldr Arason, eigandi Flugumýrar.

Þrúður Jónsdóttir eigandi Miðhúsa handsalað.

Stefán Eiríksson, eigandi Höskuldsstaða.

Hjörtr Hjálmarsson, eigandi að Stóruökum

Sigríður Guðvarðardóttir [eigandi að Stóruökum] og Litladal

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 22

N^o 215

Landamerkjaskrá fyrir Litladal.

Landamerkjum að austan ræður Grjótá uppað Stóruakratorfu landamerkjum, sem eru af Grjótárbarmi vestari úr steini í Fjallhólsnibbu. Þaðan rjetta sjónhending syðst í Hádegishól hinn fremri, nefnil. hinn vestari. Þaðan beina stefnu í Fuglstapa, og úr áðrnefndum Fuglstapa rjettsýnis norðureptir ásnum í Langdý og úr Langdýi beint úti Dalsá. Að norðan ræðr sú, er rennur milli Djúpadals og Litladals framað áðrnefndri Grjótá.

Hafragili 18. maí 1886.

Gunnar Gunnarsson, eigandi og umráðamaðr Litladals

Hjörtr Hjálmarsson eigandi að Stóruökrum

Sigríður Guðvarðardóttir [eigandi að Stóruökrum]

Stefán Eiríksson eigandi að Höskuldsstöðum

Þuríður Jónsdóttir eigandi Miðhúsa

Helga Þorvaldsdóttir [eigandi] Syðstugrundar

Jón Stefánsson, eigandi Minniakra.

Valdimar Jón Jonsson og Eiríkr Jonsson, eigendur Djúpadals.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 22

N^o 216.

Landamerkjaskrá fyrir Miðsitju.

Að norðan skilur frá Víðivallalandi Helluá, úr Miðsetuskarðsbotni allt að fossi þeim, er hún fellur í af Katlabrún. Og frá greindum fossi skilur sama á Miðsetu- og Hellulandamerki allt þartil hún fellur úr árgili suður og uppundan Hellubæ. Ræður svo lóðrjett lína beint ofan eyrarnar allt í Hjeraðsvatnanna elsta farveg. En að austan ræðr hábrúnnin á Miðsetuskarði ofan á mótsvið norðari breiðuskeiðarenda. En frá Sólheima og Sólheimagerðislandi skilur fyrnefndur breiðuskeiðaendi og þaðan í vörðu hlaðna syðst á Skollakletti, þaðan beina stefnu í Markklett, er stendur framaní björgunum, ræðr svo en sama stefna í vörðu hlaðna á svokölluðum vörðuás, þaðan beina stefnu í skurð, sem er eptir mýrardragi fyrir norðan Sólheimatún, ræðr svo skurðurinn ofaná bakkabrún, svo bein stefna í vörðu hlaðna vestan við Hjeraðsvötn. En að vestan ráða Hjeraðsvötn út að Hellulandamerkjum.

Miðsetu 1. maí 1890

Þóra Rósa Sigurðardóttir

Landamerkjaskrá þessa samþykkjum við

Helgi Jónsson, eigandi Sólheima.

Gísli Sigurðsson, eigandi Sólheimagerðis.

Eigendur Víðivalla fyri hönd mína og meðeigenda minna Sigurður Sigurðsson.

Jón Hallsson, umboðsmaðr Hellu.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Mái 22

N^o 217,
landamerkjaskrá Borgargerðis.

Að norðan ræðr Norðurá merkjum vestan frá Geldingsgili austur í Merkjaskriðugil við Gullreit, þá ræðr Merkjaskriðugil merkjum að austan uppá fjallsbrún, að sunnan háfjallsbrúnir vestur á móts við Geldingsgil, að vestan Geldingsgil niður í Norðurá.

Víðimýri 14. maí 1890.

J. Benediktsson.

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir

Eigandi Gullreits: Sigurður Sigurðsson.

Eigandi Egilsár: Þorkell Pálsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Mái 22

N^o 218

Landamerkjaskrá fyrir Kúskerpi.

Að norðan milli Kúskerpis og Úlfstaða, frá Hjeraðsvötnum ræður sjónhending í vörðu, sem hlaðin er á bakkanum, og þaðan beina stefnu í miðja Krikaborg, þarsem lægst ber á henni og í áframhaldi í sömu línu sunnan á Sjónarhól, og svo í vörðu sunnan við Hleynardyr á heiðarbrún, síðan eptir sjónhending beina línu til hæstu fjallsbrúnar.

Að sunnan milli þessarar jarða og Uppsala ræður sjónhending frá Hjeraðsvötnum í svonefndan Merkjastein og þaðan eptir vörðum í neðri og efri Markkletta og síðan áframhald sömu línu til hæstu fjallsbrúnar. Að austan ræðr háfjall auðn. Að vestan ráða Hjeraðsvötn.

Kúskerpi 17. maí 1890

Ólafur Hallgrímsson, eigandi jarðarinnar

Stefán Sveinsson, eigandi Uppsala

Pálmi Pjetursson vegna eigenda Úlfstaða.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-ökrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 22

Nr. 219.

Landamerkjaskrá fyrir Sólheimum með Sólheimagerði

Að norðan liggja landamerkin úr vörðu, er stendur við Hjeraðsvötn, og þaðan uppeptir eyrunum beint í skurð þann, er aðskilur Sólheima og Miðsitju engjar. Þaðan rjettsýnis í vörðu, er stendur á svokölluðum vörðuás og beint úr henni í markklett (sem er framaní björgunum). Þaðan beint í vörðu, er stendur á Skollakletti og svo þaðan í breiðuskeiðarendann norðari. Þaðan beina sjónhending í röðulsbrún. Ræðr svo röðulsbrún til fjallsbrúnar. Liggja svo merkin suðr eptir fjallsbrúninni á mótsvið Litlastólsendann norðari. Þaðan sama strik í merkjavörðu á Árgilshjalla og svo þaðan rjettsýnis í vörðu skammt fyrir ofan efri enda á svokölluðum Svartaskurði (sem er í bjargabrúninni út og upp frá Úlfstaðakoti) þaðan sem vörður vísa ofaní Merkjalág og úr Merkjalág beina sjónhending í skurð þann er aðskilur Sólheimagerðis og Úlfstaðaengjar; svo úr áðrnefndum skurði rjettsýnis vestur eyrarnar í kvísl þá er rennur á milli Steinsstaðahólms og Sólheimahólma. Ræður sú kvísl landamerkjum að vestan út á móts við vestasta merki á eyrunum á norðan

Sólheimum 1. maí 1890

Helgi Jónsson.

Landamerkjaskrá þessati erum við samþykk:

Eigandi Miðsitju: Þóra Rósa Sigurðardóttir

Eigandi Sólheimagerðis: Gísli Sigurðsson.

Eigandi Úlfstaðakots: Hallgrímur Friðriksson

Fyrir hönd eigenda Úlfstaða Pálmi Pjetursson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 22

N^o 220

Landamerkjaskrá fyrir Víðivöllum og Víkurkoti.

Að norðan milli Víðivalla og Miklabæjar, eru merkin úr miðri Grjótárskál beint ofan í Smjörklett, þaðan sömu stefnu ofan í vörðu hlaðna á Selhjallabrun (nú nefndri Þrætutungubrún). Þaðan bein stefna yfir sundin í vörðu hlaðna á svokallaðri Raufarborg, sem er lítið eitt ofar enn syðsta Miklabæjarborg. Þaðan sömu stefnu í Miklabæjar vallargarð, þar hann aðskilur Víkurkots og Miklabæjar tún og svo eptir þeim sama garði ofan yfir mýrina, svo vestur nesið og bakkana, meðan garðurinn liggur beint; ræður svo enn bein stefna til Hjeraðsvatna. En úr fyrstnefndri Grjótárskál ræður að ofan eða austan fjallsbrúnin suður eptir allt í Miðsetuskarðsbotn, og frá þeim Þröskuldi ræður aptur Helluá norður og ofan eptir skarðinu, og allt að fossum þeim, er hún fellur í af Selhjalla, þaðan í foss, sem fellur af neðstu brún, svo beri foss í foss. Og þennan veg skilur nefnd Helluá Víðivalla og Miðsetuland. En landamerki milli optnefndra Víðivalla og Hellu eru frá neðsta fossinum sama stefna í Markstein, er stendur skammt norður undan Helluborg; ráða svo vörður ofan yfir ásinn; ræður svo sama stefna ofan yfir sundið og mýrarnar sunnan syðstu Tvíbytru beina línu úr fyrnefndum fossum vestur yfir eyrarnar allt í elzta farveg Hjeraðsvatna, hverja stefnu enn greinilegar vísar stór steinn, er hillir af vatnabakkanum gegnt yfir á Reykjatunguhrygg. Að vestan ræður Hjeraðsvatnanna ^{nefndi} farvegur. Jörðin Víðivellir á Krossland á Norðurárdal til helminga á mótsvið Miklabæ. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess, er Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein stefna eptir hæðinni neðan við Smaladalinn uppí Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum að norðan. Að austan liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræður bein stefna eptir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til. Einnig á jörðin Víðivellir ítak í Silfrastaða afrjett, sem er hrossa og nauta rekstur.

Landspart á jörðin Víðivellir millum Krókárgerðis og Borgargerðis á Norðurárdal, er kallast Gullreitir, frá Stóra eður Strangalæk og að Merkjaskriðugili, frá Norðurá til fjallsbrúnar. Enn fremur á jörðin Víðivellir allan reka að helmingi fyrir Neðranesslandi á Skaga í Skefilsstaðahreppi frá Hörkná að norðan suður í Skarfsnöf, að undanskildum Nesbás, er Reynistaðaklausturs umboð á reka í. Hina partana á móti Víðivöllum á Neðranes og Mælifellskirkja.

Víðivöllum 28. apríl 1890

Fyrir mína hönd og meðeigenda minna Sigurður Sigurðsson.

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir:

Ábúandi Miklabæjar, Björn Jónsson.

Eigandi Miðsetu: Þóra Rósa Sigurðardóttir.

Eigandi Borgargerðis J. Benediktsson.

Umráðamaður Hellu, Jón Hallsson

Umráðamaður Silfrastaða Ólafur Briem.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-ökrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók
Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 22

N^o 221

Landamerkjaskrá fyrir Stóruökrum, Brekkukoti, Höskuldsstöðum og Miðhúsum.

Landamerkjum að austan, á milli Djúpadals og nefndra jarða, ræður á sú til jökuls, er rennur á milli Akradals og Djúpadals- Tungufjalls. Eiga þá nefndar jarðir í sameiningu allt land fyrir sunnan greinda á. Verða þar í Fagrahlíð, Hrafnabjargadalir báðir, einni Akraselsfjallið allt heim að Grjótá, ásamt Grjótárdal.

Landamerki milli Litladals og tjeðra jarða eru af Fuglstapa, er stendur á ásnum fyrir utan og ofan Brekkukot og beint í hádegishól hinn fremri, nefnil. vestari, þaðan rjetta sjónhending í fjallhól, þaðan beina stefnu í stein á Grjótárbarminum vestari. Eiga þá nefndar jarðir allt land á brún upp, sem er öll fjallsöxlin á milli áðurnefndra landamerkja suður að Þorleifsstaða landamerkjum, sem eru í syðra Kaplagil á brún upp, og úr áðurnefndu Kaplagili ofan í garðlag, er liggur ofan grundirnar, og svo úr því beina stefnu ofan á ásinn á móts við Merkjalá, er liggur framan í ásnum, og svo beint úr Merkjalá ofan að Hjeraðsvötnum. Ráða Hjeraðsvötn landamerkjum að vestan norður að Syðstugrundar landamerkjum, sem eru í Skinnþúfusýki og Garðlag í Skinnþúfuhólma, þaðan beina stefnu upp eyrnar í reiðgötur og verður þar hornmerki.

Landamerki milli tilgreindra jarða og Minniakra eru úr Reiðgötum beina stefnu í suður á móts við jarðfastan stein þann, er stendur fyrir sunnan Minniakratún og úr þeim steini beina stefnu í stein þann, er stendur í brekkunni fyrir sunnan Minniakragerði, og svo þaðan beina stefnu uppá Brekkukotsás í áðurnefndan Fulgstapa.

Hjer að auki á Akrakirkja ýms ítök samkvæmt máldagabrjefi af 1392. Þetta í rekum, þrjá hluti í viðreka í Básum eða Básareka vestan framm á Skaga; en hvalreka, þriðjung úr þriðjungi í hálfum hval fyrir öllum víkalöndum, sem þá voru svokölluð vestur til Laxár. Einnig á hún geldfjárrekstur lamba og eldra fjár, utan geldneyta, á Tjarnargil, sem nú er kallað Stafngil í Svartárdal. Enn eiga Akrar skógarpart framm á Öxnadalsheiði hrís og grafargjörð uppá reiðgötum framm að Kúskerpishvammi og ofanað ármótum. Item allan geldneyta rekstur á Öxnadalsheiði framm frá vörðum til Kallbaksár.

Skíðastöðum 13. maí 1890

Hjörtur Hjálmarsson eigandi Stóruakra

Sigríður Guðvarðardóttir [eigandi Stóruakra]

Stefán Eiríksson [eigandi] Höskuldsstaða

Þrúður Jónsdóttir [eigandi] Miðhúsa

Árni Jónsson læknir.

J. Hallsson.

Valdimar Jón Jónsson, Eiríkur Jónsson (eigandi Djúpadals)

Helga Þorvaldsdóttir eigandi Syðstugrundar

Jón Stefánsson [eigandi] Minniakra

Jóhann Jónsson [eigandi] Vaglagerðis

Gísli Þorláksson [eigandi] Grundarkots.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Mái 22

N^o 222

Landamerkjaskrá fyrir Minniökrum

Að norðan byrja merkin á hornmerki Akratorfu, og ræður sú merkjalína sömu stefnu eptir því er vörður vísa uppí langadý og verður þar hornmerki. Þaðan beina línu suður á Fuglstapa, sem er hornmerki. Þaðan rjettsýnis í Grástein, sem stendur neðan við brekkuna fyrir sunnan Minniakragerði. Þaðan í stein er stendur við syðra vallarhorn á Minniökrum. Þaðan beint ofaní næsta kvíslarfarveg og verður þar hornmerki. Ræður sjónhending þaðan í norður í fyrst umgetið hornmerki Akratorfu

Völlum 20. maí 1890

Jón Stefánsson, eigandi Minniakra.

Hinsvegar ritaðri skrá samþykkir:

Hjörtur Hjálmarsson

Sigríður Guðvarðardóttir eigendur Stóruakra.

Sama [Guðvarðardóttir] [eigandi] Litladals

Þuríður Jónsdóttir [eigandi] Miðhúsa

Stefán Eiríksson [eigandi] Höskuldsstaða

Fyrir hönd móður minnar Þorvaldr Arason.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Mái 22

N^o 223

Landamerkjaskrá fyrir Syðstugrund

Að sunnan ræður garðbrot sunnarlega í svonefndum Skinnþúfuhólma, þaðan til austurs í Merkjakvísl, Eyrarlæk, Haugalá syðri, Skálavörðu á Hauganesi og Langadý. Örnefni þessi bera öll hvert í annað í Skinnþúfusíki. Að austan ræður langadý landamerkjum utan Djúpadalsá, beina stefnu í Svartabakka. Að norðan eru landamerki bein stefna úr Svartbakka vestur í Miðsíki og þaðan til Hjeraðsvatna norðanvert við Vallabæ. Að vestan ræður vestari Kvísl Hjeraðsvatna suður að garðbrotinu í Sikinnþúfuhólma.

Flugumýri 8. maí 1890

Helga Þorvaldsdóttir eigandi Syðstugrundar og Miðgrundar

Stefán Eiríksson, eigandi Höskuldsstaða.

Þrúður Jónsdóttir [eigandi] Miðhúsa

Hjörtur Hjálmarsson

Sigríður Guðvarðardóttir eigendur Stóruakra

Sama [Guðvarðardóttir] eigandi Litladals

Jón Stefánsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Mái 22

N^o 224

Landamerkjaskrá fyrir Miðgrund með Grundargerði.

Að sunnan eru landamerki bein stefna frá Hjeraðsvötnum austur í Miðsíki og austur í Svartabakka, þarsem landamerki Djúpadals og Flugumýrar koma saman. Að austan eptir Dalsáreyrum til Katthamars og þaðan sunnanvert í Hestavígshamar. Að norðan eru landamerkin úr Hestavígshamri beint í Meyjarhól og úr Meyjarhól í hávestr til Hjeraðsvatna. Að vestan ráða Hjeraðsvötnin merkjum.

Flugumýri 13. maí 1886

Helga Þorvaldsdóttir, eigandi Miðgrundar og Syðstugrundar.

Þorvaldur Arason, eigandi Flugumýrar.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein króna



Maí 22

N^o 225

Landamerkskrá fyrir Stokkhólma.

Að utan úr miðjum Miðhúsabæ beint vestur eptir sólskífu á vestari Djúpafarvegsbakka, og það suður eptir sama farvegsbakka í uppsetta vörðu þar á bakkanum, sem aðskilur Miklabæjar og Stokkhólma jarðir; síðan beina línu eptir uppsettum vörðum í vörðu á vesturbakka Hjeraðsvatna sunnanvert við Grundarkot, og þaðan í miðjan farveg Hjeraðsvatna, og út miðjan farveg milli Gegnishólma og Stokkhólma.

Stokkhólma í maí 1890

Herdís Pálmadóttir

Samþykkir eru vjer:

P. Pálmason.

Sveinn Gunnarsson umráðamaðr Mikleyar, fullmaktaðr.

Sveinn Gunnarsson, umráðamaðr Syðra-Vallholts, fullmaktaðr.

Ábúandi ^{Syðravallholts} Gunnar Gunnarsson

Vegna Miklabæjar Björn Jónsson (benefiziarus)

E. Jóhannesson eigandi Vindheima

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 22

N^o 226.

Landamerkjaskrá fyrir Gegnishólma, sem er hálfur talinn með Seiluhreppi í síðasta jarðamati 1861, en hálfur með jörðinni Stokkhólma í Akrahreppi.

Að norðan móts við Mikleyjartá, sem er áföst við Gegnishólma, ræðr merkjum hár garður, yfir þveran hólman og út garðinum bein stefna austur í aðalfarveg Hjeraðsvatna (sem tekr austur að Þorleifstaðabökkum) og eptir honum fram fyrir Gegnishólmatá; svo eru merkin í miðjan farveg þann, sem skilur Gegnishólma frá Stokkhólma, alla leið til áðurnefnds merkjagarðs.

Samþykkir erum vjer

Eigandi Þorleifstaða. Jón Hallsson

Umráðamaððr Mikleyjar Sveinn Gunnarsson

Eigandi að 7/12 af Gegnishólma Pjetr Pálmason

Herdís Pálmadóttir.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 22

N^o 227

Landamerkjaskrá fyrir Keldulandi.

Að sunnanverðu Grjótá og Grjótárgil til efstu upptaka (sbr. landamerkjaskrá Stekkjarflata) en að norðanverðu eins og áður þinglesið brjef um landamerki milli Keldulands og Tyrfingsstaða ákveður, brjef það er merkt H I-82 N^o 3 Einnig á jörðin Kelduland 1/3 ein þriðjapart af afrjettarlandi því, sem nefnist Gilsbakkadalur.

Merkigili 15. maí 1890

Egill Steingrímsson

Samþykkir:

Jón Jónsson, eigandi Gilsbakka

Tobías Eiríksson, eigandi Stekkjarflatar

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 22. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna



Maí 23

N^o 228.

Landamerkjaskrá fyrir Daufá

Að austan ræður Svartá suður á móts við Markhól, sem er melhóll nyrst á Bleikjudalshryggjum og er þar landsuðurhornmerki við ána; þaðan upp í Markhól og eptir sömu stefnu upp fyrir norðan Reykjavallalaug og sunnan við Káratópt í syðri enda Sauðaskjólsgar, sem er útsuðurhornmerki. Þaðan sjónhending í Grástein á ásnum norðaustur undan Vallmúla, sem er útnorðurhornmerki, þaðan austur í vörðu á ásabrúninni norður undan Háahrauni þaðan í merkjavörðu á melnum fyrir sunnan Saurbæjarklauf of eptir sömu stefnu austur í Svartá, og er þar landnorðurhornmerki við ána.

Álfgeirsvöllum 26. apríl 1890

Ólafur Briem.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Eigandi Reykjavalla, Björn Pálmason.

Eigandi Álfgeirsvalla: Ólafur Briem.

Eigandi Saurbæjar: Ásgrímur Þorsteinsson

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1-ein-króna Jó



Maí 23

N^o 229.

Landamerki fyrir Villinganesi, liggjandi í Lýtingstaðahreppi innan Skagafjarðarsýslu.

Merkin byrja að utanverðu niður við Hjeraðsvötnin, sunnan við Markhöfða, sem kallaður er, þaðan ráða Hjeraðsvötnin merkjum suður í höfða, sem er vestur undan bænum á Keldulandi, þaðan til vesturs í miðja Þrætulág, sjónhending frá Keldulandsbæ. Úr miðri Þrætulág til norðvesturs beina stefnu í svonefndan Grænamó, sem er vestanvert við háсандinn, síðan úr þessum Grænamó, í vörðu, sem stendur á mel vestur undan Grænakletti, sem kallaður er. Úr áðurnefndri vörðu sjónhending norður eptir Mjósundi í mið Þrengsli, sem kölluð eru, þaðan sjónhending norður eptir sundinu í vörðu, sem þar er í sundinu, þaðan eru merkin til austurs í vörðu, sem er þar austur á brúninni, og úr þeirri vörðu beina stefnu austur í svokallaðan Grástein, sem stendur austan í brúninni fyrir utan og vestan Villinganes þaðan í beina línu sunnan við Markhöfða austur við Hjeraðsvötn, og er þar varða á merkjunum.

Villinganesi dag 11. febrúar 1890.

Eigendur jarðarinnar Villinganess

Jón Guðmundsson

Jóh. P. Pjetursson fyrir hönd þeirra ómyndugu

Una Þorkelsdóttir eigandi Breiðar.

Jón Jónsson eigandi Háls.

Þórður Pálsson eigandi að Breiðargerði.

Sigurlaug Gísladóttir eigandi Efra Lýtingstaða

Pjetur Pjetursson fyrir Teigakots

Jón Þorkelsson eigandi Lýtingstaða

Hálfván Guðjónsson Goðdalaprestur.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



Maí 23

N^o 230.

Landamerkjaskrá fyrir Reykjavöllum.

Að austan ræður Svartá suður á móts við vörðu, er hlaða skal við ána utan til á Skíðastaðabökkum.

Að sunnan liggja merkin beint þaðan upp í fornan merkjagarð ofan við alfara veginn, og eptir honum það sem hann nær. Þaðan beina línu upp í vörðu, sem stendur sunnan til á Háuborg. Þaðan rjettsýnis eptir uppsettum merkjum vestur í vörðu í flóanum norðan við Litlutjörn, hvar saman koma lönd jarðanna Reykjavalla, Skíðastaða og Vatnanna. Að vestan ræður bein stefna þaðan út í há Miðás, í vörðu, sem þar skal hlaðin, og eptir sömu stefnu í vörðu, sem hlaða skal á sundinu fyrir vestan Grensás, þar sem efsta steininn á melholti norðan við Kelduhvamm ber í Vatnsgilskverk.

Þaðan beint austur í vörðu á há Grensásnum og síðan eptir honum beina línu þaðan út í Sauðaskjólshöfð. Að norðan liggja merkin úr syðri enda Sauðaskjólshöfðar austur fyrir sunnan Káratópt, en norðan við Reykjavallalaug, beina línu eptir uppsettum merkjum í Markhól, sem er melhóll nyrzt í Bleikjadalshryggjum, og eptir sömu stefnu austur í Svartá.

Ásgeirsbrekku 8. maí 1890.

Björn Pálmason eigandi Reykjavalla

Landamerkjaskrá þessari erum við samþykkir.

Eigandi Skíðastaða Björn Þorkellsson

Eigandi Yztavatns Skúli Jónsson.

Eigandi Álfgeirsvalla og umráðamaður Daufár. Ólafur Briem

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og rituð í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1. ein króna



23. maí

N^o 231

Landamerki fyrir Steinstöðum.

Jörðin Steinsstaðir liggjandi í Tungusveit í Skagafjarðarsýslu, á sitt heimaland til ummerkja þeirra er hjer greinir: Að norðan eru merkin í melshöfðann að sunnanverðu við svo kallað Milnugil fyrir sunnan Reykjatún, og sjónhending í Svará, úr melhöfðanum til austurs, er tekin sjónhending í steina tvo á holtinu nálægt veginum úr greindum steinum í olbogamel utan við Steinsstaðatún, þaðan sama stefna til austurs í vörðu hlaðna á há tungunni, ræður svo enn sama stefna austur af yfir Steinsstaðahólm til Hjeraðsvatna, og miðast sú stefna í syðri skeiðmelsenda fyrir sunnan Víðivelli en utan Helluborg. Að austan ráða Hjeraðsvötn fyrir austan Steinsstaðahólm. Að vestan ræður Svartá. Að sunnan er hlaðin varða á Svartárbökkum og önnur sunnanvert í háum melhól fyrir ofan bakkann, síðan ræður sjónhending í stóran stein á hlóðum að kallaður er, austur á há hæðinni. Síðan ræður merkjum varða hlaðin austast á hæðinni, hjer um bil fjörutú og fjórum föðmum norðar en steinninn, ráða svo vörður ofan yfir mýrarsundið, og varða hlaðin á melnum austur frá sundinu, síðan sama stefna til Hjeraðsvatna austan yfir Steinsstaðahólm.

Landamerkjum þessum erum við undirskrifaðir samþykkir.

Sigurlaug Gísladóttir eigandi að ½ Steinstöðum

Daníel Sigurðsson eigandi að ½ Steinstöðum

Jóh. P. Pjetursson eigandi að Reykjum

Jón Þorkelsson eigandi Merkigarðs

Einar Jónsson eigandi að parti af Hjeraðsdal

Eiríkur Jónsson eigandi að parti af Hjeraðsdal.

Guðmundur Þorvaldsson eigandi að Stapa.

Jón Þorvaldsson eigandi að Stapa

E. Jóhannsson eigandi að Vinheimum

Magnús Jónsson eigandi að parti í Hjeraðsdal

Indriði Árnason umráðamaður að parti í Hjeraðsdal.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og innfært í Kaup- og veðbók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 232

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Bakkakoti liggjandi í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan úr melhorni því, er liggur fyrir ofan kláfin upp að sunnanverðu við læk þann, er fellur af hæðstu brún úr Byrgisklauf, og þaðan norðan á hámelana er liggja á háfjallinu, svo beina stefnu ~~stefnu~~ á Gónanda. Þaðan ofan með Langadal að norðanverðu ofaní austari Jökulsá, svo ræður hún til ármóta, en vestur í Jökulsá að vestan til áður nefnds melshorns.

Bakkakoti, 22. maí 1890.

Jón Jónasson eigandi

Samþykkur fyrir hönd Bústaðaeiganda Páll Andrjesson

Samþykkur Sveinn Guðmundsson fyrir Bjarnastaðahlíð.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 233 NB. (Sjá viðauka við þessa landamerkjaskrá) (N^o 309)

Landamerkjaskrá fyrir Bústöðum í Skagafjarðarsýslu.

Suður frá bæjar læknum vestan fram með austari Jökulsá fram í nyrðri Einirlæk svo upp með þeim læk að smalahól, síðan vestur á hæstu mela á fjallinu þaðan út hæstu brún út í miðja Graslá, svo eptir henni miðri út á há mela, og síðan beint norðaustur í svo kallaðann Gónanda, þaðan í syðsta Krókdalahrygg, svo ræður sá hryggur í lítinn höfða fyrir utan Langadalshöfðann við Jökulsárgil, þaðan ræður áin allt suður til bæjarlækjar.

Bústöðum 16. maí 1890.

Hjörtur Hjálmarsson eigandi.

Samþykkur Eiríkur Eirðiksson fyrir Skatastaði eigandi

Samþykkur Sveinn Guðmundsson fyrir Bjarnastaðahlíð, sem eigandi og umráðamaður.

Samþykkur Jón Jónasson fyrir Bakkakoti.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1.(ein króna)



Maí 23

N^o 234

Landamerkjaskrá fyrir Gilhaga.

Korná ræður merkjum að utan upp í bug þann, sem er á ánni rjett fyrir vestan Fjárnæli, úr bugnum beina stefnu í vörðu þá, sem er syðzt á Miðdegishólnum, úr þeirri vörðu rjettlínis upp í vörðu þá, sem er fyrir utan og ofan svokallaða buga, úr þeirri vörðu rjettlínis upp í vörðu, sem stendur á svokallaðri Seltungu, þaðan rjettlínis uppá Járnhryggsbrún þaðan beina stefnu fram í Stórhól á Nónfjalli, þaðan beina stefnu ~~eftir~~ efst í svokallaða Brunná, þar sem vegur yfir Litlasand liggur ofaná Brunnabrekku. Að sunnan ræður Gljúfurá fram í Túnársporð, þaðan ræður lækur sá, sem fellur úr Vatnafellsflóa og Flóalækur er kallaður, í þann læk, sem rennur sunnan með Vatnafelli austan undir klettabelti því, sem er sunnan og austan í Vatnafellsbrún, úr hans drögum vestur í áðurnefnda brunná. Að austan ræður ~~merkjum~~ Svartá merkjum. Merkjum þessum til fullrar staðfestu eru hjer undirrituð nöfn hlutaðeigenda.

Gilhaga 25. apríl 1890.

Magnús Jónsson eigandi að 5/8 úr Gilhaga.

Indriði Árnason eigandi að 3/5 í Gilhaga og Írafelli.

Eiríkur Guðmundsson eigandi að 2/3 úr Sölvanesi og Margrjet Kristjánsdóttir eigandi að 1/3 úr sömu jörð.

J. Magnússon prestur að Mælifelli

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1. (ein króna)



Maí 23

N^o 235

Landamerkjaskrá fyrir Sölvanesi.

Að sunnan ræður Korná merkjum upp í bug þann, sem er fyrir vestan Fjárnæli, úr bugnum, rjettlínis í vörðu sem stendur syðst á Miðdegishólnum, þaðan rjettlínis í vörðu, sem stendur á melhól, rjett fyrir utan og ofan Buga, þaðan rjettlínis í vörðu á austari Seltungubrún, þaðan rjettlínis upp í járnhygg, ræður svo járnhyggur merkjum út móts við Botnalækjar upptök. Þaðan eru merki þvert í austur í Botnalækjarupptök, síðan ræður Botnalækur merkjum ofan í syðri arm Dýrastaðalækjar, og sá nefndi lækjararmur út og ofan í Dýrastaðaklauf. Síðan ræður Dýrastaðalækur ofan til Svartár; að austan ræður Svartá merkjum.

Eigandi eður ábúandi Hamra hefir endurgjaldslaust beitarítak á sumrum, fyrir búsmála og hross sín, í svokölluðum botnum, fram að Heljargjá í Lönguhlíðarklettum í Sölvaneslandi.

Sölvanesi, 20. maí 1890.

Framanskriðuðum landamerkjum samþykkir:

Eiríkur Guðmundsson eigandi að 2/3 pörtum Sölvanes

Margrjet Kristjánsdóttir eigandi að 1/3 parti

J. Magnússon prestur á Mælifelli

Magnús Jónsson eigandi að 5/8 úr Gilhaga

Indriði Árnason eigandi 3/8 í Gilhaga

Jóh. P. Pjetursson eigandi Hamra.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1. (ein króna)



Maí 23

N^o 236.

Landamerkjaskrá Starrastaða.

Að sunnan er rjett stefna úr Torfhól í Einarshögg og þaðan í Heiðarhaus, svo út eptir mjóadalshryggnum, þar til kemur út á móts við Söðulinn í Hamraheiðabrúninni, þá er þaðan rjett stefna um Söðulinn og ofaní garðlag yfir Presthólsnesið utanvert og svo eptir því í presthól ytri, að austan ræður Svartá merkjum.

Mælifelli 4. apríl 1890.

J. Magnússon

Samþykkir ofanrituðum merkjum:

Jóh. P. Pjetursson eigandi Hamra og umráðamaður Hafgrímsstaða.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 237.

Landamerkjaskrá fyrir Mælifelli

Að norðan eru merkin frá ytri Presthól eptir garðlagi upp yfir Presthólanesið utanvert, og úr garðlagsendanum efri rjettlínis í Söðulinn í Hamraheiðarbrún, og þaðan bein stefna uppá Mjóadalshrygg, síðan eptir honum ~~suður~~ suður í Heiðarhaus, úr honum rjett lína í Járnhrygg^{enda} við Tröllaskarð, þá eru merkin eptir hæstu eggjum suður í Stórhól á Nónfjalli og frá honum bein stefna í upptök Brunnabrekkulækjar, en hann ræður merkjum ofaní Svartá á Stafnsgili, en síðan Svartá út að Einarsdalslæk, þá eru merkin eptir honum, og síðan bein lína í Hlaupakinnarhögg, svo eptir Reykjarfjalli þar sem það er hæst í hnjúká fremri, en hún ræður merkjum ofan í Mælifellsá, og síðan Mælifellsá allt ofan að Hvíteyrum, en þá eru merkin eptir gömlum farveg ofan í Svartá sunnan við Beitines, og svo eptir Svartá að ytri Presthól.

Mælifelli 4. apríl 1890.

J. Magnússon prestur á Mælifelli

Framanskriðuðum merkjum eru við samþykkir, sem lönd eigum að Mælifellslandi
Jóh. P. Pjetursson eigandi Reykja og Hamra og vegna Hafgrímsstaða.

Pálmi Pjetursson vegna eigenda Nautabús

Bjarni Ólafsson (eigandi að Stafni)

Eiríkur Guðmundsson eigandi Sölvanes

Magnús Jónsson eigandi að Gilhaga

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók
Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 238.

Landamerkjaskrá fyrir Nautabúi í Lýtingsstaðahr.

Að austan ræður Svartá, suður fyrir Beitines, til vörðu er þar stendur; svo eru merkin þaðan, sem vörður vísa upp í Mælifellsárgil, er svo ræður allt upp á móts við efri enda Vaðhvammsklappar, þar sem varða stendur; þaðan úteptir, eptir vörðum beint í markvörðu á Selás, þá ofan í Gilkoðtslæk er merkin fylgja meðan gilið heldur og úr því, er sjónhending ofan í vörðu að Svartá.

Skíðastöðum, 14. apríl 1890.

Í umboði eigenda Nautabús Pálmi Pjetursson

Framanskriðuð landamerki samþykkjum vjer undirskrifaðir.

J. Magnússon prestur á Mælifelli

Eyjólfur Einarsson vegna eigenda Mælifellsár

B. Þorkellsson (eigandi Skíðastaða)

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 239

Landamerkjaskrá fyrir Syðstavatni.

Að austan móts við Skíðastaði, ræður bein lína úr ^{Merkjavörðu} í flóanum fyrir norðan Litlutjörn í Litlutjarnar vörðu að norðanverðu við vestari enda tjarnarinnar, þaðan beina stefnu eptir flóanum í vörðu þá, er nefnist Stórihraukur, og svo eptir beinni stefnu suður í vörðu þá, er Hornmerki kallast. Síðan liggja merkin lítið eitt til austurs eptir smá vörðum í stein þann, er hæst ber á af þremur, og sem Bræður eru nefndir, og þaðan beint suður í vörðu á vestur bakka Stokksins. Að sunnan, móts við Brekkukot, ræður bein lína þaðan, sem vörður vísa, upp yfir flóann í Skurðvörðu, og svo beint eptir uppsettum merkjum upp yfir Ennin í Ennavörðu, er stendur á barði sunna til við mel þann, sem næstur er utan við Miðlæk. Þaðan beina stefnu, sem merkin sýna í Litlastallsvörðu, og síðan sjónhending upp í Skriðuvörðu. Þaðan þvert vestur yfir Vatnsfjall utanvert við háfjallið, yfir Grákolludal og Grensfjall vestur í vörðu á fjallinu norðanvert við Króksskarð.

Að vestan, móts við Leifsstaði, ræður sjónhending þaðan norður eptir Grensfjalli. Að norðan, móts við Ystavatn og Miðvatn liggja merkin þvert austur yfir Grensfjall og Grákolludal í vörðu á fjallsbrúninni. Þaðan eptir sömu stefnu ofan í Merkjaskurð í fjallinu, er ræður merkjum niður í fjallsrætur. Þaðan beint austur í Lækjargil fyrir ofan ána milli bæjanna, og úr því sjónhending í fyrnefnda vörðu í flóanum fyrir norðan Litlutjörn.

Syðstavatni, 20. maí 1890.

Eigandi (17.1 hndr.) Syðstavatns Jón Tómasson

Ofanskráð landamerki samþykkjum vjer:

Björn Þorkelsson eigandi Skíðastaða

Eigandi Miðvatns og Yztavatns Skúli Jónsson

Friðrik S. Stefánsson vegna eigenda ½ Brekkukots

Sigurður Sigurðsson eigandi ½ Brekkukots

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 240

Landamerkjaskrá fyrir Yztavatni og Miðvatni.

Að austan móts við Reykjavelli, ræður bein stefna úr vörðu í sundinu fyrir vestan Grensás suður á há Miðás, og þaðan beint í vörðu austan við Keldu í flóanum norðan við Djúpapoll (Litlutjörn). Að sunnan, móts við Syðstavatn, ræður bein stefna þaðan upp í Lækjargil fyrir ofan ána, og úr því beint upp í Merkjaskurð í fjallinu er ræður merkjum þangað sem hann lengzt nær. Þaðan beint upp í vörðu á fjallsbrúninni, og síðan þvert vestur yfir Grákolludal og Grensfjall vestur þangað, sem merkjavörðu á suðurbrún Hrómundarskarðs ber í Kirkjubust í Kiðaskarði. Að vestan, móts við Leifsstaði, ræður sjónhending þaðan norður eptir Grensfjalli í áður nefnda merkjavörðu. Að norðan, móts við Álfgeirsvelli, liggja merkin austur eptir syðri brúnum Hrómundarskarðs, og þaðan beint í slakka austanundir Stórhól. Ræður svo Vatnsgil ofan í fjallsrætur, og úr því bein stefna í efsta steininn á melholti norðanundir við Kelduhvamm. Þaðan beint í fyrst nefnda vörðu í sundinu fyrir vestan Grensás.

Yztavatni 4. maí 1890.

Eigandi Miðvatns og Yztavatns Skúli Jónsson

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Eigandi Reykjavalla Björn Pálmason

Eigandi Syðstavatns Jón Tómasson

Eigandi Álfgeirsvalla Ólafur Briem

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 241

Landamerkjaskrá fyrir Álfgeirsvöllum

Að austan, móts við Saurbæ, Daufá og Reykjavelli, ræður bein stefna úr krók á Borgará, þar sem hún fellur fyrst að Vallmúlaás, fyrir neðan Skúlamó, suður í Grástein á ásnum norðaustur undan Vallmúla. Þaðan sjónhending í Sauðaskjólshöf. Þaðan beint í Gresás, og eptir honum suður að vörðu, þar sem efsta steinæinn á melholti norðan við Kelduhvamm ber í kverkina á Vatnsgili.

Að sunnan, móts við Yztavatn og Miðvatn, ræður bein stefna úr áður nefndri vörðu á Grensás vestur í Efstastein á Kelduhvammsholti. Þaðan sjónhending í Vatnsgilskverk. Ræður svo Vatnsgil upp í slakka austan undir Stórhól. Þaðan beint í syðri brúnir Hrómundarskarðs, og eptir þeim vestur að vörðu á suðurbrún skarðsins á sýslumótum.

Að vestan, móts við Leifstaði, Bergstaði og Valadal, ræður bein stefna úr áður nefndri vörðu á suðurbrún Hrómundarskarðs þvert yfir skarðið, í Kistuna á Moshlíðarhnjúk, og eptir henni norður í botn á Melrakkadal. Að norðan móts við Kolgröf og Krithól ræður bein stefna úr botninum á Melrakkadal í upptökin á læknum. Ræður svo Melrakkadalsslækur til norðausturs á móts við nyrðri öxl Hærrafells. Þaðan þvert austur yfir Hærrafellsöxl í Grástein framan í Bringjum. Þaðan sjónhending í vörðu á Brúarmel sunnan við Kolgrafarmýri og eptir sömu stefnu í Kolgrafarlæk. Ræður svo lækurinn og síðan Borgará austur að Vallmúla-ás.

Jörðin á upprekstur í Álfgeirstungur á Eyvindarstaðaheiði.

Álfgeirsvöllum, 31. marz 1888.

Ólafur Briem.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Eigandi Saurbæjar Ásgrímur Þorsteinsson.

Umráðamaður Daufár. Ólafur Sigurðsson

Eigandi Reykjavalla Björn Pálmason.

Eigandi Yztavatns og Miðvatns Skúli Jónsson.

Umráðandi Bergstaða og Leifstaða Guðmundur Helgason

Eigandi Valadals P. Pálmason

Eigandi Kolgrafar Björn Þorláksson

Eigandi Krithóls Jósafat Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



23. maí

N^o 242.

Landamerkjaskrá fyrir Kolgröf

Að austan ræður hábrúin á Löngubrekku utan frá hornmerki því, er stendur yzt á brekkunni, beina leið í suðurenda hennar, þaðan beina stefnu yfir Engjamel, yfir mitt Engjamelsnes suður í Borgará (Kolgrafarlæk), ræður þá Kolgrafarlækur merkjum að sunnan upp í foss, þaðan bein lína í Brúarmel, þaðan beina stefnu yfir Grástein í Bryngjum upp í nyrðri Háafellsöxl, þá beina stefnu úr Háafellsöxl í Lækjarós, er fellur úr Melrakkadal, ræður þá Melrakkadalslækur upp í Melrakkadalsbotn, þaðan bein stefna í háhnjúkinn sunnan við Nónskál, þaðan í vörðu þá, er stendur að austanverðu við ána, lítið eitt sunnan er Krithólssel, ræður þá Víðimýrará um stund norður að vörðu þeirri, er stendur austan við ána og fellur í línu þá, er gengur frá vörðunni á Háahjalla, þar sem hann er hæstur, upp í Nónskálargil ofanvert, frá vörðunni við ána ræður bein stefna í vörðuna á Háahjalla, þaðan sjónhending í Stórahól sunnanverðan, þaðan beinleiðis í hornmerki það yzt á Löngubrekku, er ræður merkjum milli Kirkjuhóls, Krithóls og Kolgrafar.

Kolgröf, 22. d. maím. 1890

Björn Þorkelsson.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Eigandi Krithóls Jósafat Guðmundsson

Eigandi Víðimýrar J. Benediktsson

Eigandi Álfgeirsvalla Ólafur Briem.

Eigandi Valadals Pjetur Pálmason.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



23. maí

N^o 243.

Landamerkjaskrá fyrir Skíðastöðum og Gilkoti.

Að austan ræður Svartá merkjum suður á móts við vörðu á árbakkanum gagnvart Gilkotslækjargili, svo beina stefnu í gilið og upp eptir því að Króklæk, svo vestur í Markvörðu og þaðan í vörðu upp á mýrinni; síðan til norðurs í næstu keldu við Selásinn og út í Gilkotslæk er svo ræður allt til vörðu á vestur bakkanum, og eru svo merkin, sem vörður vísa út eptir bakkanum í stein þann er hæst ber á af þremur og sem Bræður eru nefndir, þaðan til vesturs eptir smá vörðum í vörðu þá er Hornmerki kallast, svo beina stefnu út eptir flóanum, sem vörður vísa í þá vörðu, sem Stórihraukur nefnist, þaðan til norðausturs eptir vörðum í þá vörðu er Litlutjarnarvarða heitir, og sem stendur að norðanverðu við vestari enda Litlutjarnar; svo út eptir flóanum í Merkjavörðu, sem er hornmerki Skíðastaða og Reykjavalla; síðan eru merkin austur í Háuborgarvörðu og svo ofan eptir beina stefnu eptir vörðum í garðspotta á bakkanum við Svartá sunnanvert við holtið við Reykjarvallamóa. Eru svo merkin sem fyrst greinir.

Skíðastöðum, 7. maí 1890.

Björn Þorkelsson (eigandi)

Pálmi Pjetursson, fyrir hönd eigenda Nautabús og Gilkots.

Björn Pálmason eigandi Reykjarvalla

Sigurður Sigurðsson (eigandi að ½ Brekkukoti

Jón Tómasson eigandi Syðstavatns.

Jóh. P. Pjetursson eigandi Reykja

Friðrik S. Stefánsson umráðamaður ½ Brekkukots.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 244

Landamerkjabrjef fyrir Sveinsstöðum

Kunnugt gjörist að landamerki kringum jörðina Sveinsstaði í Lýtingsstaðahrepp og Skagafjarðarsýslu, eru sem hjer greinir.

Að vestan ræður Svartá, að utan stendur til að sjá rauður steinn á mel niður við Svartá, og er þar grashvammur fyrir sunnan, með litlum jarðfalls skurði, úr þeim Rauðasteini beina stefnu eptir vörðum upp á flóabrún, og þaðan eptir uppsettum vörðum upp hálsinn beina stefnu allt austur í eggjar, í stein þann er líkist vörðu tilsýndar, á háum afskornum hraunhól, er stendur fyrir utan há eggjar, úr þeim vörðumyndaða steini beina stefnu suður austari eggja brún, í vörðu sem stendur þar á klettabrúninni, þaðan suður austan í brekkunum, beina stefnu í vörðu er stendur á litla klettabelti neðst við Mjóasund, austan í eggjunum, og svo suður það klettabelti í vörðu, er stendur á kletti, móts við vörðu sem stendur að austan undan miðju Mjóasundi, þaðan til vesturs í stein er stendur norðarlega á Hálsbungu, þaðan ofan í miðja Votulá, og þaðan ræður jarðfalls skurður til vörðu, er stendur utan við skurðinn, þaðan í mjótt grasdrag lítið neðar, og vörðu niður í Mó, í sömu stefnu beint að Svartá, móts við Sölvanes Miðhamar.

Sveinsstöðum 12. maí 1890.

Eigandi Björn Þorkelsson.

Framanskriðuð landamerki samþykkjum vjer undirritaðir

Eigandi Lýtingsstaða Jón Þorkelsson.

Sigurlaug Gísladóttir eigandi Efrakots

Eigandi Lýtingsstaðakots neðra J. Jóhannesson

Eigandi Teigakots Pjetur Pjetursson

Eigandi að Hóli Jón Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 245

Landamerkjaskrá fyrir Breið og Breiðargerði.

Kunnugt gjörist að landamerki kringurm jörðina Breið og Breiðargerði í Goðdalasókn og Lýtingsstaðahrepp og Skagafjarðarsýslu, sem metnar báðar að hundradatali, eptir nýrra jarðamati 25 hundruð og 6 úr hundraði; landamerkin eru sem hjer greina: Að vestan, ræður Svartá; að sunnan, garðstæði niður við Svartá, úr þeim garði beina stefnu upp í melhól lítinn, sem steinn stendur á, þaðan beina stefnu í jarðfallsskurð vestan á hálsinum, úr þeim skurði beina stefnu í vörðu, sem stendur sunnanvert við holtsjaðar upp á hálsbrúninni, úr þeirri vörðu austur beina stefnu, í vörðu sem stendur sunnan í Hraunborg, og úr henni beina stefnu í miðja Kálfatjörn, úr henni svo langt austur eptir beina stefnu í vörðu á melhól suðvestur frá Grænakletti, sem stendur undan miðju Mjósundi og úr þeirri vörðu til norðurs eptir miðju Mjósundi út í svokölluð Þrengli sunnarlega, móts við vörðu sem, stendur að vestanverðu á klöpp, síðan beina stefnu vestur á Eggjabrún, í vörðu á klöpp norðast, sem lítið drag er fyrir utan, úr þeirri vörðu beina stefnu vestur yfir flóann, í vörðu, sem stendur á flóabrún neðan við flóann, þaðan beina stefnu ofan í vörðu niðrí brekkum, og þaðan beina stefnu ofan í miðja Marklá, þaðan beina stefnu vestur yfir flóann í hæsta melhól, sem stendur yzt og efst við flóann, og úr þeim mel, sem hann er hæstur beina stefnu vestur í Svartá.

Sveinsstöðum dag 24. maí 1886.

Í umboði jarðareigandans Breiðar Björn Þorkelsson

Eigandi Breiðargerðis Þórður Pálsson

Zóphonías Halldórsson fyrir Goðdalaland

Jóh. P. Pjetursson fyrir jarðareiganda Ánastaða.

Jóhannes Magnússon eigandi að Hóli

Jón Guðmundsson fyrir Villinganesland

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 246.

Landamerkjaskrá fyrir Hóli.

Kunnugt gjörist að landamerki kringum jörðina Hól, í Lýtingsstaðahrepp og Skagafjarðarsýslu; landamerkin eru sem hjer greinir:

Að vestan ræður Svartá, að utan í vörðu, sem stendur móts við Sölvanes miðhamar upp frá ánni, og svo upp í mjótt drag fyrir ofan, þaðan beint í vörðu, sem stendur ~~beint~~ við jarðfallsskurð, sem ræður þaðan alla leið upp í miðja Vatnlá, og þaðan beina stefnu í stein, sem stendur norðarlega á Hólsbungu, og þaðan beint austur í Mjósund í vörðu austan Eggjar, og þaðan suður eptir miðju Mjósundi móts við vörðu, sem stendur á klöpp að vestan verðu á brúninni, sunnarlega í Þrengslum, þaðan í vörðu, er stendur vestarlega á eggjunum, sem lítið drag er fyrir utan, þaðan í vörðu fyrir neðan flóann og í miðja Marklá, síðan vestur yfir flóann í hæsta melhól sem stendur yzt og efst við flóann, þaðan beint vestur í Svartá.

Ánastöðum, 23. maí 1889.

eigandi J. Jónsson

Framanskriðuð landamerki samþykkjum vjer undirritaðir.

Eigandi Sveinsstaða B. Þorkelsson.

Eigandi Lýtingsstaða Jón Þorkelsson

Eigandi Teigakots Pjetur Pjetursson

Fyrir Breiðarland B. Þorkelsson

Jón Guðmundsson fyrir Villinganes.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 247.

Landamerkjaskrá fyrir Lýtingsstöðum í Skagafjarðarsýslu, og hjáleigunum Efrakoti, Neðrakoti og Teigakoti, sem eru óskiptar úr.

Að austan: ráða Hjeraðsvötn, suður á móts við sunnanverðan Markhöfða, sem er lítið fyrir sunnan kletthöfða þann, er lengst skagar þar austur í Hjeraðsvötnin. Að sunnan, (móts við Villinganesland) úr vörðu sunnanvert við Markhöfða, í Grástein, þaðan sömu stefnu, eptir uppsettum merkjavörðum, upp í vörðu fyrir sunnan og vestan Rauðadý, hvar saman koma Villinganess, og Háls lönd. Þaðan sömu stefnu móts við Hálsland, í vörðu nyrzt á næstu klettabrún. Svo liggja merkin til norðurs, móts við Sveinsstaðaland beint í vörðu á kletthæð þeirri er þar gengur lengst til austurs. Þaðan beint í strýtumyndaðan ^{stein} norðan til á Hraunhól sem er í suðvestur frá Gónanda; þá eru merkin til vesturs meðfram Sveinsstaðalandi úr fyrnefndum steini, sem vörður vísa, beint í Rauðastein, sem er vestast á holti; er Svartá fellur að, norðan við Þrætuhamm. Að vestan ræður Svartá merkjum. Að norðan: móts við Þorsteinsstaðaland (og Þorsteinsstaðakots, sem er óskipt) eru merkin eptir vörðum á gömlu garðlagi sem liggur neðan frá Svartá upp að eggjum; á eggjabrúninni þar undan, er merkjavarða, og úr henni beina stefnu eptir uppsettum merkjum, austur í vörðu á holtinu fyrir sunnan Skjónaskurð fáa faðma frá Hjeraðsvötnum.

Framanskriðuð landamerki samþykkjum vjer undirritaðir.

Eigandi Lýtingsstaða Jón Þorkelsson.

Eigandi Efrakots Sigurlaug Gísladóttir.

Eigandi Lýtingsstaðakots neðra Jón Jóhannesson

Eigandi að Þorsteinsstöðum Finnbogi Þorláksson

Eigandi Sveinsstaða Björn Þorkelsson

Eigandi Þorsteinsstaðakots Jón Þorkelsson.

Eigandi Teigakots Pjetur Pjetursson.

Eigandi að Hóli Jón Jónsson.

Jón Guðmundsson fyrir Villinganes.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1. (ein króna)



Maí 23

N^o 248

Landamerkjaskrá fyrir Litluhlíð liggjandi í Lýtingsstaðahreppi innan Skagafjarðarsýslu eptir brjefi frá 15. júní 1818 þinglesnu, samanber brjefi frá ári 1377 um Hof og Gilji.

Að norðan, móts við Bjarnastaðahlíð í garðlag það sem liggur frá Laxakershvammi beint á fjall upp, þaðan beina stefnu austur í Þæfumýrar, þaðan beina stefnu á Elliðabrún ræður hún svo fram eptir fyrir austan Geldingahæðir, fram að litla Elliða þaðan beint í vestur í Botnalæk, ræður hann þá og Hrúta ofan til Hofsár, sem ræður þá þaðan, út dalinn.

Jörðin á frían upprekstur í Gilja afrjett.

Þess skal getið, að landspartur liggur undir Hof milli Stórhóls og Laxakershvams einungis til slæгна.

Litluhlíð 1. maímán. 1890.

Ólafur Ólafsson eigandi.

Samþykkir:

Sveinn Guðmundsson Eigandi að Bjarnastaðahlíð.

Eiríkur Eiríksson eigandi að Skatastöðum

Ólafur Guðmunsson eigandi að Giljum.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 249

Landamerkjaskrá fyrir Hjeraðsdal og hjál. Stapa

Að sunnan, ræður garður sá, milli dalanna, neðan úr jökulsá rjettsýnis uppá Hellirsásbrún, samt alla áshlíðina að austanverðu, og áshöfuðið að norðanverðu, og alla austari krókana, fyrir vestan Stapavatn, og rjett út eptir melnum háa, sem liggur fyrir austan Sauðaskarð, rjettlínis í vörðu þá, sem stendur á austari kambabruninni fyrir ofan reiðgötur, þaðan beint í austur í vörðu þá, sem stendur á melnum fyrir utan stapana, þaðan austur að stapakvísl, þaðan beina stefnu austur yfir hólminn í Jökulsá.

Hjeraðsdal 23. apríl 1890.

Einar Jónsson

Eiríkur Jónsson

Sigurlaug Gísladóttir eigandi að ½ Steinsstöðum

Daníel Sigurðsson eigandi að ½ Steinsstöðum

Arnljótur Guðmundsson eigandi Hafgrímsstaða

Jóh. P. Pjetursson eigandi að ½ Brúnastöðum

Jón Þorkelsson eigandi að Merkigarði

J. Magnússon umráðamaður að ½ Brúnastaða.

Páll Ólafsson eigandi og umráðamaður Litladalskots.

Magnús Jónsson eigandi að 5.6 hndr. úr Hjeraðsdal

Guðbjörg Guðmundsdóttir eigandi að 6.4 hndr. úr Hjeraðsdal

Guðmundur Þorvaldsson eigandi að Stapa.

Jón Þorvaldsson eigandi að Stapa

Eigendur Litladals Björn Þorláksson Jónas Jóhannsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



Maí 23

N^o 250

Landamerkjaskrá fyrir Brekkukoti ásamt ¼ úr Syðstavatni, að túni undanskildu.

Að norðaustan móts við Skíðastaðaland, eru merkin úr vörðu á vestari bakka Stokksins, og þaðan sem vörður vísa suður eptir bakkanum til Gilkotslækjar, er þá ræður til Selkeldu við vestanverðan Selás, svo ræður hún að vörðu við enda hennar, þá eru merkin í vörðu suður á holtinu og eptir sömu stefnu í hornmerki í milli Brekkukots og Skíðastaða, sem er á mýrinni fyrir ofan Markvörðu; þaðan eru merkin að sunnan móts við Mælifellsá uppeptir, sem vörður vísa í Merkjaskurð og eptir honum meðan hann endist, svo sömu stefnu upp sunnanvert í Svartaskarð og vestur yfir fjall og Grákolludal sjónhending í vörðu á Fenjafjalli, þaðan norður í vörðu á Grensfjalli norðanvert við Króksskarð, þá austur yfir Grákolludal og Vatnsfjall utnavert við háfjallið ofaní Skriðuvörðu, svo sjónhending í Litlastallsvörðu og ofaneptir sem merki sýna í Ennavörðu (er stendur á barði sunnantil við mel þann, sem næstur er að utan við Miðlæk), svo ofan yfir ennin eptir uppsettum merkjum til Skurðsvörðu, og svo beint ofan yfir flóann sem vörður vísa til fyrsttaldrar vörðu á bakkanum.

Brekkukoti, 15. maí 1890.

Sigurður Sigurðsson.

Friðrik S. Stefánsson.

Samþykkir:

Björn Þorkelsson eigandi Skíðastaða

Pálmi Pjetursson vegna Gilkots.

Guðmundur Jónsson eigandi Hvamms

Eyjólfur Einarsson fyrir hönd eiganda Mælifellsár.

Jón Jóns^{Tómas}son eigandi Syðstavatns.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 23

N^o 251

Landamerkjaskrá fyrir Bjarnastaðahlíð.

Að norðanverðu á melhornið uppundan Kláfnum, þar beint upp sunnanvert við læk þann, sem kemur ofan af brún yzt á byrgisklauf og austur á hámeila utnavið Graslá, svo beina stefnu eptir Graslá miðri svo ræður bein stefna fram hæstu brún fjallsins fram fyrir ofan Smalahól; svo af þeirri brún ofan fyrir sunnan Smalahól suður í Dýjagilslæk, þaðan suður á mel austan við Þæfumýrar og í vörðu, er á melnum stendur þá beint vestur upp á hæstu fjallsbrún í vörðu þá er þar stendur, og þaðan sjónhending vestur í garðlag, þaðan beint ofaní Hofsá í Laxaker, þaðan eins og hún ræður, og þaðan eins og Jökulsá ræður út í áður nefnt melhorn uppundan Kláfnum.

Bjarnastaðahlíð, 17. maí 1890.

Sveinn Guðmundsson eigandi og umráðamaður

Samþykkir: Ólafur Ólafsson eigandi að Litluhlíð.

Samþykkir: Eiríkur Eiríksson eigandi að Skatastöðum

Samþykkir: Jón Jónasson eigandi að Bakkakoti

Samþykkur: fyrir Bústaða eiganda Páll Andrjesson.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 23

N^o 252

Landamerkjaskrá fyrir Þorljótsstöðum.

Að norðanverðu í stóragrjót þar beint upp á fjall til hæstu brúnar gagnvart Giljalandamerkjum, þaðan beint suður á Stafnsvatnshæð, og eins og hún heldur þá þaðan sjónhending móts við Giljaland, suður á neðri bakka vestur á Hofsa, þaðan eins og sú á ræður út í Stóragrjót.

Þorljótsstöðum 17. maí 1890.

Sveinn Guðmundsson eigandi

Jón Jónasson eigandi

Samþykkur Ólafur Guðmundsson.

Jónatan Stefánsson vegna Þorljótsstaða og Gilja.

Þinglýst á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 23. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí

N^o 253

Landamerkjaskrá fyrir Marbæli í Seiluhreppi.

Að austan ræður Djúpakvísl frá vörðu á austurbakka ytra Lambhagans suður að hornvörðu á austurkakka syðra Lambhagans. Þaðan ræður bein stefna til vesturs yfir Lambhagann í merkjaþúfu, sem sett er í mónum neðan við Sljettugötur, til móts við Glaumbæ, þaðan sömu stefnu í merkjaþúfu á Dagsholti. Þaðan eptir sömu línu upp flóann fyrir sunnan Stekkjarenni vestur í syðragrasvik austan við hæðina. Þaðan sömu stefnu vestur yfir hæðina í vörðu á austur bakka Meðalheimsvatns, þaðan vestur á vatnið mitt, og síðan norður eptir því miðju í vörðu á bakkanum fyrir norðurenda vatnsins, til móts við Þröm. Þaðan sömu línu til norðurs í hornvörðu vestaní hæðinni. Þaðan ræður bein stefna til austurs yfir hæðina og norðurenda ytri Kringlumýrar, skammt fyrir utan Grástein austan í Rjúpnaás og þaðan austar sunnan til á Hrásás ofan á Beinhallargarð, þaðan sömu línu ofanað Lambhagakvísl og yfir Lambhagann í fyrstnefnda vörðu á Djúpakvíslarbakka til móts við Kjartansstaði.

Einnig á Marbæli allt upphöggvið gras (heyskap) í svokölluðum Marbælishólma (sem til forna hefir líka kallast Sandengi), er liggur fyrir austan Djúpukvísl í Glaumbæjarlandi, út og yfir undan Marbæli, sömuleiðis mega Marbælis ábúendur rista torf í nefndum hólma, heyjum sínum til bjargar, þegar nauðsyn krefur. Áður nefndur Marbælishólmi hefir fyrmeirverið umgirtur af leir og sandfarvegum, og sjást merki þeirra enn, þannig, farvegur frá Djúpukvísl til austurs norðan við Marbælistjörn í kýldrag vestan við Selkvíslarbakka, kýldragið síðan til suðurs í farveg sem liggur vestur við á Djúpukvíslarbakkanum skammt fyrir sunnan ^{norðan} Jónsvað. Ræður svo Djúpakvíslin að vestan út að fyrnefndum farvegi.

Marbæli 10. maí 1890.

Magnús Hannesson (eigandi Marbælis)

Landamerkjaskrá þessari er jeg samþykkur, sem umráðandi Kjartansstaða og Þramar.
Ólafur Briem

Sömuleiðis eg, sem umráðamaður Glaumbæjar. J. Hallsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruseilu 24. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Seilu 24. maí

N^o 254

Landamerkjaskrá fyrir Bakka í Vallhólmi.

Að sunnan móts við Ytra Vallholt ræður gamall farvegur, sem nefndur er Skurðsvik austur úr Krossakeri, og vestur í Húseyjaraffall. Þaðan ræður nefnt affall til útsuðurs, allt þar til Bakkastokkur fellur úr því, sem ræður merkjum að vestan móts við Löngumýri norður í Borgareyjaraffall, er skilur Borgarey frá Vallhólmi, og ræður það merkjum að norðan. Að austan móts við Velli ræður grasdökk eða gamall farvegur, sunnan úr fyrnefndu Krosskeri, og síðan sama lína norður í Borgareyjafjall beina stefnu á há Geitaberg í Hegranesi.

Staddur á Völlum 16. maí 1890.

Ólafur Sigurðsson eptir umboði frá eiganda Bakka.

Sem eigandi og umráðamaður Vallna samþykkur Jónas Egilsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Stóruseilu 24. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 24

N^o 255

Landamerkjaskrá fyrir Ytra-Vallholti í Hólmi.

Að vestan ræður svokallaður Húseyjar affalli affall landamerkjum milli Húseyjar og Ytra-Vallholts, að sunnan milli Vallholtanna ræður bein stefna austur frá áðurnefndu affalli yfir svokallaðan Lónatanga í stóran stein á há Vallholtinu þaðan bein stefna austur í suðvestur enda á svokallaðri Slýtjörn; að norðan eru landamerki milli Ytra-Vallholts og Bakka frá Húseyjar affallinu, eptir farvegi þeim, sem Skurðsvík er kallaður, og ræður hann merkjum austur í svo kallað Krossker þar koma saman lönd jarðanna Vallholts, Bakka Vallna og Bakka. Frá Krosskeri ræður merkjum milli Vallholts og Vallna svokallað merkjadrag, sem liggur suður og austur frá tjeðu Krosskeri, austur að Atlagirðing, sem er fast vestan við dragið, þar sem það er lengst í austur.

Að austan milli Skinþúfu og Ytra-Vallholts eru merkin bein sjónhending úr Arnarbergi við Vindheimastekk í miðja Skollatópt, og úr henni bein sjónhending í Laugarkýllinn miðað í yzta Vallholtsendann (í norðvestur) og þaðan ræður miður Laugarkýllinn merkjum norður fyrir austan áðurnefnda Atlagirðing.

Að fengnu samþykki biskupsins yfir Íslandi, sem leitað verður með næsta pósti, til þessara merkja ofan nefndrar kristfjárjarðar, verða þau fullgild.

Staddur á Völlum í Hólmi, 17. maí 1890.

Zofonías Halldórsson, settur prófastur.

Jón Þorkelsson eigandi Bakka

Jón Ásgrímsson eigandi Húseyjar.

Vegna Skinþúfu eptir fullmakt. Jón Jónsson.

Sem eigandi og umráðamaður Vallna Jónas Egilsson.

Sveinn Gunnarsson umráðamaður Syðra-Vallholts.

Þinglýst á manntalsþingi á Stóruseilu 24. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 24

N^o 256.

Landamerkjaskrá fyrir Völlum í Vallhólmi

Að norðan ræður affalinn (áður kölluð vesturvötn) milli Vallnasporða og Borgareyjar, til suðurs fram að Grísahólma, svo liggur affalinn (eða sandarnir til austurs) hvar hann hefur upptök sín úr Hjeraðsvötnum, með svo kölluðum Sandgýgum, að Eiríkshöfða er liggur til suðurs fram að Vallnanesi, þar sem Hjeraðsvötn falla með, svo ráða þau alla leið fram að Fornuvallalandi, þá beint í vestur, yfir Gvendarpoll, (öðru nafni Dauðapoll) miðja leið milli Vallna og Skinþúfu, vestur móana og mýrarnar í dragið er skilur Vallna og Ytra-Vallakotslönd, svo eptir miðju draginu vestur með Þorsteinsmó, og norður með honum í Krosskyl (eða Ker kallað) þar Bakkaland nær að, þaðan eptir dragi, er liggur milli Vallna og Bakkamóa, svo beint í norður rjetta stefnu í Geitaberg í Hegranesi, yfir mýrarnar og Bæjatjörn (öðru nafni Bakkatjörn) svo beint norður sömu stefnu fyrir vestan Kríutjörn út að Stórutjörn, svo eptir henni miðri beina stefnu á Háguluborg lítið austar en Bakkakvísl rennur í upphaflega greindann affalla norðan við sporðana.

Skarðsá hinn 28. maímán. 1883.

Egill Gottskálksson (eigandi jarðarinnar).

Til glöggvunar merkja verða settar vörður í beinni línu þar sem heilt land er, en að öðru leyti ráða vatnsfarvegir eða drög.

Hvað Skinþúfu landamerki áhrærir að norðanverðu er samþykkur. Jón Stefánsson bóndi á Völlum

Samþykkur vegna Bakka Ólafur Sigurðsson eptir fullmakt.

Samþykkur vegna Ytra-Vallholts Zófonías Halldórsson

Þinglýst á manntalsþingi á Seilu 24. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 24

N^o 257.

Landamerkjaskrá fyrir Valadal með hjál. Valabjörgum og Valagerði í Skagafjarðarsýslu.

Að norðaustan, móts við Víðimýrarland liggja merkin úr hæsta depli á Brúarhól, sem er gengt Vatnsskarði, beinlínis í vörðu þá á Efri-Strýtuhol, þaðan sömu stefnu yfir stein, sem hlaðið er ofan á, í gil það, sem liggur ofan austanvert við há Hellufell; ráða þá fjallsbrúnir suður á móts við Rauðuskriðu, sem er vestur undan norðari enda Kistu; úr Rauðuskriðu móts við Bergsstaðaland, beina línu yfir Víðirfell í Selgil, þá eptir uppsettum merkjum beint vestur fjall í Klofastein á Dýhól, hvar saman koma lönd jarðanna Valadals, Bergsstaða og Eiríksstaða; frá Klofasteini móts við Eiríksstaðaland, eptir merkjavörðum norður fyrir austari Langasund yfir Halnamýri beina línu í Arnarvatnsenda syðri (eða lækjarás, sem er vestar enn í hann miðjan); svo eptir vatninu og læk þeim, sem úr því fellur til Vatnshlíðarvatns; þá eptir því vatni og læk þeim, er úr því fellur til Sæmundarár og eptir henni til fyrstgreindra landamerkja.

Alfgeirsvöllum, 8. maí 1890.

P. Pálmason

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Eigandi Víðimýrar Jakob Benediktsson

J. Hallsson umráðamaður Vatnsskarð og Vatnshlíðar.

Gísli Ólafsson eigandi að Eiríksst.

Sigríður Einarsdóttir eigandi Fjósa

Guðmundur Helgason vegna Bergsstaða.

Þinglýst á manntalsþingi á Stóruseilu 24. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1.00 (ein króna)



Mái 24

N^o 258

Landamerkjaskrá fyrir Vatnsskarði

Að sunnan og vestan eræ hornmerki þar sem í austara Vatnslæk rennur lækur, er kemur ofan úr Króksskarði. Ræður sá lækur norður í Króksskarð. Liggja þá merkin yfir Króksskarð. Norður úr Króksskarði ræður lækur, er rennur norður í Skarðsá. Þar sem hann rennur í Skarðsá eru hornmerki að norðan og vestan. Ræður þá Skarðsá austur í Moshólagil, er þar hornmerki að norðan og austan. Ræður þá tjeð gil, eða lækur, er eptir því rennur upp á Grísafell. Liggja svo merkin suður yfir Grísafell ofan eptir lág sunnan í því í vörðu á Teigunum, og þaðan eptir sömu stefnu suður í Sæmundará; eru þar hornmerki að sunnan og austan. Ræður þá Sæmundará að tjeðum Vatnslæk, sem svo ræður í fyrnefndan Króksskarðslæk.

Glaumbær, 1. maí 1890.

J. Hallsson (umráðamaður)

Samþykkir:

Pjetur Pálmason eigandi Valadals

Ólafur Briem umráðandi Fjalls og Skarðsár.

J. Benediktsson eigandi Víðimýrar.

Þinglýst á manntalsþingi á Stóruseilu 24. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0 75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 259

Landamerkjaskrá fyrir Illugastöðum í Skefilstaðahr.

Milli jarðanna Hrafnagils og Illugastaða ræður merkjum gil það, er kallað er Stóragil, frá gílinu ræður merkjum bein lína vestur Sandfell á hæsta hnjúk að norðanverðu við Smjörskál. Þaðan á mili Þverár í Hallárdal og Illugastaða ræður merkjum bein lína ofan hlíðina með Moldskurði til Skínanda skálarlækjar og með læknum til Engjalækjar, sem er hornmerki. Þaðan ræður merkjum bein lína á Klöpp, sem grjótvarða er hlaðin á, á miðju há Pokafelli. Þaðan ræður merkjum á milli Höskuldsstaða kirkjujarða landa Þverár og Hvammshlíðar og Illugastaða frá nefndri klapparvörðu bein lína í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suður á Ambáttardal á hól þann er nefndur er Sjónarhóll, sem er hornmerki, þaðan austur í garð, sem liggur fram eptir mýrunum norður frá Árseli (Fannlaugarstöðum). Þaðan á milli Skrapatungu afrjettarlands, og Illugastaða beina leið til Laxár, og ræður hún þaðan merkjum til fyrrnefnds Stóragils.

Skíðastöðum 31. jan. 1890.

Vegna Höskuldsstaða kirkjulands undirskrifar sem samþykkur:

Höskuldsstöðum, 31. janúar 1890. Eggert Ó. Briem.

Árni Jónsson (eigandi Þverár 31/1-90).

Samþykkir vegna Illugastaða: Jóh. Ólafsson. Hjörtur Hjálmarsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 260

Landamerkjaskrá fyrir Kleif í Kefilsstaðahr.

Að sunnan ræður lækur, er fellur til sjávar úr svonefndum Sóleyjarpytti fyrir utan Tæpugötu, þaðan til vesturs rjettsýnis nálægt Egilsvörðu, sem stendur á brúninni fyrir ofan Víðirbrekku og í vörðu þá, er stendur á hæðum þeim, er liggja til norðurs frá Heyvötnum, þaðan rjettlýnis vestur til Mávats og þvert yfir það vestur til austari Brunabrunar. Að vestan í vörður, sem Brunabrunin heldur til Vörðuháls er þar stendur, og er þar hornmerki. Þaðan liggja merkin til austurs fyrir norðan Hólmatjörn og í stein þann, er stendur á nú svonefndu Hrossafelli. Þaðan rjettlýnis í vörðu, er stendur á mel næst fyrir sunnan innri Bjargalæk og í fossinn, þar sem tjeður lækur (Bjargalækur) fellur til sjávar af bjargi fram. Ennfremur liggur hálf þursaker undir jörðina, ef það liggur fyrir merkjum. Öll fjara og allur reki hvals og viðar er jarðarinnar óátalin eign.

Glaumbæ 20. maí 1890.

J. Hallsson

Samþykkir:

Sigríður Guðvarðardóttir

Ásgrímur Þorsteinsson. (handsalað)

Sigurður Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 261

Landamerkjaskrá fyrir Lágmúla í Skefilst.hr.

Að norðan ræður lækur, er fellur til sjávar úr svonefndum Sóleyjarpytt. Þaðan bein stefna vestur í þjóðveg. Að vestan ræður þjóðvegurinn suður á móts við Hamarsgerði. Þaðan austur í miðja Lágmúlaborgina ytri. Þaðan rjettsýnis til sjávar.

Fjara öll og reki kvals og viðar er jarðarinnar óátalin eign. Jörðin á fríann upprekstur í Skagaheiði.

Geldingaholti 20. maí 1890.

Ásgrímur Þorsteinsson.

Samþykkir:

J. Hallsson eigandi Kleifar.

Sigurður Jónsson eigandi Hvalness.

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Mái 28

N^o 262

Landamerkjaskrá fyrir Sævarlandi.

Að austan ræður Illagil neðan frá sjó og upp í svokallaðann Miðtind, sem er efst á Tindastólsbrúninni; og þaðan vestur yfir ofan í Markhólahvolf í lítinn læk, sem rennur ofan á milli Markhóla, síðan beinlínis ofan í Laxá og á þar að hlaða suðvestur hornmerki. Síðan ræður Laxá út á móts við Fjöruhól og svo sá forni Laxárós norður úr mölinni, sem er þegar hællinn, sem er rekin ofan í Krosshól, ber yfir bænhúsið á hlaðinu á Sævarlandi. Ræður svo flæðarmál alla leið inntil Illagils.

Hafragili 30. janúar 1889.

Gunnar Gunnarsson eigandi að Sævarlandi.

Sigfús Jónsson (prestur í Hvammi)

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 263

Landamerkjaskrá fyrir Neðranesi í Skefilsst.hr.

Að austan ræður sjóarströndin frá Hörkná að norðan inn að garðlagi skammt fyrir innan Neðranesstekk, sem er hornmerki við sjóinn, þaðan vestur í Grænupúfu á hömrunum, þaðan í vörðu á Skjaldbreiðar urðum, þaðan í vörðu sem hlaða skal á Búrfellshæðum, þaðan í mitt Trafalaskað, sem er gegnum Kjölinn fyrir austan Aravatn sem er hornmerki, þaðan til norðurs í Hrafnabjargargljúfur, sem er hornmerki, þaðan í Miðdegisvörðu á Neshæðum fyrir sunnan Nónhól, þaðan í Grjótkeldu, er liggur gegnum rindan austur undan syðri endanum á Efranesvatni, þaðan lítið eitt fyrir sunnan Hrísholt til Neðranesvatns, ræður svo vatnið norður til lækjar þess sem rennur úr vatninu Neslækur, sem ræður merkjum, til Hörknárvatns frá vatninu ræður Hörkná til sjávar, sem hornmerki.

Rekamerki talinn:

Frá Hrökná með sjó fram fyrir öllum Keflabakka og inn undir Skarfsnöf eru Víðivalla og Mælifells kirkjur taldar eiga þrjá fjórð(u) parta reka, á móts við Neðranes einn fjórða hluta. Reynistaðaklaustur talið eiga allan reka í Nesbás, og á Heinsnesi utan frá Bræðrum og inn að garðlagi því, er hlaðið hefir verið fyrir ofan nesið. Allan annan reka en hjer talin ítök, sem finnast fyrir Neðranes landi, á jörðin sjálf eða eigandi hennar.

Höfnum, 21. apríl 1888.

Jónína Þórey Jónsdóttir eigandi Neðraness.

Samþykktur vegna 1/3 Mallands og Efranness.

Álfgeirsvöllum 24. oktbr. 1888.

Ólafur Briem. (umboðsmaður Reynistaðarkl.)

Samþykktur að því er snertir þann ¼ hluta reka fyrir Neðraness landi, sem Mælifellskirkju tilheyrir

P.t. Höfnum 21. júní 1889.

J. Magnússon prestur á Mælifelli

Fyrir hönd mína og annara Víðivalla eigenda.

Víðivöllum 2 júlí 1889.

Sigurður Siguðrsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 264

Landamerkjaskrá fyrir Þangskála og Kelduvík.

Að vestan ræður sjávarströndin til Þangskálavatnshorns, hvar hlaðin er varða við þrjá jarðgróna steina, og eru ^{reka}merkin milli Hrauns og Þangskála sjónhending úr nefndri vörðu á á Úlfsdalatá. Þaðan eru landamerki yfir vatnið til Steinalækjaróss, þá ræður Steinalækur uppí Steinatjörn. Úr efri Steinalækjarós beina stefnu til Dauðsmannsvörðu á rindanum fyrir neðan Kolluvatn. Þaðan beina stefnu framan til í Grafadal. Þaðan í Sellækjarós við Nesvatn. Svo ræður Nesvatn að framan austur að Nesá. Að austan ræður Nesá ofan í Hörnárvatn, þaðan beina stefnu til Hörnár óss, svo ræður Hörná til sjóar, hvar hún ræður landamerkjum. En reka ítök eiga fyrir landi ofanefnda jarða. 1. Miklabæjarkirkja frá Rekasteini í Kelduás, næst fyrir utan Kelduvík. 2. Reynistaðaklaustur á reka frá Lönguvík til Hörnár. Fleiri ítök eru ekki í landi ofangreindra jarða.

Þangskála 8. júní 1888.

Jónatan Jónatansson Eigandi Þangskála og Kelduvíkur.

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



[M]aí 28

N^o 265

Landamerkjaskrá fyrir eyðijörðinni Bakkakoti.

Að austan ræður sjávarströndin frá Bakkakotsá inn í Krókinn. Þaðan austur að hinum forna Laxárós, þar sem krossinn á Sævarlandi ber yfir bænhúsið. Þaðan ræður Laxá inn á mótis við syðri röðina á Sigguhól. Þaðan upp í tvo steina á hálsbrúninni sem heita „Bræður“. Þaðan vestur í Krók á Bakkakotsánni og er þar hlaðin varða við ána og ræður hún þaðan merkjum til sjávar.

Miklabæ 9. apr. 1890.

Björn Jónsson (benefic)

Samþykkt ofan rituðum merkjum, að öðru leyti en því, að þar er ekki getið rekaftaka. Þorgbjargarstaðir eiga 2/3 hluta reka frá innsta kletti undir bökkunum og austur að forna Laxárós, og Hvammskirkja 1/3.

Hafragili 25. maí 1890

Sigríður Guðvarðardóttir.

Sigfús Jónsson (prestur í Hvammi)

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Mái 28

N^o 266.

Landamerkjaskrá fyrir milli Kleifar og Ketu í Skefilsst.hr.

Að sunnan: úr innri Bjargalæk þar sem hann fellur að bjargi í vestara bergshorn, og þaðan beina stefnu í stóran stein sunnan til á Hrossafelli, þaðan í syðra Hágbrekkuhorn, sem er hornmerki.

Óli Sveinsson. Jóhannes Sigmundsson.

Milli Ketulands að vestan eru frá Syðrahágbrekkuhorni norður austari brunabrún til Kárahóls í Ketugrænum, sem er hornmerki að norðan, þaðan til Mjósunds hjá Selvatni, og þaðan til vörðusandshóls og þaðan í mjóddina á Mallandsdal, þaðan til sjávar í svonefnda „Bræður“, sem standa í flæði norðan við Hjálmarsvík. Ennfremur hálfþússaker ef það liggur fyrir merkjum.

Hafragili 29. maí 1890.

Sigríður Guðvarðardóttir eigandi Ketu

Árni Jónsson vegna eiganda Kleifar.

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 267.

Landamerkjaskrá fyrir Hvammi í Laxárdal ásamt skýrslu um ítök krikjunnar þar.

Hvammur á land til þessara ummerkja:

Að sunnan úr miðtöpp á Tindastól í Hornborudæli og þaðan beint vestur í Laxá, að vestan ^{ræður} Laxá; að norðan úr miðtindi á Tindastól ofan Markhólahvolf í læk, er rennur niður milli Markhólanna og þaðan beina stefnu vestur í Laxá, og á þar við ána að hlaða vörðu, sem sje norðvestur hornmerki; að austan ræður brúin á Tindastól frá miðtindi til miðtopps.

Eptir hinum authoriseruðu máldögum Auðunnar biskups og Jóns biskups skalla, á kirkja hins heil. Ólafs í Hvammi í Laxárdal hálf heimaland og alla Atlastaði með öllum rekum þeim, sem henni hafa fylgt, og eptir hinum authoriseraða máldaga Ólafs biskups á hún land hálf með reka öllum, sem því landi hafa fylgt að fornu og nýju. Frá Stapa við Landsenda móts við Reykjareka á greind kirkja allan reka hvals og viðar og öll önnur fjörugögn og selver hálf í Stapanum; sömuleiðis í Þorbjargarstaða reka þriðjung alls rekaviðar, hvala og annara fjörugagna, og í Bakkakotsreka helming í öllum reka viðar og hvala og annara fjörugæða, og ennfremur fjórðung í hvalreka frá Gauksstaðaá og inn til Bakkaár, er fellur milli Skefilsstaða og Bakkakots. Líka á Hvammskirkja vætt af hverjum hval, tvítugum og lengra, hvernig sem á land kemur, nema uppskorin, sje á skipum fluttur, frá Gauksstaðaá og vestur til Deildarhamars. Vestur á fjalli á Kirkjan móskurð og hrísrif fyrir handan á, hvortveggja í Þorbjargarstaðalandi og á sellandi mánaðarheit á sumri og selstöðu; sömuleiðis fiskatoll á öllum Skaga að austan, vestur til Mánavíkur; fiskfjórðung af hverjum manni, sem rær til miðsumars.

Hvammi marz 1890.

Sigfús Jónsson

Hjörtur Hjálmarsson ábúandi Skíðastaða

Eptir þeim authoriseruðu máldögum Auðunnar biskups og Jóns biskups skalla á kirkja hins heil. Ólafs í Hvammi í Laxárdal hálf heimaland og alla Atlastaði með öllum rekum þeim, sem henni hafa fylgt, og eptir þeim authoriseraða máldaga Ólafs biskups á hún land hálf með rekum öllum, sem því landi hafa fylgt að fornu og nýju; frá Stapa að Landsenda móts við Reykjareka; á greind kirkja allan reka hvals og viðar og önnur fjörugögn og selver hálf í Stapanum, sömuleiðis í Þorbjargarstaðareka þriðjung alls reka viðar, hvala og annara fjörugagna og í Bakkakotsreka helming í öllum reka viðar og hvala, og annara fjörugæða, og ennfremur fjórðung í (öllum) hvalreka frá Gauksstaða á, og, inn til Bakkaár, er fellur milli Skefilsstaða og Bakkakots. Hólastaður á hvalreka hálf við Hvammskirkju, svo víða sem hún á.

Líka á Hvammskirkja vætt af hverjum hval, tvítugum og lengri, hvernig sem á land kemur, nema uppskorinn, sje á skipum fluttur, frá Gauksstaða á og vestur til Deildarhamars. Vestur á fjalli á kirkjan móskurð, og hrísrif fyrir handan á, hvortveggja í Þorbjargarstaðalandi og á sellandi mánaðarheit á sumri og selstöðu; sömuleiðis fiskatoll á öllum Skaga að austan vestur til Mánavíkur; fiskafjórðung af hverjum manni, sem rær til miðsumars.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Í visitatiubók biskups Jóns Vigfússonar stendur: Kirkjan á allt heimaland til þessara ummerkja, eptir tilvísun staðarhaldarans, séra Jóns Þórðarsonar: að norðan úr miðtindi, og svo rjettsýnis í bæjardyr á Þorbjargarstöðum; að sunnan úr miðtopp í Hornborudali og þaðan ofan í Laxá sunnan til í norðari heygarðinn er stendur á árbakkanum. Síðan ræður Laxá dalnum út að Þorbjargarstöðum. Stólsbrúnin ræður uppi, að austan.

Þannig gjört að Hvammi í Laxárdal við visitatiu, hinn 10. júlí 1889.

Zófonías Halldórsson settur prófastur, fyrir Hvammsland.

Gunnar Gunnarsson eigandi Sævarlands og Þorbjargarstaða samþykkur. (handsalað)

Hjörtur Hjálmarsson fyrir eiganda Skíðastaða

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 268

Landamerkjaskrá, á milli Hrafnagils og Hafragils ræður merkjum frá Laxá Stóragil, á meðan það liggur beint til vesturs, og þaðan frá bein stefna í lækinn fyrir sunnan Rjettarfell, og með læknum vestur fyrir Þrengslin, þar sem hann kemur úr vörðuflóanum og svo vestur með melabörðunum að norðan, vestur undir Víðirlæk beint á móti Skeiðsmelsenda 'austari og þaðan beint uppá Sandfell, þaðan austur Sandfellsbrúnir og beint til Stóragils, sem ræður merkjum á millum Illugastaða og Hrafnagils til Laxár, þaðan ræður Laxá merkju til fyrstnefnds Stóragils.

Skíðastöðum 24. maí 1890

Hjörtur Hjálmarsson vegna umboðsmanns Hrafnagils

Árni Jónsson eigandi Þverár.

Hjörtur Hjálmarsson meðeigandi Illugastaða.

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 269.

Rekaítök Miklabæjarkirkju á Skaga.

1. Hvalreka á Skaga milli Hólknuár og Fornuvarar tvo hluti úr þriðjungi; en vestar þaðan til Deildarhamars hálfu minna.

2. Í viðrekum: Norður frá læk þeim, er fellur ofan frá bænum í Kelduvík í sjó, og til jarðkross þess, er suður er frá bænum Þangskala; stendur þar steinn mikill í fjörunni, jafngegnt jarðkrossinum.

Miklabæ 17. maí 1890.

Björn Jónsson beneficiarius

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

N^o 270.

Reki fyrir Neðraneslandi.

Vjer undirskrifaðir eigendur reka fyrir Neðraneslandi í Skefilsstaðahreppi á Skaga, gjörum svofelldan samning með oss, að rekasviðið, sem nær frá Hörkná að norðan suður í Skarðsnöf, að undanskildum Nesbás, er Reynistaðaklaustur á reka í, skal vera óskipt milli vor; ber oss því í sameiningu allur reki á nefndu svæði, og skal honum hjer eptir skipt þannig, að Neðranes eigandi fái fjórða hluta, Víðivallaeigandi helming rekans og Mælifellskirkja fjórða hlut.

Höfnum á Skaga 27. marz 1890.

Jónína Þórey Jónsdottir Eigandi Neðraness

Víðivöllum 5. júlí 1889.

Sig. Sigurðsson (fyrir hönd mína og með eigenda minna að Víðivöllum).

Mælifelli, 6. júlí 1889.

J. Magnússon.

Vitundarvottar:

Jóh. P. Pjetursson.

Eyjólfur Einarsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Maí 28

Utdráttur í máldaga Miklabæjar.

Kvalreka á Skaga milli Hólknár og Fornuvarar ij hluti úr þriðjungi, en vestur þaðan til Deildarhamars hálfu minna. En svo skal hval deila: at landshluta skal skipta í þriðjunga, tekur, einn þriðjung Hólastaður, annan þriðjung Flatatunga og Hólastaður, hinn þriðja þriðjung skal skipta í þrjá staði, skal ij hluti þess þriðjungs taka Miklabæjarmenn, en hinn þriðja þeir sem eiga. En vestur frá Fornuvör oc til Deildarhamars eiga þessir menn hálfu minna.

Miklabæ 22. maí 1890.

Björn Jónsson.

Maí 28

Útdráttur af Ólafs Rögnvaldssonar máldaga

„Anno Domini MCDLXXXVij

Kyrkja í Flatatungu er helguð Gudi og hinum heilaga Pjetri, hún á viðreka á Skaga millum fornuvarar og Deildarhamars“.

Rjett útdregið staðfestir

Steingrímur Jónsson biskup yfir Íslandi.

Þinglýst á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl.

bokun



4. júní

N^o 272.

Landamerki fyrir Hólakoti í Hofshreppi.

Að utan móts við Þrastastaðagerði ræður Einbúahóll, þar varða. Þaðan uppeftir í dý neðan við hólana, ofan við það sett varða. Þaðan bein vinkillína til fjallseggja og á þeirri leið settar vörður sem þurfa þykir. Niður frá „Einbúa“ ræður bein stefna að Hofsmerkjum og á þeim kafla settar 3 merkjavörður.

Að neðan gagnvart Hofi ræður merkjum garður sá, er liggur út og suður niður á svokölluðum Langhólum, úr syðri enda hans sem bein stefna er til í vallargarðinn, sem er neðan við túnið í Garðshorni, og úr ytri enda garðsins eptir landamerkjum Hofis (bein stefna í svonefnt Kúgildisauga).

Að sunnan móts við Garðshorn ráða Langhólarnir að neðan og liggur merkjalínan upp utan við hæsta melhólinn, uppá milli svokallaðra Bræðrasteina uppá grundinni og upp í svartan bakka utan við ytri skriðurnar í gilinu, sem gengur niður úr dalsmynninu. Þaðan ræður bein vinkillína uppá svokallað Hagafjall, svo dalverpið liggur í Hólakotslandi.

Hraunum, 16. ágúst 1889.

E B Guðmundsson eigandi að ½ jörðinni

Guðmundur Einarsson eigandi að ½

Vegna Hofis samþykktur: O. Havsteen

Vegna Þrastastaðagerðis samþykktur O. Havsteen.

Vegna Garðshorn samþykktur sem umráðamaður Björn Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Hofi 4. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



4. júní

N^o 273

Landamerkjaskrá fyrir Höfða í Hofshreppi.

Að utan móts við Lónkot ræður merkjum niður við Lónið, er við mölina liggur svokallaður Þórislækjarós, sem er utarlega í Sandvík og rennur í Lónið. Frá ósnum bein stefna í gamalt garðmót uppí Sandvíkinni, er sjest upp að veginum. Á þessum kafla eru til ^{betri} glöggvunar settar 2 merkjavörður. Frá garðmótinu liggja merkin móts við Róðhól, eptir svokölluðum Mjóadal beina stefnu upp í klettabeltið er liggur lengst niður við úr Róðhólshnjúknum. Rekamark eður merki á malarkambinum niður við sjóinn, er bein lína eptir framanskriðuðum merkjum úr Þórislækjarós yfir mölina til sjóar.

Að sunnan móts við Vatn ræður Gljúfrá merkjum neðan frá vatni og uppað svokölluðum Rjúpnahól, sem er framarlega á Gljúfrárdalnum austan við ána, úr honum ræður bein vinkillína til fjallseggja. Móts við Bæ ræður merkjum svokallað Gerðisvíkurnef í Þórðarhöfða austur við vatnið, úr því bein lína yfir Þórðarhöfða í skarðið utan við Herkonuklett, er stendur framan í höfðabrúninni.

Rekamerki á milli þessara jarða skulu hjer eptir vera bein vinkillína úr vatnshorninu sunnan við Búðarbrekkur á Þórðarhöfða yfir malarkambinn til sjóar, og á þá Bær ítaklaust rekaland frá þessum merkjum út að þar fyrir sunnan, og Höfði ítakalaust rekaland frá þessum merkjum út að Þórislækjarósi.

p.t. Höfða 24. júní 1889.

vegna eigandans Chr. Havsteens E. B. Guðmundsson.

Samþykkur vegna Róðhóls. Jón Helgason

Samþykkur vegna Lónkots Sölvi Sigurðsson.

Samþykkur vegna Vatns: Gunnar Guðmundsson.

Samþykkur vegna Bæar: Konráð Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Hofi 4. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 4

N^o 274

Landamerkjaskrá fyrir Stórubrekku í Hofshr.

Að utan á milli Hornbrekku og Stórubrekku eru landamerkin úr krók á Urriðalæknum og í stórt dý, sem er þar uppundan og þaðan uppí stórt Melholt og vörðu á því, þaðan bein stefna upp í utanverðan Mómel svo í Svörtutjörn og þaðan bein stefna í Merkjastein neðst í tünnum jarðanna svo bein stefna upp í skarð í túngarð sem liggur fyrir ofan túnin, svo stefna eptir sjónhending upp í Fossabrekkulæk, svo í Fossabrekkutopp og svo beint í Brekkuskálarlæk og þaðan bein stefna upp í Brekkuskál og á fjall upp.

Að sunnan og neðan gagnvart Hofslanlandamerkjum sem liggja út og suður flóann eru landamerki milli jarðanna Stórubrekku og Þorgeirsbrekku gagnvart Litlubrekku landamerkjum að neðan úr vörðu og krók á svokölluðum Höfðalæk og þaðan í holt og vörðu fyrir sunnan og neðan völlinn í Þorgeirsbrekku, og þaðan bein stefna í vallargarð, sem liggur á milli og aðskilur túnin í Þorgeirsbrekku og Litlubrekku á efri enda garðsins er sett varða og úr henni ræður bein stefna í Hól strítumyndaðann með vörðu, úr þeim hól og vörðu er bein stefna upp í gil í fjallinu fyrir utan svokallaðan Grjótskál og þaðan beint á fjall upp.

Jón Þorsteinsson eigandi jarðanna: Stórubrekku og Þorgeirsbrekku.

Sölvi Kristjánsson eigandi Hornbrekku

Björn Pálsson fyrir Litlubrekku

S. Pálsson fyrir Hofseigendur.

Þinglýst á manntalsþingi á Hofi 4. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 4

N^o 275

Landamerkjaskrá fyrir Deildardals og Unadals afrjettum í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Almenningur Deildardals er frá forntíð álitinn að byrja vestanverðu í svokölluðu Tungufjalli fyrir framan Grynda sellands merki og kallast Stígar. Merkin að norðan eru í garðlag vestan í fjallinu í beinni stefnu frá afrjettará svokallaðri til fjallsbrúnar sunnanvert við svonefnda Smjörskál. Að vestan ræður afrjettará, að sunnan eru merkin í dalbotninum syðst, og þaðan eptir ~~brúinni~~ beinni stefnu yfir Tungufjall til botnsins á Seljárdal, þaðan til norðurs austan í Tungufjalli til Grynda sellandsmerkja. Að austan á Seljárdal eru merkin að norðan hin sömu og merki jarðarinnar Marbælis. Að öðru leyti eins og sýslutakmörk ráða.

Merki Unadalsafrjettar eru þessi: Austan við Hofsá byrjar afrjettarlandið við Grjótá að neðanverðu þar sem Sprænárland tekur við að utan og nær alla leið til sýsluskipta á jökul fram. Að vestan verðu byrjar almenningsland við Klifhól, þar sem Hofs selland endar og nær yfir allann Suðrárdal á jökul fram til sýslutakmarka.

Ofanskrifaðri merkjalýsingu erum við eigendur og umráðamenn samþykkir.

Enni 3. júnímán. 1890.

S. Pálsson

Þorgils Þórðarson.

Þorg. Kristjánsson hreppsnefndar oddviti

K Jónsson

B. Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Hofi 4. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 4

N^o 276.

Landamerkjaskrá fyrir Enni í Hofshreppi.

Að austanverðu milli Hólkots og Ennis eru þessi landamerki: Vestan við Hofsá úr lækjarskarði, sem ber lítið eitt sunnan við bæinn Á beina línu uppá miðstein af þremur sem standa á Sandhól, þaðan uppá eggjar, á þessari leið eru hlaðnar vörður. Að sunnan milli Nýlendis og Ennis ganga merkin austanhalt við Ennishjúksröðul, beint ofaní ytri Rauðamelsenda og sjónhending þaðan úr honum yfir efri Hrossadal, sunnan við Merkjálág, síðan yfir mitt holtið milli Ennis mógrafa og uppsprettulyndar, sem þar er rjett fyrir sunnan, síðan ofan flóan sunnanhalt við Einbúa þaðan á Sjónarhól og síðan í garðstúf, sem liggur að þvergarði þeim, sem gengur frá Grafará.

Merkjavörður eru og hlaðnar á þessari leið.

Að vestanverðu milli Ennis og Hofs aðskilur sami þvergarður löndin í norðaustur útá flóajaðar, þaðan liggja merkin beint út að Hofsá, þar sem áin til forna auðsjáanlega hefur runnið mikið suður á við, frá þeim farvegi, er hún nú hefur og hafa eyrarnar að ofan frá ómuna tíð verið kallaðar Enniseyrar eins og líka að neðan Hofseyrar.

Þessi landamerki skulu gilda fyrir alda og óborna, nema með löglegum gögnum sannað verði að öðruvísi eigi að vera, en lögleg gögn að fornu eru þau, sem hafa innsigli hlutaðeigenda og innfærð eru í máldagasafn stiftisins.

Enni 29. maímánaðar 1890.

Sem eigandi samþykkur: O. J. Havsteen

Fyrir hönd ekkjufrúar og eiganda Fru M. Lárusdóttir. Þ. Kristjánsson ábúandi

f eiganda af Hofstorfunni sýslumanns E. Briems

Sigm. Pálsson eptir fullmakt.

Guðjón Vigfússon Grundarlandi

Ásmundur Einarsson, Hólkoti

Ennfremur á Enni Selland að vestanverðu í Unadal frá garði sem er utan við Selhóla, eður sem öðru nafni kallast Almenningshólar, sem nær æð ofan að Strangalæk hvar Þönglaskála Selland tekur við.

Datum ante

Fyrir hönd eiganda Þ. Kristjánsson ábúandi

Samþykkur:

S. Pálsson

O. Havsteen.

Þinglýst á manntalsþingi á Hofi 4. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 5

N^o 277.

Landamerkjaskrá fyrir Heiði í Sléttuhlíð

Að vestan við sjó, úr steini framaní svokölluðu Markvíkurnefi, þaðan í garð, sem liggur upp í flóann, en þegar garðurinn þrýtur, ræður bein stefna í utanverðan Þófa, og eptir sömu stefnu á efsta höggið á Heiðarhyrnumni, þaðan ráða fjallseggjar vestan við Stafárdal. Að austan eru merkin úr miðjum Stafárosi, þar sem hún fellur í sjó, þaðan ræður Stafá þar til Hvítá fellur í hana, síðan ræður tjeð á, til upptaka, þaðan ráða háfjöll austan við Stafárdal fram fyrir botn hans, til áður greindra merkja.

Heiði 3. maí 1890

Konráð Sigurðsson

Guðmundur Jónsson eigendur.

Samþykkir framanskriafaðri merkjalýsingu vegna Yztahóls F. S. Stefánsson. S. Sveinsson.

Vegna Reykjarhóls F. S. Stefánsson. A. Þorleifsson. Sv. Magnússon.

Þinglýst á manntalsþingi á Felli 5. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 5

N^o 278.

Landamerkjabrjef fyrir Lónkoti í Fellshreppi

Að norðan frá sjó í Hvalshaus, þaðan eptir vörðum og sjónhendingu, beint stryk í svokallaðann sjómanna-Láarmel, þaðan beina stefnu í Brunhólsvörðu, að ofan: úr nýnefndri Brunhólsvörðu beina stefnu ofan til við Hólabrúnir, suður á móts við Þórislækjargarð; að innan: ræður garður ofaní miðja Sandvík, þaðan vörður í Þórislækjarás, svo í vörðu ofan við malarkambinn, úr henni eptir áður nefndri stefnu beint stryk til sjávar. Jörðin hefir fríja hagbeit yfir sumarið fyrir eina kú, í Tjarnarlandi þar á móti eiga Tjarnir frítt skipsuppsátur hjalls og báðar stæði á Lónkotsmö. Að öðru leiti eiga engir ítök í Lónkotsland hvorki reka, nje aðrar landsnytjar.

Yztahóli 27. maí 1890.

Sölvi Sigurðsson (eigandi Lónskots)

Samþykkir framan og ofanskriðuðum landamerkjum:

Róðhóli í umboði eiganda Jón Helgason

Kristinn Jónsson eigandi að Tjörnum

Guðm. Jónsson eigandi að Glæsibæ.

Vegna eiganda Hofða E. B. Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 5. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jón. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 5

N^o 279

Landamerkjaskrá fyrir Fjalli í Fellshreppi

Að utan á nefnd jörð land í vörðu á sjóarbakka fyrir innan Keldnasel, og uppfrá henni beina stefnu í Grænaþúfu í Kringlótttaflóa, og frá þúfunni beint í svo nefndar Gildrur utan á Fellinu, svo liggja merkin að austan eptir há Fellinu suður á vörðu þá er stendur fyrir sunnan Kjöl. Að innan nær land jarðarinnar að beinni stefnu úr hornvörðu þessari á svokallaðan Vörðuhól, sem líka er nefndur Einbúi og frá honum beina stefnu á Raufarberg við sjó, en rekaland frá Raufarbergi til Gjávíkurlækjar heyrir Felli til. Nær því rekaland Fjalls frá Gjávíkurlæk þar sem hann rennur í sjó og til vörðu þeirrar, sem fyrst er umgetið að standi á bakkanum fyrir innan Keldnasel. En það skal eptir látið, að fjárhús frá Felli standi á þeirri fornu Fjallslóð á sama stað eins og að undanförmu hefur viðgengist móti beit fyrir sauðfje í Hrolleifshöfða n.l. það sauðfje sem á jörðinni fóðrast, með því að fje frá nefndum Fells húsum jafnan nýtur þarabestar í Fjallslandi; líka skal frítt skipsuppsát frá Felli í Gjávík fyrir utan lækinn, en jafnframt er hjer með nákvæmlega framtekið að slíkt skips uppsát heimilar á engvann veg nokkurn reka fyrir utan lækinn og ekki þó rjett bæri uppí kjalfar skipsins.

Bræðraá 16. maí 1890.

Eigendur 2ja þriðjunga Sölvi Sölvason. Lilja Sölvadóttir

Björg Jónsdóttir eigandi 1/3.

Fyrir hönd prestssetursins Fells Pálmi Þóroddsson

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 5. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 5

N^o 280.

Landamerkjaskrá fyrir Hrolleifsdalsafrjett ^{etc.}

Annó 1761 dag 6. maí var sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu Jón Snorrason til staðar að Skála í Sljettuhlíð ásamt tilkvöddim mönnum að álíta jarðarinnar land til lands og vatns með hennar Herlighetum reka og afrjett sem seld var undan jörðinni, en hún á þar frían upprekstur ásamt öðrum jörðum í Sljettuhlíð út að Syðstahóli og Kambsstöðum að þeim bæjum meðtöldum, en aðrar jarðir í Sljettahlíð og Fellssókn eiga frían upprekstur á Stafárdal í Heiðarland austan Stafár. Reka á jörðin Skála sem hjer greinir:

Frá Fornáosi vestur að Laugabúð fjórðungar hvals og viðá til Raufarbergs. Allur reki hvals og viðar frá Skarfasteini á Straumnesi út að Yztahólsmarkjum. Item á jörðin Skála heyskap þann frían sem hafa má í svokölluðum Seta milli Stóra Gils og Almennings Skálár. Ennfremur engjatak í Giljareit í Klónslandi. Jörðin Þverá hefir frí heyskap í Hrolleifsdalsafrjett fyrir framan svo kallaða Sandárskriðu fram að Barnadalsá.

Guðm. Jónsson

Símon Ólafsson.

J. Snorrason

Bjarne Hallsson

Að þetta sje rjett ritað eptir sýndu skjali í skjalasafni Skagafjarðarsýslu, það vottast hjer með natorialitets eptir nákvæmann samanburð.

Notorius publicus í Reykjavík 29. ágúst 1889.

Halldór Daníelsson

Borgað 25 aur. tuttugu og fimm aur. Halldór Daníelsson

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 5. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 5

N^o 281.

Landamerkjaskrá fyrir Róðhóli í Fellshreppi.

Merki ^(milli) Róðhóls og Höfða liggja beint úr síðuklettum þar sem þeir ná lengst niður, ofaní Mjóadal, þaðan niður í Merkjalaut og í vörðu ofan til við Merkislautarhólinn. Milli Lónkots og Róðhóls liggja merkin úr nefndri vörðu ofan til við hólabrúnirnar út í Brunahólsvörðu sem líka er nefnd Brunalágarvarða. Merki milli Róðhóls og Tjarna liggja úr tjeðri Brunahólsvörðu eptir hólabrúnunum norðaustur á Kiðholt beina stefnu á garð þann sem skilur löndin austur að engjalæknum, sem líka er merkjagarður milli Bræðrár og Tjarna. Að austan, eða milli Róðhóls og Bræðrár skilur þessi lækur lönd upp að Merkjabúfu, sem stendur á lækjarbakka neðan við skriðufótinn, og þaðan beint í uppstunginn hnaus á skriðunni, svo eptir dragi, sem uppeptir liggur, og nær það þrýtur beint í Róðhólsgil, svo skiptir gilslækurinn löndum af upp á fjall.

Róðhóli 2. júní 1890.

Vegna jarðeigenda

Jón Helgason

Sölvi Sölvason.

Sölvi Sigurðsson

Kristinn Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 5. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 282

Landamerkjaskrá fyrir Bjarnargili í Holtshreppi

Að austan móts við við Saurbæ ræður merkjum sýki suður og neðan undir Saurbæ, eður pollur sem myndast í því, og bein stefna úr sýkisendanum niður í Fljótaá eptir markvörðum, sem settar eru þar. Úr tjeðu sýki uppeptir bein stefna í vörðu á Fitjarbrekku. Þaðan bein lína í syðsta vallargarðshorn á Saurbæjartúni. Frá Vallargarðshorninu bein stefna í svo kallaðann Tjarnadalshaus og svo þaðan bein lína til fjallseggja. Að sunnan móts við Molastaði ræður merkjum sýnilegur og þráðbeinn merkjagarður frá Fljótaá til fjalls. Að neðan Fljótaá.

p.t. Bjarnargili 10. júlí 1889.

Vegna eigandans Margrjetar Ólafsdóttur E. B. Guðmundsson

Vegna Saurbæjar Samþykkur: E. B. Guðmundsson.

Vegna Molastaða samþykkur: Árni Gíslason.

Þinglýst á manntalsþingi á Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 283.

Landamerkjaskrá fyrir Saurbæ í Holtshreppi

Að utan móts við Helgastaði ræður svokallað Saurbæjarsýki niður á mýrunum, úr sýki þessu bein lína þvert yfir hólmana niður að Fljótaá, og eru merki þessi auðkend með vörðum. Úr Saurbæjarsýkinu liggja merkin beint upp í Blákápugarð svo kallaðann, er liggur niður á milli bæjanna, og sjest nokkuð ofaní mýrarnar, síðan eptir garði þessum, þangað til hann beygir þvert út fyrir sunnan og neðan Helgastaði, þar úr horninu á garði þessum, skulu merkin hjer eptir vera bein upp fyrir sunnan svo nefndan Hjallhól í melshornið er lengst skjagar út, og síðan eptir Blákápugarði til fjalls, yfir Láguöxl og Ólafsmel til fjallseggja. Fellur þá undan Saurbæ en leggst til Helgustaða nefndur Hjallhóll, sunnan við bæinn í Helgastöðum, en Saurbær fær aptur í staðinn frían upprekstur á Holtsdal og beitiland fyrir búsmala þar.

Þessi breyting á merkjum er gjörð með samningi og samþykki allra hlutaðeigenda Holtstorfunnar eins og hennar landamerkja brjef vottar.

Að sunnan móts við Bjarnargil ræður merkjum annað sýki, suður og niður undan Saurbæ, eður pollur sem myndast í þessu sýki, og bein stefna úr sýkisendanum niður í Fljótaá, eptir markvörðum, sem settar eru þar. Úr tjeðu sýki uppeptir bein stefna í vörðu á Fitjar brekku, þaðan bein stefna í syðsta vallargarðshorn á Saurbæjartúni. Frá vallargarðshorninu bein stefna í svo kallaðan Tjarnadalshaus, og svo þaðan bein lína til fjallseggja.

Að neðan ræður Fljótaá merkjum.

p.t. Saurbæ, 10. júlí 1889.

E. B. Guðmundsson.

Sem umráðamaður Helgustaða samþykkur E. B. Guðmundsson

Sem umráðamaður Bjarnargils E. B. Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein krona)



júní 6

N^o 284

Landamerkjaskrá fyrir Stórholti með hjáleigunum Minnaholti og Helgustöðum.

Að norðanverðu rjeði Brúnastaðaá þangað til fyrir rúmum 90 árum að hún breytti farveg sínum; ræður síðan sýnilegur farvegur hennar, er liggur ofan með svonefndum Ketilás að utanverðu, ofan fyrir utan Holtstakka, og fer þá nefndur farvegur að verða ljósari og beygjist nokkuð suður á við, síðan nokkrum veginn beint niður að svokölluðum Álftatanga er Fljótaá myndar annars vegar skammt fyrir sunnan Miklavatnsendann, og þá út með tangnum til Miklavatns, hvar báðar árnar hafa fyrrum í það runnið. Fyrir ofan Ketilás ræður áin, er fellur með fossum í gili gegnum hólana ofan frá svonefndum Helgahvammi. Í nefndum hvammi er sveigur á ánni, fellur hún þaðan frá suðri, eða af Holtsdal og er þá nefnd Holtsdalsá. Hún ræður merkjum fram fyrir svo nefnt Kjóaholt, sem er að vestanverðu árinna. Þar skammt fyrir sunnan rennur í ána svonefndur Rjettarlækur; lítið framar fellur í ána að austan verðu svo kallaður Merkislækur, sem ræður merkjum þar að norðanverðu, er með djúpum farveg langt uppeptir hnjúk og fellur úr svo nefndri Krubbu. Upp frá þessum læk eru merkin rjettsýnis til Grænavallar hnjúkstopps, þá ráða fjallseggjar fram fyrir ofan Ólafsfjarðardal og austanverðan Holtsdal fram að botni, og út með honum aptur að vestan til Holtshyrnutopps, þaðan ofan á Láguöxl og þá ofan á svo nefndan Ólafsmel. Frá honum fer að sjást forn garður sem nefndur er Blákápugarður, er ræður merkjum að sunnan, sjest skýrt ofan í mýrar langt niður eptir þeim; þá beint niður úr garðsendanum niður í Saurbæjarsýki, síðan beint úr því yfir svo nefndan Helgustaðahólma og Punthólma til Fljótaár, sem þá ræður merkjum í vatn út. Þó tilheyrja Holtslandi tveir hólmar í ánni annar vestur undan Helgustaðahólma, hinn fyrir utan svonefnt Bjarnabrot lítið fyrir sunnan svo nefndan Lambhagagarð.

Landamerki hjáleigunnar Minnaholts að utan móts við Brúnastaði eru hjer framanskriðuð merki Holtstorfunnar fyrir austan á. En fyrir heiman ána neðan frá eru merkin frá Hamarsvaði á Fljótaánni í heygard þar skammt fyrir ofan, þaðan beint í Ketilásendan. Á þessum kafla settar merkjavörður, sem þurfa þykir. Úr Ketilásendanum í svo nefnda Svörtu Keldu og þaðan í Kvíga Holtspallsholt. Á þessum kafla einnig settar merkjavörður. Úr nefndu holti liggja liggja merkin í gráan stein fyrir utan Minnaholt, og úr honum á annan gráan stein uppundan Minniholtsbænum. Þaðan suður og niður í Stamp á mýrinni og svo beint í vallargarðshornið, úr því niður eptir læknum er að ofan kemur og ofan í þverlækinn í fitinni. Frá honum niður í stamp í svo kallaðri Stampalág, og svo eptir henni út í Sökku Keldu. Þar fyrir neðan ræður Sökku Kelda merkjum niður að Fljóta. Allstaðar þar sem þurfa þykir eru settar merkjavörður, sem betur sýna merkjalínuna. Þess skal getið að Minnaholt á landsspildu austan ár upp í hnjúknum sunnan við Brúnastaða merkin, og ligggur að henni sunnan samskonar landspilda er Helgustaðir eiga, og skilur lítill lækur þær í sundur.

Landamerkjum hjáleigunnar Helgustaða að sunnan móts við Saurbæ ræður framanskriðuð merkjalína, eður Blákápugarður, er liggur niður fyrir sunnan Helgustaði og niður í Saurbæjar sýki. Þaðan þvert yfir hólmana að Fljótaá. Þó skal sú breyting á því gjörð að ráða skal bein lína úr horninu á Blákápugarði upp fyrir sunnan Hjallhól í melshornið er



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

lengst skjagar út. Þessi Hjallhóll hefur legið undir Saurbæ ásamt lítilli landrein sunnan við hann en skal nú hjer eptir tilheyra Helgustöðum (☉: Holtstorfundi) og fær Saurbær það aptur í staðinn, að eiga fríann uppresktur á Holtsdal og beutiland fyrir búsmala þar. Að utan móts við heimajörðina Stórholt ræður merkjum niður við ána skarð í bakkanum að austanverðu rjett við Róðhólsvað í ánni, þaðan suður Stampalágina og beint í svo kallaðar efri Barnapúfur. Þaðan bein stefna yfir túnið utan við svokallaðan Fúsamó austar í Helgaustaðabæjarlækinn. Merkjavörður eru settar þar sem þurfa þykir. Síðan liggja merkin eptir læknum uppí svonefndan Rípurmel, verða þá svokölluð Rípurenni saman við merkjalínuna og tilheyra Helgustöðum. Slæjulandið sunnanvið áður nefndan Rjettarlæk austan við ásinn tilheyrir heimajörðinni Stórholti, en það sem er utan við lækinn tilheyrir aptur á móti hjáleigunum báðum til samans. Í hnjúknum austanvið Holtsá eiga Helgastaðir landtungu frá ánni til fjalls, eins og áður er á vikið, og eru litlir lækir báðu megin, sem gera merkin á henni. Þessi merki gerð ljósari með vörðum.

Svonefndur Holtsdalur og allt beutiland er óskipt eign Holtstorfunnar, og eiga hjáleigurnar 1/6 hlut hver af því tiltölulega við heimajörðina. Sömuleiðis hefir öll torfan óskipt mótak á svokölluðum Ásagötum; og Helgastaðir fríja torfristu í landi hinna jarðanna, ef þeir ekki hafa hana í sínu landi.

Stórholti 8. júlí 1889.

Björn Þorleifsson eigandi að nokkrum hluta Stórhólts og umráðamaður kirkjunnar.

E. B. Guðmundsson umráðamaður Helgastaða.

Jóh. Finnbogason eigandi að Minnholti og nokkrum hluta Stórhólts

Vegna Brúnastaða samþykkur: Friðrik Jónsson.

Sem umráðamaður Saurbæjar samþykkur: E. B. Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 285

Landamerkjaskrá fyrir Stórureykjum í Holtshreppi með hjáleigunum Minnireykjum, Hálsi og Teigum.

Að sunnan móts við Austarahól ræður garður neðan frá Fljótaá uppí svokallaðann Sjónarhól, og þaðan bein lína eptir garðinum til fjallseggjar. Að neðan Flókadalsá og Flókadalsvatn.

Að utan móts við Barðstorfuna ræður Brunná merkjum frá fjalli niður gljúfrað, þaðan bein sjónhending til vatns.

Á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890

Vegna umboðsm. Reynistaðarklausturs Jóh. Ólafsson.

Eigandi að Hálsi E. B. Guðmundsson

Eigandi að Teigum Björg Jónsdóttir

Samþykkur vegna Austarahóls E. B. Guðmundsson

Samþykkur vegna Barðstorfunnar: Tómas Bjarnarson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 286

Landamerkjaskrá fyrir Nefstaðakoti í Holtshreppi

Að sunnan móts við Nefstaði eru merkin eptir vörðum neðan frá ánni yfir svokallað Hestsnes og yfir Suðurvöll Nefstaðakots sem vörður tilvísa beina leið til fjallseggja. Líka tilheyrir Nefstaðakoti lítill hólmi vestan megin Stífluár, er sýki aðskilur að vestan sem rennur út í aðalána og enn fremur er^{svö} nefndur Nefstaðahólmi sem áfastur er við hinn, sama megin árinna er leggst óskertur undir Nefstaðakot.

Að utan móts við Melbreið ræður merkjum lækur frá Stífluá lítinn spöl, þar til kemur beinn merkjagarður, er nær uppfyrir engi jarðanna, og síðan bein sjónhending til fjalls.

Nefstaðakoti 20. maí 1890.

Jón Bergsson vegna eiganda Nefstaðakots

Samþykkir vegna Melbreiðar: A. Þorleifsson

Samþykkir vegna Nefstaða: Bessi Steinsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 287.

Landamerkjaskrá fyrir Molastöðum í Holtshreppi

Að utan móts við Bjarnargil ræður merkjum sýnilegur og þráðbeinn merkjagarður frá Fljótaá til fjalls. Að neðan Fljótaá. Að sunnan móts við Reykjarhól ræður bein lína úr Fljótaá upp í gamlann merkjagarð í Molastaðahöfða. Þá skilur garður þessi merkin beint upp eptir um tíma, en síðan beygir hann í norður og liggur þannig dálítinn spöl. En fyrir sunnan og ofan Molastaði kemur aptur vínkilbugur á garðinn og liggur síðan út og upp í læk, sem úr fjalli rennur. Skilur þá lækur þessi merkin upp að Olnboga, á honum þar sett glögg merkjavarða. Úr henni ræður bein lína í aðra merkjavörðu skammt fyrir sunnan og ofan svonefndan Rjettarhól, og þaðan eptir vínkillínu til fjallseggjar.

p.t. Molastöðum 5. apríl 1890.

Vegna mín og sameigenda minna í Molast Jón Gíslason

Rjett landamerki gagnvart Reykjarhóli E. B. Guðmundsson (vegna eigandans M. Ólafsdóttir)

Rjett landamerki gagnvart Bjarnargili E. B. Guðmundsson (vegna eigandans M. Ólafsdóttir)

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



juní 6

N^o 288.

Landamerkjaskrá fyrir Knappstöðum í Stíflu ásamt hjáleigunnar Húnstaða, sem byggð er úr heimalandi.

Að norðan ræður merkjum Húnstaða á, sem hefur upptök sín í hólunum fyrir utan Húnstaði og rennur ofaní Fljótaá, sömuleiðis hryggur sá, sem liggur frá upptökum árinna til fjalls; að vestan Fljótaá; að sunnan: garður sá, sem liggur neðan frá upp til fjalls milli Knappstaða og Melbreiðar. En milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Húnstaða ræður merkjum neðan frá á bein stefna úr lækjarsytru, upp í mjóa laut upp í hlíðinni beint til fjalls.

Barði 24. maí 1890.

Tómas Bjarnarson (umráðamaður Knappstaða)

Ofanskriðuð merkji samþykkja:

E. B. Guðmundsson. vegna Hvamms og Hafnar.

A. Þorleifsson eigandi að Bakka og Melbreið.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 289

Landamerkjaskrá fyrir Berghyl í Holtshr.

Að sunnan móts við Stóru Þverá og Minni Þverá ræður merkjum niður við Fljótaá lítið lækjargil, sem kallað er Merkjagil og neðan úr því upp eptir mýrunum hnausavörður allt að þvermerkjum Þveránna, eður garði sem liggur út og suður. Þaðan ræður lækur fyrir sunnan Beitarhús hæð uppí Grjóthryggi og svo þaðan bein lína uppí syðra Setagil, síðan vinkillína til fjallseggja. Að utan móts við Stórubrekku eru merkin aðskilin með garði neðan frá Fljótaá uppað svo nefndum Draugapalli á mýrunum. Frá honum (Draugapalli) aðskilja Berghyls og Minnibrekku merkin vörður, er liggja dalítið í skakklínu suður og upp í svo nefnt merkjagil upp í fjallinu, þaðan bein lína til fjallseggja.

p.t. Berghyl 10. júlí 1889.

Vegna eigandans: Margrjetar Ólafsdóttir E. B. Guðmundsson

Vegna Stóru- og Minnibrekku samþykkir: Jón Þorláksson Jakob Jónsson

Vegna Stóru- og Minniþverá samþykkir: A. Þorleifsson Björn Þorvaldsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 290

Landamerkjaskrá fyrir Minnibrekku í Holtshr.

Að utan móts við Stórubrekku eru merkin úr vallargarðshorninu á Minnibrekku beina línu ofan í garð sem liggur út og suður á mýrunum. Þessi garður aðskilur Minnubrekkuamerki að neðan suður að vörðum, sem gerðar eru til að greina merkin móts við Berghyl, og liggja þær beina stefnu í svonefnt Merkjagil upp í fjallinu og eptir því til fjallseggja. Úr vallargarðshorninu utan við Minnibrekku liggja merkin uppeptir beint til fjallseggja.

Minnibrekku 5. apríl 1890.

Jakob Jónsson eigandi að helmingi

Björn Þorvaldsson eigandi að helmingi

Rjett landamerki gagnvart Berghyl: E. B. Guðmundsson.

Rjett merki gagnvart Stórubrekku. Jón Þorláksson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 291.

Landamerkjaskrá fyrir Hamri í Holtshreppi.

Milli Hamars og Hrings ræður merkjum frá þolli á árbakkanum í svonefnda Völubúfu efst á fjallinu; að framan milli Hamars og Móafells ræður merkjum Galtará framan úr Móafellsdalsbotni ofaní Fljótaá.

Ennfremur tilheyrir Hamri óskipt land Tungutorfunnar eptir hundraða tali.

Hamri 16. apríl 1890

Jón Þorvaldsson (eigandi)

Margrjet Ólafsdóttir (eigandi Hrings)

A. Þorleifsson vegna eiganda Móafells.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 292

Landamerkjaskrá fyrir Stóragrindli í Fljótum.

Milli Minna grindils og Stóra-grindils, ræður merkjum, að neðan, frá Miklavatni lækur alla leið upp fyrir Minnagrindlirsvöll. Frá ytra Minnagrindlirsvallarhorni, liggur garður í stefnu til fjalls upp að svonefndum kvosum, og ræður hann landamerkjum milli nefndra jarða, fyrir ofan túnin, úr efri enda þessara garðs, stefnu fyrir utan Krókshóla uppí garð á grundinni, og ræður hann og hans stefna merkjum til eggjar, móts við Karlsstaðaland. Milli Hamars og Stóragrindils ræður merkjum óslitinn garður frá Miklavatni uppá Hamarinn, og úr hans efri enda bein stefna til eggjar.

Ábúenda Minnagrillirs er heimilt upprekstrarland fyrir sínar skepnur til fjalls í Stóragrillislandi.

26. apríl 1890

Eigendur Stóragrillirs

Þorlákur Einarsson

Þorlákur Þorláksson

Árni Gíslason

Rögnvaldur Rögnvaldsson

Samþykkir Jón Þorvaldsson eigandi að Hamri

Tómas Bjarnarson (umráðamaður Barðstorfunnar)

Björg Jónsdóttir eigandi Minnagrillirs.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 293

Landamerkjaskrá fyrir Minnagrillir í Holtshr.

Að sunnan móts við Stóragrillir ræður merkjum neðan frá Miklavatni lækur alla leið upp fyrir Minnagrillirsvöll. Frá ytra Minnagrillis vallahorni liggur garður í stefnu til fjalls upp að svonefndum Hvosum, og ræður hann landamerkjum milli nefndra jarða fyrir ofan túnin. Úr efri enda þessa garðs stefna fyrir utan Krókshóla og ræður hann og hans stefna merkjum til eggjar móts við Kallsstaðaland.

Að utan móts við Barðstorfuna ræður merkjum syðri takmörk Votateigs bein stefna úr 3^{ur} jarðföstum steinum ofan í Miklavatn.

Minnagrillir 5. júní 1890.

Björg Jónsdóttir

Samþykkir:

vegna Barðs Tómas Bjarnarson

vegna Stóragrindils: Rögnv. Rögnvaldsson Þorl. Þorláksson Árni Gíslason Þorlákur Einarsson

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 294

Landamerkjaskrá fyrir Illugastöðum í Flókadal.

Að framan skilur Nyrðrá Illugastaðaland frá afrjettarlandinu eða svo nefndu Sjöundastaðaselslandi og frá Nyrðrár upptökum bein stefna til eggjar. Að utan milli Neskots og Illugastaða ræður merkjum gamall garður sem heita má Einlægur uppá dalshálsinn, og þaðan bein stefna í Blikhrynútopp. Mill Illugastaða og Illugastaðakots ræður merkjum tóptarbrot á svo nefndum Beitarhúsmel og úr því bein stefna ofaní á, og upp til eggjar.

Að neðan ræður Flókadalsá.

20. apríl 1890.

Sveinn Árnason – eigandi Illugastaða.–

Ásmundur Eiríksson eigandi Neskots.

E. B. Guðmundsson vegna Flókadalsafrjettar.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 295

Landamerkjaskrá fyrir Móskógum.

Milli Móskóga og Yztamós ræður merkjum lækjarseira, sem rennur út og ofan mýrarnar, rjett fyrir sunnan Móskógaklaufina til sjóar uppað einstökum stórum steini sem stendur 12 faðma frá hinni lækjarseirunni, og frá steininum beint upp háleitið undir klettana, á þeirri leið sett ein markvarða. Milli Máskóga og Laugalands eru merki í svokallaða Merkjaklöpp við sjóinn, þaðan beint á garðemda og úr því ræður garðurinn merkjum uppundir fjallið, frá honum eru merki beint upp innantil á Hrafnaskriðu

Yztamói 4. júní 1890.

Á. Þorleifsson eigandi Móskóga.

Kristján Jónsson ábúandi Laugalands.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 296.

Landamerkjaskrá fyrir Syðstamói í Holtshr.

Milli Syðstamóa og Sjöundastaða, eru merki að ofan úr Hausagjá sunnan til á Stórhól, þaðan ofan í Stórhólsfen, og úr því eptir lækjarseira ofaní vatn. Milli Syðstamós og Miðmós ræður merkjagarður merkjum frá fjalli ofaní vatn.

Syðstamói 30. maí 1890

Kristján Jónsson. Björg Jónsdóttir.

Samþykkur:

A. Þorleifsson Eigandi Sjöundastaða.

Vegna eiganda Miðmós E. B. Guðmundsson

Þinglýst á manntalsþingi á Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 297.

Viðauki við Krakavalla landareiga að framan eða afrjettar megin, er frá áður sögðum landamerkjum fram að vörðu sem hlaðin er á árbakka, og keldu sem liggur frá vörðunni, lítið eitt suður á við til fjalls, norðanvert við svo kallað Reykjasel. Þá tekur við gilsskorningur upp fjallið norðanvert við Reykjahnjúkskoll, og svo bein stefna þaðan til eggjar. Flókadalsá (eins og hún liggur nú) ræður merkjum að vestan og fjallsegg að austan.

Haganesi 5. júní 1890.

E. Þ. Þorsteinsson jarðareigandi

Vegna Flókadalsafrjettar samþykkir E. B. Guðmundsson p.t. oddviti

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

⌘ Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 298

Landamerkjaskrá fyrir Sigríðarstöðum með hjáleigunni Sigríðastaðakoti í Holtshreppi.

Að sunnan móts við Nes ræður merkjum Vörðuhóll ofan til við eyrarnar, þar sett glögg merkjavarða úr grjóti. Úr vörðu þessari bein vinkillína ^{niðr} í á, þar á árbakkanum sett markvarða, úr vörðunni á Vörðuhól ræður merkjum upp eptir bein lína upp í stóran stein á hálsinum ofan undan Nesdal, þar sem áin fer að beygja suður á við í dalsmynninu, eiga Sigríðastaðir þannig allan Nesdal utan við ána en Nes sunnan ~~þ~~ ^{við}. Að utan móts við Vestarahól ræður merkjum óslitinn garður úr kúl við Flókadalsá beina stefnu til eggjar, að neðan ræður Flókadalsá. Milli Sigríðastaða og hjáleigunnar Sigríðastaðakots er þar um þinglesið og gilt brjef frá 21. júlí 1874.

4. júní 1890.

Vegna eigenda Sigríðastaða og Sigríðastaðakots Sveinn Sveinsson

Samþykkir vegna Ness E. B. Guðmundsson

Þessu samþykkur eigandi Vestarahóls Sveinn Sveinsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 299.

Landamerkjaskrá fyrir Reykjarhóli á Bökkum í Holtshr.

Að austan milli Reykjarhóls og Bakka við sjó, eru merkin í stóran stein í flæðarmáli norðaustanundir svokölluðum Reykjarhól, þaðan beint upp á tjeðan hól, í vörðu sem þar stendur, svo eptir sömu stefnu í gamlann garð sunnan í hólnum, og þegar hann endar ræður bein stefna uppí svo kallaðann Galta austanverðan, þaðan eptir sömu stefnu á fjall upp. Að vestan milli Reykjarhóls og Heiðar ræður Stafá merkjum, þar til Hvítá fellur í hana, þaðan ræður tjeð á merkjum til upptaka sinna. Ennfremur er þess að geta að jörðin Reykjarhóll á allan reka fyrir sínu landi, og engar jarðir nein ítök í landi hennar.

Gjört að Skála 2. júní 1890

Á. Þorleifsson.

F. S. Stefansson eigendur Reykjarhóls.

Framanskrifaðri landamerkja lýsingu erum við samþykkir vegna Bakka Þorgils Þórðarson.

Samþykkur vegna Heiðar. Konráð Sigurðsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 6

N^o 300.

Landamerkjaskrá fyrir Bakka á Bökkum

Að austan milli Bakka og Laugalands eru merkin í vörðu á sjóarbakkanum, þaðan ráða vörður í beinni stefnu upp að sýsluvegi, þaðan ræður bein stefna í vörðu upp á Fellinu þaðan sjónhending sömu stefnu, í kletta í vestanverðum Laugalandsdal. Að vestan milli Bakka og Reykjarhóls eru merkin í stóran stein í flæðarmáli norðaustanundir svokölluðum Reykjarhól, þaðan beint upp á tjeðan hól, í vörðu, sem þar stendur svo eptir sömu stefnu í gamlan garð sunnaní hólnum og þegar hann endar, ræður bein stefna uppá svokallaðan Galta austanverðan, þaðan eptir sömu stefnu á fjall upp.

Gjört að Bakka 2. júní 1890.

Friðrik Jonsson

Þorgils Þórðarson

Eyjólfur Hansson Eigendur Bakka

Framanskrifaðri landamerkjalytingu erum við undirskrifaðir samþykkir,
vegna Reykjarhóls F. S. Stefánsson. A. Þorleifsson
Jóhannes Jóhannesson handsalað E. B. G. vegna eigenda Laugalands.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



juni 6

N^o 301.

Landamerki fyrir Barði í Fljótum með hjáleigum.

Milli Haganes og Barðstorfunnar ræður merkjum frá Hófsvatni gamall landamerkjagarður, sem liggur upp með svonefndum Merkjalæk austur undir Langholtum, um vestanverða Höskuldartópt og yfir um Haraldslæk, beina stefnu í Grillirskrók fram að stórum jarðföstum steini milli Harðabakka og Haraldslækjar. Úr steininum beigist garðurinn til austurs stefnu á sunnanverðan Lambanesáskoll, ræður sú stefna merkjum að Harðabakkalæk. Að austan ræður merkjum gamall landamerkjagarður milli Grillirs og Barðstorfunnar frá Harðabakkalæk allt til fjalls. Milli engja blettsins Votateigs, (sem fylgir Barði) og Minna Grillirs ræður merkjum: bein stefna úr 3 jarðföstum steinum ofaní Miklavatn, vestanvert við svo nefnda Pálstopt, og þar landamerkjavarða hlaðin. Að sunnan ræður merkjum Brunná allt fram í Brunnárdalsbotn og niður, rjettsýnis úr gljúfrum ofaní Flókadalsvatn. Að vestan ræður merkjum Flókadalsvatn útað Laxós og áin þaðan ofan í Dælisós, og síðan Hofsvatn. Landamerki hjáleiganna eru þessi: Karlstaðaland nær austur að áðurnefndum landamerkjagarði ofan að Harðabakkalæk vestur í austurendann á Haganeslandamerkjagarði og þaðan beina stefnu upp milli tveggja tóptarbrotu uppí jarðfastan stein, þaðan uppí sund milli tveggja holta beint uppí svonefnda Karlsstaðagjá. Fyrir vestan Karlsstaðamerki tekur við Fyrirbarðsland sem nær ofan að Haganesmerkjagarðs, en að vestan ræður merkjum milli Fyrirbarðs og Barðs bein stefna úr svonefndum Fyrirbarðsgrænum ofaní efri Fyrirbarðsásenda og þaðan með neðri Fyrirbarðsás beina stefnu í svonefnt Torfholt og þaðan niður að Haganesmerkjagarði. Merki Langhúsa eru þessi: úr Torfholti í 2 steina til vesturs beint í Bakkalæk, úr Bakkalæk í Bræðratópt og úr henni beint vestur í svonefndan Keldulaugspoll í Laugalæk. Úr Keldulaugspolli ræður Laugalækur merkjum milli Langhúsa og Dælis ofaní Hófsvatn. Milli Langhúsa og Haganes ræður merkjum áðrnefndur landamerkjagarður upp með Merkjalæk. Landamerki Dælis eru þessi: að utan Laugalækr milli Dælis og Langhúsa, að sunnan bein stefna úr Keldulaugspolli um „Merkjaholt“ eptir hlöðnum merkjavörðum ofan í á. Merki Akra eru úr Laugalæk beint í Spunahól og úr honum í náttmálastein og þaðan bein stefna eptir Akraási suður í vörðu, sem hlaðin er sunnanvert við Akraáskoll og úr henni bein stefna ofan í 2 stóra jarðfasta steina um sunnanverðar háu mýrar beint ofaní Flókadalsvatn. Barði fylgir varphólmi í Hófsvatni, Barðshólmi kallaður. Ennfremur fylgir prestssetrinu: 1^o allur reki hvala og viðar fyrir Laugalandi, að helmingi, úr miðri Hólavík og til skerja á Lambhagavík, 2^o Blákápureitur á Lágheiði, 3^o Barðshlíð í Flókadalsaftrjett og 4^o Frí lending, skipuppsátur og búðarstæði á Neðra Haganeslóð.

Barði í Fljótum 24. maí 1890

Tómas Bjarnason, prestur

Ofanskriðuð merki samþykkja:

Þorlákur Þorláksson (fyrir hönd sjálfs míns og meðeignarmanna minna að Stóragrindli).

Vegna Minnagrindils samþykk: Björg Jónsdóttir



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vegna Laugalands. Jóh. Finnbogason.
Sem eigandi Haganes Sv. Sveinsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 6. júní 1890, og rituð í landamerkjabók
Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein-króna



1891 16. maí

N^o 302

Landamerkjaskrá fyrir Skálahnjúk.

Að austan ræður Vatnaöxl, hvar ~~varða~~^{hlaða} skal hornmerki, allt suður í Jörundarlæk. Þaðan í Tröllaa, sem ræður uppí botninn. Þaðan beint upp úr botninum á háfjall, hvar setja skal útsuður hornmerki. Þaðan ræður háfjallið norður eptir, og síðan ~~síðan~~ Miðaptansfjallið móti bænum, allt þar til komið er út á móts við landamerkjagarð þann, er liggur upp frá Tröllá að austan, og skal þar hlaða útnorðurhornmerki á fjallinu. Þaðan niður fjallið beint í fyrnefndan garð, sem ræður merkjum upp á Bakadalshóls. Þaðan eptir sömu stefnu í fyrnefnda vörðu á Vatnöxl.

Ási, 20. ágúst 1885.

Ólafur Sigurðsson eigandi Skálahnjúks

Gunnar Hafliðason.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók, 16. maí 1891, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1-ein króna



16. maí

N^o 303.

Landamerkjaskrá fyrir Meyjarland á Reykjaströnd.

Að austan ræður sjávarströnd frá merkjagarði þeim, sem skilur Steins og Meyjarlands lönd, suður í Beitarhúsvík, þaðan í garðlag á ytra barmi landamerkjalausar, þaðan upp í Fremstalandsgil ~~fyrir~~ yfir miðjan Innstalandsbotn allt á vesturbrún háfjallsins í norðvestur hornmerki Innstalands, þaðan norður vesturbrún háfjallsins til hornmerkis Steinslands að suðvestan, þaðan ofan í Meyjarlandsgil, og þaðan beina stefnu í áðurnefndan garð milli Steins og Meyjarlands.

Sauðárkrók, 18. júní 1890.

Eptir fullmakt Þorleifur Jónsson.

Samþykkir þessari landamerkjaskrá undirskrifta:

Ábúandinn Gunnar Jónsson

Vegna Steins: Sveinn Sigvaldason.

Vegna Innstalands Guðm. Sigurðsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkrók, 16. maí 1891, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 – ein króna –



27. maí

N^o 304

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Mikley í Akrahreppi.

Að austan ráða hjeraðsvötn merkjum, fram á móts við miðjann Miðhúsabæ, svo ræður stefna úr miðjum Miðhúsabæ, beint vestur eptir sólskífu, á vestari Djúpafarvegsbakka, þaðan út Djúpafarveg ofanvert við Hringeyjartún, út í Hringeyarlæk, síðan eptir honum út að Garðsvaði (eða Skakkvaði) þaðan beint í austur eptir vörðum í Miðlæk, svo ræður Miðlækur merkjum út austur í áður nefnd Hjeraðsvötn. Ennfremur skal þess getið að jörðin Mikley á landspart norðan af Gegnishólma, suður að háum garði, sem liggur yfir þverann Gegnishólmann að austan norðan og vestan liggja Hjeraðsvötn að, og ráða merkjum fyrir tjeðum landsparti.

Ofanrituðu erum vjer samþykkir.

Eigandi Stakkhólma Pjetur Andrjesson (handsalað).

Umráðamaður Syðra-Vallholts Sveinn Gunnarsson.

Eigandi Skinnþúfu: Jón Stefánsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökum 27. maí 1891, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



27. maí

N^o 305

Landamerki jarðarinnar Stekkjarflata í Akrahrepp og Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan milli Stekkjarflata og Gilsbakka ræður svo nefnt Mosgil, frá Jölulsá til hæðstu fjallsbrúnar, að vestan ræður frá Mosgili, Jökulsá, norður til svo nefndrar Grjótár, sem liggur milli Stekkjarflata og Keldulands, og er hún landamerki milli þessara jarða, vesta frá Jökulsá austur á háfjall, svo ræður háfjallið til upptaka Mosgils.

Ítak. Jörðin Stekkjarflatir eiga tollfrýann upprekstur á Gilsbakkadal.

Geldingaholt, 22. apríl 1890.

Tobías Eiríksson (eigandi jarðarinnar Stekkjarflata)

Egill Fr. Steingrímsson (eigandi Keldulands)

Jón Jónsson Gestur Jónsson (eigendur Gilsbakka).

Vottar:

Þorkell Pálsson

Sigurjón Bergvinsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóruökrum 27. maí 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



28. [maí]

N^o 306

Landamerkjaskrá fyrir Saurbæ.

Að austan ræður Svartá, austan við Gráhólma og Bæjarhólma, suður á móts við merkjavörðu á melnum fyrir sunnan Saurbæjarklauf. Að sunnan eru merkin frá Svartá beint upp í nefnda vörðu, þaðan sjónhending í vörðu á ásabruninni norður undan Háahrauni, og eptir sömu línu í Grástein á ásnum norðaustur undan Vallmúla. Að vestan ræður bein stefna úr nefndum steini norður í krók á Borgará, þar sem þar sem hún fellur fyrst að Vallmúlaás fyrir neðan Skúlamó. Ræður svo Borgará til landnorðurs út á móts við strýtumyndaðan klett utarlega á ásnum. Að norðan eru merkin frá Borgará beint í nefndan klett og úr honum í merkjavörðu austan til á ásunum, þaðan sjónhending í vörðu á Laufásás og eptir sömu línu niður í utanverðan Laugarhvamminn austur að Svartá.

Ennfremur á jörðin frýa kúabeit á Borgarey austan Svartár.

Geldingaholti 26. apríl 1890.

Ásgrímur Þorsteinsson.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir.

Sem eigandi Álfgeirsvalla og umráðandi Daufár Ólafur Briem.

Umráðandi Brenniborgar Jónas Jóhannsson

Eigandi Laufáss Sveinn Gunnarsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 28. maí 1891, og innritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



28. maí

N^o 307

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Krithóli í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, sem er eign
Jósafats Guðmundssonar.

Að austan ræður Húseyjarkvísl merkjum utan frá Skerinu, er liggur í Kvíslinni suður þangað, er Borgará fellur í hana, þá ræður Borgará merkjum að sunnan upp í mitt Engjamelsnes, þaðan bein stefna yfir mitt Engjamelsnes yfir Engjamel og þaðan yfir hábrúnina á Löngubrekku norður í hornmerki það yzt á Löngubrekku er merkjum ræður milli Kolgrafar, Kirkjuhóls og Kritháls, þaðan sjónhending í vörðu á Krithólsás uppundan Krithólsstekk, þaðan sjónhending á austur niður fyrir utan Krithólsstekk beina línu ofan í Skerið.

Krossanesi 22. maí 1890.

Jósafat Guðmundsson.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir.

Eigandi Víðimýrar Jakob Benediktsson

Eigandi Kolgrafar Björn Þorláksson

Eigandi Brenniborgar Sveinn Gunnarsson

Eigandi Saurbæjar Asgrímur Þorsteinsson.

Jón Ásgrímsson, eigandi Húseyjar.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 28. maí 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



28. maí

N^o 308

Landamerkjaskrá fyrir Brenniborg og Laufási í Lýtingsstaðahrepp og Skagafjarðarsýslu.

Að austan ræður ~~merkjum~~ Svartá landamerkjum utan frá Borgarárósi, fram á mótis við utanverðann Laugarhvamm; að Saurbæjar merkjum á milli jarðanna Laufáss, Brenniborgar og Saurbæjar ræður bein stefna frá greindum stað úr Svartá, vestur yfir ásinn sjónhending í stórann stein eða klett uppá há ásum, og úr honum í Brenniborgar á, svo ræður hún landamerkjum að ofan og utan allt þar til hún fellur í áðurnefnda Svartá.

Bakka 20. maí 1890.

Sveinn Gunnarsson (eigandi).

Samþykkir erum vjer:

Pjetur Gunnarsson, eigandi Borgareyjar (handsalað)

Eigandi Saurbæjar Á. Þorsteinsson

Eigandi Krithóls Jósafat Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 28. maí 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



28. maí

N^o 309. (Sambr. N^o 233)

Viðauki við landamerkjaskrá Bústaða (Sambr. N^o 233.)

Þareð jeg er kominn að raun um að landamerkjabrjef Bústaða gagnvart Bakkakoti, sem þinglesið var að Lýtingsstöðum, næstliðið vor, ekki var eins úr garði gjört, og jeg ætlaðist til, nefnilega, þar var ekki tekið fram að ábúandi Bakkakots á að hafa frýja sumarheit fyrir ær, í Bústaða fjallandi frá fráferum til rjetta, og á sama tíma og sama stað, haga fyrir nauðsynleg brúnunar hross. Og lýsi jeg því yfir að þetta var frá upphafi mín meining, og er minn staðfastur vilji.

Skíðastöðum 25. maí 1891.

Hjörtur Hjálmarsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 28. maí 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



11. júní

N^o 310.

Landamerkjaskrá fyrir eignarjörð minni Bjarnastaðagerði í Unadal Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu að nýu mati 9,9 hndr. að dýrleika.

Að framan eru merkin á Puntskriðu beina stefnu á fjall upp, en að austan ræður Hofsá merkjum ofan dalin, þar til Svínavallakots land tekur við, og aðgreinir löndin garðstúfur utan og ofan við Sortunes, úr efri enda garðsins liggja merkin beina línu á fjall upp.

Landamerkjum þessum til fullkominnar staðfestu undriskrifum við hlutaðeigendur nöfn okkar.

Bjarnastaðagerði 27. maím. 1890.

Guðni H. Jónsson.

Samþykkur: Ó. Havsteen.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 11. júní 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



11. júní

N^o 311

Landamerkjaskrá jarðarinnar Mýrakots í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu.

Að austan gagnvart Mannskapshóli, eru merkin úr svo kallaðri Þórðarþúfu niður í flóanum, úr þeirri þúfu ræður bein stefna upp í svo kallað Sjómannadý, og þaðan upp í holt, sem kallað er Flugulækjarholt; þar sett varða; úr þeirri vörðu ræður bein stefna í vörður, er settar eru í flóanum, og í vörðu, setta sunnarlega við þjóðvegabrúna. Úr þeirri vörðu ræður bein stefna upp í vörðu, er sett er upp á grundunum. Úr þeirri vörðu ræður bein stefna í klett einn sunnan við svo kallaða hvítu tó, og þaðan beint á fjall upp.

Að vestan gagnvart Bæ, ræður bein stefna úr fyrnefndri Þórðarþúfu suður eptir flóanum suður í Grænutopt, úr henni og í Urriðalæk. Þá ræður lækurinn merkjum til austurs, gagnvart Hofi upp til varða þeirra er settar eru í svokölluðum Þríhyrningsflóa, og ráða vörður þar merkjum út á milli Mýrakots Ljúflingsholt, er svo er kallað á milli Mýrakots og Hornbrekku.

Að sunnan gagnvart Hornbrekku ræður varða, á áður nefndu Ljúflingsholti, úr vörðu þeirri ræður bein stefna til fjalls upp í vörðu setta á stóran melhól upp í fjallinu, úr þeirri vörðu ræður bein stefna upp í Skriðugil, sem er á milli langa kletts og rauða kletts, þaðan beint á fjall upp.

Gröf

Vegna eiganda Jóns G. Erlendssonar undirskrifar Björn Jónsson

Rjett landamerki gagnvart Hornbrekku viðurkennir Sölvi Kristjánsson

Rjett landamerki gagnvart Bæ viðurkennir K. Jónsson. Jón Þorkellsson

Rjett landamerki gagnvart Mannskapshóli viðurkenna Þorsteinn Þorsteinsson. Sölvi Kristjánsson

Rjett landamerki gagnvart Hofi viðurkennir S. Pálsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 11. júní 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



11. júní

N^o 312

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Vatni í Hofshreppi Skagafjarðarsýslu.

Merki jarðarinnar eru að norðan í Gljúfurá, neðan frá Gljúfurá beint til fjalls, í svonefdan Rjúpuhól; og frá Rjúpuhól í vinkillínu á fjall upp.

Að sunnan í næstu dys við yztu dys, þaðan beint í svo kallaðan Sandhól til fjalls upp, og þaðan í vörðu á fjallsbrúninni.

Að vestan ræður Höfðavatn á millum ofangreindra landamerkja jarðarinnar.

Ofanritaðri merkjalýsingu erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur, samþykkir.

Vatni 4. júní 1890.

Gunnar Guðmundsson.

Sölvi í Hornbrekku Þorsteinn Þorsteinsson

Vegna eiganda Höfða E. B. Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 11. júní 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 12

N^o 313

Landamerkjaskrá jarðarinnar Keldna í Fellshreppi

Jörðin Keldur í Fellshreppi hefir þau landamerki, sem hjer greinir: Milli Keldna og Yztahóls, eru landamerki eptir sjáanlegum garði, sem byrjar niður á sjóarbakkanum, vestan við skemmugilið, og liggur hann suður og upp eptir flóanum, þaðan eru merkin í þrjá melhóla, sem bera hver í annan, og er sá efsti þeirra nefndur Grafarhóll, frá honum ræður merkjum bein stefna í svokallaðan Lambapoll í Langahæk; ræður svo Langilækur merkjum suður og vestur í Sljettuhlíðarvatn. Á milli Keldna og Fells eru landamerki úr innsta nesinu við vatnið, beina stefnu uppá háfellið fyrir sunnan og vestan Kjöl, í vörðu þá, sem þar ræður merkjum milli Fells og Fjalls, úr nýnefndri vörðu eru merkin út eptir háfellinu í Gildrur. Milli Keldna og Fjalls, eru merkin við sjó, í vörðu, sem stendur á hæðinni fyrir innan Keldnaselið, frá henni ræður bein stefna upp í áðurnefndrar Gildrur. Þess ber að geta að jörðin Skálá á hálfan viðar- og hvalreka frá Skarfasteini út af Straumnesi, út að Yztahólms merkjum; að örðru leyti eiga Keldur allan reka fyrir sínu landi.

Keldum 27. maí 1890

Lilja Sölvadóttir – eigandi Keldna –

Framanskriafaðri landamerkjalytingu erum við undirskriafaðir samþykkir.

F. S. Stefánsson Sveinn Sveinsson – eigendur Yztahóls. –

Fyrir prestssetrið Fell Pálmi Þóroddsson.

Eigandi 1/3 úr Felli Sölvi Sölvason

Vegna 1/3 Fjalls Björg Jónsdóttir

Vegna 1/3 Fjalls Lilja Sölvadóttir.

Þinglýst á manntalsþingi að Felli 12. júní 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 13

N^o 314

Landamerkjaskrá fyrir Laugalandi í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Milli Mósκόga og Laugalands ræður rekamarki við sjóinn, Merkjaklöpp, og úr henni bein stefna upp í stóran jarðfastan stein 14 faðma fyrir ofan bakkann. Frá steininum ráða merkjum þrjár vörður, sem bera hver í aðra, og er sú efsta þeirra sett á neðri endann á sjánlegum garði, sem liggur upp undir sýsluvegin, innan við gamallt tóptarbrot. Ræður svo merkjum bein lína úr efri garðsendanum upp í klettinn innan við Hrafnagjána. Milli Laugalands og Bakka eru landamerki eptir vörðum sem hlaðnar eru frá sjónum uppeptir flóanum í beinni línu; og svo alla leið upp eptir holtunum upp á fellið, þar stendur efsta varðan, frá henni ræður merkjum bein stefna upp í klettana vestan við Laugalandsdalinn.

Þessu framanritaða erum við undirskrifaðir samþykkir.

Jóhannes Jóhannesson

Þorgils Þórðarson.

Samþykkur

Á. Þorleifsson eigandi Mósκόga

Eyólfur Hansson

Friðrik Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 13. júní 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 13

N^o 315

Landamerki jararinnar Helgustaða í Flókadal.

Að sunnan milli Steinavalla og Helgustaða ræður merkjum óslitinn garður frá Flókadalsá upp í svonefndann Dalakamb, þaðan í stóran stein, sem stendur á brúninni og úr honum beint til eggjar. En að utan móts við Austarahól, eru merkin í miðjan koll á melhól fyrir ofan eyrarnar, sem kallaður er merkishóll, úr honum ræður bein lína í svokallaðann Hádegishól uppá brúninni og úr honum bein lína til fjallseggjar. Úr merkishól niður eptir ræður bein lína í markvörðu niður við ána, rjett sunnan við tána á Neshólmanum.

Haganesi, 27. maí 1890.

Fyrir hönd eiganda Helgustaða S. Pjetursson.

Fyrir hönd eigenda að Austarahóli E. B. Guðmundsson

Fyrir hönd eigenda að Steinavöllum Jón Stefánsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 13. júní 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



júní 13

N^o 316.

Landamerkjalyásing milli jarðanna Reykjarhóls og Hóla liggjandi í Holtshrepp og Skagafjarðarsýslu.

Merkin eru í svonefndann Merkjälæk, er hefur upptök sín í Reykjarhólsgili, og þegar niður kemur ræður garður, sem liggur með læknum til áar, en að sunnan við Hólaland ráða vörður, sem liggja í beinni sjónhendingu frá Grásteini til Grundarhöfða, og eptir því sem þær vísa beina sjónhendingu til eggjar. En aptur á milli Hóla og Hólakots beina stefnu úr fyrnefndum Grásteini í stein, sem er í lækjargili ofan undan Hólabænum, og eptir þeim læk ^{til} þverlækjar sem liggur fyrir ofan Hólakotstúnið, og eptir honum út í bæjarlækinn á Hólum, og svo eptir honum til áar. Bithagi er sameign beggja jarðanna Hóla og Hólakots.

Aðalsteinn Steinsson eigandi hálftrar jarðarinnar Hóla.

Jóhannes Jóhannesson eigandi hálftrar jarðarinnar Hóla.

Aðalsteinn Jónsson. Sigurður Jónsson Einar Jónsson eigendur jarðarinnar Hólakots.

Samþykkur eigandi jarðarinnar Gils Sveinn Jónsson

Vegna eiganda Reykjarhóls E. B. Guðmundsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Haganesi 13. júní 1891, og ritað í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



1. júní

N^o 317.

Landamerkjaskrá fyrir prestsetrinu Miklabæ og kirkjujörðinni Hrólfsstöðum.

Að sunnan milli Miklabæjar og Víðivalla, eru merkin úr miðri Grjótárskál beint ofaní Smjörklett, þaðan sömu stefnu í vörðu hlaðna á Selhjallabrún, (nú nefndri Þrætutungubrún). Þaðan beina stefnu yfir sundin í vörðu hlaðna á svokallaðri Raufarborg, sem er lítið eitt ofar en syðsta Miklabæjarborg. Þaðan sömu stefnu í Miklabæjar vallargarð, þar sem hann aðskilur Miklabæjartún og Víkurkots, og svo eptir þeim sama garði ofan yfir mýrina; svo vestur nesið og bakkann, meðan garðurinn liggur beint, ræður svo bein stefna vestur í uppsetta merkjavörðu við utanverða Grænuhlíð (eða Grenhlíð) austanvert í Tungunni.

Að vestan milli Miklabæjar og Vindheima eru merkin úr ofanefndri merkjavörðu út vesturbakka hinna fornu farvega Hjeraðsvatnanna, beina stefnu úr vörðu, sem hlaðin er austur undan Vindheimabæ á Stapann austasta; þaðan eptir bökkunum út undir hornmerkjavörðuna.

Að norðan milli Miklabæjar, Stakkhólma og Þorleifsstað, eru merkin þessi: Úr hlaðinni hornmerkjavörðu á vesturbakka hinna fornu farvega Hjeraðsvatna beina stefnu í vörðu hlaðna á stakkhólmatánni; þaðan bein stefna í uppsett merki við skurð þann, sem grafinn er í mýrinni milli Hrólfsstaða og Grundarkots; þaðan bein stefna í vörðu hlaðna á holtinu skammt fyrir sunnan Grundarkotstúnið ^{þaðan ræðr skástefna í hið forna garðlag fyrir sunnan svokallað Loptsgil}. Þaðan að ofan milli Miklabæjar og Vagla ráða hlaðnar vörður fram í svo nefnda Sauðaborg, skammt fyrir utan og ofan Miklabæjarkot. Að utan milli Miklabæjar og Vagla eru merkin bein stefna úr nefndri Sauðaborg í hið ytra Sandgil v. Melgil og ræður merkjum uppá fjallsbrún.

Að austan ræður fjallsbrúnn frá ytra Sandgili til miðrar Grjótárskálar.

Pestssetrið Miklibær á Krossland í Norðurárdal til helminga á móts við Viðivöllu. Sunnað að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá, upp til þess, er Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein stefna eptir hæðinni neðan við Smaladalinn upp í Landshnjúk, eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum að norðan. Að austan ~~ræður~~ liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræður bein stefna eptir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til. Ítök kirkjunnar eru: Hrísl á Öxnadalshéiði frá fjallsenda fyrir ofan Reiðgötur og fram til Grjóthryggs. Nautarekstur milli Kallbaksár og Krákuár, milli Reiðslugils og Grjótár.

Hvalreka á Skaga milli Hólknár og Fornuvarar tvo hluti úr þriðjungu, en vestur þaðan til Deildar hamars hálfu minna.

Þetta í viðrekum: Norður frá læk þeim, er fellur ofan frá bænum í Kelduvík í sjó, og til jarðkross þess, er suður frá bænum Þangskála; stendur þar steinn mikill í fjörunni jafngegnt jarðkrossinum.

Þetta eru engjamörk milli Miklabæjar og kirkjujarðarinnar Hrólfsstaða: Hinn svokallaði Engjalækur, sem rennur ofan Teigana í vörðu á neðri höllunum. Í mýrunum ræður skurður, sem grafinn er utan vert við Slapparengið.

Miklabæ, 17. maí 1890.

Björn Jónsson. beneficiarius.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:
Vegna eigenda Viðivalla. Sigurður Sigurðsson.
Eigandi Vindheima. E. Jóhannsson.
Vegna eiganda Stakkhólma Pjetur Andrjesson handsalað.
Eigandi Vagla J. Hallsson.
Eigandi Grundarkots Gísli Þorláksson.
Eigandi Silfrastaða Steingrímur Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Økrum 1. júní 1892, og ritað í landamerkjabók
Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

Kr. a

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 – ein króna



3. júní

N^o 318

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Víðimýri í Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu, með hjáleigunni Álftagerði og sínu heimalandi Kirkjuhóli.

Að austan ræður Húseyjarkvísl (Svartá) merkjum frá Kirkjuvaði suður í Skerið (Skipið), er liggur í kvíslinni, þaðan bein stefna yfir Háuborg upp fyrir utan Kríthálsstekk í vörðu þá, er stendur á austanverðum Kríthólsás, þaðan bein lína í hornmerki það yzt á Löngubrekku, er merkjum ræður milli Kríthóls, Kolgrafar og Kirkjuhóls, þaðan bein lína í Stórhól Sunnanverðan, þaðan sjónhending í vörðu þá, er stendur sunnan til í miðjum Háahjalla, þaðan bein lína vestur í Víðimýrará í vörðu þá, er stendur austan við ána og liggur í línu þeirri, er gengur frá vörðunni á Háahjalla upp í Nónskálargil ofanvert. Ræður þá Víðimýrará um stund suður að vörðu þeirri, er stendur að austanverðu við ána, lítið eitt sunnar en Kríthólssel, þaðan bein stefna yfir háhnjúkinn sunnan við Nónsskál vestur á móts við Nónsskálarbrún, þar sem hún gengur lengst til vesturs, þaðan ræður merkjum að vestan bein lína efst í Skriðugil það, er fellur niður austanvert við Háhellufell, þaðan sjónhending yfir Strýtuhól efri í Brúarhól við Sæmundará nær því andspænis Vatnsskarðsbæ, ræður þá Sæmundará merkjum niður að Gýjarfossi, frá Gýjarfossi sjónhending (þjóðvegurinn) í Arnarstapa, þaðan ræður Víðimýrar á alla leið út á móts við garð þann í mýrinni fyrir utan Brekku, er merkjum ræður milli Reykjarhóls og Brekku, þaðan sjónhendingu eptir settum merkjum niður að Kirkjuvaði á Húseyjarkvísl.

Innan greindra takmarka liggur engjateigur sá, er jörðin Brekka á, „niðri á Bökkum frá Kirkjugarðsbrú suður að merkjagarði þeim, er afmarkar teginn, hvar stór steinn er upp undan, fylgja þar með lágar þær framan í brúninni, sem eru uppundan teignum.“

Einnig tilheyrir jörðunni Víðimýri rekaítak í Hvalvík, sem er hálfur viðærreki og hálfur hvalreki í Hvalvík, frá Hvalvík inn í miðjan Hvalbás, móts við Reynistaðaklaustur.

Víðimýri 26. maím. 1890.

J. Benediktsson (eigandi Víðimýrar.).

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir.

Pjetur Pálmason eigandi Valadals.

Jósafat Guðmundsson eigandi Kríthóls.

Árni Jónsson, sem umboðsmaður Reynistaðar (smb. dómsmálasafn Skagafjarðarsýslu)

Ólafur Sigurðsson eigandi Brekku.

Jón Ásgrímsson eigandi Húseyjar.

Björn Þorláksson eigandi Kolgrafar.

J. Benediktsson eigandi umráðamaður Vatnsskarðs.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Seilu 3. júní 1892, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



25. maí

N^o 319

Jeg undirritaður Árni Jónsson læknir í Glæsibæ lýsi því hjer með yfir, sem umboðsmaður prófasts Jóns Hallssonar, að því leyti, sem jeg hans vegna hafi skrifað undir landamerkjaskrá ~~fyrir~~ milli Kleyfar og Ketu og hún við nánari yfirvegun eigi kemur heim við rjett landamerki Kleyfar, má leiðrjetta landamerkjaskrá þessa þannig að þeim beri saman með viðauka, er þinglesin sje á Skefilsstaðþingi. Til staðfestu er nafn mitt undirritað í votta viðurvist.

Glæsibæ 6. maí 1892.

Árni Jónsson.

Vottar:

Sigfús Jónsson.

Árni Björnsson.

Landamerki milli Kleyfar og Ketu eru óátalin að vera eptir því sem landamerkjaskrá fyrir Ketu ber með sjer og þinglesin var á Skelfingsstaðþingi 28. maí 1890, nefnilega sunnan úr Ynnri-Bjargalæk, þar sem hann fellur af bjargi í vestara bergishorn og þaðan beina stefnu í stóran stein, sunnan til á Hrossafelli. Þaðan í syðra-Hábrekku horn, sem er hornmerki milli Kleyfar og Ketu.

Hafragili 20. maí 1892.

Sigríður Guðvarðardóttir.

Viðaukar þessir eru þinglýstir á Skefilstaðþingi þann 25. maí 1892, og eru innfærðir í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



3. júní

N^o 320

Landamerkjaskrá Stóruseilu í Skagafirði, vóru samþykkt og undirskrifuð af eigendum jarðarinnar Helgu Pjetursdóttir á Stórugröf og Jónasi Halldórssyni á Stóruseilu, og þeirra manna, sem lönd áttu að nefndri jörðu að sunnan og norðan. Neðst að sunnan ræður merkjavarða sem stendur niður við Húseyjarkvísl fáa faðma fyrir sunnan Melkotsskurð, frá þeirri vörðu beint upp í mitt Laxaker, og þaðan beint í vörðu, sem stendur á holtinu fyrir ofan Seilu á þaðan beint eptir merkja röð, alla leið vestur yfir Seiluás og í miðjan Grafarhól, sem stendur upp við Sæmundar á, svo ræður Sæmundará alla leið til fornu vaðsgötu fyrir utan og neðan Skarðsá sem skjöl frá 1406 hafa fyrir hornmark vestast á norðurkanti, frá hornvörðu, sem þar stendur beina leið austur yfir Seiluás alla leið á brúnina fyrir sunnan Bárðarstaði frá hornvörðu, sem þar stendur, beint suður brúnina og í hornvörðu sem stendur á brúninni fyrir utan og ofan Seilu, frá henni ofan Skipagil og beint í vörðu á Stuttholti, frá henni í hornvörðu, sem stendur þar austan í flánni, og frá henni suður í Seiluá og hana ofan í Húseyjarkvísl, og svo ræður kvíslin suður að merkjavörðu þeirri, sem fyrst er frá skýrt.

Framan og ofanskrifaðri merkjaskrá til fullkominnar tryggingar setja allir hlutaðeigendur sín nöfn hjer undir.

Stóru-Seilu í maímánuði árið 1887.

Helga Pjetursdóttir

Jónas Halldórsson.

Jón Hallsson.

Ásgrímur Þorsteinsson.

Gunnar Gunnarsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Seilu 3. júní 1892, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



3. júní

N^o 321

Landamerkjaskrá um landamerki Torfgarðs í Seiluhreppi í Skagafirði.

Svofelld landamerki voru samþykkt af eiganda jarðarinnar Torfgarðs, Helgu Pjetursdóttir á Stórugröf, og þeirra manna, sem lönd áttu að nefndri jörðu á alla kanta.

Neðst að sunnan ræður hornvarða, sem stendur utan í Stuttholti, frá þeirri vörðu í vörðu á Stuttholti, frá henni beint í Skipagil, og úr því í vörðu, sem stendur á brúninni fyrir ofan það, frá hornvörðu, sem þar stendur beint eptir merkjaröð alla leið á brúnina fyrir sunnan Bárðstaði, og frá Hornvörðu, sem þar stendur beint eptir merkjaröð í hornvörðu, sem stendur niður í Torfgarðsflóa á Geldingaholtsmerkjum frá hornvörðu, sem þar stendur beint eptir merkjaröð í hornvörðu þá, sem fyrst er frá skýrt í flánni ^(fyrir) austan Stuttholt.

Ofanskrifaðri merkjaskrá til fullkominnar tryggingar, setja allir hlutaðeigendur sín nöfn hjer undir.

Torfgarði í maímánuði árið 1887.

Helga Pjetursdóttir.

J. Halldórsson.

Jón Hallsson.

Ásgrímur Þorsteinsson.

Jón Þorkelsson.

Þinglýst á Seilupingi 3. júní 1892, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 (ein króna)



1893 26. maí

N^o 322

Landamerkjaskrá fyrir Sjávarborg í Sauðárhreppi.

Milli Sauðár og Sjávarborgar eru merkin þannig: Úr Vatnsendavíki neðan við Áshildarholtið beina stefnu norður til sjávar, miðað í í Söðulinn á Málmey, og yfir vörðu hlaðna við Leirtjörn, og aðra vörðu á sandinum út við sjóinn; þaðan eru merkin sem land og sjór ræður í miðjan Hjeraðsvatna ás. Þá eru merkin til suðurs, eptir Hjeraðsvötnum allt að Grænhólsmerkjum. En innan þessara merkja liggja í Hjeraðsvötnunum og Víkinni, hólmar þeir, er hjer skal greina:

1. Víðirhólmi
2. Kríuhólmi
3. Nýjalandshólmi

4. Neshólmi, og í vötnunum suðar af honum Víðishólmi, og Ásgrímsstaðahólmi. Merkin milli Grænahóls og Sjávarborgar eru: úr vörðu á Sigfúsarheygarði til vesturs yfir vörðu, sem stendur á Sandbarði og beint í vörðu á Tjaldhól við Miklavatn, og eptir sömu stefnu vestur í mitt Miklavatn; síðan beina stefnu í Kílás þann, er skilur Sjávarborgar- og ~~Brenni~~^{Borgar}gerðisland, ræður þá Kíllinn til Ásthildarholtsvatns, loks eru merkin þaðan eptir Ásthildarholtsvatni í áður talið Vatnsendavík. Þess skal getið, að Borgargerði hefur óátalið beitaland í Borgarmýrar, fyrir þann pening er framfleytist á Borgargerði sjálfu, en Borgar ábúandinn hefur jafnframt rjett til vetrararbeitar í Borgargerðislandi, þá jarðlaust er á Borgarmýrum. Ennfremur hefur Borgargerðisábúandi heimila silungsveiði, fyrir Borgarlandi, að því leyti sem Borgarábúandinn ekki notar, en alls eingan rjett til reka eða varps.

Grænhóll hefur ekkert tilkall til beitar eða hlunninda í Sjávarborgarlandi.

Ítök Sjávarborgar eru: óátalin selstaða á Trölleyrum í hinum fornu Kálfárdalslöndum, ennfremur allur reki, hverju nafni sem nefnist á svæðinu frá því Sauðáin fellur nú til sjóar rjett við Sauðárkrók, allt austur að áðurtöldum landamerkjum Sjávarborgar.

Sauðárkrók 15. maí 1893.

í umboði Herranna B. Muus & C^o S. Blöndal.

Framanritaða landamerkjaskrá, samþykkjum við undirritaðir

Í fjarveru sonar míns Sigurðar, vegna Borgargerðis, og sjálfs míns, sem eiganda Grænhóls. P. Sigurðarson.

Umráðandi Sauðár Ólafur Briem.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki 26. maím. 1893 og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1 – ein króna



26. maí

N^o 323.

Landamerkjaskrá fyrir Sauðá.

Að austan ræður sjóarströndin frá Gönguskarðsárnesi inn í Sauðárkrók. Þaðan austur til þess hornmerki það, er setja skal við sjóinn, ber í Mámevjarkringluskarð að sjá úr miðri Garðsendavík, sem er vatns vikið upp við Áshildarholt. Þaðan suður í tjeða vík. Þaðan ræður garður, er liggur upp frá víkinni rjett fyrir utan Áshildardys, og síðan sama stefna upp á háfjall. Þaðan ræður hjáfjallið suður í Molduxaskarð, þar sem vötn á tvo vegu frá renna. Þaðan niður í syðra Húsgil; þaðan í Gönguskarðsá, sem þá ræður merkjum til sjóar. Þar að auk á jörðin engjateiga 2 tillagða frá öðrum jörðum í skiptum við aðrar ínytjar. 1. Sauðáreyju austur í Hjeraðsvötnum, tillagða frá Sjóarborg fyrir viðarreka austan frá landamerkjum vestur til Sauðáróss innan til við krókinn. 2. Sauðárteig vestan af Veðramótsengi frá landamerkjum austur að garðlagi, sem afmarkar hann að austan, en Kallá að neðan; fylgja honum slægjulautir þær er liggja úr honum upp í brekkurnar. Teigur þessi er látinn frá Veðramóti fyrir vetrarheit í Sauðárhálsum.

Samkvæmt landshöfðingabrjefi af 18. apríl 1883, er Sauðárkrókur eða strandlengjan frá Sauðarós allt út til Gönguskarðsár og brekkan þar fyrir ofan allt upp að brún, undanskilin byggingu jarðarinnar; en þó er ábúandanum þar heimil lending og uppsátur.

Ási, 25. maí 1885.

Ólafur Sigurðsson umboðsmaður.

Framanritaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir.

Umráðandi Sjávarborgar S. Blöndal.

Vegna Áshildarholts Jóh. Ólafsson. S. Blöndal.

Þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki 26. maím. 1893 og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bokun 0.25 1 – ein króna

1894.



1984 Júní 30

N^o 324.

Landamerkjaskrá fyrir Holtsmúla.

Að austan ráða Hjeraðsvötnin frá merkjavörðu sem hlaðim er á vatnabakkanum fyrir sunnan Kárastaðaskurð, suður að syðri vegg á gömlum heygardi á bakkanum skammt fyrir utan Grafarhúsin, sem er hornmerki. Þaðan ráða vörður upp engið. Þaðan sama stefna upp í garð á holtinu sunnan við veginn upp frá Holtsmúlalátrú. Þaðan í Fagradal. Þaðan liggja merkin til suðvesturs í stóran stein vestan í Hádegisholti. Þaðan eptir sömu stefnu í vörðu þá, er setja skal þar sem Mjósund mjókkar með stórum stalli vestan í hæðinni, sem er hornmerki. Þaðan sunnantil vestur yfir Djúpasund í garð sunnan við Vatnsholt. Þaðan í garðlag vestan í holtinu fyrir austan Grænumýri. Þaðan í garð á mounum fyrir vestan mýrina. Þaðan í mjóan melhrygg, sem er hjer um bil undan norður túngarðinum á Dúki. Þaðan í Sæmundará, þaðan ræður nefnd á út að vörðu, er hlaða skal á árbakkanum, þar sem áin gerir bugðu á sig í vestur skammt fyrir sunnan Staðarrjett. Þaðan norðaustur yfir Svarðarhólminn og síðan eptir sömu stefnu fyrir utan Lómatjörn austur yfir mýrarnar í fyrstnefnda vörðu fyrir sunnan Kárastaðaskurð.

Álfgeirsvöllum 30. júní 1890.

Ólafur Briem.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Vegna Reynistaðar: Árni Jónsson.

Vegna Stórugrafar Sigurjón Markússon.

Þinglýst á manntalsþingi á Reynistað 30. júní 1894, og rituð í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Juní 30

N^o 325

Landamerkjaskrá fyrir Skörðugili ytra.

Að austan ræður Holtstjörn suður á móts við gamalt garðlag, er liggur vestur frá tjörninni sunnan til, og er þar landsuður hornmerki við tjörninna. Þaðan eptir nefndu garðlagi og úr því beina stefnu upp í merkjaþúfu fyrir ofan Kvíaholtssenda.

Síðan beint upp Langholtsásinn í Lindarlæk syðri á ásbrúninni, og eptir sömu stefnu sunnan við Steinhæð vestur á háásinn, þar sem hlaða skal útsuðurhornmerki. Þaðan sjónhending í forna merkjaþúfu á háásnum, sem er útnorðurhornmerki. Þaðan þvert austur ásinn sunnan við Steinholt í Merkjahól á Langholtsbrúnum. Þaðan í merkjalág, sem liggur ofan þverar brekkurnar, og síðan eptir gömlu garðlagi austur í nyrðri Holtstjarnarenda, þar sem er landnorðurhornmerki.

Ásgeirsvöllum 26. apríl 1890.

Ólafur Briem.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer samþykkir:

Sem umráðandi Halldórsstaða og Elvoga J. Benediktsson.

Sem eigandi Skörðugils syðra. Jón Þorkelsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Seilu 30. júní 1894, og innrituð í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Júlí 3

N^o 326.

Landamerkjaskrá fyrir Hrauni ^(á Skaga).

Að austan ræður sjóarströndin frá Hraunsmúla inn á móts við Þangsskálavatnshornið lítið eitt, hvar hlaða skal vörðu á graseyri við 3 jarðgróna steina sem þar eru. En rekamerkin milli Hrauns og Þangskála eru ákveðin sjónhending frá vörðunni á Úlfssdalatá. Þaðan vestur yfir vatnið til Steinalækjaróss. Þá ræður Steinalækur upp í Steinatjörn. Úr efri Steinalækjarós beina stefnu til Dauðsmannsvörðu á rindanum fyrir austan og neðan Kolluvatn.

Þaðan beina stefnu í Sellækjarós við Efranesvatn, og skal hlaða vörðu á hæðinni fyrir austan Grafdalinn merkjunum til glöggvunar. Þá ræður Efranesvatn til Hrafnabjargar ár. Síðan ræður Hrafnabjargar á til Skákarvatns, þá Skákarvatn til Aravatnsár, svo Aravatnsá til Aravatns, svo Aravatn til Holsdjúpshóls, sem hefur verið austur hornmerki á Hraunslandi. Úr Holdjúpshól bein lína í norðara (landi. ~~Svínafellshorn þar til komið er móts við Stuttalæk skal þar hlaða vörðu~~ Úr Holdjúpshól bein lína í norðara)¹ Svínafellshorn, þar til komið er móts við Stuttalæk, skal þar hlaða vörðu, sem verður vesturhornmerki á Hraunslandi, og austurhornmerki á Mánavíkurlandi. Úr nefndri vörðu ræður svo bein stefna í Stuttalæk. Úr Stuttalæk bein stefna í hól norðan-vert á Hraundíahæð, skal þar hlaða vörðu með hæfilegu millibili. Úr nefndum hól, bein stefna í Tíðavörðu, úr Tíðavörðu í Deildarhamar. Frá Deildarhamri ræður svo sjóarströndin til fyrnefnds Hraunsmúla.

Fyrir landi jarðarinnar eiga Spákonufells og Höskulsstaða kirkjur viðarreka ítök, sem skiptast þannig.

Vestast frá Deildarhamri til Langatanga tekur Spákonufellskirkja helming, Höskulsstaðakirkja fjórðung.

Frá Langatanga til þriggja steinamarks, Spákonu^{fells}kirkja helming.

Frá þriggja steinamerki austur til Fornuvarar, Höskuldsstaðakirkja helming, Spákonufellskirkja fjórðung.

Hrauni 5. apríl 1894.

Gunnar Gunnarsson. (eigandi að fullum helmingi Hrauns).

Ólafur Briem (umboðsmaður Reynistaðarklausturs)

Framanskrifaðri landamerkjaskrá, erum við undirskrifaðir samþykki.

Árni Antónýus Guðmundsson, Víkum (eigandi og umráðamaður Mánavíkur) 5/4-94.

Hrauni þ. 5. apríl 1894.

Sveinn Jónatansson. (eigandi og umráðamaður Þangskála og Kelduvíkur.)

J. Magnússon. (umráðamaður Ásbúða).

Þinglýst á Skefilsstaðapingi 3. júlí 1894, og rituð í Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar: Jóh. Ólafsson.

¹ Líklega merkja gæsalappir hér að texti innan þeirra eigi að vera yfirstrikaður.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald í landssjóð:

þingl. 0.75

bókun 0.25 1.00 (ein króna)



Merkjalýsing fyrir Kolbeinsdalsafreitt í Kolbeinsdal í Skagafjarðarsýslu eins og hún er nú hinn 31. maí 1898 eptir að Viðvíkur og Hólahreppar eru orðnir rjettir eigendur að hinni gömlu afreitt í Kolbeinsdalnum samkvæmt afsalsbrjefi frá stjórnarnefnd Hólaskóla dags. hinn 6. þ.m. á fundi að Hólum og eptir að nefndir hreppar hafa aukið hana með nær gjörvöllu Bjarnastaðalandi og allmiklum hluta af Fjallslandi samkvæmt afsalsbrjefum dags. 14. júlí 1896 og 26. júlí 1896 frá fyrverandi eigendum tjeðra jarða. Sbr. að öðru leyti skjöl afreittarmálsins. Frá Tungnahryggsjökli ráða háfjöll merkjum út austan við Staðargöngur, Ingjaldsskál og Skíðadal til stóruvörðu á Heljardalsheiði, þaðan ræður háfjallgarðurinn merkjum í norður, móts við svonefnt Skriðulandsgil, er að ofan skiptist í tvö gil og ræður hið syðra gilið merkjum uns niður eptir dregur, svo að myndast eitt gil, sem þá ræður merkjum, þangað til kemur ofan í gilkjaptinn. Þaðan eru merkin beina stefnu ofan þangað sem lækurinn, sem fellur rennur um gilið, fellur í Kolbeinsdalsá, og eiga hrepparnir þannig mjög litla sneið norðan við garð þann, sem nú hefur verið hlaðinn fyrir afreittina, og hafa því hrepparnir rjett til að færa hann lítið eitt út á við, ef þörf krefði síðar. Sbr. landamerkjaskrá fyrir jörðinni Bjarnastöðum í Kolbeinsdal, dags 25. maí 1886, N^o 67. Vestan við Kolbeinsdalsá eða fjallsmegin, ræður garður sá merkjum, sem hlaðinn hefur verið frá Kolbeinsdalsá yfir túnfótinn og sunnanvert við túnið á Fjalli beint upp fjallið og síðan beint þaðan sem girðingin endar, uppá há-Elliða, síðan niður há-Elliðinn, eða háfjallið merkjum til Strangalækjar á Víðinesdal. Strangilækur ræður þá merkjunum til Víðirnesár, en þaðan, sem hann fellur í Víðirnesá, ræður sjónhending yfir svo nefndan fremri Moshól til háfjalls. Þá ráða háfjöll merkjum þaðan vestan við Tungur og Skálar á milli þeirra og Hólabyrgðu og Hofsdals, allt fram að Tungnahryggsjökli og þá hájökullinn fyrir framan svonefndan Tungnahrygg til Staðargangnafjalls.

Vjer viljum benda á, til að fyrirbyggja misskilning síðar, að í skýrslu um fund amtsráðsins í Norðuramtinu hinn 11.-12. júní f.á., sem prentuð er í B deild stjórnartíðindanna næstl. ár bls. 131-132, er Kolbeinsdalsafreitt af vangá nefnd Kolbeinsstaðafreitt, þar sem skýrt er frá Samþykki amtsráðsins til að sleppa eignarhaldi hennar við Hóla og Viðvíkurhreppa fyrir um samið verð. Verði ekki þessi prentvilla leiðrjett í stjórnartíðindunum, væntum vjer þess að þessi leiðrjetting nægi.

Loks lýsum vjer því yfir að Hóla og Viðvíkurhreppar eru hjeðan í frá rjettir eigendur að öllu afreittarlandi því í Kolbeinsdalnum sem lýst er að framan með tilgreindum merkjum eins og oss hefur verið selt það, ítölulaust, og bönnum því hjer með einum og sjerhverjum fyrr og síðar í eitt skipti fyrir öll sjerhverja notkun landsins nema eptir þeim reglum sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir og fjallskila r.g. sýslunnar setja um notkunina

Staddir að Viðvík, hinn 31. maí og 1. júní 1898.

Zóphónías Halldórsson oddviti Við-^uhrepps.

Jón Sigurðsson oddviti Hólahrepps

Sigurður Pjetursson

Björn Illugason

Magnús Ásgrímsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

S. Sölvason

Þ. Dagsson hreppsnefndarmenn.

Samþykkir fyrir Víðirnes: Jón Guðmundsson

[Samþykkir fyrir] Hóla: Jósep J. Björnsson

[Samþykkir fyrir] Fjall: Jón Sigurðsson oddviti Hólahrepps.

Þinglesið á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1898, og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Eggert Briem.

Gjald í landssjóð:

1 – ein – króna.



Héraðsdalur og Stapi í Lýtingsstaðahreppi, bls. 142v-143r
N^o 328.

Landamerki milli Hjeraðsdals og Stapa.

Árið 1899 hinn 25. júní, áttu eigendur jarðanna Hjeraðsdals og Stapa í Lýtingsstaðahreppi ásamt tveim tilkvöddum mönnum fund með sjer í Hjeraðsdal til þess að skipta beitilandi milli áðurnefndra jarða. Var þá riðið á landið og voru samþykkt svolátandi skipti.

Úr vörðu þeirri, sem hlaðin er í Krókunum liggur merkjalínan austur að Stapavatnsendanum syðri í vörðu þá, sem er sunnan og austan við vatnið, þaðan beina stefnu í vörðu á hæsta melnum fyrir utan Stapasneiðing, og af þeim mel beina stefnu út og austur á Stapaklif. Frá Stapaklifi liggur merkjalínan norður með Stapakvísl, eða þeim farvegi hennar, sem næstur er brekkunum. Fyrir norðan og vestan línu þá, er hjer er lýst, er Stapaland, er á hinar hliðarnar ræður merkjalína sú, sem lýst er í landamerkjabrjefi fyrir Hjeraðsdal og Stapa dags. 22. apríl 1890.

Á Hjeraðsdalshólma fyrir utan Stokk eiga báðar jarðirnar óskipta beit eptir rjettri tiltölu.

Á Hjeraðsdalshólma fyrir sunnan Stokk á Stapabóndi frjálssa beit að sumrinu fyrir 2–3 kýr og 30–40 ær, en ekkert hross.

Daníel Sigurðsson. eigandi Stapa

Baldvin Friðriksson Einar Jónsson eigendur Hjeraðsdals.

Viðstaddir vottar:

Jóh. P. Pjetursson

Páll Ólafsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 17. maí 1898. Eggert Briem.



Landamerki jarðarinnar Stokkhólma í Akrahreppi innan Skagafjarðarsýslu (samkvæmt landamerkjabryjfi gjörðu 1890 undirskrifuðu af öllum hlutaðeigendum og þinglýstu sama ár.) eru:

Að norðan: Úr miðjum Hjeraðsvötnum í vestur (eptir sólskífu) frá miðjum Miðhúsabæ í vörðu skammt frá (Hjeraðs)vatnabakkanum, þaðan sömu stefnu (nefnil. í vestur eptir sólskífu) eptir uppsettum vörðum (nokkuð fyrir norðan Hringeyjartún) í vörðu á vestari bakka Djúpafarvegs. (Að vestan) Suður Djúpafarvegsbakkanum vestari í vörðu á bakkanum sem aðskilur Stokkhólma landeign að norðan og Miklabæjarlandeign að sunnan).

Að sunnan: Úr síðar nefndri vörðu á Djúpafarvegsbakka (vestari) beina stefnu (austur yfir Hjeraðsvötn) í vörðu á holtinu fyrir sunnan Grundarkot. Að austan: Eptir miðjum (austasta farveg) Hjeraðsvötnum, til fyrst greindra merkja.

Innan ofanskrafaðra merkja fyrirbýð jeg – Pjetur Andrjesson eigandi og umráðamaður jarðarinnar Stokkhólma – öllum slægjur, hagbeit og öll önnur afnot, án míns leyfis.

p.t. Skíðastöðum 13. maí 1898.

Petur Andrjesson Stokkhólma.

Þinglesið á manntalsþingi að Stóru-Økrum 16. maí 1898. Eggert Briem

Gjald: 1 – ein – króna.



N^o 330.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Bæ í Hofshreppi.

Landamerkin birja að austan milli Mannskaðahóls og Bæjar úr þúfu sunnanvert við Höfðavatn á milli Kota Óss og Vatnsenda, þaðan í svokallaða Þórðarþúfu á flóanum, þaðan suður í Grænutótt við Urriðalæk, þá heldur Urriðalækur merkjum uppí reiðgötur sem eru merki milli Mýrakots og Bæjar, þá úr Urriðalæk suður reiðgötur í Tíðalá sem eru merki milli Hofs og Bæjar, þá úr Tíðalá vestur flóann sjónhending til sjávar í mitt Æðarsker, sem eru merki millum Þönglaskála og Bæjar.

Þá byrja landamerkin að norðan í Þórðarhöfða á millum Höfða og Bæjar, í mitt Herkonuskarð vestast á Þórðarhöfða sjónhending í Ytra-Gerðisvíkurnef. Þaðan beint strik suður Höfðavatn í fyrstgreinda þúfu á vatnsbakkanum millum kotanna Óss og Vatnsenda.

Land innan ofanritaðra merkja með öllum gögnum og gæðum til lands, vatns og sjávar lýsum við rjetta eign teðrar Bæjar á Höfðaströnd.

St. á Hofi 4. júní 1901.

Eigendur Bæjar:

Konráð Jónsson eigandi ½ Bæjar og Mýrakots og umsjónarmaður Hofs og Þönglaskála.

Björn Pjetursson Sigr. Jónatansson eigendur að ½ Bæ.

Samþykkur Sveinbjörn Sveinsson eigandi Mannskaðahóls.

Vegna prestssetursjarðarinnar Höfða sam þykkur Pálmi Þóroddsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 4. júní 1901. Eggert Briem.

Gjald: 1 – ein – Kr. E Br.



N^o 331.

Að herra óðalsbóndi Sveinn Árnason í Felli hafi samkvæmt kaupsamningi þeim er hann gjörði við mig undirskrifaðan 25. f-mán. borgað mjer að fullu viðarreka ítak það, sem jörðinni Skála að fornu og nýju fylgt hefur fyrir Fellslandi, þess vegna afsala jeg mjer og mínum erfingjum og hverjum þeim, er eigandi kann að verða að Skála nefndu rekaítaki fyrir Fellslandi.

Þessu til staðfestu er undirskrifað mitt eiginhandar nafn í viðurvist tveggja votta.

Staddur að Felli 3. okt. 1898.

F. S. Stefánsson.

Vottar

Dúi Grímsson

Jón Bergsson.

Þinglýst á manntalsþingi á Felli



Landamerkjaskrá fyrir Skinþufu í Vallholmi.

Norðvestur horn landsins er í merkjadraegi þar sem að mætist Vallna og Skinþúfuland; ræður það svo alla leið þangað til komið er að Atlagirðingu, eru svo merkin eptir svokölluðum Laugarkíl miðjum allt þangað til kemur á línu dregna úr Vallholtsendanum í Skollatóft ræður þá sú stefna í Skollatóft, þaðan ræður bein stefna á Arnarberg allt suður á mekjalínu þá, er aðskilur siðra og Ytravallholtslönd og er þar suðvestur horn landsins. Þaðan er stefnan til austurs, eptir áðurnefndum merkjum allt að Garðvaði, svo bein stefna í Miðlæk, sem ræður til Hjeraðsvatna svo norður eptir sem þau halda út fyrir Skinþufusýki allt að garðsmóti því, er liggur til vesturs fyrir sunnan Fornuvalla land, svo stefnir garðsmótið í norður milli Skinþúfu og Fornuvalla, allt út að Vallná merkjum vestan Gvendarpolls þá vestur miðja leið milli Skinþúfu og Vallna og allt vestur að áðurnefndu merkjadragi og Skinþúfu og Vallnalönd mætast.

Jörðin á þriggja kúa hagabeit ár hvert í Vallnalandi en engin jarðaítök í Skinþúfuland.

Vollum 18. maí 1890.

Eptir umboði eiganda Skinþúfu Jón Jónsson

Zofanias Halldórsson prf. vegna Ytra-Vallholts.

Samþykkur vegna mín og móður minnar Jónas Egilsson

Sveinn Gunnarsson umráðamaður Syðra-Vallholts og Mikleyjar.

Hjer eptir fylgir eyðilandið Fornuvellir Skinþúfu þar sem eg undirritaður fyrir nokkrum dögum hefi selt og afsalað H. Valdimar Guðmundssyni í Ytra-Vallholti, sem nú er rjettur eigandi Skinþúfu.

Jóh. P. Pjetursson Fyrverandi eigandi Fornuvallalands.

Þinglýst á manntalsþingi á Seilu 24. maí 1902.

Gjald: 1 – ein – Kr.



N^o 333.

Landamerkjaskrá fyrir Vatnskoti

Það sem Ás og hjáleigan Vatnskot, hafa til þessa tíma haft óskift beutiland, en eg býst við að það verði ekki sameign framvegis, þá vil eg hér með setja þessi landamerki millum jarðanna.

Á landnorður horni landsins skal hlaða vörðu, sunnan til við Yzta hamar, á hamra brúninni út við Garðsmerki, þaðan suður svokallaða Fossbrún, og svo áfram brúnina suður í vörðu, er hlaðin sé í sömu línu, niður undan Vatnsvíkinu, sunnarlega á Næfurstaðaás, sem sé landsuður hornmerki, þaðan í vörðu syðst á Geitabergi, úr henni vestr til Dómsvörðu, sem stendur á lítilli klöpp, skamt norður frá Fögrukinn, sem er útsuður hornmerki, úr henni eptir merkjalínu, sem áður er gjörð milli Hellulands og Vatnskots, norður í vörðu á tungunni, milli Grendalanna, vestur undan Svörtuskoru, þaðan austur í nefnda skoru, þaðan í fyrstnefnda vörðu á Garðhömrum. Það auk á jörðin tvo engja teiga nefnilega ytri part neðri Landeyjar, af miðjum rindu fyrir sunnan Stórutjörn, og norður úr gegn fyrir neðan stekkin, svo Vatnskotsflá, á Hríseyju frá Svartanesi, norður á miðjan Sveinsfláarrinda, með tjarnarparti, þar sunnan og austan við, og svo slægjur í vatnsröndinni.

Ási, 18. apr. 1907.

Olafur Sigurðsson

Tilkvaddir vottar:

Sigtryggur Guðjónsson.

Jósteinn Jónasson.

Þinglýst á manntlsþingi að Ríp 21. maí, 1907 P. V. Bjarnason.

Gjald 1= ein króna. P. V. Bj.



Landamerkjasmningur.

Við undirritaðir, eg Sigurður Jónsson bóndi á Litlu-Seilu, og eg Björn L. Jónsson bóndi á Stóru-Seilu, gjörum með okkur svofeldan landamerkjasmning, milli ábúðarjarða okkar Litlu-Seilu og Stóru-Seilu, er gilda skal sem landamerkja skrá nefndra jarða, fyrir alda og óborna. Landamerki milli téðra jarða, skulu hér eptir vera sem hér greinir:

Að austan ræður bein stefna úr gilinu milli túnanna, í vörðu fyrir utan Litluseilu beitarhús, sem stendur 200 – tvö hundruð – faðma fyrir norðan Grófargils landamerki, og þaðan beina línu, vestur yfir ásinn, í vörðu austan vert við Sæmundará, og með Sæmundará í vörðu á miðjum Grafar hól, milli varðanna er að vestan minda hornmerki, eru 200 – tvö hundruð faðmar.

Heimilt skal og Stóru-Seilu ábúanda að taka eptir þörfum, grjót úr holtinu fyrir neðan Seilúá, og utan Laxker. Ennfremur hefir hann heimild til, að fara með heyband sitt, úr miðenginu, yfir svokölluð engjasund og holt norðvestur í túnendann á Stóru-Seilu. Þessi réttindi gilda fyrir alda og óborna.

Samning þenna staðfesta undirrituð nöfn okkar.

Stóru-Seilu, 29. apríl, 1907

Sigurður Jónsson.

Björn L. Jónsson

Vottar:

Jón Jónsson.

Arni Jónsson.

Þinglesið á manntalþingi að Seilu, 17. maí 1907 P. V. Bjarnason

Gjald 1 = ein króna P. V.Bj.



Jeg undirritaður, sem er settur af rjettum hlutaðeigendum til að afhenda herra Sveini Gunnarssyni jörðina Mælifellsá með sínum eignum og landamerkjum yfirlýsi hjermeð.

Að norðaustan neðanvert við flóann ofanvert við Pálsstakk untanvert við Gilskotslæk er hornmerkið vörðuhóll á Selás. Sá vörðuhóll telst rjett sunnan við miðjan Selás. Frá vörðuhólnum er bein stefna til hávesturs yfir flóa, mela, fjöll og dali allt að Húnavatnssýslumótum. Þaðan til suðurs eins og stefna sýslumótanna liggur alt að Þrepskjöld á Kiðaskarði. Svo ræður lækur ofan Kiðaskarð norðaustur í Mælifellsá. Þar eftir ræður Mælifellsá ofan móts við miðjan klett, neðanvert við Lestavað. Frá miðju klettsins ræður stefna merkjum út brúnirnar alt í áðurtjáðan vörðuhól á Selásnum.

Ef nokkur máldagalaus af núlifandi mönnum skyldi að einhverju leyti vilja halla þessum ofar áminstu landamerkjum fyrir jörðinni Mælifellsá, þarf alls ekki að taka það vitni til greinar, því faðir minn Einar Hannesson keypti Mælifellsá akkúrat með þessum ákveðnu landamerkjum. Það sýnist því ekkert mega halla rjetti þeirra. Stefna skal ráða landamerkjum eftir mælikvarða óvilhallra álitsmanna.

Mælifellsá 10. marz 1893.

Eyjólfur Einarsson

Þinglesið á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 22. maí 1908. P. V. Bjarnason

Gjald 1 – ein – króna P. V. Bj.



Jeg undirritaður búandi á jörðinni Ögmundarstöðum í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, og eigandi að hálfri þeirri jörð, sem öll er metin að dýrleika eftir fornu mati 20 hndr. en að nýju mati 18.2 hundr. og sem er fullur $\frac{1}{4}$ – einn fjórði hluti móti vík og Glæsibæ, kunngjörri hjer með að landeign nefndrar jarðar er sem hjer segir:

1. Beitolönd, sem eru $\frac{1}{4}$ – einn fjórði – hluti af mýrunum, sem er svæðið sunnan frá Reynisstaðarlandamerkjum og allt út að Grænhólslandamerkjum, sem eru á svonefndum Görðum. Austan að þessu svæði liggja Hjeraðsvötn, en að vestan ráða slægjulönd, austan við Staðará, frá Ögmundarstöðum og Vík og endi miklavatns norðar. Í þessum nefndu mýrum eru bæði Pottagerði og Ögmundarstaða-sel.

Ögmundarstaðir eiga og $\frac{1}{4}$ – einn fjórð – part af fjalllendi því er liggur uppfrá Víkurtorfutúnum, og vírgirðinguna að utan og sunnan allt út að Hólkotslandamerkjum og suður að Hafsteinsstaðalandamerkjum, en takmörkum landsins að vestan ræður svonefnd Ranghalaá vestan við hnjúkana.

2. Engjar jarðarinnar eru fyrst hólmi út við Miklavatn afmarkaður og svo kallaður Reitur, austan við Staðará, með fornum og gildum landamerkjum.

Í þriðja lagi eru engjar tjeðrar jarðar efan frá túni og girðingu, allt ofan að Staðará; að sunnan ráða Hafsteinsstaðalandamerki, og að norðan ræður svokallaður Titarlækur. Engjar þessar eru móar, mýrar og bakkar meðfram Staðará.

3. Tún sem liggur innan girðingar.

Þess ber að gæta að jörðin hefur ítak í Reynisstaðarafrjett til afnota, sem aðrar jarðir upprekstrarfjelagsins:

Jörðin Ögmundarstaðir hefur rjett til Silungs- og laxveiði bæði í Miklavatni og Staðará.

Það skal tekið fram að jörðin hefur fullan og óátalinn tjett að fornu og nyju til allra framantjeðra eigna og ítaka og gildir þessi rjettur fyrir alda og óborna, sem á tjeðri jörð búa. Er því einum og sjer hverjum fyrirboðin og bönnuð öll ágengni í landareignir og réttindi jarðarinnar.

Brjef þetta óskast bókað í veðmálabók Skagafjarðarsýslu og þinglýst á næsta manntalsþingi Staðarhrepps.

Ögmundarstöðum 10. Septb. 1908

Jón Björnsson

Þinglesið á manntalþingi að Reynistað 21. maí 1909. P. V. Bjarnason.

Gjald 1 – ein – króna P.V.Bj.



Landamerkjaskrá fyrir Grænhól í Skarðshreppi.

Að norðan á móts við Sjóarborg (sic) eru merki úr miðjum Héraðsvötnum þaðan sem varða norðarlega á Skógarbakkatóftum ber í Gilsgilið þar sem það beygir til suðurs uppá fjallsbrúninni. Ræður svo merkjum þessi beina lína alla leið vestur í Miklavatn og er hún um hól sem er nokkuð frá vatninu. Að sunnan á móts við Vík er merki frá Miklavatni eptir gömlum merkjagarði svo langt sem hann sést austureptir en svo ræður sama stefna austur í mið Héraðsvötn. Að austan á móts við Kárastaði ræður lína eptir miðjum Héraðsvötnum á milli áðurnefndra merkja að norðan og sunnan. Jörðin á frían upprekstur á Staðarafétti fyrir fé og hross, silungs- og laxveiði í Miklavatni fyrir landi sínu, sem og í Héraðsvötnum. Engin jörð á ítök í landi jarðarinnar.

Umráðamaður Grænhóls Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum.

Eigandi Sigurður Jónsson á Hofsstöðum.

Á. J. Hafstað eigandi Víkur.

Ólafur Briem umráðamaður Kárastaða.

Jónas Sveinsson, eigandi næstliggjandi lands að norðan.

Þinglesið á manntalsþingi á Sauðárkrók 22. maí 1909. P. V. Bjarnason

Gjald 1 – ein kr. P. V. Bj.



Merkjaskrá fyrir jörðina Vík í Staðarhreppi með Pottagerði.

Suðausturhornmerki landsins er í miðjum Hjeraðsvötnum undan vörðu á vestari Hjeraðsvatnabakkanum, sem sett er þar sem að þúfan á Geirlagarhamri (sic) ber í Skallagil í fjallinu og eru það merki á milli Reynistaðar og Víkur, en áður töldu hornmerki um tjeða vörðu á Vatnabakkanum og beina stefnu á vörðuna á Geirlagarhamri, vestur yfir mýrarnar að Sæmundará, að vestanverðu við ána milli Hafsteinsstaða og Víkur er bein stefna þegar að þúfan á Geirlagarhamri ber í Skallagil við Skeiðarenda í fjallinu og í vörðu á axlarbrúninni, sem sjest frá vörðunni á Geirlagarhamrinum og eftir þessari sömu beinu stefnu vestan yfir Öxlina og í norðasta Þrígilið (?) og ofan í Rangalaá og er það suðvesturhornmerki. Ræður svo Rangalaáin merkjum norðureftir þar til að lækurinn úr Svartagili rennur í hana og er það norðvesturhornmerki, sem að skilur þá Gils og Víkurlönd. Frá áðurtöldu hornmerki ræður nefndur lækur og svartagilið merkjum á fjall upp á meðan það endist en þegar það þrýtur er bein stefna frá upptökum þess og í stein sunnan til á hágilsbúngu og er þar norðvesturhornmerki Hólakotslands. Þaðan er svo bein stefna suðaustur á brúnina norðan við Axlarhornið þar sem að varða fyrir sunnan gamlan Hólakotsstekk ber í norðurhorn tröllshöfðans við Miklavatn og er það suðvesturhornmerki Hólakotslands. Úr þessu hornmerki liggja merkin beina línu niður hlíðina fyrir norðan vota berg og í áðurtalda vörðu sunnan við gamlan Hólakotsstekk og eftir sömu stefnu til Miklavatns í norðurenda tröllshöfðans, þaðan eru merkin fyrir norðan alla leira og hólma norður af engjunum. Að austanverðu við Miklavatn ræður gamall merkjagarður frá vatninu austur yfir móana og austur að flóanum eins og hann sjest lengst, en þaðan ræður sama stefna eftir garðinum austur fyrir flárnar og bakkana og út í mið Hjeraðsvötn í áðurnefnd suðausturhornmerki. Ögmundarstaðir og Glæsibær eiga sameiginlega beit með Vík innan ofantaldra ummerkja sem og veiði úrskift slægjuland og er engi þeirra jarða að vestanverðu við Sæmundará nema hólmar út við Miklavatn sem aðgreinist að austan og sunnan með dragi frá Víkurhólmanum og tanganum (?). Einnig eiga Ögmundarstaðir spildu í gegnum Víkurengi. Reitinn (?) sem aðgreinist að sunnan frá Þrætutungunni (?) með dragi, en að norðan frá stekkjarengjum með heygarði gömlum og er Reiturinn um 120 faðma á breidd á bökkunum.

Hafsteinsstöðum 11. nóvbr. 1907

Eigandi Hafsteinsstaða, Víkur og Pottagerðis Jón Jónsson

Eigandi að Grænhól Sigurður Jónsson Hofsstöðum

Eigandi Hólkots Benedikt Þorsteinsson

Þinglesin á manntalsþingi að Reynistað 21. maí 1909. P.V. Björnsson

Gjald 1 – ein – kr. P. V. Bj.



Þar eð jeg undirritaður hefir girt beutiland mitt að nokkru leyti á næstl. vori, þá höfum við Jón Benediktsson, sem nú býr á eignarjörð sinni Grófargili, komið okkur saman um að sú girðing sem jeg hefi gjört skuli vera óátalin af eigendum Grófargils um aldur og æfi, og landamerki á milli jarðanna Litluseilu og Grófargils skuli vera eins og girðingin er nú sett niður. Þess skal og getið, að frá suðaustur hornstaur girðingarinnar liggja merkin beint austur í vörðu, sem stendur í holtinu fyrir vestan Seilúá, og frá henni beina línu í læk þann, sem rennur í Laxaker.

Fyrir þá rönd, er Grófargilsbóndinn álítur sig eiga innan girðingar minnar borga jeg honum 50 kr. fimtíu krónur, sem borgast honum nú þegar.

Litluseilu 25. okt. 1908.

Sig. Jónsson

Jeg undirritaður geng að ofanrituðum samning í öllum atriðum.

Grófargili 25. okt. 1908.

Jón Benediktsson.

Vitundarvottar:

Björn Þorláksson

Sigurður Gunnarsson

Þinglesið á manntalsþingi að Stóruseilu 27. maí. 1909. P. V. Bjarnason

Gjald 1 – ein – kr. P. V.Bj.



N^o 340.

Landamerkjabrjef fyrir Tunguhálsi.

Landamerki að sunnanverðu milli Goðdala og Tunguháls eru í Grafarlæk, þar sem hann fellur í Jökulsárgil ræður svo nefndur lækur merkjum í vörðu, sem stendur á melhorni að sunnanverðu við lækinn, úr þeirri vörðu út og upp í vörðu við Reiðgötur. Ráða svo nefndar reiðgötur merkjum út í vörðu, sem er á mel fyrir sunnan Syðrihúsálág, þá sem er fyrir sunnan Tunguháls beitarhús.

Ráða þá vörður landamerkjum sem er á nýnefndum mel, upp í vörðu uppi á brúninni; úr þeirri vörðu beint vestur til merkja Ánastaðalands, en að vestanverðu norður með fram Ánastaðalandi og þaðan beint í vörðu, er stendur á Ystuborg (sem er hornmerki), þaðan beint austur í miðja Kálfatjörn; úr miðri Kálfatjörn austur í vörðu, sem stendur á melhálsi milli Kerlingarsunds og Mjóasunds, þaðan beint austur yfir Grænamó á Merkjalág, úr Merkjalág rjettsýnis á Keldulandsbæinn. Hjeraðsvötn ráða merkjum að austanverðu.

Gjört að Tunguhálsi 8. apríl 1911.

Sveinn Stefánsson

Samþykkur sem umráðamaður jarðarinnar Goðdala Jóh. P. Pjetursson

Samþykkur sem eigandi Breiðargerðis Jóh. P. Pjetursson

Samþykkur sem eigandi jarðarinnar Breið Erlendur Helgason

Samþykkur sem eigandi jarðarinnar Ánastaða Helgi Björnsson

Samþykkur sem eigandi jarðarinnar Villinganes Eiríkur Guðnason

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 19. maí 1911. P. V. Bjarnason

Gjald 1 – ein – kr. P. V. Bj.



Ár 1910 hinn 20. ágúst voru gjörðarmenn þeir sem útnefndir höfðu verið til að útkljá skifti milli Víkur og Glæsibæjar annars vegar og Ögmundarstaða hins vegar mættir á Sauðárkrók. Þeir sem mættir voru eru Björn Jónsson Veðramóti, Sigurgeir Daníelsson Sauðárkrók, Jónas Sveinsson s. st., Jóhann Pjetursson Brúnastöðum S. Sigurðsson Hólum.

Meiri hluti nefndarinnar samþykkir: Að landamerki milli Ögmundarstaða annarsvegar, og Víkur og Glæsibæjar hinsvegar á hinum svonefnda bithaga skulu vera þannig:

1. Ofan Reynistaðarár sje eign Víkur og Ögmundarstaða það land, er girt hefir verið með túnnum og engjum hveggjar jarðar fyrir sig. Þá kemur upp fyrir girðingu Víkurtúns, eigi Ögmundarstaðir landspildu, sem sje 195 faðma breið og liggja syðst á landareign Víkurtorfunnar og nái alla leið upp á fjallsbrún. Þar fyrir vestan eigi Ögmundarstaðir ¼ hluta fjalllendis Víkurtorfunnar.

2. Land það sem talið er bithagi í mýrunum neðan Reynistaðarár er 1000 faðma breið spilda frá Hjeraðsvötnum upp í mýrarnar út að Miklavatni, þar mjókkar hún svo að hún að síðustu verður eigi breiðari en 400 faðmar þá á merki er komið. Af þessu landi eiga Ögmundarstaðir landspildu, sem liggur að merkjum Reynistaðar frá Hjeraðsvötnum 800 faðma upp í mýrarnar, sje sú spilda 250 faðma breið.

Efst úr spildu þessari liggur önnur rjetthynd spilda til norðurs 170 faðma breið, en 200 faðma löng frá austri til vesturs. Þessa spildu eiga Ögmundarstaðir líka og ennfremur spildu er gengur vestur af henni og upp að Ögmundarstaðareit (engjum), er hún 200 faðma löng austur og vestur, en 120 faðma breið frá norðri til suðurs.

Önnur ákvæði.

1. Heimilt skal landeigendum að fara yfir land hvers annars, þar sem það er til hægðarauka við notkun þess lands sem hver um sig hefir ráð yfir, en skylt skal hverjum þeirra að haga þeirri umferð þannig að hún valdi landeigendum sem allra minnst tjóns.

2. Þar næst, er ábúendur nefndra jarða hafa haft til beitar og heyafla af óskiftu landi fram að þessum degi, skulu vera átölulaus af öllum hlutaðeigendum.

3. Viðskifti þessi er eigi tekinn til greina þrætupartur milli Grænhóls og Víkurtorfunnar. Þrætupartur þessi myndar Þríhyrning á vatna bökkunum, er hann talin 100 faðma langur og suðurhlið hans 400 faðma löng lína upp í Miklavatn.

Leggist land þetta til Víkurtorfunnar bera Ögmundarstöðum ¼ hluti þess; skulu þeir þá fá viðbót við land sitt þannig að syðsta spildan breikki um 8 faðma frá því sem áður er talið, og verði því 258 faðmar á breidd 600 faðma að lengd upp frá vötnum eða þangað upp er önnur framangreind spilda liggur í norður.

p.t. Sauðárkrók 20. ágúst 1910.

S. Sigurðsson

Sigurgeir Daníelsson

Jóh. P. Pjetursson.

Vjer undirritaðir höfum eigi getað orðið sammála meiri hluta gjörðarmanna, þar eð vjer lítum svo á samkvæmt samningi gjörðum á Sauðárkrók 28. októbr. 1909, beri að állíta



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hjeraðsvatnabakkann sem engi, og því hefði átt að skifta Ögmundarstöðum ¼ hluta þeirra sjerstaklega. Vjer álitum því að eigendum Ögmundarstaða beri að leita rjettar síns um þetta atriði.

p.t. Sauðárkrók 20. ágúst 1910.

Björn Jónsson

J. Sveinsson

Rjett eftirrit samkvæmt mjer sýndu frumriti staðfestir.

Skrifstofa Skagafjarðarsýslu 21. ág. 1910.

P. V. Bjarnason (L. S.)

Gjald 12 – tólf – aur. P. V. Bj.

Þinglesið á manntalþingi að Reynistað 26. maí 1911.

Við þinglýsinguna bað óðalsbóndi Jón Björnsson, Ögmundarstöðum, bókað, að hann mótmælti gildi skiptagjörðar þessarar í því atriði, sem Björn Jónsson og Jónas Sveinsson hafa gjört ágreiningsatkvæði um.

Jón Jónsson Hafsteinsstöðum bað bókað, að samkvæmt skiftasamningi hafi skiftin átt að vera endanleg úrslit allrar landsþrætu og sjeu því mótmæli Jóns Björnssonar Ögmundarstöðum á engum rökum byggð.

Jón Björnsson Ögmundarstöðum hjelt fast við skoðun sína á málinu.

Gjald 1 – ein – króna. P. V. Bj.

P. V. Bjarnason



N^o 342.

Viðauki við landamerkjabrjef fyrir Grænhól
sjá Nr. 337.

Til skýringar hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá skal það tekið fram af undirrituðum hlutaðeigendum, að merkin milli Víkur og Grænhóls eru bein stefna úr Ferjuhamarskletti, sem er fast við Hjeraðsvötn norður og niður frá bæjartóftunum á Ferjuhamri (eyðikoti frá Kárástöðum), vestur í Tröllahöfða, þar sem merkin milli Víkur og Hólkots eru á honum, og ræður ofangreind lína merkjunum milli jarðanna vestur yfir mýrarnar að Miklavatni.

Vík 6. ágúst 1910.

Á. J. Hafstað eigandi Víkur

Jón Jónsson eigandi Glæsibæjar

Björn Pjetursson vegna eiganda Grænhóls.

Þinglesið á manntalsþingi að Sauðárkrók 27. maí 1911. P. V. Bjarnason

Gjald 1 – ein – kr. P. V. Bj.



Landamerkjabréf jarðarinnar Árness (áður Neðra Lýtingsstaðakot) í Lýtingsstaðahreppi í
Skagafjarðarsýslu.

Að vestan ræður Svartá merkjum út fyrir svokallaða Skolleyri í grjótvröðu, sem stendur þar á holtabrúninni skamt fyrir austan ána. Þaðan beint í austur eftir gömlu garðlagi, sem liggur sunnanvert við Baunahól. Þaðan í grjótgarð, sem er hornmerki og stendur yst og efst á Merkjaholti. Þaðan í há-suður á holta og halla brúnum fram fyrir ofan Árnesbæ; þar 50 faðma í austur í torfvörðu er þar stendur. (Þaðan í landsuður bein lína í torfvörðu er þar stendur.) Þaðan í landsuður bein lína í torfvörðu, sem er hornmerki og stendur spölkorn fyrir utan holt það, er gengur lengst ofan í flóann æði kipp fyrir utan Sveinsstaði, sem er nefnt Skjónholt. Þaðan í vestur beina stefnu í Sölvanesbæ eða í stóran stein, sem stendur sunnanvert við Þrætuhvamm; þaðan til Svartár.

Það skal tekið fram, að áðurnefndan Þrætuhvamm og jafna spildu upp af honum keypti eg undirritaður að Agli bónda Benediktssyni eiganda Sveinsstaða fyrir umsamið kaupverð 120 – eitt hundrað og tuttugu – krónur, sem eru nú að fullu greiddar, og gildir þetta sem kaup- og afsalsbréf fyrir áðurgreindum landspart; og því til staðfestu ritar Egill bóndi hér nafn sitt og setur innsigli sitt á bréf þetta, og skulu vera vottar að því hinir, sem síðar rita nöfn sín, sem eru eigendur að jörðum þeim, er lönd eiga að Árness landi.

Það skal tekið fram, að land jarðarinnar er girt á merkjum á þrjá vegu með gaddavír, og eru þrjú hlið á girðingunni öll með grindum. Eitt þeirra er að sunnanverðu við Svartá á hreppsvegi beint á móti Sölvanesi. Annað að austan beint upp frá bænum, þriðja að norðan (vetrarhlið) ofan við Baunahól, beint út frá bænum. Eins og áður er tekið fram, eru öll hliðin með grindum, og banna eg því hverjum og einum, sem um þau fer, að skilja þau eftir opin. Líka banna eg alla óþarfa stansa á landi mínu meðfram veginum, þar sem engi liggur að honum hvervetna, og friðlýsi eg þá hér með land mitt og girðingu fyrir öllum skemdum af manna völdum.

Athugas. Það skal tekið fram, að nú sem stendur hefir Svartá breytt farvegi sínum, svo að jörðin Árnes á svonefndan Syðri-hólma eða nes vestan við Svartá, sem jörðin dregur nafn sitt af, og nær það vestur undir Krókholt, sem er fyrir utan Sölvanes.

Gjört að Árnesi 5. Maí 1912

Eigandi Árnes Jón Jóhannesson

Eigandi Sveinsstaða Egill Benediktsson

Eigandi Sölvanes Eiríkur Guðmundsson

Eigandi Hamra Jóh. P. Pétursson

Eigandi Þorsteinsstaða Margrét Bjarnadóttir

Eigandi Lýtingsstaða Jóhann L. Jónsson

Þinglesið á manntalsþigi á Lýtingsstöðum 23. maí 1912. P. V. Bjarnason

Gjald: 2 – tvær – krónur. P. V. Bj.



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Nautabúi í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að austan ræður Svartá suður fyrir Beitnes í miðjan Mælifellsárfarveg hinn forna, svo eru merkin eptir nefndum farvegi upp (vestur) „Hvítueyrar“ í Mælifellsána norðan við „Rjettarholt“, ræður svo áin merkjum upp á móts við efri enda Vaðshvammklappar, sem stendur norðanvert við Mælifellsána rjett neðan við „Vaðhvamm“. Þaðan liggja merkin eptir beinni línu norðvestur í vörðu, sem stendur í flóanum, vestan undir „Selási“, hjer um bil 70 faðma fyrir vestan „Markvörðu“ á „Selási“, sem áður var talin merkjavarða. En í hennar stað skal áðurnefnd varða á flóanum vera merkjavarða framvegis. Frá vörðu þessari liggja svo merkin norðaustur í Selásvörðu og þaðan beina stefnu ofan í Gilholtslæk, ræður hann svo merkjum fyrst kippkorn í suður og síðan í austur þangað til hann fellur fram úr Gilinu; úr því ræður svo bein sjónhending ofan í Svartá. Austan við Nautabúsnes norðan Mælifellsár eru þrír smáhólmar í Svartá, sem tilheyra Nautabúi og austur undan Beitnesi, sunnan Mælifellsár, eru langur hólmi í Svartá, svonefndur Beitineshólmi eða Langhólmi, sem einnig tilheyrir jörðinni Nautabúi.

Mælifelli 19. maí 1913.

Sigfús Jónsson.

Framanskráð landamerki samþykkjum vjer undirskrifaðir:

Gísli Björnsson, eigandi Skíðastaða og Gilkots

Daníel Sigurðsson, eigandi Steinsstaða.

Sveinbjörn Sveinsson Gunnar Sveinsson Pálmi Sveinsson eigendur Mælifellsár.

Þinglesið á manntalsþigi á Lýtingsstöðum 28. maí 1913. M. Guðmundsson

Gjald í landssjóð 2 – tvær – kr M.G.



Landamerki jarðarinnar Hamarsgerðis í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að austan ræður Svartá merkjum frá miðjum Mælifellsárfarvegi hinum forna fram (suður) á móts við háklöppina fyrir sunnan og austan túnið í Merkigarði, að vörðu, sem stendur á árbakkanum að vestan. Að sunnan eru merkin frá nefndri vörðu við Svartá upp (vestur) beina sjónhending í vörðu á há-, „Reiðholti“ sunnanverðu; þaðan bein lína suðvestur í suðurendann á „Ánaklapparholt og upp í Mælifellslæk; ræður svo lækurinn merkjum upp í „Rjettarmýri“ og svo bein lína yfir hana og „Skessulágarhrygg“ norðanverðan og upp í norðurbrún „Selhóla“ og svo eptir henni beint vestur í „Sellæk“, er ræður svo merkjum vestur í Mælifellsá. Síðan ræður Mælifellsáin merkjum að vestan og norðan, niður á móts við „Rjettarholt“ og svo þaðan hinn forni Mælifellsárfarvegur austur „Hvítueyrar“ að Svartá. Ennfremur á jörðin Hamarsgerði $\frac{1}{4}$ – einn fjórða hluta – af Mælifellsdal fyrir framan Sellæk og er því ábúanda Hamarsgerðis skylt að hreinsa dalinn vor og haust að $\frac{1}{4}$ hluta á móts við ábúanda Mælifells.

Hamarsgerði 26. maí 1913.

Óskar Þorsteinsson

Framanskráðum landamerkjum erum við undirritaðir samþykkir.

Sigfús Jónsson, prestur á Mælifelli og eigandi Nautabús

Sveinbjörn Sveinsson, Mælifellsár eigandi.

Þinglesið á manntalsþigi að Lýtingsstöðum 28. maí 1913. M. Guðmundsson.

Gjald í landssjóð 2 – tvær – kr. M.G.



Vjer undirritaðir, sem af eigendum Þramar og Bessastaða í Staðarhreppi, þeim Albert Kristjánssyni á Pávastöðum og Gísla Konráðssyni á Bessastöðum, vorum valdir til þess að ákveða merki milli tjeðra jarða, lýsum því hjermeð yfir eptir að hafa riðið á merkin og með samþykki aðilja, að vjer höfum ákveðið merkin eins og stauralína sú segir til, sem Albert Kristjánsson hefur sett niður, jafnvel þótt vjer, eptir skjölum þeim, sem fyrir okkur hefa verið lögð, álítum að hún fylgi ekki nákvæmlega merkjum, heldur sje norðan til lítið eitt inni í landi Þramar og sunnantil nokkuð inni í landi Bessastaða og er breyting þessi gerð með hliðsjón af, að eigi þurfi að taka upp staura og með samþykki aðilja. Merkin milli Bessastaða og Þramar í Staðarhreppi skulu því framvegis vera eins og væntanleg girðing á tjeða stauralínu segir til.

Sauðárkrók í júní 1913.

M. Guðmundsson.

Jósef J. Björnsson.

B. Sigurðsson

Þinglesið á manntalsþingi að Reynistað 22. maí 1914. M. Guðmundsson

Gjald í landssjóð 2 – tvær – krónur M.G.



Reykjavellir og Skíðastaðir í Lýtingsstaðahreppi, bls. 151v
N^o 347.

Því dæmist rjett vera:

Landmerki milli jarðanna Reykjavalla og Skíðastaða í Lýtingsstaðahreppi skulu vera: Bein lína alla leið frá garðspotta á bakka Svartár sunnanvert við Reykjavallamóa, um fornan garð fyrir vestan sýsluvegin, yfir suðurhöggið á syðri og austari borginni og vestur í landamerkjalinu milli bæjanna á Efri- og Neðribygð.

(Sjá dómsmálabók Skagafjarðarsýslu, sub 1. des. 1913, þar sem dómurinn er innfærður in extenso)

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 27. maí 1915. M. Guðmundsson.

Gjald í landssjóð 2 – tvær – krónur M.G.



Af gefnu tilefni tilkynnist að landamerki milli Nausta og Hvammkots skulu vera þannig:

Úr litlu tóftarbroti vestan við Geitagerði á Hofsskógi rjettsýnis vestur eptir flóanum, yfir miðja svarðartóft á austanverðum torfhól, áframhaldandi bein lína í sjó fram og eru því ábúendum á Naustum óheimilar allar landsnytjar fyrir sunnan nefnda línu og ábúendum Hvammkots sömuleiðis fyrir norðan hana. Engin lögleg landamerki hafa áður verið gerð milli nefndra jarða.

Gjört á Brekku 29. september 1915.

fyrir Eggert Jónsson Jakob Símonarson.

Þinglesið á manntalsþingi í Hofsós 14. júní 1916.

Gjald í landssjóð 2 – tvær – kr.



No. 349.

Landamerki Reynistaðar.

Að vestan ræður Miðdalsá á móts við Holtsmúlasel, þaðan beint austur yfir Sauðafell sunnan við Sauðafellsgrænur ofan í Melsgil framan í fjallinu, síðan ræður Melsgil niður í fjallsrætur, svo beina stefnu úr því ofan í vörðu á eyrinni við Sæmundará fram undan Glyttingsdalslæknum; þaðan ræður Sæmundará út að vörðu, er hlaða skal á árbakkann, þar sem áin gerir bugðu á sig í vestur skamt fyrir sunnan Staðarrjett, þaðan austur yfir Svarðarhól og síðan eptir sömu stefnu fyrir utan Lómatjörn austur eptir mýrunum í merkjaskurðskjafinn austur við Hjeraðsvötn. Þaðan ráða Hjeraðsvötn út að vörðu, er stendur á vesturbakka Hjeraðsvatna og er það norðaustur hornmerki landsins, þaðan ræður svo bein lína vestur yfir mýrarnar í merkjaskurðinn þar sem hann liggur í ^{gegnum} tjörnina austan við árbakkann, þaðan í Staðará eptir sömu línu á vörðuna á Geirlagarhamri. Þaðan ræður Sæmundará eða Staðará þar til Hvammurinn og Syðri-Bakkamýrin mætast, þaðan eptir garði, er liggur fyrir sunnan syðri Bakkamýrina yfir melana í krók á Grófarlæknum syðri, þar sem Hlíðarmannalestavaðið hefur legið yfir, nú austan við akbrautina. Þaðan ræður svo Grófarlækurinn og Byrgisgilið upp undir fjallsbrún og úr efri enda þess bein stefna vestur í Ranghalaá, þaðan ræður Ranghalaá þar til hún fellur í Miðdalsá, þaðan ræður Miðdalsá fram á móts við Holtsmúlasel, eins og áður er sagt.

Hafsteinsstaðir eiga tilkall til beitar í Sauðafelli eða norðurhallanda þess mánaðartíma að sumrinu fyrir allt að 80 ær borgunarlaust.

Reynistað 12. apríl 1916.

Sigurður Jónsson

Sigurður Sigurðsson samþ. fyrir Geirmundarstaði.

Árni J. Hafstað samþykkur f.h. Víkur.

Ellert Jóhannsson samþ. fyrir Holtsmúla

Jón Björnsson samþ. fyrir Ögmundarstaði.

Þinglesið á manntalsþingi að Reynistað 22/5 1916. M. Guðmundsson.

Gjald í landssjóð 2 – tvær – kr. M.G.



Við undirskrifaðir eigendur og ábúendur, jeg Stefán Jónatansson bóndi á Þorsteinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi og jeg Sveinn Friðriksson bóndi í Þorsteinsstaðakoti í sama hrepp lýsum því hjer með yfir, að við höfum gert skifti á landi heimajaðarinnar Þorsteinsstöðum og hjáleigunnar Þorsteinsstaðakoti. Allt landið liggur milli Hjeraðsvatna og Svartár. Við Hjeraðsvötn er breidd þess aðeins lítil en smá breikkar svo vestur upp á Eggjar, austari brún þeirra. Þar breikkar land nefndra jarða allt að þriðjung til norðurs og er við Svartá kringum fjórfalt breiðara en við Hjeraðsvötn. Landið er graslendi með dálitlum melum og nokkrum holtum. Engi beggja jarðanna liggur frá Svartá og upp að túnnum áður nefndra jarða.

Samkvæmt mælingu, sem gerð var á landinu og miðað við hundraðatal beggja jarðanna, Þorsteinsstaða 15.2 hndr. og Þorsteinsstaðakots 9 hndr., skiftist landið þannig, að merkjalína, sem aðskilur nefnd lönd, liggur frá austari Eggjabrún 30 föðmum sunnar en merkjalínan austan að, þaðan beina línu sunnanvert í Gloppugil og úr syðri gilbarminum beina línu norðast í túngarð Þorsteinsstaða. Þaðan ráða merkjum takmörk túnanna, sem liggja saman. Þaðan ræður girðing, er liggur skáhalt norðan undir Þorsteinshól og sunnan til á Stórhól, þaðan sömu stefnu til Svartár.

Af brjefi þessu eru til tvö samhljóða frumrit; heldur sinn aðili hvoru.

Gjört að Þorsteinsstöðum 27. okt. 1915.

Stefán Jónatansson

Sveinn Friðriksson

Vottar:

Guðm. Stefánsson

Jón Einarsson

Þinglýst á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 26/5 1916. M. Guðmundsson.

Gjald í landssjóð 2 – tvær – kr. M.G.



Landamerki fyrir jörðinni Kelduvík í Skefilstaðahreppi

1. Að innan ræður Hörtná til Hörtnárvatns og þaðan Nesá til Nesvatns.

2. Að utan á milli Þangskála og Kelduvíkur eru merkin úr Þangskálaskershala, beina sjónhendingu um „Heygarð“ í flóanum ofan til í austara Skálkarhornið að Nesvatni, sem er gafl í Þangskála- og Kelduvíkurlöndum. Fyrir Kelduvíkurlandi eru ítök Reynistaðarklausturs og Miklabæjarkirkju.

Hrauni 4. júlí 1915.

Sveinn Jónatansson.

Jón Sveinsson

Þinglesið á manntalsþingi að Skelfilstöðum 2. júní 1916. M. Guðmundsson.

Gjald í landssjóð 2 – tvær – krónur M.G.



Keta og Syðra-Malland í Skefilsstaðahreppi, bls. 153v
N^o 352

Landamerkjabréf.

Útaf ágreiningi á landamerkjum milli jarðanna Ketu og Syðra-Mallands í Skelfilstaðahreppi höfum við undirritaðir eptir áskorun bænda jarðanna Sveins Magnússonar í Ketu og Árna Magnússonar á Syðra-Mallandi farið um landamerki tjeðra jarða og í samráði við nefnda bændur, sett þar upp merkjavörður á línu þeirri, er lönd þessara jarða koma saman. Landamerkjálína þessi er sem hjer segir: „Bein lína úr tveimur steinum við sjó, sem kallast Bræður um vörðu á Mallandsrinda í vörðu syðst á Rauðasandhól. Þaðan bein lína um vörðu á grasþúfu á svonefndum Vörðu-Sandhól, sunnan við Digravörðuholt og Skötutjarnarsund, yfir mjóddina á Selvatni um vörðu á melhól skamt vestan við vatnið, yfir svonefndar Grænur og í Aravatnshaug, sem er hornmerki beggja jarðanna.

Ketu og Syðra-Mallandi 29. jan. 1917.

Arnór Árnason.

Jóhann Sigurðsson.

Landamerkjum þessum erum við samþykkir.

Eigendur Ketu: Sveinn Magnússon. Guðmundur Rafnsson

Árni Magnússon ábúandi Syðra-Mallands

Þinglesið á manntalsþingi að Skefilstöðum 29. maí 1917. M. Guðmundsson

Gjald í landssjóð 2 – tvær – kr. M.G.



N^o 353.

Landamerki.

Eg Sveinn Arnason eigandi að Felli og Guðlaugur Bergsson eigandi að Keldum, höfum gjört upp merki milli jarðanna Fells og Keldna, og komið okkur saman um að hafa framvegis merki í uppsprettufen sem er skamt frá vatnsbakkanum sunnarlega á ströndinni og ræður þaðan bein stefna í vörðu upp á Fellsbrún og svo beina stefnu í gömlu merkjavörðuna sunnan á Kjöl.

Felli 4. Júní 1917

Sveinn Árnason.

Guðlaugur Bergsson

Vottar:

Jón Guðnason.

Guðm. A. Guðmundsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Skálá 6. Júní 1917 M. Guðmundsson

Gjald í landsjóð: 2 – tvær – krónur



N^o 354.

Landamerkjabréf.

Fyrir Herjólsstöðum í Laxárdal Skagafjarðarsýslu. Milli jarðanna Herjólsstaða og Skíðastaða.

Að norðan ræður Melrakkagil upp í svokallaðann Blesukvamm og þaðann þvert upp á svokallaðann díahlíðarás, þaðan beina línu framm eptir ásbrúnini að vestan í svokallaða Hádeigisvörðu, það Suðaustur í svokallað Gálgagil, og þaðan til suðurs sem brúnir ráða í Hamarsgil austan við svokallaðann Hamarsgilsflóa, og þaðan upp yfir í Hamarsgil Hersgilsflóa í Hersgil, og þaðan beint suður sem brúnir ráða í Hamarsgil austan við svokallaðann Hamarsgilsflóa, og þaðan upp yfir Hvolugfjall sunnanvert við búngu þá sem er sunnanvert við svokallað Reiðskarð vestanvert, þaðan í Mörárgil, ræður svo gilið niður til Laxár; þaðan ræður Laxá norður á mótis við Melrakkagili sem er hornmerki að norðann.

Skíðastöðum 28 Julius 1916

Þórunn Gunnarsdóttir

Þinglesið á manntalsþ. að Skefilsstöðum 7. Júní 1919 Kr. Linnet

Gjald: þingl. Kr. 2.00

Stgr. „ 1.00 þrjár kr. Greitt K.L.



Landamerki jarðarinnar Þrastarstaða í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Norðvesturlandamerkjahorn Þrastarstaða og Litlubrekku er í vesturenda á garðmóti er liggur frá svonefndum Kílalæk og ræður landamerkjum milli réðra jarða upp í svokallaðan Höfða og þaðan beina línu á fjall upp.

Suðvesturlandamerkjahorn Þrastarstaða og Hólakots er í græna þúfu við áðurnefndan Kílalæk beint út af svonefndu Langhólatagli, þaðan beina línu upp í svonefndan Einbúa. Þaðan beina línu um svonefndar Fossabrekku á fjall upp.

Síðan ræður áðurnefndur Kílalækur landamerkjum milli Hofs og Þrastarstaða áðurumgetna landamerkjahorna á milli.

Þrastarstöðum 7. júní 1919

Páll Erlendsson

Samþykkur Rögnv. Sigurðsson eigandi Litlubrekku

Samþykkur Erl. Pálsson eigandi Hólakot

Ofanrituð landamerki voru mjer sögð að væru á milli Hofs og Þrastarstaða þegar eg keypti Þrastarstaði. Og þeir sem bjuggu þar á undan mjer sögðust hafa nytjað þetta land, sem eg hefi einnig gjört, en mér var seld jörðin með öllu sem henni fylgdi og ekkert undantekið samkvæmt afsalsbrjefi dags 17. júlí 1916.

Þrastarstöðum 7. júní 1919

Páll Erl.

Þinglesið á manntalsþingi að Hofsós 11. júní 1919. Kr. Linne

Gjald:

þingl. kr. 2.00

Stgs. „, 1.00 þrjár kr. Greitt K.L.



Eptirrit úr sáttabók Stóru-Seilu og Reynistaðar- sáttaumdæmis.

Árið 1906, hinn 26. apríl var hin lögskipaða sáttanefnd í Reynistaðar- og Stóru Seilu-sáttaumdæmi til staðar að Reynistað, til þess að lúka þrætu, er undanfarin ár hefur verið milli bænda eignarinnar Sólheima og kirkjujarðarinnar Elivoga, um landspart fyrir neðan Sæmundará, er báðar þessar jarðir hafa viljað eigna sjer. Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Elivoga er sjera Hallgrímur Thorlacíus, prestur í Glaumbæ mættur, en fyrir hönd Sólheima Jón hreppstjóri Jónsson á Hafsteinsstöðum, samkvæmt skriflegu umboði, er hljóðar þannig:

„Jeg undirritaður eigandi Sólheima, Árni Sveinbjarnarson, gef hjer með hreppstjóra Jóni Jónssyni á Hafsteinsstöðum fullt umboð til þess fyrir mína hönd, að mæta á sáttafundi, er haldinn verður á Reynistað fimtudaginn 26. apríl þ.á. til þess að útkljá þrætu, sem hefur verið milli eignarjarðar minnar Sólheima og kirkjujarðarinnar Elivoga, um landspart fyrir neðan Sæmundará, er báðar ofanefndar jarðir hafa viljað eigna sjer, og skal allt, sem hann gjörir í þessu efni, vera eins gilt og bindandi fyrir mig og niðja mína eða síðari eigendur, eins og jeg sjálfur gjört hefði. Til staðfestu er undirritað nafn mitt í viðurvist tveggja votta.“

Sólheimum 26. apríl 1906

Árni Sveinbjarnarson (handsalað)

Vottar:

Snorri Stefánsson

Bogi Gíslason.

Þar eð 1. sáttanefndarmaður, síra Hallgrímur í Glaumbæ, er annar málsaðili, annaðist 2. sáttamaður um sættirnar og kvaddi sjer til aðstoðar Jón bónda Björnsson á Ögmundarstöðum.

Málsaðilar hafa komið sjer saman um eptirfylgjandi samning um þrætuþartinn milli fyrgreindra jarða til

Sáttar:

og hljóðar hann þannig:

„Við undirritaðir, jeg Hallgrímur Thorlacíus prestur að Glaumbæ, sem umboðsmaður kirkjujarðarinnar Elivoga í Seiluhreppi samkvæmt heimild frá biskupinum yfir Íslandi, Hallgrími Sveinssyni, í brjefi frá 12. okt. f.á., að áskildu samþykki hans, og jeg Jón hreppstjóri Jónsson á Hafsteinsstöðum fyrir hönd umráðamanns og eiganda jarðarinnar Sólheima í Staðarhreppi herra Árna Sveinbjarnarsonar gjörum með okkur svofeldan samning um framvegis afnot þrætulands þess, er verið hefur milli áðurgreindra jarða um undanfarinn tíma, til þess að lúka allri þrætu:

1. Heimilt skal ábúanda Sólheima að beita í þrætuland þetta allt að 150 – eitt hundrað og fimtíu – sauðkindum og 8 – átta – hrossum á tímabilinu frá 15. nóvember til 15. apríl ár hvert og skal honum heimilt að verja landspart þennan á hverjum tíma árs sem er, nema skepnum Elivogabóndans. En fyrir beit þessa skal ábúandi Sólheima greiða til



Glaumbæjarprestisins 1 – einn – sauð veturgamlan í fullgildu standi í hvers árs fardögum, hvort sem hann notar beit þessa eða ekki, og skal hjer með vera lokið öðru eða frekara tilkalli, en hjer er nefnt í áðurgreint þrætuland frá eiganda eða eigendum Sólheima, ef fleiri kynnu síðar að verða. Ummerki beitarparts þessa eru þau, er hjer greinir: Að vestan ræður Sæmundará frá kirkjuvegi Sólheima norður að gömlum merkjagarði, er skilur Elivogaland frá Bessastaða- og Þramarlöndum. Að norðan ræður nefndur merkjagarður austur í Meðalheimsvatn. Að austan ræður bein stefna úr miðju Meðalheimsvatni eptir miðjum vatnsflóa í hásuður móts við kirkjuveg Sólheima, er ræður merkjum að sunnan, og liggur yfir hæðina fyrir norðan Elivoga, og hefur Sólheimabóndinn engan rjett til beitar annarsstaðar í landeign Elivoga.

2. Hagnýta má Elivogabóndi sjer áðurgreint þrætuland til slægna að sumrinu, ef nokkrar kynnu að verða, og til beitar fyrir sjáfan sig að vetrinum.

Að fengnu samþykki biskups Íslands að samningi þessum, er allri þrætu lokið, og skulu eptirmenn okkar ekki geta riptað honum, hvorki umráðamenn nje eigendur, er síðar kynnu að verða að Elivogum, nje umráðamenn eða eigendur, er síðar kunna að verða að jörðinni Sólheimum.

Samningur þessi skal þinglesinn og innfærður í landamerkjaskrá beggja jarðanna.

Samningi þessum til staðfestu, sem gjörður er fyrir sáttanefnd, Reynistaðar sáttumdæmis undirritum við nöfn okkar.

P.t. Reynistað 26. apríl 1906“

Hallgrímur Thorlacius (fyrir hönd Elivoga)

Jón Jónsson (fyrir hönd Sólheimaeigandans Árna Sveinbjörnssonar eptir umboði í sjúkdómsforföllum hans).

Jón Björnsson

Sigurður Jónsson 2. sáttanefndarmaður.

Framanrituð sættargjörð er hér með staðfest af hendi kirkjustjórnarinnar.

Íslands biskupsdæmi

Reykjavík 15. Septbr. 1906

Hallgr. Sveinsson (L. S.)

Þinglesið á manntalsþingi að ~~Stóru-Sea~~ ^{Brautarholti} 17. júní 1920 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu sem nr. 356. Kr. Linnet

Gjald:

Þingl. kr. 2.00

St.gj. „ 1.00 þrjár Kr. Greitt K.L.



Landamerki milli jarðanna Hofs á Höfðaströnd annars vegar og Þrastarstaða hinsvegar, eru samkvæmt óhrekjanlegum heimildum þessi:

Bein lína úr Stórauga (öðru nafni Kúgildisauga) þar sem Urriðalækur kemur upp, suður flóann fyrir neðan Þrastastaði, beina sjónhending í endann á gömlum vallargarði sem liggur suður fyrir neðan Garðshorn. Lína þessi ræður einnig merkjum milli Hofs og Hólakots.

Önnur landamerki en þau sem hjer er lýst milli tjeðra jarða, lýsi ég röng og ómerk.

Þetta óskast lesið á næsta manntalþingi í Hofsós.

Reykjavík 22. maí 1920

Eggert Jónsson

Þinglesið á manntalþingi í Hofsós 23. júní 1920.

Eigandi Þrastarstaða Páll Erlendsson, mótmælti að landamerkjalyking þessi væri rjett.

Kr. Linnet

Gjald: Þingl. Kr. 2.00

St.gj. „ 1.00 þrjár Kr. Greitt K.L.



Landamerkjalýsing um Neðra hagamelisland í Haganeshreppi.

1. að vestan er sjórinn = Haganesvík.
2. að norðan er sjórinn – að Haganesborg
3. að austan er Miklavatn. Þó ekki enn til fulls ákveðið um merki milli Neðrahaganess og Hrauna- „Hraunaóss“ vegna breytinga og stöðugar færslu á ásnum, aðalega á Neðrahaganessland.
4. Að sunnan eru merkin í gamlan garð, sem helst óslitinn frá fjöruborði sunnan bið „Grafarnefið“. (Og þá bein stefna yfir fjöruna að Miklavatni) að austan og þaðan alla leið vestur að því, er sjór hefir lengst gengið upp í Haganesvík, sem sje vestur að sjávarkampinum, og þá áframhaldandi bein stefna að sjó.

Vík í Fljótum 23. júní 1920

P. Þorsteinsson

Ó. Jónsson

Frá því að jeg kom í Fljót – fyrir 24 árum – hefi ég aldrei heyrt nefnd önnur landamerki á milli Efra og neðra-Haganess, en þau, sem að ofan eru nefnd.

P.t. Vík í Fljótum 25. Júní 1920

Guðm. Davíðsson (á Hraunum).

Þinglesið á manntalsþingi í Haganesvík 25. júní 1920 og tók þá Benedikt Kristjánsson eigandi ½ Efra Haganess fram að hann viðurkenndi ekki þessa lýsing rjetta. Kr. Linnet

Gjald: Þingl. Kr 2/–

St.gj. „ 1/–



Hamarsgerði í Lýtingsstaðahreppi, bls. 158r-158v
N^o 359.

Landamerki jarðarinnar Hamarsgerðis í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að austan ræður Svartá merkjum frá miðjum Mælifellsárfarvegi hinum forna fram (suður) á móts við háklöppina fyrir sunnan og austan túnið í Merkigarði að vörðu, sem stendur á árbakkanum að vestan. Að sunnan eru merkin frá nefndri vörðu við Svartá upp (vestur) beina sjónhending í vörðu á há „Reiðholtí“ sunnanverðu, þaðan beina línu í suðurendann á „Árnaklapparhalli“ og upp í Mælifellslæk; ræður svo lækurinn merkjum uppí „Rjettarmýri“ þar sem farvegur hans hefst; þaðan ræður bein lína yfir Rjettarmýri og „Skessulágarhrygg“ og svo vestur yfir norðanverða „Selhóla“, sunnan við „Selbrekku“ upp í Mælifellsselslæk móts við Mælifellsselstóftir, sem standa á syðri lækjarbakkanum, síðan ræður Mælifellsselslækur merkjum niður í Mælifellsá; síðan ræður Mælifellsáin merkjum að vestan og norðan niður á móts við „Rjettarholt“, og svo þaðan hinn forni Mælifellsárfarvegur austur „Hvítueyrar“ að Svartá.

Ennfremur á jörðin Hamarsgerði $\frac{1}{4}$ – einn fjórða hluta – af Mælifellsdal fyrir framan Mælifellsselslæk og er því ábúanda Hamarsgerðis skylt að hreinsa dalinn vor og haust að $\frac{1}{4}$ á móts við ábúanda Mælifells.

Hamarsgerði 10. apríl 1918.

Óskar Þorsteinsson

Framanskráðum landamerkjum erum við undirritaðir samþykkir:

Fyrir hönd Mælifells Sigfús Jónsson prestur á Mælifelli.

Fyrir hönd Nautabús Sig. Þórðarson.

Fyrir hönd Mælifellsár Gunnar Sveinsson

Fyrir hönd Merkigarðs Ingólfur S. Daníelssonar

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 8. júní 1921 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 359. Kr. Linnet

Gjald: Þingl. Kr. 2.00

St.gj. „ 1.00 3 – þrjár – Kr. Greitt K.L.



Syðravatn og Brekkukot í Lýtingsstaðahreppi, bls. 158v-159r
N^o 360.

Landamerkjaskrá millum jarðanna Syðravatns og Brekkukots í Lýtingsstaðahreppi.

Að sunnan móts við Brekkukot ræður merkjum bein lína austan frá jarðfalli í vesturbakka Stokksins upp skurð, sem liggur suðvestur Vatnsflóann í torfvörðu, sem er í vesturjaðri flóans. Svo liggja þau í áframhaldandi sömu stefnu upp Brekkukotsfit í torfvörðu lítið eitt neðan við holtin. Þá liggja merkin í vestur upp á holtið í torfvörðu, sem stendur norðanvið Brekkukotsgil. Þaðan til suðvesturs svo sem vörður vísa sjónhending suðvestur yfir Vatnafjall nokkru sunnar en þar sem hæst ber á fjallinu og áfram í beinni línu yfir Grákolludal vestur á sýslumerki.

Með þessari landamerkjaskrá er úr gildi numin landamerki þau milli Syðravatns og Brekkukots, sem lýst er í landamerkjaskrá frá 20. maí 1890 og þinglesin voru á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 23. maí sama ár. Að öðru leyti vísast til nefndrar landamerkjaskrár um merki fyrir Syðravatnslandi að norðan og austan.

Syðravatni 7. maídag 1921.

Guðmundur Björnsson eigandi Syðravatns

Framanskráð landamerki samþykki eg undirritaður eigandi Brekkukots.

Friðbjörn Þorsteinsson (Handsalað) Syðravatni, D.u.s.

Vottar:

(Guðmundur Þorsteinsson)

(Ólafur Skúlason)

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 8. júní 1921 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 360. Kr. Linnet

Gjald: Þingl. Kr. 2.00

St.gj. „ 1.00 3 – þrjár – Kr. Greitt K.L.



N^o 361.

Landamerkjaskrá fyrir Hafsteinsstöðum.

Landamerki milli Ögmundarstaða og Hafsteinsstaða eru úr skurði sem liggur fram í gegnum vestari bakka Sæmundar-ár þar sem þúfa eða garður á Geirlaugarhamri ber í Skollagil við Skeiðarenda. Stefna þessi ræður svo merkjum vestur um þúfuna á Geirlaugarhamrinum og upp í skurð á flóanum, og svo beina stefnu í Skollagil við Skeiðarenda, og eftir sömu stefnu uppá Staðaröxl í vörðu, sem þar er hlaðin og svo áframhaldandi sama stefna vestur í Ranghalaá, og er þar norðvestur hornmerki landsins.

Landamerki milli Hafsteinsstaða og Reynistaðar, eru úr áðurnefndum skurði sem er norðausturhornmerki landsins, og ræður þá Sæmundará merkjum suður á móts við garð sem aðskilur Geitagerðishvamm frá Syðri Bakkamýri, ræður svo garðurinn merkjum og bein stefna vesturyfir melana í krók á Syðri Gróvarlæknum rjett fyrir neðan það sem akbrautin liggur nú yfir hann, þaðan ræður lækurinn og Byrgisgilið til fjalls eins og það nær lengst upp í brúnina, þaðan ræður bein stefna sunnan við Staðaröxl vestur í Ranghalaá, hvar hlaða skal vörðu, og er þar suðvestur hornmerki landsins, og ræður Ranghalaá svo merkjum norður á móts við áðurnefnt norðvestur hornmerki landsins.

Jörðin á mánaðarheit fyrir allt að 80 ær í Reynistaðarlandi vestur af landeign sinni í norður-hallanda Laugafells samkvæmt dómi frá 6. febrúar 1892 og byggingarefni hús og rjettarstaði á Staðarseli og beit þar í kring samkvæmt þinglesnu kaup- og afsalsbrjefi dagsettu 22. október 1920. Jörðin á veiði fyrir sínu landi í Sæmundará á móts við Reynistað.

Gjört að Hafsteinsstöðum 4. Júní 1921

Jón Jónsson eigandi Hafsteinsstaða

Samþykkur fyrir hönd Reynistaða Jón Sigurðsson

Eigendur Ögmundarstaða samþykkir Jón Björnsson Margeir Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi á Reynistað 7. júní 1921 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 361. Kr. Linnet

Gjald: Þingl. Kr. 2.00

St.gj. „ 1.00 3 – þrjár – Kr. Greitt K.L.



N^o 362.

Samhljóða nr. 356 (eftirrit) og áritað:

Að framanritað eftirrit sje orði til orðs samhljóða mjer sýndu frumriti vottast nótaríalíter.

Notarius publicus Skagafjarðarsýslu 9.6. 1921.

Kr. Linnet. (L. S.)

Gjald: Kr. 1.00 Greitt K.L.

Eftirrit þetta er viðfest landamerkjaskrá Sólheima (N^o 194 að framan). ~~þg~~

Þinglesið á manntalsþingi að Brautarholti 9. júní 1921. Kr. Linnet

Gjald: þingl. Kr. 2.00

St.gj. „ 1.00 3 – þjár – Kr. Greitt K.L.



Landamerki milli jarðanna Stóru og Minni Reykja, Merkin að ofan eru í steinahrúgu uppi við túngarð og eftir vörðum ofan túnið ofan í læk, sem rennur suður í Pollalæk, og eftir Pollalæknum í Laugarlæk, og eftir Laugarlæknum til Flókadalsár. Á milli Stóru Reykja og Minni Reykja er óskiftur bithagi og mótekja.

Merkin á milli Háls og Stóru Reykja, eru eftir reiðgötu frá holtsenda að neðan sem almennt er kallað merkjaholt og eftir reiðgötunni, og suður í Flókasteinalæk, eftir Flókasteinalæk til Flókadalsár sunnan til við Hálsaland, eru merkin í merkjalæk sem kemur upp í óskiftum bithaga og rennur í jarðfall, og úr því ofan í Flókadalsár.

Milli Stóru Reykja og Teiga eru merkin í læk sem kemur ofan frá Skálabrún og rennur í svonefnt langahryggs-sund, og þaðan til Flókadalsár. Land á milli síðastnefndra lækja er almennt kallað Reykjaleyti.

Stóru-Reykjum, 19. febrúar 1921

Jósef Björnsson

Jón Jósefsson, Minni-Reykjum,

Lovísa Björnsdóttir, Hálsi

Björn Jónsson Teigum

Stjórnarráð Íslands II Dagb. 3. nr. 451.

Þinglesið á manntalsþingi í Haganesvík 22/6 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4. fjórar Kr. Greitt K.L.



Milli jarðanna Minni- og Stórureykja eru merkin: að ofan í steinahrúgu upp við túngarð, og svo eftir fjórum vörðum ofan túnið ofan í læk, sem rennur suður í Pollalæk, og eftir honum í Laugarlæk, sem ræður merkjum úr því til Flókadalsá. Að neðan eru merkin í miðja Flókadalsá, sem rennur út í Flókadalsvatn. Fyrir ofan túnið er óskiftur bithagi, og svarðartekja í bithaganum líka óskift frá báðum bæunum. En milli Minnureykja og Barðs ræður Brunná merkjum framanúr Brunnárdalsbotni ofan í Flókadalsvatn. Allt beitiland Reykjanna hefir verið óskift.

Minnureykjum 2. jan. 1921

Jón Jósefsson

Jósef Björnsson Stórureykjum

Stanley Guðmundsson, prestur Barði

Stjórnarráð Íslands II. Dagb. 3. nr. 451

Þinglesið á manntalsþingi í Haganesvík 22/6 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



Útskrift úr dómsmálabók Skagafjarðarsýslu.

Ár 1920, laugardaginn 23. október kl. 8 e.h., var landamerkjadómur Skagafjarðarsýslu settur á skrifstofu sýslunnar á Sauðárkróki, og haldinn af hinum reglulega dómara Kr. Linnet sýslumanni og meðdómendum Birni L. Jónssyni bónda á Stóru Seilu og Jóni Sigurðssyni bónda á Reynistað. Þá var tekið fyrir landamerkjamál milli eiganda Flugumýrar Jóns Jónssonar, og eiganda Rjettarholts Freyju Jónsdóttur og í því kveðinn upp svohljóðandi dómur:

.....

Því dæmist rjett vera:

Engjar Rjettarholts í Akrahreppi skulu vera: Allt land fyrir neðan Rjettarholtslæk að undantekinni landspildu, er takmarkast af girðingu þeirri, sem nú liggur frá Hjeraðsvötnum yfir Rjettarholtslæk og uppeftir, Rjettarholtslæk, Skipshólsstokk, og Hjeraðsvötnum. Engjar Flugumýrar í Akrahreppi skulu vera:

1. Bygghólsengi, Hóllinn og flóinn suður frá Bygghólahúsum og að merkjum Torfmýrar, ofan að eyrum og út að svonefndri Prestsbrú.

2. Suðurfítin, það er graslendið milli Prestsbrúar og norður að skurði þeim, er liggur frá Flugumýrartúni að Rjettarholtslæk, og nær engi þetta allt ofan að eyrum.

3. Norðurfítin eða Litlabæjarengi. Það er graslendið neðan við Flugumýrartún frá áðurnefndum skurði og allt að girðingu, er skilur engi og bithaga.

4. Leirar og Flár, fyrir norðan Skipshólsstokk og að Hjaltastaðamerkjum og upp að Miðkíl.

5. Ytri og Syðri Flugumýrarhólmar og Smáhólmar. Allt land annað að undanskildum túnnum jarðanna er sameiginlegur bithagi þerra. Verði girðingar þær, sem í dómnum eru nefndar, fluttar eða teknar niður, ber þeim er það lætur gjöra tafarlaust að láta reysa vörður hæfilega margar á þeim stöðum, er þær girðingar voru. Matskostnaður falli niður.

Kr. Linnet

Jón Sigurðsson

Dómurinn raskar að mínu áliti, svo viðurkenndum stærðar hlutföllum jarðanna að því leyti sem engjar snerti, að jeg hef ekki getað fylgt meðdómendum mínum.

Björn L. Jónsson

Dómurinn var lesinn upp í rjettinum og honum síðan slitið kl. 8 ½ e.h.

Kr. Linnet.

Jón Sigurðsson

Björn L. Jónsson

Þingsíð á manntalsþingi að Stóru Økrum 29.6. 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



N^o 366.

Landamerkjabrjef fyrir jörðunni Hóli á Skaga

1. Að austan ræður sjávarströndin frá Dýjareitslæk til Rauðalækjar syðri, sem er hornmerki.

2. Milli Hóls og Hvammkots ræður bein lína úr Rauðalæk yfir ytri hólinn á rindanum um Svartaklett og vörðu á Urðarbrúnum í Hólsdalsþúfu. Frá Hólsdalsþúfu ræður bein lína í ásinn þar sem Grafdalstjarnarlækur fellur úr tjörninni, en sá lækur ræður merkjum til Fossár þar sem hann fellur í hana í Fremstahvammi.

3. Frá Grafardalslæk ræður Fossá merkjum milli Hóls og foss fram að Miðárfossi, sem er suðaustur hornmerki.

4. Frá Miðárfossi ræður sjónhending í vörðu austan við Hrauná framanvert við Fremstuhaga, sem er norðvestur hornmerki.

5. Þaðan eru merkin milli Hóls og Selár um þúfu á hámiðbugaholti í vörðu austanvert við Hrossaflólalæk sunnanvert yfir Selvatnstjarnir í stóra þúfu norðan til á há Selvatnshól og þaðan bein lína um vörðu fyrir neðan Nýjutjarnarflóa yfir norðanvikið á Kotskarðstjörn um vörðu á brúninni og stóran stein á syðri Kotskarðsbrún niður í suðurendann á Lómatjörn, en þaðan sjónhending í Dýjareitslæk, sem ræður merkjum til sjóar.

Þannig gjört að Hóli 13. júní 1922

Eigandi jarðarinnar: Íngibjörg Sigurðardóttir

Vegna Hvammkots og ½ Selár samþykkur Jóhann Sigurðsson hreppstj.

Fyrir ½ Selá: Arnór Árnason (oddviti)

Vegna Foss: Ásgeir Halldórsson

Hjer með vottast, að allir þeir sem lönd eiga að Hólslandi eru hjer undirskrifaðir

p.t. Skefilsstöðum 15. júní 1922

Johann Sigurðsson (hreppstjóri)

Þinglesið á manntalsþingi á Skefilsstöðum 15.6.1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr Greitt K.L.



No. 367.

Landamerkjalyásing Ennis í Viðvíkurherppi

Að austan ráða merkjum milli Miklhóls og Ennis varða á Stórhólskollu, þaðan beina stefnu í vörðu vestanhalt við breiðagil, þaðan eftir því sem vörður vísa ofan að Kýrholtsslandi í vörðu yst og austast á gömlum heygardi, sem er hornmerki milli Miklahóls og Ennis úr nefndri vörðu beina stefnu í vörðu sem hlaðin er yst á Eyvindarbrekkum sem er norðvestur hornmerki jarðarinnar, þaðan ræður merkjum milli Ennis og Lækjar bein lína suður í vörðu sem hlaðin er 42 föðmum austur af hákollu Blámels beint til fjalls, en þaðan eftir sömu stefnu suður að Ásgeirsbrekkulandi og er þar sett varða sem er hornmerki milli Ennis og Lækjar, úr þeirri vörðu beina stefnu í stóran stein í utanverðum syðri Nauthól og þaðan sömu stefnu til fjalleggjar og þar austur á fjallið austur á móts við Stórhól, þaðan beina stefnu ofan í Stórhólsvörðuna. Landamerki þessi eru gerð með samkomulagi allra hlutaðeiganda um leið og þeir ganga á merkin í Októbermánuði 1921

Jón Björnsson (eigandi) Ennis

Gisli Pjetursson eigandi Lækjar og Kýrholtss

Hólmfriður Sigfúsdóttir og Sigfús Dagsson (eigendur) Ásgeirsbrekku

Þorgrímur Helgason eigandi Miklahóls

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað landamerkjaskrá þessa vottast hjer með.
p.t. Viðvík 19. júní 1922.

Einar Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi í Viðvík 19.6. 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Þorsteinsstaðakot í Lýtingsstaðahreppi, bls. 163r
No. 368.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Þorsteinsstaðakoti í Lýtingsstaðahreppi

Að utanverðu milli Brúnastaða og Þorsteinsstaðakots í Stóragjót syðst; við Svartá þaðan beina stefnu í austur, í vörðu á Langamel sem er á miðjum mýrum, svo í skurð þann er gengur ofan úr miðju Litlaskarði, sem er í hrygginn vestan undir Eggjunum svo úr þessu Litlaskarði miðju beint í austur yfir Eggjarnar í ytri enda á Þorsteinsstaðatjörn, þaðan beina línu austur á svokallaða Laungubrekkubrún, ræður svo áðurnefnd brún merkjum í suður að svo svo nefndri Þorsteinsstaðagirðingu, ræður sú girðing merkjum að sunnan milli Þorsteinsstaða og Þorsteinsstaðakots alla leið vestur í túngirðingu fyrir austan Þorsteinsstaðatún svo ræður girðing merkjum, úr Þorsteinsstaða^{tún}girðingu vestur yfir mýrarnar í Svartá, ræður svo Svartá merkjum að vestan verðu

Gjört að Þorsteinsstaðakoti, 10. júní 1922

Sveinn Friðriksson (eigandi Þorsteinsstaðakots)

Jóh. P. Pjetursson Eigandi og umráðamaður Brúnastaða

Stefán Jónatansson eigandi Þorsteinsstaða

Jóhann Jónasson eigandi Litladals

Guðmundur Eiríksson Eigandi Litladalskots

Að nöfn allra rjettu hlutaðeiganda sjeu skráð undir hinsvegar ritað Landamerkjabrjef vottar hreppstj. Lýtingsstaðahrepps.

p.t. Lýtingsstöðum 30/6 1922

Sig. Þórðarson

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 30.6. 1922 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir Syðra Skörðugil

Jörðunni Syðra Skörðugil í Seyluhreppi innan Skagafjarðarsýslu eru og hafa verið talin þau, landamerki, sem nú skal greina. Holtstjörn ræður að austan, og úr miðjum langatanga beint suður flóann yfir Holtsbrú og suður í merkjapúfu í flóanum, á þessari merkjalínu er nú girðing frá Geldingaholti á rjettum merkjum. Þaðan beint í forna þúfu norðan til í Torfgarðsholti þaðan beint upp fyrir sunnan Steinbogaholt, og svo beint þaðan í gamalt garðlag á brúninni rjett fyrir sunnan Barðarstaði, og upp fyrir sunnan Holtshús, þar sem girðing liggur frá Stóru Seylu og svo áfram norðan við girðinguna upp Langholtsás og vestur með Grensholti að norðan í suðausturhornmerki á Elivogalandi, og þaðan norður illaflóann, norður að Steinshæð, þar skal setja upp hornmerki, á milli Skörðugiljanna, á merkjalínu Elivoga, þaðan austur yfir hæðina alt ofan í bekksbrún í gamla vörðu, sem stendur rjett austan við upptökin á Lundarlæk (syðri) þaðan beina línu ofan ásinn í gamla í gamla vörðu eða stóra þúfu fyrir ofan Hvíaholts enda, þaðan beina línu í Holtstjörn yfir Hvíaholtið og sýsluveginn rjett meðfram, á sunnan verðu varð stóran stein sem stendur milli Skörðugiljanna, þaðan í gamalt garðlag og forna vörðu utan og neðan við túnið á Syðra Skörðugili og ofan mýrarnar eftir gömlu garðlagi allt niður í Holtstjörn.

Gjört að Stóru Seilu 6. júní 1922

Pálmi Símonarson

Samþykkur fyrir ytra Skörðugil Jón Árnason

Samþykkur fyrir Stóru Seylu Björn L. Jónsson

Framanritaðri merkjaskrá er jeg samþykkur fyrir Elivoga Jón Jónsson

Framanritaðri merkjaskrá er jeg samþykkur fyrir Geldingaholt og Torfgarð Brynleifur Tóbiásson

Það vottast að allir hlutaðeigendur eru búnir að samþykkja og rita nöfn sín undir framangreinda merkjaskrá.

p.t. Sauðárkrók 3. okt. 1922

Björn L. Jónsson.

Þinglesið á manntalsþingi að Brautarholti 1. júlí 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



1922, Sunnudaginn þ. 27. ágúst, áttu hreppsnefndirnar í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu og Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu, fund með sjer á Lágheiði til að koma sjer saman um landamerki hreppanna á heiðinni, ásamt fleiru þar að lútandi. Voru mættir fyrir hönd hreppsnefndanna þeir Ásgrímur Þorgrímsson bóndi á Karlsstöðum fyrir hreppsnefnd Ólafsfjarðar, og Einar B. Guðmundsson á Hraunum og Hannes Hannesson, bóndi á Melstað fyrir hreppsnefnd Holtshrepps. Auk þess voru fleiri við. Það sem nefndir menn komu sjer saman um, er, sem hjer segir.

1. Landamerkin skulu vera úr vörðu sem stendur á Grenishól, þvert yfir heiðina í svokallað ytra-Rauðagil og eftir því til eggja. Lenda þá merkin því sem næst uppi á svokölluðum Lundshnjúk eða Hrepps[...]ársúlum.

2. Skyldi fara svo, að girt yrði á landamerkjum hreppanna, þvert yfir heiðina, má ekki girðia utar en í ynnra Rauðagil, sem er nokkru innar en ytra-Rauðagil og fyrsta stórt gil á heiðinni, að vestanverðu, utan við vatnaskil.

3. Fljót skulu sjá um grenið, sem ~~higgur~~^{stendur} í Grenishól, rjett á landamærum, að öllu leyti.

4. Ólafsfirðingar skulu árlega sjá um fjallgöngur á allri vestur-Lágheiði. Skal sá hluti vesturheiðarinnar, sem Fljót eiga, gengin til Stýflurjettar sömu daga og Fljótamenn ganga sínar afrjettargöngur.

5. Fljótamenn skulu ganga fjallgöngur í allri austur-Lágheiði, svo sem verið hefir. Þessu til staðfestu undirrita nefndarmenn samning þennan.

Ásgrímur Þorgrímsson

Einar B. Guðmundsson

Hannes Hannesson

Rjett eftirrit staðfestir:

Hraunum 10. sept. 1923

Guðm. Davíðsson hreppsstjóri

Vottar:

Guðm. Bergsson

Anton Jónsson

Guðjón Jónsson



Athugasemd við nr. 371.

Sættargjörð sú er viðfest er og vitnað til er innfærð í landamerkjabókina nr. 356.

No. 371. (sjá aths. ofar).

Landamerkjaskrá fyrir Elivoginum.

Norðvestur hornmerki Elivogalands er við Sæmundará gengt því sem Sólheimalækur ytri fellur í hana, að norðan ræður gamall merkjagarður og stefna hans austur í Meðalheimsvatn, og aðskilur hann og stefna hans Bessastaða og Þramarlönd frá Elivoga landi, með girðingu fyrir Þramarlandi, Að austan ræður móts við Glaumbæjar og Halldórsstaðalönd (samkvæmt samningi eða sáttargjörð er gjörð var 26. apríl 1906, en staðfest af hendi kirkjustjórnarinnar 15. sept. sama ár, um þrætupart milli Elivoga og Sólheima), bein stefna úr miðjum suðurenda Meðalheimsvatns suður miðjan Vatnsflóa, á forna merkjaþúfu á ásnum sem er norðvestur hornmerki Ytra-Skörðugilslands. Þaðan ræður svo bein lína til móts við ytra Skörðugilslands suður ásinn þangað sem merkjalínan milli Ytra- og Syðra-Skörðugils sker hana á há ásnum. Þaðan ræður svo til móts við Syðra Skörðuland áframhaldandi sama stefna suður að Stóru Seylu vírgirðingu og er þar suðaustur hornmerki landsins. Að sunnan ræður fyrnefnd vírgirðing og stefna hennar merkjum til móts við Stóru-Seylu og Melkotslönd vestur í Sæmundará og er þar suðvesturhornmerki landsins. Að vestan ræður Sæmundará norður á móts við áðurnefnt norðvestur hornmerki landsins.

Jörðin á veiði fyrir sínu landi í Sæmundará til móts við Skarðsá, Dæli, Auðna, og Sólheima. Fyrnefndur samningur eða sættargjörð, frá 26. apríl 1906 um þrætupartinn er var milli Elivoga og Sólheima er festur við landamerkjaskrá þess og fylgir henni til þinglesturs og innfærslu í landamerkjaskrá Skagafjarðarsýslu.

Hafsteinsstöðum 8. júní 1921

Jón Jónsson

Hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá erum vjer samþykkir:

Fyrir hönd eiganda Bessastaða Gísli Konráðsson

Eigandi Þramar A. Kristjánsson

Eigandi Ytra Skörðugils Jón Árnason

Fyrir Halldórsstaði Björn Gíslason

Fyrir Syðra Skörðugil Pálmi Símonarson

Þá athugasemd gjöri jeg við framanritaða merkjaskrá, að girðingin á milli Stóru-Seylu og Elivogalands er hjer um bil 2 föðm. of sunnarlega, samkvæmt merkjaskrá fyrir Stóru Seylu frá árinu 1887.

Eigandi Stóru-Seylu

Björn L. Jónsson

Ofanritaðri breytingu er jeg undirritaður samþykkur.

Jón Jónsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi að Brautarholti 1. júlí 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Breið og Breiðagerði í Lýtingsstaðahreppi, bls. 165r
N^o 372.

Landamerkjabrjef milli Breiðar og Breiðagerðis í Lýtingsstaðahr.

Að vestan niður við Svartá, í vörðu sem er beint á móti girðingarenda frá Gilhaga; úr fyrnefndri vörðu beina línu í rauðastein er stendur á holti milli Breiðar og Breiðagerðis; úr rauðasteini beina línu í vörðu upp á hámelunum þar fyrir ofan; úr þeirri vörðu áfram haldandi beina línu í Króklæk; þaðan í suður eins og Króklækur nú rennur og með skurði sem gerður er suður úr fyrnefndum læk, úr syðra enda á fyrnefndum skurði, eins og hann er nú, beina línu í austari girðingarhliðstaur við þjóðveginn á Geithúsendum.

Gjört að Breið 15. apríl 1922

Samþykkur fyrir Breið Hálfván Jónsson

Samþykkur fyrir Breiðagerði Sveinbjörn Sveinsson

Vitundarvottar

Helga Árnadóttir

Magnús Jónatansson

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 30. júní 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar kr. Greitt K.L.



Landamerkjabréf Þorsteinsstaða í Lýtingsstaðahreppi

Að norðan úr Svartá sem girðing ræður í Stórhól þaðan sömu stefnu ²utan^x undir Þorsteinshól í garð við girðingarenda neðan við Þorsteinsstaðakotstún, þá sem tún ræður, svo úr norðausturtúnhorni syðst í Gloppugil, þaðan beina stefnu austur í Löngubrekku, þaðan dálítið skáhorn út brekkuna móts við Einbúa, svo yfir hann beina línu til Hjeraðsvatna, sem girðing ræður alla leið. Þá ráða Hjeraðsvötn að austan. Að sunnan úr vörðu utanvert á Skjónholti eftir uppsettum merkjum vestur á Eggjabrún, þaðan eftir gömlu garðlagi og uppsettum merkjum til svartár, að vestan ræður Svartá.

Gjört að Þorsteinsstöðum 10. júní 1922
Stefán Jónatansson eigandi Þorsteinsstaða

Sveinn Friðriksson eigandi Þorsteinsstaðakots
Guðm. Stefánsson eigandi Lýtingsstaða
Jóhann Jónasson eigandi Litladals
Guðmundur Eiríksson eigandi Litladalskóts
Jón Jóhannsson eigandi Árnes

Að nöfn allra hlutaðeiganda sjeu skráð undir hinsvegarritað landamerkjabréf vottar hreppst. Lýtingsstaðahrepps.

p.t. Lýtingsstöðum 30/6 1922
Sig. Þórðarson

x) Stendur: untan

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 30. júní 1922 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



Landamerkjalyýsing Narfastaða í Viðvíkurhreppi.

Að norðan ræður merkjum milli Narfastaða og Lækjar, óslitin bein lína frá vörðu, sem byggð er á stórum steini á Háamel (Lækjarmel) og í vörðu syðst á Strýtumel, og þaðan vestur yfir mýrina eftir sömu stefnu og áfram vestur yfir ásinn alt niður að Lónsmerkjum, og er þar sett varða, sem er norðvestur hornmerki jarðarinnar. Að vestan ræður merkjum milli Narfastaða og Lóns bein lína suður frá hornvörðunni og í vörðu, sem byggð er á háhæðinni sunnan við Rauðalæk út og upp frá svonefndri merkjaþúfu á autanverðum gilbarmi ofanvert við þjóðveginn núverandi. Þess skal getið að norðvesturhornmerkið liggur í þeirri beinu línu, sem takmarkar Lónsland að ofan og liggur frá vörðu á Háasundsholti, sem er fyrir vestan hinn núverandi þjóðveg og í vörðuna á hæðinni fyrir sunnan Rauðalæk, en sú varða er suðvestur hornmerki Narfastaða. Að sunnan ræður merkjunum bein lína milli Narfastaða og Vatnsleysu úr hornmerkja vörðunni í suðvesturhorni landsins á hæðinni sunnan við Rauðalæk í vörðu á holti fyrir utan Einbúa og þaðan eftir sömu beinu línu upp að Ásgeirsbrekkumerkjum að neðanverðu við land Ásgeirsbrekku, en þau merki liggja beina línu úr vörðunni, sem áður er nefnd á steininum á Háamel, sem er norðaustur hornmerki Narfastaða, og í vörðu sem byggð er niður frá ytri enda Langhóls, skammt fyrir neðan Langhólinn og lítið eitt sunnan við læk þann er rennur niður utan við LanghólSENDANN og úr henni sömu stefnu suður að Gljúfrá. Þar sem merkjalínan fyrir Narfastaðalandi að sunnan kemur upp á Ásgeirsbrekkumerki er sett varða og er hún suðaustur hornmerki Narfastaða. Að ofan liggja merkin milli Narfastaða og Ásgeirsbrekku eftir beinni línu út á hornmerkið á Háamel (Lækjarmel) frá vörðunni sem er suðausturhornmerki Narfastaða. Landamerki þessi eru gerð með samkomulagi allra hlutaðeiganda um leið og þeir ganga á merkin í októbermánuði 1921.

Jósef J. Björnsson eigandi Narfastaða og Vatnsleysu

Gísli Pjetursson eigandi Lækjar

Hólfríður Sigfúsdóttir eigandi ½ Ásgeirsbrekku

Í umboði Guðnýjar Jónsdóttir eiganda Lóns er jeg samþykkur Þórður Gunnarsson

Sigfús Dagsson eigandi ½ Ásgeirsbrekku

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi ritað undir landamerkjaskrá þessa, vottast hjer með.

p.t. Viðvík 19. júní 1922

Einar Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi í Viðvík 19.6. 1922 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjalysing Ásgeirsbrekku í Viðvíkurhreppi.

Að sunnan ræður Gljúfrá merkjum milli Ásgeirsbrekku og Hofstaðasels. Að neðan ræður merkjum á milli Ásgeirsbrekku og Vatnsleysu og Narfastaða bein lína úr vörðu sem hlaðin er við Gljúfrá og í vörðu sem byggð er skammt niður undan utanverðum Langahólsenda og lítið eitt sunnan við læk þann sem rennur niður utan við Langhólinn, og úr henni sömu stefnu norður að Lækjarlandi í vörðu sem byggð er á stórum steini á svonefndum Háamel (Lækjarmel) og er það hornmerki á milli Ásgeirsbrekku og Narfastaða. Á milli Ásgeirsbrekku og Lækjar ræður bein lína frá síðastnefndri vörðu austur í hornmerkjavörðu Rennis og Lækjar. Úr þeirri vörðu ræður bein lína merkjum milli Ásgeirsbrekku og Ennis í stóran stein í utnaverðum syðri Nauthól og þaðan sömu stefnu til fjallseggjar. Landamerki þessi eru gerð með samkomulagi allra hlutaðeiganda um leið og þeir ganga á merkin í Okt. m. 1921.

Hólmfríður Sigfúsdóttir og Sigfús Dagson eigendur Ásgeirsbrekku.

Jóhannes Björnsson og Sigurður Pjetursson Eigendur Hofstaðasels.

Gísli Pjetursson eigandi Lækjar

Jón Björnsson eigandi Ennis

Jósef J. Björnsson eigandi Narfastaða og Vatnsleysu

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað landamerkjaskrá þessa vottast hjer með.
p.t. Viðvík 19. júní 1922.

Einar Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi í Viðvík 19. júní 1922 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjalysing Vatnsleysu í Viðvíkurhreppi.

Að sunnan ræður Gljúfrá merkjunum ofan frá Ásgeirsbrekku merkjum og þar til hún fellur niður úr gilinu, en frá því að hún fellur fram úr því ræður bein stefna úr miðju gili niður yfir eyrarnar niður í Hjeraðsvötn og er varða gerð í þeirri stefnu niður undir Hjeraðsvötnunum. Að vestan liggja merkin eftir miðjum Hjeraðsvötnum frá Hofstaðaselsmerkjum og að Lónsmerkjum. Á þeirri leið er lítill varphólmi í Hjeraðsvötnunum skammt fyrir sunnan merkin milli Vatnsleysu og Lóns og stutt frá austurbakka Hjeraðsvatnanna og er sá hólmi eign Vatnsleysu. Að norðan liggja merkin milli Vatnsleysu og Lóns eftir beinni stefnu úr fremri enda vatnsveituskurðs, sem gerður er ^{til} áveitu gegn um bakkann inn á svonefndar Flæðar, yfir Flæðarnar og börðin fyrir ofan þær og upp í vörðu, sem gerð er á háhæðinni sunnan við Rauðalæk út og upp frá svonefndri merkjaþúfu á utanverðum gilbarmi ofanvert við þjóðveginn núverandi og er sú varða hornmerki, milli Lóns og Narfastaða. Frá þessari síðastnefndu vörðu liggja merkin beina stefnu í vörðu á holti fyrir utan Einbúa og þaðan eftir sömu stefnu upp að Ásgeirsbrekku merkjum í vörðu þá, sem er suðaustur hornmerki Narfastaða og aðgreinir þessi lína lönd Vatnsleysu og Narfastaða. Að ofan liggja merkin milli Vatnsleysu og Ásgeirsbrekku eftir beinni línu frá vörðunni, sem er suðaustur hornmerki Narfastaða og norðaustur hornmerki Vatnsleysu og í vörðu skammt fyrir neðan ytri enda Langhóls og lítið eitt sunnan við læk þann er rennur niður utan við Langhólsendann og úr henni eftir sömu stefnu suður í Gljúfrá.

Merkjalínan milli Vatnsleysu og Ásgeirsbrekku er því framhald þeirrar beinu línu, sem er merkjalína milli Narfastaða og Ásgeirsbrekku og liggur eftir beinni stefnu úr vörðu, sem byggð er á steini á Háamel (Lækjarmel) og í vörðuna neðan við Langhólsendann. Landamerki þessi eru gerð með samkomulagi allra hlutaðeiganda um leið og þeir ganga á merkin í októbermánuði 1921.

Jósef J. Björnsson eigandi Vatnsleysu og Narfastaða.

Hólmfríður Sigfúsdóttir eigandi ½ Ásgeirsbrekku

Sigfús Dagsson eigandi ½ Ásgeirsbrekku

Í umboði Guðnyjar Jónsdóttor eiganda Lóns er jeg samþykkur Þórður Gunnarsson

Jóhannes Björnsson og Sigurður Pjetursson Eigendur Hofstaðasels

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað landamerkjaskrá þess vottast hjer með.

p.t. Viðvík 19. júní 1922

Einar Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi í Viðvík 19.6. 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar kr. Greitt K.L.



Landamerkjalyásing Lækjar í Viðvíkurhreppi.

Að sunnan ræður merkjum milli Lækjar og Narfastaða óslitin bein lína frá vörðu sem byggð er á stórum steini á Háamel, (Lækjamel) og í vörðu syðst á Strýtumel og þaðan vestur yfir mýrina eftir sömu stefnu og áfram vestur yfir ásinn allt niður að Lónsmerkjum og er þar sett varða, sem er suðvestur hornmerki jarðarinnar. Þaðan ræður merkjum að vestan milli Lækjar og Lóns, bein lína frá síðastnefndri vörðu, norður í vörðu á Háasundsholti, vestan við hinn núverandi þjóðveg og er sú varða vestur-norðvesturhornmerki jarðarinnar. Þaðan ræður merkjum bein lína, norðaustur í vörðu, sem er byggð á norðari Bugalækjarbakka og er sú varða hornmerki milli Lækjar, Bakka og Kýrhólts. Frá þeirri vörðu ræður Bagalækur merkjunum að norðan, þar til svonefndur merkjalækur fellur í hann. Eftir þeim skurði liggja svo merkin milli Lækjar og Kýrhólts það sem hann nær, en frá efri enda (efri) hans, liggja merkin í vörðu sem hlaðin er yst á Eyvindarbrekkum, sem er norðaustur hornmerki. Að austan ræður merkjum milli Lækjar og Ennis, bein lína frá síðastnefndri vörðu og í vörðu sem hlaðin er 42 föðmum austur af hákollu Blámels, beint til fjalls, en þaðan eftir sömu stefnu suður að Ásgeirsbrekkulandi og er þar sett varða sem er suðaustur hornmerki. Úr þeirri vörðu liggja merkin milli Lækjar og Ásgeirsbrekku, beina línu vestur í fyrstnefnda vörðu á Háamel (Lækjarmel).

Landamerki þessi eru gerð með samkomulagi allra hlutaðeiganda um leið, og þeir ganga á merkin í októberm. 1921.

Gísli Pjetursson eigandi Lækjar og Kýrhólts

Jón Björnsson eigandi Ennis

Jósef J. Björnsson eigandi Narfastaða

Hólmfríður Sigfúsdóttir og Sigfús Dagsson eigendur Ásgeirsbrekku

Björn Guðmundsson eigandi að 3/5 pörtum Bakka

Sigurður Jónsson eigandi 2/5 pörtum Bakka

Í umboði Guðnýjar Jónsdóttur eiganda Lóns er jeg samþykkur Þórður Gunnarsson

Þinglesið á manntalsþingi í Viðvík 19. júní 1922. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



378.

Landamerkjaskrá fyrir Hringveri.

Milli Garðakots og Hringvers byrja landamerki að neðan í vörðu sem stendur beint upp undan steini sem er sunnaní Svepphöfðanum (steinn þessi er merkjasteinn milli Garðakots og Viðvíkur), úr þessari vörðu bein sjónhending í vörðu sem stendur við Garðakotslæk og eru 2 vörður hlaðnar á því millibili; svo eftir lækjar sitru í Grundarbrekkudý; svo bein sjónhending úr dýnu með 2 vörðum í stein á hvíholti merktur (sic) G. H. þaðan í vörðu á mýrinni og úr henni í vörðu við Hringverslækinn að sunnan í lækjardalnum (sem er suðvestur hornmerki Garðakotslands). Þaðan bein sjónhending til Garðaskárlækar yfir miðja Breiðumela í vörðu við lækinn, og eru 2 vörður hlaðnar á þeirri leið. Svo ræður Garðaskárlækur til upptaka svo bein stefna til fjalls eggjar. Að norðan milli Hringvers og Miklhóls eru merki úr miðaftansþúfu frá Hólum ræður bein sjónhending eftir merkjum að neðan, til fjallseggjar. Milli Hringvers og Viðvíkur eru merki úr þúfu bein sjónhending í stein fyrir utan Djáknapot merktan H V, úr þeim steini í stein á Steinboga merktan H V svo í vörðu neðst í merkjaflóa úr henni í vörðu á brekkubrúninni fyrir ofan Köldumýrina þaðan bein sjónhending í stein sunnan í Svepphöfðanum sem er merki milli Viðvíkur og Garðakots. Jörðin á frýan upprekstur á Kolbeinsdalsaftrjett.

Hringveri 17. júní 1922

Sigurður Jónsson (eigandi Hringvers)

Halldór Gunnlaugsson (eigandi Garðakots)

Samþykkur eigandi Miklahóls Þorgrímur Helgason

Sig. Jónsson eigandi Skúfstaða

Guðbr. Björnsson prestur Viðvík.

allir rjettir hlutaðeigendur hafi undarritað landamerkjaskrá þessa vottast hjer með.

Einar Jónsson hreppst. Brimnesi

Þinglesið á manntalsþingi í Viðvík 18/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr 378. Kr. Linnét

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L



Landamerki jarðarinnar Lunds í Holtshreppi.

Að sunnan móts við Depla, ræður garður frá Stífluá, upp fyrir engi jarðanna, þar við tekur svo nefnt Ytra-Þrætukinnargil, og síðan bein sjónhending til fjalseggjar.

Að norðan móts við Nefsstaði, ræður stampur skamt frá Stífluá og frá honum bein sjónhending eins og vörður til vísa til fjals.

Lundi 2. júní 1923

Samþykkir Eigandi Lunds María Guðmundsdóttir

Vegna Nefstaða Jónas Jónasson

Vegna Depla Guðm. Sigurðsson

Að allir hlutaðeigendur hafi undirritað skjal þetta, vottast hér með.

Guð. Davíðsson hreppstjóri Holtshrepps

Þinglesið á manntalsþingi í Haganesvík 22. júní 1923. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Mýrna í Fellshreppi.

Jörðin Mýrar í Fellshreppi hefur þau landamerki er hjer greinir. Milli Keldna og Mýrna eru landamerki í vörðu sem stendur á garðsenda niður á sjóarbakkanum sunnan við skemmugilið. Svo eftir sjáanlegum garði upp að gildraginu og eftir því sem vörður vísa sömu stefnu upp í vörðu sem stendur sem næst á miðjum mel norðan við Keldna svarðargrafirnar. Úr þeirri vörðu í vörðu á öðrum mel stendur sú varða á hámelnum, þaðan í vörðu sem stendur norður á halanum á svonefndum Grafarhól. Úr nefndri vörðu sömu beina línu í vörðu við norðanverðan brúarenda. Milli Mýrna og Istahóls ræður sýsluvegur merkjum sem liggur eftir svokölluðum launguholtum. Milli Mýrna og Heiðar eru merki við sjóin á Markvík við svonefnd miðgil og þaðan eftir sjáanlegum garði (sic) upp í laungubru. Geta skal þess að jörðin Ystahóll á tvo þriðju parta af öllum reka fyrir Mýrnalandi einnig frítt uppsátur á Mýrnalandi og frítt fyrir fjárhús og búð og fría fjörubeit.

Istahóli 21 Júní 1923

Eigandi Mýrna Sölvína Konráðsdóttir

Ásgrímur Halldórsson Eigendur Ystahóls

Jón Guðnason Eigandi Heiði

Jón Björnsson Eigandi Keldna

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað þettað skjal.

Vottast hérmeð Sveinn Árnason hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi að Skálá 21/6 1923. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Keldna í Fellshreppi.

Jörðin Keldur í Fellshreppi hefur þau landamerki sem hjer greinir. Milli Keldna og Mýrna eru landamerki í vörðu sem stendur á garðsenda niður á sjóarbakkanum sunnan við skemmugilið. Svo eftir sjáanlegur garði upp að gildraginu og eftir því sem vörður vísa sömu stefnu upp í vörðu sem stendur sem næst á miðjum mel norðan voð Keldna svarðargrafirnar. Úr þeirri vörðu í vörðu á öðrum mel stendur sú varða á hámelnum þaðan í vörðu sem stendur norður á halanum á svo nefndum Grafarhól. Úr nefndri vörðu sömu beinu línu í vörðu við norðanverðan brúarenda úr nefndri vörð í vörðu í sömu stefnu austur í mýrinni og úr þeirri vörðu í vörðu við lækin. Standi maður lækjarmeigin við vörðuna og sjái niður eftir vörðunum til sjóar bera vörðurnar allar hver í aðra. Úr seinast nefndri vörðu eru merki beint í lækin ræður svo langilækur merkjum suður í Sljettuhlíðarvatn. Að sunnan eru merki í uppsprettufen sem er skamt frá vatnsbakkanum sunnarlega á ströndinni og ræður þaðan bein stefna í vörðu upp á Fellsbrún, og svo þaðan beina stefnu í gömlu merkjavörðuna sunnan á kjöl úr nýnefndri vörðu eru merkin út eftir háfellinu í Gildrur. Milli Keldna og Fjalls eru merkin við sjó í vörðu, sem stendur á hæðinni fyrir innan Keldnaselið. Frá henni ræður bein stefna upp í áðurnefndar Gildrur.

Keldur eiga allan reka fyrir sínu landi semkvæmt gildandi lögum.

Keldum 21. júní 1923.

Jón Björnsson Eigandi Keldna

Ásgrímur Halldórsson Eigandi Ystahóls

Sölvína Konráðsdóttir Eigandi Mýrna

Sveinn Árnason Eigandi Fjalls

Tómas Jónsson eigandi Miðhóls

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað þettað Landamerkja skjal vottar,

Sveinn Árnason hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi að Skála 21/6 1923 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar kr. Greitt K.L.



Landamerkja-bréf fyrir jörðinni Kamsstöðum í Fellshreppi.

Milli Kamsstaða og Fjalls eru bein merkji í stefnu frá Raufarbergi í hól á milli bæjanna og alla leið upp á fellið mótis við Keldna merkji; þaðan suður austurbrún fellsins frá vörðu sem er merkjavarða milli Fells og Keldna alla leið á vörðu sem er á hól sunnan við fellsendann og ræður hún þaðan merkjum milli Fells og Kamsstaða svo ræður þaðan merkjum bein lína yfir Kamsstaðavatn í vörðu á vesturbakkanum, svo ræður merkjum sá forni vatnsbakki að vestan alla leið inn að heiðingjalæk og ræður lækurinn merkjum vestur að höfðajöðrum og svo ráða Hrolleifshöfðajaðrar merkjum alla leið út að hvítaletti. Kamsstaðir eiga fría beit í Hrolleifshöfða og fjörubeit einnig í Fellslandi.

Merkjabrjef þetta staðfestir undirritaður eigandi jarðanna Fells Kamsstaða og Fjalls.

Felli 28. apríl 1923

Sveinn Árnason

Staðfestir Jón Björnsson eigandi Keldna

Þinglesið á manntalsþingi að Skálá 21/6 1923 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir grasbýlið Brekku í Hofshreppi.

1. Landamerkjum ræður girðing sú er liggur úr suðausturhorni bæarins á Brekku í austur, svo í suður, þaðan í vestur á brekkubrún, svo til norðurs að sunnanverðu fjárhúsi, þaðan 5 álnir í vestur, þá beint til norðurs þar til komið er 24 álnir norður frá smiðjunni þá þverbeint í austur svo langt að rjett horn myndist á merkjunum heim að austurbrún vestari bæjarins á Brekku.

2a. Að sunnan áframhaldandi bein lína af suður merkjalínu eins og girðing til vísar til sjóar

b. Að austan ráða Brekku og Þangstaðagirðingar að norðvesturhorni hinnar síðarnefndu.

c. Að norðan áframhaldandi bein lína af norðurmerkjalínu Þangstaða til sjóar

d. Að vestan ræður sjórin.

Ennfremur fylgir með í kaupinu lítil lóðarræma sem er á milli Brekku og Þangsstaðagirðinga.

Ofanrituð landamerkjaskrá er tekin orðrétt uppúr tveimur afsalsbrjefum, hið fyrra ritað með eigin hendi seljanda Hjálmars Þorgilssonar, fyrirfram innritað 8. maí 1907 í afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu bls. 70 N^o 2867. Þinglesið á Hofi 4. júní 1907. Hið síðara með eigin hendi seljanda Eggerts Jónssonar fyrirfram innritað 10. des. 1915 í afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu bls. 101 N^o 3965. Þinglesið á manntalsþingi í Hofsós 4. júní 1916

Greinin undir tölulið 1 er úr fyrra afsalinu en undir tölulið 2 úr því síðara.

Hofsós 20. júní 1923

Jón Jónsson

Brekku 1. júní 1923

Jakob Símonarson

Þinglesið á manntalsþingi í Hofsós 20/6 1923 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Enni, Hof og Ártún í Hofshreppi, bls. 171r-171v
N^o 384.

Landamerki milli jarðanna Ennis annars vegar en Hofs- og Ártúna hinsvegar – sem allar liggja í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu – skulu vera: Frá Hofsá ræður bein lína merkjum úr stórum jarðföstum steini – utan árinna – (nokkru ofar en svo nefndur Kríusteinn) suður og vestur eyrarnar í grjótvörðu er stendur á skógarjaðrinum, ofanvert við Ennisbolla. Þaðan þverbeygja merkin til vesturs beina línu í torfvörðu er stendur neðanvert við framræsluskurð svarðargrafa í Ennisbollum. Frá nefndri vörðu liggja svo merkin eftir merkjavörðum suður eftir yfir skógarjaðarinn alt að Nýlendismerkjum og stendur syðsta varðan á gömlu garðmóti er gengur vestur af Sjónarhól.

Hofi 19. júní 1923

Jón Jónsson (eigandi Hofs og Ártúna)

Guðjón Þórarinnsson (fyrir hönd eigendur Ennis)

Að réttir hlutaðeigendur hafi undirskrifað þetta bréf, vottast hér með.

p.t. Hofsós 20. júní 1923

J. Konráðsson hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi í Hofsós 20/6 1923 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerki jarðarinnar Garðshorn í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu skulu vera:

Að norðan ræður núverandi bein landamerkjagirðing milli Hólakots og Garðshorns –; að austan á jörðin land á fjall upp, að sunnan ræður bæjarlækurinn á Hofi merkjum niður að gömlu garðmóti – þvergarði – er gengur norður frá bæjarlæknum skamt fyrir neðan Garðshorns-tún, en að vestan ræður nefnt garðmót merkjum og síðan bein áframhaldslína þess, í norðvesturlandamerkjahorn áður nefndrar girðingar. Hof og Hólakot eiga lönd á móti jörðinni.

Hofsós 20. júní 1923

Fyrir hönd móður minnar Vilhelm Erlendsson

Hofi 19. júní 1923

Jón Jónsson (eigandi Hofs og Garðshorns)

Að réttir hlutaðeigendur hafi undirskrifað þetta bréf, það vottast hérmeð.

p.t. Hofsósi 20. júní 1923

J. Konráðsson hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi í Hofsós 20/6 1923 Kr. Linnet

Gjald: ⁴- fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerki jarðarinnar Ártún í Hofshreppi og Skagafjarðarsýslu skulu vera:

Að norðan ræður bein lína merkjum úr miðri Illhugalág í vörðu sunnanvert á svo nefndum Grýluhól, þaðan rjettsýnis austur eftir flóanum í grjótvörðu er stendur við Ennisland (við götubakka er liggur austur og vestur eftir skóginum), úr þeirri vörðu, beina línu til suðurs í aðra vörðu er stendur á gömlu garðmóti sem gengur vestur af Sjónarhól, beygja merkin síðan til vesturs í vörðu er stendur vestast á nefndu garðmóti, en frá þeirri vörðu ræður gamalt garðlag merkjum suður í Grafará, ræður Grafará merkjum til sjóvar en sjór út yfir Illhugalág.

Hofi 19. júní 1923

Jón Jónsson (eigandi Hofs og Ártúna)

Guðjón J. Þórarinsson (fyrir hönd eigendur Ennis)

Guðjón P. Jóhannsson (fyrir hönd eigenda Nýlendis)

Að réttir hlutaðeigendur hafi undirskrifað þetta bréf vottast hérmeð

p.t. Hofsós 20. júní 1923.

J. Konráðsson hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi í Hofsós 20/6 1923. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. gr K.L.



Lýsing á tún og engjamerkjum milli jarðanna Þúfna og Stóragerðis í Hofshreppi

Takmörk engisins í Þúfum, frá bithaga tjeðra jarða, eru úr svonefndum merkjahól norður við Krossmerki, um lítinn melhól, norðan og austan við Þúfnabæ, þaðan áframhaldandi bein stefna, suður á móts við Þúfnalæk, og er þar varða hlaðin. Frá vörðu þessari bein stefna til vesturs í vörðu á syðri lækjarbakkanum Þúfnalæksins, rjett ofan við túnið í Þúfum. Frá nefndri vörðu í merkjavörðu á mýri milli bæjanna og sker sú lína túnin, eftir rás, er túnasljettur frá báðum jörðum mynda. Úr merkjavörðu á fyrnefndri mýri eru merkin í aðra vörðu, við götutroðninga (og eftir þeim) er liggja frá Stóragerði í Þúfnahlað og úr því suður og ofan þar til túnið endar. Þaðan út með Þúfnatúni að neðan í áðurnefndan Þúfnalæk. Síðan ræður lækurinn niður á móts við Þorgrímstof. Þaðan bein stefna um miðjan gamlan heygard, nokkru norðar, en síðan bein áframhaldandi stefna, norður að Krossmerkjum.

Að sunnan og vestan við hjer nefndar merkjalínur, á Stóragerði slægjuland, að undanskildum tveim túnblettum í Stóragerðislandi, er tilheyra Þúfum og heita Hesthúsgerði og Nýjatún.

Bithagi jarðanna er óskiftur, 2/3 frá Þúfum en 1/3 frá Stóragerði.

Þess skal getið að áður er þinglesið landamerkjabrjef fyrir Þúfum, með afbýlinu Stóragerði, dagsett 22. maí 1886.

p.t. Hofsstöðum 16. júní 1923

Sigurður Pjetursson (eigandi að Stóragerði) (handsalað J.B.)

Sigríður Björnsdóttir (eigandi að ½ Þúfum) (handsalað J.B.)

Anna Björnsdóttir (eigandi að ½ Þúfum)

Þinglesið á manntalsþingi í Hofsó 20. júní 1923. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar kr. greitt K.L.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Hofsstaðasels í Viðvíkurhreppi

Milli Ásgeirsbrekku og Hofsstaðasels ræður Gljúfrá merkjum, meðan hún hefur aðhaldsfarveg, en þaðan í miðjan Gljúfrárdalsbotn, suður til háfjalls.

Milli Vatnsleysu og Hofsstaðasels ræður Gljúfrá einnig merkjum, frá Ásgeirsbrekkulandi, þar til Gljúfrárgil þrýtur, en þá úr miðju Gljúfrárgili, í vörðu, sem sett er vestur við Hjeraðsvötnin.

Að vestan ræður miður aðalfarvegur Hjeraðsvatna og vestureyjarstokkur, suður til Hofsstaðamerkja.

Milli Hofstaða og Hofsstaðasels ræður merkjum svokallað Selsgil, sem byrjar við tungusporð, skamt fyrir neðan túnið í Hofsstaðaseli og nær niður að sýsluvegi.

Úr gili þessu í vesturenda skurðs á austurbakka austureyjar, og sama stefna í vestur, eftir flóðgarði í ós á vesturbakka á sömu ey, og þaðan eftir sömu beinni stefnu yfir svo nefnda Vestureyju, í miðjan farveg kvíslar þeirrar, sem þar fellur vestan við hana.

Þegar slegið er sunnan við Hofsstaðaselstúnið, þá ræður keldufall úr fyrnefndu Selsgili upp í gamalt garðlag sunnan við Markúsarhól. Úr því garðlagi eru merkin í grjóthrógu, þar skamt fyrir austan, og eftir þeirri stefnu upp í girðingu, sem liggur frá suðri til norðurs.

Milli Hofstaða og Hofsstaðasels, skal bithagi vera sameiginlegur sumar og vetur.

Hofsstöðum 28. des. 1921

Jóhannes Björnsson Sigurður Pjetursson (handsalað J.B.) Eigendur Hofsstaðasels

Björn Pjetursson (handsalað J.B.) Sigurður Pjetursson (handsalað J.B.) Eigendur Hofstaða.

Hólmfríður Sigfúsdóttir Sigfús Dagsson Eigendur Ásgeirsbrekku

Jósef J. Björnsson eigandi Vatnsleysu

Allir réttir hlutaðeigendur hafa undirskrifað þessa landamerkjaskrá ~~vottar~~ þessa

p.t. Viðvík 18. júní 1923.

Einar Jónsson hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi í Viðvík 18/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 388. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerki fyrir Hrólfssstaði Akrahreppi Skagafjarðarsýslu.

Merkin milli Miklabæjar og Hrólfssstaða liggja frá austri til vesturs í – því sem næst – beinum línum, milli þeirra örnefna og merkjasteina, er nú skulu talin:

Austast upp í Miklabæjarfjalli ræður merkjum svo nefnt Byrgisgil. Þaðan bein stefna ofan í klafastein. Þaðan í áframhaldandi beinni línu ofan í stóran stein, sem er suðurundan Landaklöpp. Þar beygja merkin í sem næst 90 gráða horn þvert í suður í hlaðna vörðu, sem er fyrir utan of ofan Miklabæjarkotsborg. Þaðan beygja merkin til vesturs í vörðu hlaðna á Rauðamelsbrekku og í áframhaldandi beinni línu um syðri brún syðra jarðfalls í nefndri Rauðamelsbrekku ofan að Þjóðvegi.

Merkin vestan við Þjóðveg eru þessi:

Úr sigstaur yst í girðingu frá Miklabæ, eftir skurði á parti, í stein, á efsta teigarholti, sunnanvert við engjalækjarfarveg. Það bein lína syðst í Sölkupytt í Gegnir. Ræður svo Gegnir merkjum þar til Miklabæjarnes þrýtur. Þaðan bein stefna norður í Hjeraðsvötn.

Á milli Vagla og Hrólfssstaða eru þessi merki: Að sunnan og austan er Sauðaklöpp hornmerki. Úr henni miðri ræður bein stefna merkjum eftir garðlagi og girðingu í ytra melgil, úr því ræður gilið til fjallsbrúnar. Úr norðvestur horni Sauðaklappar ræður bein stefna norður í stóran sljett kollóttann stein í brekkunni norðan við Vagla tún. Þaðan bein lína í ysta girðingarstaur sunnan við Loftsgil.

Að norðan milli Hrólfssstaða og Grundarkots eru merkin þannig: Úr Vagla hornmerki ræður skástefna í sigstaur neðan við Þjóðveg. Þaðan bein stefna í vörðu á holtinu fyrir sunnan Grundarkot. Þaðan eins og girðing og vörður vísa í vörðu hlaðna á vatnabakka. Þaðan bein stefna vestur eyrarnar vestur á móts við Gegnisop.

Hrólfssstöðum 25. júní 1923.

Þorsteinn Björnsson eigandi Hrólfssstaða

Jóhannes Jónsson eigandi Þorleifsstaða (handsalað)

Gísli Björnsson eigandi Vagla og Vaglagerðis.

Sigurður Pjetursson eigandi Þorleifsstaða (eftir umboði)

Magnús H. Gíslason eigandi Grundarkots

Framanrituð merki milli Miklabæjar og Hrólfssstaða eru rétt tekin samkvæmt landaskiftum er gerð voru milli þeirra jarða 18. júní 1922.

Miklabæ 19. júní 1923.

Lárus Arnórsson

Allir undirskrifaðir vottast hjer með.

Magnús H. Gíslason hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru-Ökrum 26/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 389. Kr. Linnet



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald: 4 – fjórar kr. Greitt K.L.



Landamerkjabréf fyrir Vöglum í Akrahreppi Skagafjarðarsýslu

Á milli Vagla og Hrólfsstaða eru þessi merki. Að sunnan og vestan er Sauðaklöpp hornmerki, úr henni miðri ræður bein stefna merkjum, eftir garðlagi og girðingu austur í ytra Melgil, úr því ræður gilið til fjallsbrúnar. Að vestan ræður bein lína merkjum úr útvestur horni Sauðaklappar stórann kollóttan steinn sem er í brekkunni niður frá Vaglatúni, þaðan bein lína í ysta girðingarstaurinn sunnan við Loftgil.

Norðan verðu, eða milli Vagla annarsvegar og Þorleifsstaða Vaglagerðis og Grundarkots hinsvegar liggja merkin eftir gömlu garðlagi upp í túngarðinn á Vöglum, eftir hinum uppeftir þar til hann gengur lengst til norðurs, þaðan ræður bein stefna í vörðu hlaðna á steini útundan Vaglagilskverk, skamt frá syðsta skorningnum þaðan sama stefna á fjallsbrún upp.

Að austan ræður fjallsbrún.

Vöglum 25. júní 1923.

Gísli Björnsson eigandi Vagla og Vaglagerðis

Þorsteinn Björnsson eigandi Hrólfsstaða.

Magnús H. Gíslason eigandi Grundarkots

Jóhannes Jónsson eigandi Þorleifsstaða (handsalað)

Sigurður Pjetursson eigandi Þorleifsstaða (eftir umboði)

Að allir hlutaðeigendur sjeu hjer undirritaðir vottast hjermeð.

Magnús H. Gíslason hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru-Ökrum 26/6 1923. og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 390. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjalysing jarðarinnar Dýrfinnustaða í Akrahreppi.

Kirfisá ræður merkjum, milli Svaðastaða og Dýrfinnustaða, frá upptökum sínum, þar til gil það, sem áin hefir myndað endar. Úr gilkerk þeirri miðri, eru merkin í beinni línu niður eyrarnar grundina og flóann, í vörðu þá, sem er hornmark milli Svarðastaða og syðri Hofdala utan við Hábackkalæk, sem aðrir nefna Kirfisárfarveg.

Úr nefndri vörðu, eru merkin bein lína suður í Bugalæk, ofan við svo nefndan Kollhól. Síðan ræður nefndur lækur suður að Keldufalli, þaðan Keldufallið, suður fyrir brú í Bugasundi. Þar er hornmark, milli Dýrfinnsstaða að sunnan og Brekkukots að norðan, og er þar varða hlaðin. F

rá vörðu þessari, ræður bein stefna upp yfir Bæjarás, og austur í stein norður undan túninu í Brekkukoti og er höggvinn stafurinn M í stein þenna. Þaðan ræður sjónhending til fjallsbrúnar, í háhnjúkinn utan við Lambaskarð. Háfjall ræður mekjum að austan.

Jörðin á upprekstur í Silfrastaðaafrett.

Hofsstöðum 10. nóvember 1921.

Rannveg Þorkeldsdóttir Eigandi að Brekkukoti

Pálmi Simonarson. Eigandi að Svarðastöðum

Sigurlaug Jóhannesdóttir (handsalað BS.)

Björn Pjetursson (handsalað Jóh. Björnss.) Eigendur Dýrfinnustaða

Allir hlutaðeigendur eru hjer undirritaðir vottast hjer með

Magnús H. Gíslason hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru-Ökrum 26/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 391. Kr. Linnet

Gjald 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Skatastöðum í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu

Að sunnan ræður merkjum bein lína austan frá Jökulsá um Símonarklif vestur í Keldudalsöxl þaðan norður Sperðilbrúnir í Selsvallaöxl þaðan norður Hjallabrúnir í Elliða, norður austari brún hans og há Elliðatagl og þaðan beina stefnu eins og vörður vísa norðu í ytri Einislæk austanhalt við Smalahólgil, þaðan ræður Einislækur austur til Jökulsár, og þá Jökulsá fram að austan til Símonarklifs.

Skatastöðum 24. júní 1923.

Guðjón Þorsteinsson umráðandi Skatastaða

Björn Þorsteinsson umráðandi Skatastaða

Samþykkur: Guðmundur Ólafsson eigandi Litlahlíðar

Samþykkur Guðmundur Sveinsson eigandi Bjarnastaðarhl

Samþykkur: Tómas Pálsson eigandi Bústaða.

Samþykkur Egill Steingrímsson eigandi hálfis Merkgils.

Samþykkur Jóhannes Bjarnason eigandi eigandi hálfis Merkgils.

Samþykkur Magnús H. Gíslason eigandi Ábæjar

Allir hlutaðeigendur undirritaðir vottast hjer með

Magnús H. Gíslason hreppsstjóri

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru Ökrum 26/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 392. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkin fyrir jörðina Fossar í Akrahreppi:

Að sunnan Strangilækur, að vestan Hjeraðsvötn, að norðan lína frá Hjeraðsvötnum sem gangi beina stefnu yfir Brúarnes norðarlega, Nethóll þar sem hæðst ber á, og í túngarð norðan við Fossatúnið frá efri enda garðsins í Gerðisborg og þaðan sjónhending í Vatnberg, þá til suðurs beina stefnu í Bólukamb, en sambeit sje á Uppsalaheiði.

Fremri-Kotum 23 júní 1923.

Valdemar Guðmundsson (eigandi Fossa og Bólu)

Samþykkur:

Jóhannes Þorsteinsson (eigandi Uppsala)

Eigendur undirritaðir, vottast hjer með

Magnús H. Gíslason hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru-Ökrum 26/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 393. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir Uppsölum í Akrahreppi.

Norðvestur hornmerki er syðst í Litlanesi við Hjeraðsvötn. Þaðan bein stefna í „Grástein“ er stendur, (einstakur af stórum steinum), á litlum melhól eigi langt fyrir austan þjóðveginn. Úr „Grásteini“ beint í „Mark-kletta“. Sjer víða fyrir gömlu garðlagi á þessari leið. En Mark-klettarnir eru tveir, hvor upp af öðrum og standa í brekkunum alllangt norðaustur frá Uppsalabæ. Úr Mark-klettum ræður sama stefna alt upp á há fjallsbrún og er þar norðaustur hornmerki. Þaðan eru merki suður fjallsbrúnina og suðaustur fyrir svonefnda Botna, alt í botninn á ysta Þvergili. Þá eru merki einsog gil það heldur í Bóluárfarveg og síðan eftir Bóluárfarvegi niður á móts við Bólukamb. Þar er hornmerki við Bóluá og merki þaðan: beint norður yfir Bólukamb í Strangalæk, þar sem hann fellur fram af heiðarbrúninni.

Frá Strangalæk sömu stefnu í norður eftir heiðarbrúninni, í vörðu sem stendur fyrir utan svonefndan „Sneiðing“ er það vegtroðningur er liggur á Uppsalahiði. Úr áður greindri vörðu yfir Gerðisborg beina stefnu í túngarð þann, er liggur norðan við Fossatún. Er garður sá beinn, eigi alllangt frá Fossabæ og mýri norðan við garðinn. Úr þessum garði ræður bein stefna í Nethól og eru merki þar sem hóllinn er hæstur. Þaðan sömu stefnu í suðvestur hornmerkið, vörðu sem stendur við Hjeraðsvötn, norðarlega í Brúarnesi. Að vestan eru merki eftir miðjum Hjeraðsvötnum.

Fossar eiga ítak til sambeitar í Uppsalahiði hlutfallslega eftir núgildandi landsmati beggja jarðanna. – Orðunum „yfir Gerðisborg“ er bætt inní um leið og skrá þessi er gerð.

Gjört að Uppsölum 19. dag júnímán. 1923.

Jóhannes Þorsteinsson (eigandi Uppsalá)

Samþykkur Valdimar Guðmundsson (eigandi Fossa og Bólu)

Samþykkur: Steingrímur Jónsson handsalað (eigandi Silfrastaða)

Herm. Valdimar Guðmundsson í Vallanesi, samþykkur vegna Kúskerpis.

Allir hlutaðeigendur undirritaðir vottast hjer með.

Magnús H. Gíslason ~~hreppstjóri~~

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru-Ökrum 26/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 394. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt Nr.



Landamerki Bólu í Akrahreppi

Að sunnan bein stefna úr Hjeraðsvötnum í Bólugil, að vestan Hjeraðsvötn að norðan Strangilækur að austan heiðarbrún (Bólukambur) sjónhending suður í Bólugil rjett áður en gilið beygir til suðurs.

St. Bólu 23. júní 1923.

Valdemar Guðmundsson (eigandi Bólu og Fossa)

Samþykkur Jóhannes Þorsteinsson (eigandi Uppsala)

Samþykkur Steingrímur Jónsson handsalað (eigandi Silfrastaða)

Allir hlutaðeigendur undirritaðir vottast hjer með

Magnús H. Gíslason

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru Ökrum 26/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 395. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Syðri-Brekkur og Eyhildarholt, bls. 177r-177v
396.

(Ritað á nr. 209).

Viðbót við hinsvegar skrifaða landamerkjaskrá.

Að vestan, milli Syðri-Brekkna og Eyhildarholts, þar sem áður er lýst að Hjeraðsvötn hafi ráðið, eru nú merkin ákveðin þannig:

Úr vörðu á syðri Nautavaðshólma í miðjan farveg, í beinni stefnu undan merkja línu, milli Framnes og Syðri Brekkna. Frá nefndri vörðu í aðra vörðu nokkru norðar. – Þaðan í þriðju vörðuna, og er þar hornmerki harðanna, Eyhildarholts og Syðri-Brekkna.

Milli Rípur og Syðri-Brekkna ræður merkjum áframhaldandi bein stefna af merkjalínum Eyhildarholts og Rípur, úr skurðminni á vesturbakka Engjaeyjar, um áður nefnda hornvörðu.

p.t. Syðri-Brekkum 23. maí 1923.

Jóhannes Björnsson eigandi ¼ Syðri-Brekkna og fyrir hönd Kr. P. Briems

Pálína Björnsdóttir (eigandi að ¼ Syðri Brekkna)

Sigurður Björnsson eigandi að ¼ Syðri Brekkum

Sigurður Ólafsson (umsjónarm. Rípur)

Gísli Magnússon (f.h. eigenda Eyhildarholts).

Að nöfn allra hlutaðeigandi sjeu hjer undirskrifuð vottast hjer með
Magnús H. Gíslason hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru Ökrum 26/6 1923 og innfært í landamerkjabók
Skagafjarðarsýslu nr. 396. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



N^o 397.

Landamerki Miðvalla.

Landamerki milli Miðvalla að norðan og Ölduhryggs að sunnan, eru úr Svartá að austan eptir Selgili, og ræður það stefnunnar vestur á fjallsbrún í vörðu sem þar er, og úr þeirri vörðu beint suðvestur yfir miðjar Selgilsrústir í vörðu þar fyrir vestan, sem er hornvarða Ölduhryggs og Miðvallalands, en þá tekur við Írafells land að vestan: Úr þeirri vörðu eru merkin beint norður fjallið í hornmerki Grímsstaðalands. Þaðan liggja merkin beint austur yfir miðjan uppþornaðan tjarnarbotn í vörðu sem er norðast á austari Vatnsrústahæð, og svo beint austur í stóran stein með vörðu á, sem stendur sunnan við gilið norðast á setustalli, en þaðan ræður Nóngil merkjum austur í Svartá. Að austan ræður Svartá merkjum milli Miðvalla og Svartárdals.

Vindheimum 1. júní 1923.

Sigmundur Andrjesson eigandi Miðvalla og Grímsstaða

Ófeigur Björnsson eigandi ½ Ölduhryggs og eigandi Ytri Svartárdals.

Þosteinn Magnússon eigandi ½ Ölduhrygg

Undir hinsvegar ritað landamerkjabréf Miðvalla í Lýtingsstaðahreppi hafa allir rjettir hlutaðeigendur skrifað – vottar:

Nautabúi 28. júní 1923

Sigurð Þórðarson (L. S.)

Þinglesið á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 29/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 397. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Lýtingsstöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

1. að austan: Þar ráða Hjeraðsvötn merkjum frá vörðu á Skjánholti til grjótvörðu á klöpp norðan við Stekkjargilslæk.

2. að sunnan: Móts við Teigakotsland. Frá síðast nefndri grjótvörðu til vörðu í Eggjabrúninni.

3. að vestan: a. Móts við Sveinstaðaland. Frá vörðunni á Eggjabrúninni beina línu til grjótvörðu á Hraunhól. að sunnan: Frá vörðunni á Hraunhól til vörðu á Borgarenda; tekur þá við Lýtingsstaðakots engi. að vestan: b. móts við Lýtingsstaðakotsland (engi). Frá Borgarenda sem girðing ræður til suðausturshorns Lýtingsstaðakotstúns. Þá ræður Lýtingsstaðakotstún merkjum ... þaðan: frá suðvesturhorni Lýtingsstaðakotstúns til vörðu á Stallbrún, þaðan beina línu í vörðu við Árnegirðingu. að vestan c. Móts við Árnesland: Frá nefndri vörðu ræður girðing til girðingarhorns á Merkjaholti.

4. að norðan: Móts við Þorsteinsstaðaland: Frá girðingarhorninu á Merkjaholti eftir uppsettum merkjum til fyrst nefndrar vörðu á Skjánholti.

Lýtingsstöðum 15. maí 1923.

Eigandi Lýtingsstaða: Guðm. Stefánsson

Eigandi Teigakots: Pjetur Björnsson

Eigandi Sveinsstaða: Egill Benediktsson

Eigandi Lýtingsstaðakots: Guðm. Stefánsson

Eigandi Árness: Jón Jóhannesson

Eigandi Þorsteinsstaða: Stefán Jónatansson

Undir hinsvegar ritað landamerkjabrjef Lýtingsstaða í Skagafirði hafa allir rjettir hlutaðeigendur skrifað – vottar:

Nautabúi 28. júní 1923.

Sigurðu Þórðarson. (L.S.)

Þinglesið á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 29/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 398. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



Lýtingsstaðakot í Lýtingsstaðahreppi, bls. 178v-179r
N^o 399.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Lýtingsstaðakoti í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

1. að austan: Sem girðing ræður frá nyrðra túnshorni til vörðu á Borgarenda.
2. að sunnan: Móts við Sveinsstaðaland: Frá vörðunni Frá vörðunni á Borgar enda til vörðu við Árnesgirðingu, eftir beinni línu.
3. að vestan: Móts við Árnesland: Frá nefndri vörðu, sem girðing ræður, til vörðu við sömu girðingu, sem er hornmerki Lýtingsstaða.
4. að norðan: Frá nefndri vörðu til vörðu á Stallbrún, þaðan til suðausturhorns túngirðingarinnar; þaðan ræður túnið til norðausturhorns. Þess skal gerið að Lýtingsstaðir og Lýtingsstaðakot eiga óskipt beitiland.

Lýtingsstöðum 15. maí 1923.

Eigandi Lýtingsstaðakots og Lýtingsstaða: Guðm. Stefánsson

Eigandi Sveinsstaða: Egill Benediktsson

Eigandi Árness: Jón Jóhannesson

Undir hinsvegar ritað landmerkjabrjef Lýtingsstaðakots hafa réttir hlutaðeigendur skrifað vottar:

Nautabúi 28. júní 1923.

Sigurður Þórðarson (L.S.)

Þinglesið á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 29/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 399. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Teigakoti í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

1. að austan: Þar ráða Hjeraðsvötn merkjum frá grjótvörðu sem stendur á klöpp örskamt fyrir norðan Stekkjargilslæk til grjótvörðu sem stendur á sunnanverðum Markhöfða.

2. að sunnan: a. móts við Villinganessland. Frá vörðunni á sunnanverðum Markhöfða til Grásteins sem stendur neðan við brekkubrún, þaðan til törfvörðu í Mjósundi í suðvestur frá Rauðadýi.

b. Móts við Hólsand: Frá fyrnefndri torfvörðu til vörðu á austustu Eggjabrún. Á öllum þessum suðurkanti Teigakotslands liggur girðing Pjeturs í Teigakoti og girðing Tungusveitarmanna, samanber Stjórnarstíðindi.

3. að vestan: Móts við Sveinsstaðaland: frá girðingunni á suðurmerkjum um 338,9 metra = 180 faðma langan veg til vörðu í sneiðingi.

4. að norðan: móts við Lýtingsstaðakots og Lýtingsstaðaland: frá vörðunni í fyrnefndum sneiðingi eftir uppsettum merkjum til fyrst nefndrar vörðu á klöppinni fyrir norðan Stekkjargilslæk.

Teigakoti 15. maí 1923.

Eigandi Teigakots: Pjeturs Björnsson

Eigandi Villinganess: Eiríkur Guðnason

Eigandur Háls: Ingvar Jónsson Margrét Bjarnadóttir

Eigandi Sveinsstaða: Egill Benediktsson

Eigandi Lýtingsstaðakots og Lýtingsstaða: Guðmundur Stefánsson

Undir hinsvegar ritað landamerkjabrjef Teigakots í Lýtingsstaðahreppi hafa allir réttir hlutaðeigendur skrifað, vottar:

Nautabúi 28. júní 1923.

Sigurðr Þórðarson (L. S.)

Þinglesið á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 29/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 400. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar. kr. Greitt K.L.



N^o 401.

Landamerki Grímsstaða

Landmerkin, milli Grímsstaða að norðan og Miðvalla að sunnan, eru úr Svartá að austan eftir Nóngili vestur í stóran stein með vörðu á, sem stendur við gilið, að sunnan, norðast á Setustalli þaðan beint vestur á vörðu sem stendur á austari Vatnsrústahæð, norðast. Þaðan beint vestur í stein með vörðu á vestar á hæðinni, og svo vestur yfir miðjan uppþornaðan tjarnarbotn í vörðu þar fyrir vestan, en þá tekur við Írafellsland að vestan. Úr vörðu þessari, sem er hornmerki Grímsstaða og Miðvallalands, liggja svo merkin beint norður fjallið í vörðu, sem er hornmerki Írafells og Grímsstaðalands, og stendur norðan vert við Skökkudalahæð. Úr þeirri vörðu liggja svo merkin beint austur yfir fjallið í gil austan í fjallinu, sem nefnist Stakkagil, og úr því beint austur yfir Kothól í Svartá. Milli Grímsstaða að vestan og Svartárdals að austan, ræður Svartá merkjum.

Vindheimum 1. júní 1923.

Sigmundur Andrjesson Eigandi Grímsstaða og Miðvalla

Ófeigur Björnsson eigandi Ytri Svartárdals

Undir ofanritað landamerkjabréf hafa allir réttir hlutaðeigendur skrifað – vottar.

Nautabúi 28. júní 1923.

Sigurður Þórðarson (L.S.)

Þinglesið á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 29/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 401. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Gr. K.L.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hafgrímsstaðir og Hvammkot, bls. 180v

N^o 402.

Engjamerkjabrjef. milli jarðanna Hafgrímsstaða og Hvammkots.

Að norðan verðu ræður girðing merkjum frá Svarta upp fyrir utan Hvammkotstúnið, svo úr efra tún horni að sunnan suður fyrir ofan svo nefnda mobrekku í vörðu sem stendur í mobrekkunni, þaðan beina stefnu í efsta floðgarð á Hafgrímsstaða nesinu neðan við Svartá. – Þess skal getið að Hvammkot á sem næst ¼ hluta úr óskiftu beitalandi

Hafgrímsstöðum 20. júní 1923.

Elín Arnljótsdóttir eigandi Hafgrímsstaða og Hvammkots

Þinglesið á manntalsþingi á Lýtingsstöðum 29/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 402. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar - kr. Greitt K.L.



Vegna misklíðar nokkurrar um landamerki milli Sigurðar bónda Jónssonar í Brautarholti og Jóns bónda Benediktssonar á Grófargili, vorum við undirritaðir kvaddir til, af ofan nefndum bændum á Brautarholti og Grófargili að líta á og gjöra upp merki milli jarðanna. Þann 30. okt. s.l. forum við undirritaðir ásamt ofanefndum eigendum og ábúendum nefndra jarða til að líta á merkin. Hafði Sigurður bóndi þá þegar sett niður staura til girðingar norðan við þá merkja er hann taldi rjetta vera, en sem Jón bóndi ekki var ánægður með. Samdist loks svofelld sætt um merkin með áðurnefndum jarðaeigendum: Sigurður bóndi færir austasta girðingarstaur, er hann hafði sett vestan við eldri girðingu sína, frá suður horni á henni norður að næsta staur í girðingunni, sem mun svara 10-12 föðmum. Því næst færa til aðra staura svo að bein lína verði frá nefndum austasta staur að staur þeim er stendur neðst á næsta melhól vestan við Kjóaflóa.

Var sætt þessi sett og samin í viðurvist okkar undirritaðra.

Staddir í Brautarholti 5. nóv. 1922.

Benedikt Sigurðsson frá Fjalli.

Guðm. Guðmundsson frá Reykjarhóli

Jón Benidikts-

Ofanritaðri sætt samþykkur

Sigurður Jónsson

Sömuleiðis jeg Jón Benediktsson samþykkur.

Þinglesið á manntalsþingi í Brautarholti 30/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 403. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kjartansstaðakot í Staðarhreppi, bls. 181r-181v
N^o 404.

Landamerkjaskrá Kjartanstaðakots í Staðarhreppi.

Engjamerki milli Kjartanstaðakots og Kjartanstaða eru: frá Djúpukvísl á móts við nyrðri enda Kjartanstaðahólma vestur eftir flóðgarði, sem liggur yfir Lambhagann milli Djúpakvíslar og Lambhagakvíslarfarvegi suður á móts við efri engjabrú, síðan ræður hún merkjum uppí túngirðingu, sem er milli túna tjeðra jarða, og ræður túnmerkjum.

Að öðru leyti er landi þessara jarða óskipt, og landamerkin sameiginleg fyrir báðar jarðirnar, og um þau merki vísast til landamerkjaskrár Kjartanstaða frá 1. desember 1889.

Sauðárkróki 1. júní 1923.

Sigfús Jónsson eigandi Kjartanstaðakots.

Samþykkur framanskráðum landamerkjum milli Kjartanstaða og Kjartanstaðakots.

Þórður Jóhannsson eigandi Kjartanstaða

Þinglesið á manntalsþingi í Reynistað 28/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 404. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



N^o 405.

Landamerkjaskrá Glæsibæjar

Jörðin Glæsibær er einn fjórði hluti Víkurtorfunnar að fornu mati og hefur úrskipt tún og eingi með þeim merkjum sem hjer segir. Að sunnan ræður lækur sá er aðskilur Víkur og Glæsibæjar tún og aðskilur hann einnig Glæsibæjar og Ögmundarstaða eingi og ræður hann merkjum vestan Sæmundarár frá þar hann fellur í hana, og þar til kemur upp á móts við íbúðarhúsið í Vík þar er suðvestur hornmerki Glæsibæjartúnsins þar beigja merkin til norðurs við lítið garðlag, og liggja þá merkin eptir gömlum götutroðningum og er þar nú vírgirðing sem ræður merkjum norður fyrir gamlan túngarð og er þar norðvestur hornmerki Glæsibæjartúns. Þaðan liggja merkin austur í syðri enda Glæsibæjar borgarinnar og er þar enn hornmerki. Þaðan ræður Glæsibæjar borgin norður eins og hún nær. Þá ræður bein stebna norður í Tröllhöfða og er á þessu svæði gamalt garðlag og nú vírgirðing sem aðskilur Glæsibæjar eingi frá bithaga. Ræður svo austurbrún Tröllhöfðans norður að Hólakotslandi. Glæsibær á einnig hólma austan Sæmundarár norður við Miklavatn og er hann aðskilin frá Ögmundarstaðahólmanum, með gömlum uppgrón kvíslarfarvegi, og ræður hann merkjum norðan frá Miklavatni og suður og vestur í Sæmundará í skurð nokkuð fyrir norðan hólma tána Síðan ræður Sæmundará merkjum þar til áður nemdur lækur fellur í hana.

Alt það land sem er innan hjergreindra ummerka heirir Glæsibæ einum til með öllum þeim rjettindum er því að lögum fylga svo sem Námar vatn veiði og landauki er verða kann af framburði úr Sæmundará og áfast verður við rætt land Beitoland Glæsibæjar er sameiginlegt við Vík vestan Sæmundarár ofan þeirra merka sem áður eru talin. Einnig á jörðin upprekstur fyrir fje og hross í Staðarafrett og rjettindi þau er þar með fylga til fjárrjettarinnar á Reynistað.

Hafsteinsstöðum 18. júní 1923

Jón Jónsson eigandi Glæsibæjar

Árni J. Hafstað eigandi Víkur

Margeir Jónsson eigandi ½ Ögmundarstaða

Jón Björnsson

Að nöfn allra rjetttra hlutaðeigenda sjeu skrifuð undir landamerkjabrjef þetta, vottar

Jón Jónsson hreppstjóri:

Þinglesið á manntalsþingi á Reynistað 28/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 405. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



Suður landamerki jarðarinnar Grænhóll í Skarðshreppi eru bein stefna úr merkjavörðu þeirri sem er á Ferjuhamarskletti austan Vestur-Hjeraðsvatns fast við Hjeraðsvötn (skagar út í þau) niður frá bæjartófrunum á eyðibýlinu Ferjuhamri og lítið eitt norðar en þær, vestur í Tröllahöfða þar sem merkin milli Víkur og Hólkots eru á honum samkvæmt landamerkjabréfi Hólkots dags. 12. Maí 1890

Sauðárkrók, 7. Júní 1923

Kr. P. Briem eigandi Grænhóls og nærliggjandi landa að sunnan.

Þinglesið á manntalsþingi á ~~Skarði~~ Sauðárkróki og Reynistað 58/6 16/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 406. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.

[Skráð efst á blaðsíðu] cfr 406 Jón Jónsson hreppstjóri tók fram að við síðasta jarðmat hafi Pottagerðisland verið metið að landam. Víkur og Grænhóls skv. gildandi landamerkjabréfum, er standi enn óhöggðuð. Þetta taki hann fram vegna skattgjalda af þeim hluta, sem er innan Staðarhrepps. Kr. Linnet.

[Á spássía] Jón Jónsson Hafstst. gerði þá ath. að hann neitaði að Grænhóll ætti land nema að Miklavatni, en sama rjett til vatnsins og aðrar aðliggjandi jarðir samkvæmt gildandi lögum. Kr. Linnet.



Landamerkjabréf fyrir Hólkot á Reykjaströnd

Að austan ræður sjáfarströndin, frá vörðu á svokölluðum Skonsuvíkurbakka, beina línu uppí svonemda Merkja-þúfu, þaðan ræður girðing uppá stórum steini í svokölluðu Merkja-gili, þaðan lyggja merkjin beina sjón hending uppá háfjallið þar til vötn falla í vestur, þá beina línu norður fjallið. Að öðru leiti er landið sameiginlegt við Ingveldarstaði.

Fyrir hönd Hólkots á Reykjaströnd Þorvaldur Olafsson

Samþykkur vegna Daðastaða Jón Jónsson

Að allir réttir hlutaðeigendur hafi skrifað undir þetta landamerkjabréf. Votta eg sem hreppstjóri Skarðshrepps.

Skarðshreppi Veðramóti 15/6 1923

Sig. Á. Björnsson (settur)

Þinglesið á manntalsþingi á Sauðárkróki 16/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 407. Kr. Linnet

Gjald: 4 fjórar - Kr. Greitt K.L.



Landamerkjabréf fyrir Daðastaði á Reykjaströnd

Að austan ræður Sjávar-ströndin, frá vörðu á svokolluðum Skonsuvíkur-bakka, suður í klöpp sem er í svolallaðri Drangsvík, þaðan ræður girðing uppá fjalls-hlíðina, en frá enda girðingarinnar liggja merkjin beina sjónhending vestur á háfjallið þar til vötn fall vestur, þá beina línu norður fjallið, þar til kemur norðar á móts við svokallað Merkjagil þá lyggja merkjin ofan eftir gilinu í stóran stein sem girt er uppað, þaðan ræður girðing ofanað svokallaðri merkja þúfu, þaðan bein lína ofaní firnefnda vörðu.

Fyrir hönd Daðastaða á Reykjastönd Jón Jónsson

Samþykkir vegna Hólakots Jóhann Jóhannesson
[Samþykkir vegna Hólakots] Þorvaldur Olafsson

Hjer með fylgir þinglestursgjald, að upphæð 4,00 kr. fjórar krónur. Jón Jónsson.

Að allir hlutaðeigendur hafi undirritað þetta landamerkjabréf. Votta eg hér með sem hreppstjóri Skarðshrepps. – Skarðshreppi Veðramóti 15. Júní 1923

Sig. Á. Björnsson (settur hreppstjóri)

Þinglesið á manntalsþingi á Sauðárkróki 16/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 408. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir Veðramóti

Að austan ræður Hraksíðuá, frá Þröskuldi niður til Gönguskarðsár, þaðan ræður Gönguskarðsá upp til Kallár, þaðan ræður Kallá upp til Kálfár, þaðan ræður Kálfá suður að Marklágarskarði sem svo ræður uppí garðlag sunnanvert við Marklágina. Þaðan skálina suður og uppí Hrafnsklett. Þaðan ræður Mosfellshnjúksbrún útí steinvörðu á hnjúkbrúninni nokkuð utan við Miðhnjúk upp undan Dyjahlíð. Þaðan niður í steinvörðu á mel mitt á milli Ytra og Syðra Gránugils, þaðan í torfvorðu austan við Kallá, þaðan uppí syðri Kambalag þaðan í fyrst nefndan Þröskuld.

Veðramóti 10. júní 1923

Sig. Á. Björnsson (Eigandi og ábúandi)

Samþykkur vegna jarðar minnar Heiði Þorbjorn Björnsson

Samþykkur vegna eignarjarðar minnar Kálfárdal Hallgrímur A. Valberg

Samþykkur vegna ábylisjarðar minnar Tungu G. M. Björnsson

Samþykkur vegna ábylisjarðar minnar Skarðs Lárus Stefánsson

Að allir réttir hlutaðeigendur hafi í minni viðurvist undirskrifað þetta landamerkjabréf Votta eg hérmeð sem hreppstjóri Skarðshrepps.

Skarðshreppi Veðramóti 15. júní 1923

Sig. Á. Björnsson (settur hreppstjóri)

Þinglesið á manntalsþingi á Sauðárkróki 16/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 409. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr. Greitt K.L.



N^o 410.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Fossi á Skaga

1. Að austan ræður sjávarstrondin frá Fossárósi, að ósi Landamerkjalækjar. Þar liggur fyrir landi lítill hólmi, nefndur Foss-stapi, er fylgir jörðunni.

2. Á Milli Foss og Gauksstaða ræður Landamerkjalækurinn merkjum frá sjó uppí efri enda gils þess, sem liggur ofan móana fyrir utan Gauksstaði. Þar er hlaðin varða, og úr henni ræður merkjum bein lína í vörðu, sem hlaðin er við neðri enda gils þess, sem liggur ofan milli Fossborgar og Gauksstaðafells. Beygjast þá merkin þannig, að úr síðarnefndri vörðu ræður merkjum bein lína í há-Bjarnarfellsnýpu um vörðu á svonefndum Selás. Frá Bjarnarfellsnýpunni ræður vestari brún Bjarnfells suður að vörðu, sem hlaða skal á Rjettarfellsbungur, og er þar suðausturhorn merki.

3. Á milli Foss, og Þverár í Hallárdal ræður merkjum bein lína frá vörðunni í Rjettarfellsbungu í upptök (v. ós) Miðár, þar sem hún fellur úr Þverárvötnum og er þar suðvestur hornmerki.

4. Frá Þverárvötnum ræður áin merkjum alla leið til sjávar, en hún nefnist Miðá ofan fyrir Miðárfoss, en þar fyrir neðan Fossá.

Gjört að Fossi 13. júní 1922.

Ásgeir Halldórsson eigandi Foss

Ingibjörg Sigurðardóttir eigandi Hóls.

Jóhann Sigurðsson umboðsmaður Hvammkots

Steingrímur Guðmundsson eigandi Þverár

Pjetur Björnsson eigandi og ábúandi Gauksstaða

Að allir hlutaðeigendur séu hér undirrituðum vottast hér með.

Jóhann Sigurðsson hreppstjóri.)

Þinglesið á manntalsþingi á Skefilsstöðum 2/7 '23 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 410. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



N^o 411.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Eyhildarholti

Land jarðarinnar er: Heimatún ásamt Bæjarnesi og Litlanesi, með aðliggjandi farvegum. Engjaeyja, ásamt Nautavaðs hólum að undanskildum nokkrum hluta syðri Nautavaðshólms sem er eign Syðri Brekkna.

Merkin milli Syðri-Brekkna og Eyhildarholts eru ákveðin þannig:

Úr vörðu á syðri Nautavaðs hólma, í miðjan farveg í beinni stefnu undan merkja línu milli Framness og Syðri-Brekkna. Frá ~~nefna~~ nefndri vörðu í aðra vörðu nokkru norðar.

Þaðan í þriðju vörðuna og er þar hornmerki jarðanna Eyhildarholts og Syðri-Brekkna.

Að norðan eru merki milli Rípur og Eyhildarholts, úr skurðminni í vesturbakka Engjaeyjar í áður nefnda hornvörðu.

Enn fremur er eign jarðarinnar Borgareyja norðan núverandi girðingar, ásamt Hróteyjum og næstliggjandi hólum.

p.t. Syðri-Brekkum 23. maí 1923

Gísli Magnússon (f.h. eigenda Eyhildarholts)

Jóhannes Björnsson (eigandi að ¼ Syðri-Brekkna og f.h. Kr. P. Briems)

Sigurður Björnsson (eigandi að ¼ Syðri-Brekkna)

Pálína Björnsdóttir eigandi að ¼ Syðri-Brekkum

Samþykkur sem umráðamaður Rípur Sigurður Ólafsson

Sig. Þórðarson eigandi að framhluta Borgareyar með 8 nautgripa beit á útparti hennar.

Að allir rjettir hlutaðeigendur sjeu ritaðir undir þetta brjef. Vottar

Sigurður Ólafsson hreppstjóri

Þinglesið á manntalsþingi á Ríp 27/6 1923 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 411. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – Kr. Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Húsey í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Að sunnan ræður bein lína úr miðjum Húseyjaraffalla vestur í Húseyjarhvísl, beint á móti Borgará (á þessum merkjum liggur, (að miklu leyti) gaddavírsgirðing og merkja garður.) Frá suðvesturhornmerkji ræður Húseyjarhvísl merkjum, alla leið niður að Húseyjaraffallunum þar sem hann fellur vestur í hvíslina, norðan við land jarðarinnar. Þaðan ráða Húseyjaraffallinn merkjum norðan við landið og suður með því að austan alla leið í miðjan affalla þar sem birjað er á suð austur hornmerkji í brjefi þessu.

Veiðirétt á jörðin í miðjan affalla og miðja Húseyjarhvísl.

Ef hvíslin skyldi breyta farvegi sínum ráða hinir fornu farvegir sem nú gilda fyrir jörðina.

Húsey 16 Júní 1923

Eigandi hálftrar jarðarinnar Húseyjar Guðlaug Sveinsdóttir

Eigendur Borgareyjar: Eiríkur Guðmundsson Jóhannes Guðmundsson

Eigandi Krithóls Gunnar Gunnarsson

Eigandi Álftagerðis Ólafur Sigfússon

Þorvaldur Arason (eigandi Víðimýri)

Til þess að landamerkjaskrá þessi sje samhljóða landamerkjaskrá þeirri fyrir Ytra Vallholt er áður hefir verið samin, undirskrifuð af öllum hlutaðeigendum, þinglesin og staðfest af biskupi 1. september 1890, þá verða burt að falla orðin „Gamli Svartárfarvegur“, sem skrifuð eru í skrá þessari yfir „Húseyjaraffalla“. Með því skilyrði, að þau orð sjeu burt numin, skrifa jeg undir landamerkjaskrá þessa vegna „Kriststjárjarðarinnar“ Ytra-Vallholts.

Skagafjarðarprófastdæmi Sauðárkrók, 23. júní 1923

Hálfván Guðjónsson

Sem fjárráða maður barna Guðlaugar Sveinsdóttir og Jóns Ásgrímssonar, sem eru eigendur hálftra jarðarinnar Húseyjar. Samþykkur.

Sauðárkrók 26. júní 1923.

Jónas Kristjánsson

Jóhannes Björnsson (eigandi Bakka)

Jóhann Sigurðsson (eigandi Löngumýrar)

Hér með votta eg undirritaður að allir réttir hlutaðeigendur hafa ritað nöfn sín undir framanskráð merkja bréf.

Seyluhr. Stóru Seylu 10. ágúst 1923

Björn L. Jónsson (hreppstj.)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Athugasemd. Fyrir ofan orðin „Húseyjaraffalla“ og „Húseyjaraffallinn“ í landamerkjabrjefinu var skrifað mál burtskafið þegar skjalið var afhent til þinglestrar.

Kr. Linnet

Þinglesið á manntalsþingi á Brautarholti 27/6 24. og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 412. Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar Kr. Greitt K.L.



Syðri-Mælifellsá í Lýtingsstaðahreppi, bls. 186r-186v
413.

Engja og túnmerki Syðri Mælifellsár í Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Að austan ræður Mælifellsáin merkjum. Að sunnan ræður svo gaddavírsgirðing upp á móts við vestara húshorn á Syðstu húsum og uppí gamla götuskorninga fyrir vestan húsin ráða þeir svo merkju – norður í bæjarlæk og ræður hann svo merkjum austur í Mælifellsána. Innan þessara merkja sem nú hafa talin verið liggur túnið. Engjamerki eru þessi: Að austan ræður merkjum svonefndur Vörsluskurður. Liggja svo merkin vestur skurð norður við Mælifellsártún. Úr þeim skurði suður að Mælifellsártúni ca. 20 föðmum neðan við götu er liggur út á Mælifellsárgerði. Ræður svo heimatúnið merkjum að undanskildu móholti ofan túns, sem hesthúskofi stendur á og upp frá túninu ræður bæjarlækur upp á Háubrekkubrún. Að vestan bein lína eftir brúninni útí Gránuskurðarlæk, ræður hann svo merkjum að norðan ofan á Kaupalág þaðan ræður Gerðislækur ofan í Vörsluskurð. Beitiland á Syðri Mælifellsá að ¼ úr óskiftum bithaga allrar jarðarinnar Mælifellsár.

Mælifellsá 31. jún. 1923.

Margrjet Björnsdóttir eigandi Syðri Mælifellsár

Jóhann Magnússon eigandi 46/75 Ytri-Mælifellsár

Margrjet Árnadóttir f.h. Árna Sveinssonar eiganda að 29/75 úr Ytri Mælifellsár

Gjald: þingl. Kr. 3.00

Stgj. 1. – kr.

4. – fjórar Kr. Gr. K.L.

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 26/6 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 413. Kr.Linnet



Syðri-Hofdalur í Viðvíkurhreppi, bls. 186v-187r
414.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Syðri-Hofdölum í Viðvíkurhreppi

Að norðan, á Ulfsnesi, milli Syðri Hofdala og Hofstaða ræður merkjum framhaldslína, úr merkjalínu milli Ytri-Hofdala og Hofstaða, vestur í Hjeraðsvötn. Þá eiga Ytri-Hofdalarir spildu þvert yfir mitt Ulfsnes, og afmarkast hún með vörðum, að norðan og sunnan. Fyrir ofan Kvísl ræður bæjarlækur Syðri-Hofdala merkjum milli Syðri- og Ytri-Hofdala, upp á næstu hæð ofan við bæjina, þangað, sem lækurinn fer að sveigja til suðurs. Úr sveignum ræður bein lína í há Einstaka hól. Að austan, milli Syðri-Hofdala og Svaðastaða, ræður merkjum bein lína úr há Einstakahól, suður mýrarnar, 30 föðmum vestan við vörðubrotið á há Einbúa, og þaðan sömu stefnu í vörðu á ytri bakka Kyrfisárfarvegs. Að sunnan milli Syðri-Hofdala og Ytri-Brekkna ræður landamerkjum Kyrfisárfarvegur, frá fyrnefndri vörðu niður á flatann, eða meiðann hann sjest greinilega. Þaðan ræður bein lína til Hjeraðsvatna í Álfartangaós. Að vestan ráða Hjeraðsvötn merkjum, vestan við Ulfsnes og Hesthólma. Syðst í landi Syðri-Hofdala, í hinum svonefnda, Þrætuparti, eiga Ytri-Brekkur ítak, sem er átta nautgripa beit að sumrinu. Sju nautgripir ekki svo margir, er heimil beit jafnmargra hrossa, og vantar á tölu nautgripanna. Vestan Ulfsness eru tveir hólmar í Hjeraðsvötnum, heitir sá stærri Hesthólmi. eru þeir óskift eign Ytri- og Syðri-Hofdala. Jörðin á fríjan upprekstur á Kolbeinsdalsafrijet.

Syðri-Hofdölum 14. júní 1924

Gísli Jónsson eigandi Syðri-Hofdala

(Una Jóhannesdóttir, eigandi ½ Hofstaða)

Konráð Arngrímsson, eigandi ½ Ytri-Brekkna

Pálmi Símonarson (eigandi að Svaðastöðum)

Sigtryggur Guðjónsson eigandi Ytri-Hofdala

Sigurður Pjetursson eigandi að ½ Hofsstöðum og ½ Ytri-Brekkum

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafa undirritað þetta landamerkjabrjef, vottar

Einar Jónsson

Gjald: kr. 4.00 – fjórar kronur. Greitt K.L.

Þinglesið á manntalsþingi að Viðvík 21/6 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 414. Kr.Linnet



Landamerkjabrjef, fyrir jörðinni Svaðastöðum í Viðvíkurhreppi.

Milli Svaðastaða að norðan, en Hofsstæða að sunnan eru merkin úr urðarhaus í fjallsbrún, milli ytri- og Syðri-hnjúks, bein stefna niður fjallið í svo nefndan efri Landamerkjahól, sunnan til við lautardrag, sem er í hólinn. Þaðan áframhaldandi bein stefna, niður í vestara garðlagið, er liggur frá norðri til suðurs á mýrunum. Eftir nefndu garðlagi ákvarðast merkin, norðan frá Hofsstæðamerkjum suður á svo nefndan Einstakahól. – Úr háhól þessum, ræður aftur bein lína suður mýrarnar, 30 föðmum fyrir vestan vörðubrotið á há einbúa og svo þaðan sömu stefnu í vörðu á flóanum, suður við Kyrfisarfarveg, sem aðrir nefna Háakkalæk.

Milli Svaðastaða að sunnan og Dýrfinnstæða að norðan, ræður bein stefna úr Kyrfisá, þar sem hún fellur fram úr kverkinni, niður eyrarnar grundina og flóann, til fyrnefndrar vörðu við Kyrfisarfarveg eða Háakkalæk. Úr gilverkinni ræður áin merkjum til fjalls. Að austan eru merkin eftir hafjalli, frá norðri til suðurs. Jörðin á fríjan upprekstur á Kolbeinsdalsafrett.

Svaðastöðum 14/4 1923

(eigandi að Svaðastöðum) Pálmi Símonarson

Sigurður Pjetursson eigandi að ½ Hofsstöðum

Una Jóhannesdóttir eigandi að ½ Hofsstöðum og ½ Dýrfinnstöðum

Sigurlaug Jóhannesdóttir eigandi að ½ Dýrfinnstöðum

Gísli Jónsson eigandi Syðri-Hofdala

Sigtryggur Guðjónsson eigandi Ytri-Hofdala

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað þetta landamerkjabrjef vottar

Einar Jónsson

Gjald: kr. 4.00 – fjórar krónur Greitt K.L.

Þinglesið á manntalsþingi í Viðvík 21/6 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 415. Kr. Linnet



416.

Landamerkjaskrá fyrir Ulfstaðakoti.

Að vestan ráða Hjeraðsvötn, að sunnan úr flóðgarðshorni, yst og neðst í Ulfstaðaengi, eftir girðingu uppað þjóðvegi, þaðan bein lína í hornvörðu er miðað Ulfstaðakotstúni að neðan þarsem það gengur lengst í vestur, þaðan bein stefna til suðurs í enda á garðlagi er liggur sunnanvert við Ulfstaðakotsgerði, ræður svo lækur uppa móts við girðingu fyrir ofan Ulfstaðakotstún og ræður hún merkjum að ofan, að neðan ræður girðing ofan að þjóðvegi þaðan í Merkjalag, beina stefnu í skurð þann er aðgreinir Sólheimagerðis og Ulfstaðakotsengjar. Beitiland er sameiginlegt við beitiland jarðarinnar Ulfstaða, eins og landamerkjaskrá frá 18. maí 1888 greinir.

Ulfstöðum 15. júní 1924

Friðrik Hallgrímsson, (Fyrir hönd eiganda Ulfstaðakots)

Jóhann Sigurðsson eigandi Ulfstaða

Gísli Sigurðsson (fyrir hönd eiganda Sólheimagerðis)

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað þetta landamerkjabrjef vottar

Magnús H. Gíslason (hrepstjóri)

Þinglesið á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 24/6 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 416 Kr. Linnet

Gjald: kr. 4.00 – fjórar krónur Greitt. K.L



Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Þorleifsstöðum Grundarkoti og Vaglagerði í Akrahreppi

Að sunnan, milli Þorleifsstaða, Grundarkots og Vaglagerðis og Vagla ræður merkjum gamalt garðlag utan og neðan við Vaglatún upp að túngarðinum á Vöglum og túngaðurinn austur eftir þar til hann gengur lengst norður, þaðan bein stefna austur í vörðu er hlaðin er á steini útundan Vaglagilskverk, skamt frá syðsta skorningnum þaðan sama stefna á fjallsbrún upp. Að sunnan milli áðurnefndra jarða og Hrólfstaða eru merkin úr garðlaginu utan og neðan við Vaglatún (Vaglahornmerki) suður og ofan í girðingarhornstaurinn, sem er neðan við veginn, sem nú er. Þaðan bein stefna í vörðu á holtinu fyrir sunnan Grundarkotstún. Þaðan eins og girðing og vörður vísa í vörðu hlaðna á vatnafarvegsbakkanum. Þaðan ræður bein stefna vestur eftir á móts við hlaðna vörðu í Svarta mó, bakkanum austur Gegnislæks óss. Að vestan, milli Stokkhólma og Þorleifsstaða og Grundarkots er merkjalína frá suðri til norðurs, bein stefna úr áðurnefndri vörðu á Svartamó, norður eftir, í Syðstugrundar bæ. Eiga því Þorleifsstaðir og Grundarkot allar eyrar undan því landi, sem Hjeraðsvötn hafa brotið austan nefndrar merkjalínu, sunnan frá Hrólfstaðalandi og út að merkjum milli Þorleifsstaða og Akratorfujarða. – Það skal tekið fram að þó Hjeraðsvötn falli öll austan við áðurnefndra merkjalínu, sem afmarkar Þorleifsstaða og Grundarkots land að vestan þá skal Stokkhólmi eiga jafnt þeim jörðum veiðirjett í vötnunum að vestanverðu, á því svæði er lönd þessara jarða liggja gengt hvert öðru. Einnig eigi Þorleifsstaðir og Grundarkot veiðirjett í vörnunum að austan þó þau falli öll vestan áðurnefndrar merkjalínu, í Stokkhólmslandi, þó ekki falli þau vestar en í Gegnishólmakvísl. Að norðan milli Akratorfujarða og Þorleifsstaða, Grundarkots og Vaglagerðis, ræður merkjum bein stefna af merkjalínunni milli Þorleifsstaða og Stokkhólma, austur yfir mýrarnar upp í merkjalág, sem er framan í ásnum á milli bæjanna. Ræður hún merkjum framan í ásnum, en upp eftir úr láginni ræður bein stefna austur yfir ásinn upp í gamalt garðlag á grundunum, úr því garðlagi áframhaldandi bein stefna upp í Syðsta-Kaplagil, sem svo ræður úr því merkjum upp fjallið og svo bein stefna úr því á brún upp.

20. júní 1923

Jóhannes Jónsson eigandi ½ Þorleifsstaða

Þorsteinn Björnsson (eigandi Hrólfstaða

Sigurður Pjetursson eigandi ½ Þorleifsstaða (handsalað)

Gísli Björnsson (eigandi Vagla og Vaglagerðis)

Stefán Eiríksson (eigandi Höskuldsstaða) (handsalað)

Jón Gíslason fyrir eigendur Miðhúsa

Sigurður Gunnarsson (eigandi St. Akra og Brekkukots) (handsalað)

Magnús H. Gíslason (eigandi Grundarkots)

Sigurður Einarsson eigandi Stokkhólma

ritað 20. júní 1924

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi ritað undir þetta landamerkjabrjef vottar.

Magnús H. Gíslason hreppstjóri



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald: 4 – fjórar krónur Greitt K.L.

Þinglesið á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 24/6 1924 og innfært í landamerkjabók
Skagafjarðarsýslu nr. 417. Kr. Linnet



Landamerkjabrjef fyrir Sólheimagerði í Akrahreppi.

Að vestan ráða Hjeraðsvötn. Að sunnan bein lína úr Hjeraðsvötnum í enda á skurði þeim er aðskilur Úlfsstaðakots og Sólheimagerðis engjar upp að Sólheimagerðismel, þaðan í norður eftir hámelnum ofan við Sólheimagerðistúnið í vörðu yzt á melnum, þaðan bein lína niður yfir mýrarnar í norðurvegg á tóftarbroti á bökkunum, þaðan áframhaldandi bein lína í Hjeraðsvötn. Um bithagamerki jarðarinnar gildir hið sameiginlega landamerkjabrjef fyrir Sólheimum og Sólheimagerði frá 1. maí 1890 sem allir hlutaðeigendur hafa undirritað og skráð er í landamerkjabók Skagafjarðasýslu.

Víðivöllum 27. september 1923

Fyrir hönd eiganda Sólheima Jón Sigurðsson

Fyrir hönd Sólheimagerðis Gísli Sigurðsson

Fyrir hönd eiganda Úlfsstaðakots Friðrik Hallgrímsson

Að rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað þetta brjef vottar

Magnús H. Gíslason

Þinglesið á manntalsþingi á Stóru Økrum 24/6 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu n^o 418 Kr. Linnet

Gjald Kr 4.00 – fjórar Kr – Greitt K.L.



Landamerkjabrjef fyrir Sólheimum í Akrahreppi

Að vestan ráða Hjeraðsvötn. Að sunnan bein lína úr Hjeraðsvötnum í norðurvegg á tóftarbroti á bökkunum þaðan áframhaldandi bein lína upp yfir mýrarnar í vörðu yzt á Sólheimagerðismel, þaðan bein lína út að túninu, síðan eins og túnið heldur upp fyrir túnið og niður að skurði þeim sem aðskilur Sólheima og Miðsitju engjar. Úr neðri enda skurðsins bein lína í Hjeraðsvötn.

Um bithagamerki jaðrðarinnar gildir landamerkjabrjef fyrir Sólheimum og Sólheimagerði sem allir hlutaðeigendur hafa undirritað 1. maí 1890 og innfært er í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu.

Sólheimum 27. sept. 1923

Fyrir hönd eiganda Sólheima Jón Sigurðsson

Fyrir hönd Sólheimagerðis Gísli Sigurðsson

Jóhann Jónasson eigandi Miðsitju

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað þetta brjef vottar

Magnús H. Gíslason

Þinglesið á manntalsþing á Stóru Økrum 24/6 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 419. Kr. Linnet

Gjald 4 – fjórar – kr Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Brúnir liggjandi í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu

Að norðan byrja merkin á brúarhól sem stendur við Sæmundará nær því andspænis Vatnsskarðsbæ. Þaðan ræður Sæmundará niður að Gýjafossi, frá Gýjafossi sjónhending (þjóðveginn) í Arnarstapa og svo úr Arnarstapa upp eftir melhrygg sem liggur vestan við Víðimýrará og áfram alla leið upp í Nóngilslæk þar sem hann fellur í Víðimýrará, þaðan ræður Nóngilslækur upp í Nónskálarbrún þar sem hún gengur lengzt í vestur þaðan ræður merkjum að vestan bein lína efst í Skriðugil það er fellur austanvert við há Hellufell, þaðan sjónhending yfir Efri Strítuhól niður á Brúarhól við Sæmundará þar sem merkjaskrá þessi byrjar.

Gjört að Stóra Vatnsskarði 7. jún 1923

Benidikt Pjetursson (eigandi ½ Vatnsskarðs og ½ Brúna)

Þorvaldur Pjetursson (eigandi ½ Vatnsskarðs og ½ Brúna)

Sigfús Stefánsson (eigandi Valagerðis)

Þorvaldur Arason (eigandi Víðimýrar)

Eiríkur Guðmundsson (eigandi ½ Brekku)

Herm. Valdimar Guðmundsson (eigandi Brekku)

Jeg undirritaður votta hjer með að allir rjettir hlutaðeigendur hafa ritað nöfn sín undir framan og hinsvegar ritaða merkjaskrá

Stóru Seylu 27. júní 1924

Björn L. Jónsson (hrepptjóri)

Þinglesið á manntalsþingi að Brautarholti 27/6 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr 420 Kr. Linnet

Gjald 4 – fjorar – kr Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir Úlfsstöðum í Akrahreppi

Að vestan ráða Hjeraðsvötn. Að norðan eru engjamerki úr flóðgarðshorni yst og neðst í Úlfsstaða engi eftir girðingu upp að þjóðvegi. Að austan ræður þjóðvegur suður að Úlfshaug, þaðan eftir girðingu vestur í Hjeraðsvötn.

Sjereign Úlfsstaða eru og eyrarnar vestur af Úlfsataðengi og Fjallhúsatún. Að öðru leyti gildir sameiginleg landamerkjaskrá fyrir Úlfsstöðum og hjáleigunni Úlfsstaðakoti frá 18. maí 1888.

Úlfsstöðum 15. júní 1924

Jóhann Sigurðsson (eigandi Úlfsstaða)

Friðrik Hallgrímsson (fyrir hönd eiganda Úlfsstaðakots)

Herm. Valdimar Guðmundsson (vegna Kúskeppis)

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað þetta brjef vottar

Magnús H. Gíslason

Þinglesið á manntalsþingig að Stóru-Økrum 24.6. 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 421 Kr. Linnet

Gjald: 4 – fjórar – kr Greitt K.L.



Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Valagerði liggjandi í Seyluhrepp í Skagafjarðarsýslu

Að norðaustan móts við Stóru Vatnsskarðs brúnir liggja merkin úr hæsta depli á Brúarhól (sem er yfir undan ásnum á bæjarlæknum á Vatnsskarði) beinlínis í vörðu á Efri Strítuhól þaðan sömu stefnu yfir stein sem hlaðin er ofan á, í gil það, sem liggur ofan austanvert við há Hellufell.

Þaðan yfir há Hellufell í í syðsta klettinn vestan í því. Þaðan beina línu ofan sunnanvert við mjósund, ofan melhrygg sunnan við Klettlaug þaðan beina línu ofan í Valadalsá, á þessari merkjalínu frá syðsta klettinum verða settar tvær merkjavörður.

Að vestanverðu við ána liggja merkin úr Valadalsánni upp Grænubrekku í melhól og vörðu sem stendur á há hólnum, svo beina lína í lækjarás sem fellur úr austurendanum á Vatnshlíðarvatn; þaðan eftir miðjum læknum ofan í Sæmundará, og eftir miðri ánni niður eftir móts við Brúarhól og Vatnsskarðslæk eins og tekið er fram í byrjun á þessu brjefi.

Gjört að Valadal dag 16. júní ár 1924

Sigfús Stefánsson

Landamerkjaskrá þessari erum við undirritaðir samþykkir

Friðrik Stefánsson (eigandi Valadals)

Pjetur Þ Guðmundsson (eigandi Vatnshlíðar)

Benedikt Pjetursson (eigandi Vatnsskarðs)

Árni Árnason (eigandi Vatnsskarðs)

Eg undirritaður votta það hjer með að allir rjettir hlutaðeigendur hafa ritað nöfn sín undir hinsvegar skráða landamerkjaskrá

Stóru Seylu 27. júní 1924

Björn L. Jónsson (hrepptj.)

Þinglesið á manntalsþinig að Brautarholti 27/6 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 422. Kr. Linnet

Gjald 4 – fjórar – kr Greitt K.L.



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Álftagerði liggjandi í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu

Að norðaustan byrja merkin við Húseyjarhvísl undan garðenda sem liggur yst á Álftagerðisbökkum. Þaðan eftir miðri Húseyjarhvísl fram á skerið (skipið) er liggur í hvíslinni og vörðu þar á vesturbakka hvíslarinnar, þaðan beina línu eftir vörðuröð upp á Háuborg og sömu línu upp eftir meðfram rjett norðan við Krithólsstekk í vörðu upp undan steknum á merkjahól er stendur austanvert á Krithólsás. Þaðan beina línu í hornmerki það yzt á Löngubrekku er merkjum ræður milli jarðanna Krithóls Kolgrafar og Kirkjuhóls. Þaðan norðureftir eins og girðing ræður nú í stóra vörðu er stendur norðast á ásnum sem liggur norðan af Löngubrekku vestan við Löngubrekкусund en austan við Kirkjuhólsdal og þaðan beint í vörðu yst í dalnum sem er hornmerki milli Kirkjuhóls Víðimýrar og Álftagerðis Þaðan beina línu í norðaustur yfir ásendann rjett meðfram norðan við svokallaða Klofasteina og áfram beina línu í vörðu sem stendur útvestan á Álftagerðisás og þaðan í austur beina línu eftir vörðuröð yfir syðri endann á Miðhamri og í flóðgarð og eftir honum sem stendur yst á Álftagerðisbökkum og beint í Húseyjarhvísl, eins og fyrst er tekið fram í brjefi þessu.

Gjört að Álftagerði 22. júní 1924

Ólafur Sigfússon (eigandi Álftagerðis)

Gunnar Gunnarsson (eigandi Krithóls)

Jónas Björnsson (eigandi Kolgrafar)

Þorvaldur Arason (eigandi Víðimýrar)

Guðlaug Sveinsdóttir (eigandi Húseyjar)

Jóhannes Guðmundsson (eigandi Kirkjuhóls)

Jeg undirritaður votta það hjermeð að allir rjettir hlutaðeigendur hafi ritað nöfn sín undir hinsvegar skráða landamerkjaskrá

Stóru Seylu 27. júní 1924

Björn L. Jónsson (hreppstj.)

Þinglesið á manntalsþinig að Brautarholti 27/6 1924 og innfært landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 423. Kr. Linnet

Gjald 4 – fjórar – kr Greitt K.L.



Landamerkjabrjef fyrir Dalsá (áður Heiðarsel) í Gönguskörðum í Skagafjarðarsýslu

Að sunnan ræður Karlá upp í dal til Þvergils sem ræður upp til hábrúna. Þá brúnir Kolugafjalls norður um Hamargil (að Skíðastaða merkjum) sem svo suður austur í ána á heiðinni og síðan sú á inn miðjan dalinn til Karlár.

Beitarítak á jörðin, á Lambáreyrum og Sigguholti í Heiðarlandi.

Sauðárkrók 15. júní 1923

Pálmi Pjetursson

Kr. Gíslason

Samþykkir eru undirskrifaðir eigendur og umráðamenn að liggjandi landareigna.

Samþykkur sem eigandi Heiðar Þorbjörn Björnsson

Sölvi Guðmundsson (eigandi Skíðastaða)

Að allir rjettir hlutaðeigendur hafi undirritað landamerkjabrjef þetta vottar:

Hreppstjóri Skarðshrepps Sig. Á. Björnsson.

Þinglesið á manntalsþingi á Sauðárkróki 2/7 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 424 Kr. Linnet

Gjald 4 – fjórar – kr Gr. K.L.



Landamerkjaskrá Breiðsstaða í Skarðshreppi

Að sunnan ræður Breiðsstaðalækur upp til Nóngilsáss, þaðan bein stefna vestur yfir brúnirnar til Karlár þá ræður Karlá niður til hallsbrúnar, síðan bein stefna inn hallsbrúnirnar inn til Einbúamels og niður sunnanvert við Einbúamel til Lambár og ræður hún alt niður til ósa Breiðsstaðalækjar, þá fylgir og Breiðsstöðum partur sá austan árinna sem liggur milli Þórugils og Magnúsargils upp til götustalls. Gamalt garðlag ræður merkjum til árinna úr ytra gilinu og úr syðra gilinu Kelda og garðlagsbrot til árinna.

Heiði 23/4 1923

Þorbjörn Björnsson

Kr. Gíslason

Pálmi Pjetursson (eigendur Dalsár)

Að rjettir hlutaðeigendur hafi skrifað upp á þetta landamerkjabréf vottar:
hrepstjóri Skarðshrepps Sig. Á. Björnsson

Þinglesið á manntalsþinig á Sauðárkróki 2/7 1924 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 425. Kr. Linnet

Gjald 4 – fjórar – kr Gr. K.L.



Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Ytri-Hofdölum í Viðvíkurhreppi

Að norðan, milli Ytri-Hofdala og Hofstaða, ákvarðast merkjalínan eptir gömlu garðlagi sunnan og neðan við Reiðholt, og sama stefna í miðja laut í Landamerkjahól í Brúnunum og þaðan bein lína í skarð í austurbakka Austureyjar, um gamalt garðlag vestast í Fláartjörn, og þaðan sama stefna vestur að Kvísl.

Yfir miðju Úlfsnes, eiga Ytri Hofdalir landspildu sem afmarkast af vörðum, að utan og sunnan. Eiga Syðri-Hofdalir þar land beggja megin. Að sunnan á milli Ytri- og Syðri-Hofdala, ræður merkjum bæjarlækur Syðri-Hofdala, af Kvíslarbakka uppá næstu hæð fyrir ofan bæjina, eða þangað, sem lækurinn sveigir til suðurs, þá ræður bein lína úr lækjarsveignum uppí há Einstakahól.

Að austan milli Ytri-Hofdala og Svaðastaða ræður bein lína úr há Einstakahól, norður mýrarnar í gamalt garðlag, norður við Hofstaðamerki. Í Hjeraðsvötnum vestan Úlfsness, eru tveir hólmar, heitir hinn stærri Hesthólmi. Eru hólmar þessir óskift eign Ytri- og Syðri-Hofdala.

Ytri-Hofdölum, 14. júní 1924.

Sigtryggur Guðjónsson, eigandi Ytri-Hofdala.

Pálmi Símonarson, eigandi að Svaðastöðum.

Gísli Jónsson, eigandi Syðri Hofdala

Sigurður Pjetursson (eigandi að ½ Hofsstöðum)

Una Jóhannesdóttir (eigandi að ½ Hofsstöðum).

Allir rjettir hlutaðeigendur hafa undirskrifað þetta landamerkjabrjef. Vottar.

Einar Jónsson

Gjald: 4 – fjórar – krónur Greitt K.L.

Þinglesið á manntalsþingi að Læk, 20. júní 1925 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 426. Sigurður Sigurðsson



Syðra- og Ytra-Malland í Skefilsstaðahreppi, bls. 194v
N^o 427.

Engamerki milli Syðra-Mallands og Ytra-Mallands í Skefilsstaðahreppi, en beutiland jarðanna er óskift.

Hjer fer á eftir nöfn á stöðum þeim með línu á milli er engi tjeðra jarða koma saman. Hornmerki við sjóinn eru þar sem lækur rennur gegnum mölina, svo ræður lækurinn upp í gegnum mýrina og túnin, þaðan sem túnin enda bein lína utan við Mallandsdal, sunnan við Ísleifsengi, í vað á Heylæk, í austur af beitarhústöftum er standa fyrir ofan lækinn, úr vaði á nefndum læk bein lína milli Íllaflóa og Bláfellsmýra, í vörðu á Stararhól, þaðan bein lína í vað á Blöndulæk, í norður af Mallandsseli, úr tjeðu vaði í þúfu á Náttmálahól, þaðan bein lína vestur í vörðu á kjölnum þar sem hann gengur mest í austur, framan við kjalengi. Sundin vestur af Mallandsseli, og Græurnar teljast sem beutiland.

Ytra-Mallandi 24. febrú 1924.

Engamerkjum þessum erum við samþykkir

Árni Magnússon eigandi Syðra-Mallands

Skúli Sveinsson eigandi 1/3 hl. Ytra-Mallands

Sigurður Ólafsson. Jón Finnsson Ábúandi.

Sigurður Ólafsson eigandi að 1/3 Ytra Mallands.

Þinglesið á manntalsþingi á Skefilsstöðum, 29/6 '25 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 427. Sigurður Sigurðsson

Gjald: Þingl. Kr. 3. –

Stgj. – 1. –

Kr. 4 – – fjórar – krónur Greitt K.L.



Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Gaukstöðum í Skefilsstaðahreppi

1. Að austan ræður sjávarströndin frá Landamerkjalæk suður að Gauksstaðaá þar sem þau falla í sjó.

2. Að sunnan ræður Gauksstaðaá fram til Bjarnarvatna merkjum milli Gauksstaða og Skefilsstaða. Þó er eitt nes nú að sunnanverðu við ána, út undan svo nefndri „Goðatóft“, sem liggur undir Gauksstaði með því að áin hefir breytt þar um farveg.

3. Þá ráða Bjarnavötn merkjum milli Gauksstaða að vestan og Skefilsstaða, Þorbjargarstaða og Hafragils að austan.

4. Að suðvestan ræður Rjettarvatn og Rjettarlækur, sem rennur úr því í Bjarnavötn, og frá Rjettarvatni bein lína vestur í vörðu á Rjettarfellsbungu þar sem er hornmerki á löndum jarðanna; Hafragils, Þverár í Hallárdal, Foss og Gauksstaða. Sunnan við þessi merki er Hafragilsland.

5. Rjettarfellsbungan er merki milli Gauksstaða og Foss norður eftir vestari Bjarnafellsbrún norður á há Nýpu. Þaðan ræður bein lína um vörðu á Selás í vörðu við neðri enda gils þess er liggur ofan milli Fossborgar Gauksstaðafells. Þaðan bein lína í vörðu við efri enda gils þess er liggur ofan móana fyrir utan Gauksstaði, sem Landamerkja lækurinn fellur í og ræður hann þaðan til sjávar.

Gauksstöðum 13. júní 1922

Pjetur Björnsson eigandi og ábúandi Gauksstaða

Vegna Foss Ásgeir Halldórsson.

Vegna Skefilsstaða: Sigurjón Jónasson

Vegna Hafragils Pálmi Pjetursson

Þinglesið á manntalsþingi á Skefilsstöðum 29/6 1925 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 428. Sigurður Sigurðsson

Gjald: Þingl. Kr. 3.00

Stgj. — 1. —

Kr. 4 – fjórar – Kr. Greitt Sig. Sig.



Landamerki Hafragils í Skefilsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu.

Norðaustan hornmerki er á Stekkjarnestóftarrústum þar sem koma saman lönd Þorbjargarstaða og Hafragils. Ræður svo Laxá suður fyrir Vaðalseyri, gegnt Brandsmel í gamlan grasigróinn árfarveg, sem svo ræður merkjum milli Skíðastaða og Hafragils, suður dalinn í ýmsum bugðum alt inn að Dalstanga við Laxá, sem þá ræður inn að Stóragili þar sem er suðaustur hornmerki. Þá ræður gilið upp um brúnir, meðan það liggur beint. Svo bein stefna til vesturs í lækinn fyrir sunnan Rjettarfell, og eftir honum vestur þrengsli þar sem hann kemur úr Vörðuflóa, og svo vestur sunnan við melabörðin til Víðilækjar gegnt skeiðmelsenda. Er þar suðvesturhornmerki. Þá eftir Víðilæk og uppí Klofasteinsvörðu í Merkjabungu, (sem er önnur bunga austur frá Rjettarfelli.) Þar er norðvestur hornmerki. Þaðan eru merkin austur yfir Rjettarvatn í Rjettarlæk og eftir Bjarnarvatni miðju, gegnt Grásteini á Bletti og í þann stein og austur yfir Grímsborg norðanverða, og beint norðaustur ofan í dalinn í fyrst talið hornmerki.

Sauðárkrók, 26. júní 1925.

Pálmi Pjetursson eigandi Hafragils.

Vjer undirritaðir sem eigum lönd móts við Hafragil, samþykkjum landamerkin.

Sem umráðamaður Hrafnagils og ábúandi Hvamms. Arnór Árnason

Pjetur Björnsson eigandi Gauksstaða.

Guðm. Magnússon eigandi Þorbjargarstaða.

Sölvi Guðmundsson vegna Skíðastaða

Þinglesið á manntalsþingi að Skefilsstöðum 29. júní 1925 og innfært í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu nr. 429. Sigurður Sigurðsson

Gjald: Þingl. Kr. 3. –

Stgj. 1. –

Kr. 4 – fjórar – Kr. Greitt. Sig. Sig.

Ath.s. Á eftir „norðvestur hornmerki“ komi: Koma þar saman lönd Þverár, Foss og Gauksstaða.



Landamerkjaskrá fyrir Kálfárdal í Gönguskörðum.

Að austan ræður Reiðlág frá Holti, sem stendur í henni miðri með 4 steinum á, suður til Stórhóladrags, þaðan í vetlingaskarð, þaðan í þá norðustu Nýpu, þaðan ráða háeggjar suðvestur til Kurlækjardrags, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður Kurlækur niður til Kálfár. Upp frá Kálfá að norðan ræður annar lækur, sem stendst á við nefndan Kurlæk. Frá læknum ræður sama stefna uppá fjallið austan við Svörtukletta til vatnaxlar, sem ræður lítin spöl, norður að vörðu, sem er hornmerki. Þaðan ræður bein stefna norðaustur yfir Tjarnardal fyrir sunnan urðina til Hafnakletta, sem stendur sunnan í Selhnjúk. Frá nefndum kletti niður í garð þann, er stendur ofan til í Marklá. Þaðan í skurð þann, er liggur niður til Kálfár. Frá Kálfá ræður síðan bein stefna í fyrst nefnt holt í miðri Reiðlá.

Kálfárdal 28 júní 1924: Hallgrímur A Valberg

Samþykkur vegna þjóðjarðarinnar Tungu: hreppstjórinn í Skarðshrepp Sig. Á. Björnsson

Samþykkur vegna eignarjarðar minnar Veðramóts Sig. Á. Björnsson

Gjald: Þingl. kr 3.00

– Stimp „, 1.00

kr 4 00 fjórar Greitt Sig.Sig.

Þinglesið á manntalsþingi á Sauðárkróki, 27 júní 1925. Sig. Sig.



Við undirritaðir jeg Árni J. Hafstað bóndi í Vík og jeg Margeir Jónsson bóndi á Ögmundarstöðum komum okkur saman um, að landamerki milli Víkur og Ögmundarstaða sunnan við Víkurtún skuli vera bein lína úr fjallsgirðingarenda austan brautarinnar sunnan við hestúsið á Víkurhólnum og í Ögmundarstaða túngirðinguna^{garðinn}, þar sem gamall vallargarður sunnan við Víkurtúnið liggur að honum (þ.e. þar sem túngarðarnir mætast).

Er því land það orðið hjer með, eign Ögmundarstaða sem svonefndur Helgubær stendur á, og er innan girðingar.

Til staðfestu eru undirrituð eiginhandarnöfn okkar.

Gjört á Ögmundarstöðum, 14. mars 1927.

Árni J. Hafstað

Margeir Jónsson

Vottar:

Engilráð Ólafsdóttir

Jónas R. Jónasson.

Gjöld: Þingl. 3. –

Stpgj. 1. –

Kr. 4. – – fjórar – krónur. Greitt Sig. Sig.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Geldingaholts.

Að austan ræður Svartá (Kvíslin, sem hún oftast er kölluð hjer) frá Krossanessaffalla, austan við grashólma suður og niður undan Geldingaholti, suður að Seyluárós (Stokknum svonefnda sunnan holtsins). Svo ræður Stokkurinn svonefndi merkjum að vörðu, sem hlaðin er upp rjett fyrir norðan síkið fyrir ofan norðurpart eyjarinnar. Þaðan ræður gaddavírgirðing upp engið, milli Geldingaholts að norðan og Stóru-Seylu að sunnan, að hliðinu og svo upp í hornstaurinn, eins og girðing ræður, við skurðendann á suðvesturhorni tangans.

Að vestan ræður þessi girðing merkjum milli Stóru-Seylu að vestan og Geldingaholts að austan, alt út í Stuttholtskíl og þaðan út í Stuttholt. Girðing þessi, sem liggur áfram af Stuttholti út flóann alla leið út í sunnanverða Holtstjörn, í miðjan svonefndan Langatanga ræður merkjum milli Geldingaholts að austan og Torfgarðs og Syðra-Skriðugils að vestan. Því næst ræður Holtstjörn merkjum milli Geldingaholts annarsvegar og Syðra-Skriðugils og Ytra-Skriðugils hinsvegar. Svo ræður kelda eða kíldrag norður úr Holtstjörn og úr kíldraginu norður frá bein stefna austur á þúfu á efra heygarði og þaðan beint í kvíslina norðan við skursendann. Svo ræður Glaumbæjarkvísl út að girðingu á eyjunum. Ræður girðing þessi merkjum milli Glaumbæjar og Geldingaholts til suðausturs frá kvíslinni alt að steinsteypum hornstaur við affallann rjett austur undir Söndum. Er staur þessi á norðausturhorni girðingarinnar. Frá þessum staur ræður svo bein stefna austur í Sanda, en suður að Krossanessaffalla ráða Sandarnir að austan.

En falli girðingin á eyjunum milli Glaumbæjarlands og Geldingaholts niður, eða verði færð síðar, þá skulu hin fornu merki ráða, sem er forn vatnsfarvegur. Kemur farvegur þessi í Djúpukvísl eða Glaumbæjarkvísl nokkru sunnar en þar sem Glaumbæjarrjett stendur nú. Liggur hann síðan í krókum suðaustur milli Glaumbæjareyja og Holtseyja og hefir upptök sín úr Hjeraðsvötnum (Söndunum) talsverðan spöl fyrir norðan Geldingaholtsrjett.

Til staðfestu undirrituð nöfn rjettra hlutaðeigenda

Geldingaholti, 17. septbr. 1927

sem eigandi Geldingaholts og Torfgarðs: Brynleifur Tóbiásson.

Samþykkur vegna Stóru-Seylu:

Stóru-Seylu, 17. septb. 1927.

Björn L. Jónsson.

Samþykkur vegna Krossaness og Löngumýrar

Löngumýri 17. sept. 1927.

Jóhann Sigurðsson

Samþykkur vegna Ytra-Skriðugils:

p.t. Halldórsstöðum, 18. sept. 1927.

Jón Jóhannesson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samþykktur vegna Halldórsstaða:
Halldórsstöðum, 18. sept. 1927.
Gísli Benediktsson.

Samþykktur vegna Glaumbæjar.
Glaumbæ 18. sept. 1927.
Hallgr. Thorlacíus.

Samþykktur vegna Syðra-Skörðugils.
Syðra-Skörðugili 20. okt. 1927.
Bogi Gíslason.

Eftir umboði eiganda samþykktur vegna Eyhildarholts Magnús H. Gíslason

Gjald: þingl. kr. 3. –

Stpgj. – 1. –

alls: Kr. 4. – fjórar – krónur – Greitt. Sig. Sig.

Þinglesið á manntalsþingi að Brautarholti 21. júní 1928. Sigurður Sigurðsson



Landamerkjaskrá fyrir Langhús í Viðvíkurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Langhús á land vestan Hjaltadalsár og Kolku.

Að sunnan á Langhús land móti Viðvík, með merkjalínu úr steini á merkjaholti, sem er norður af Fornastekk, rjettvísandi austur í Hjaltadalsá. Úr sama steini er merkjalína suðvestur yfir tangann milli Viðvíkurlækjar og marklækjar í þúfu í tjörninni.

Langhús á land móti Miklhóli frá Marklæk með beinni línu í suðvestur um áðurnefnda þúfu og eftir skurði frá tjörninni og áframhaldandi línu í vörðu á mel austan við Breiðasund. Þar myndast horn, liggur bein merkjalína frá þessari ~~línu~~ vörðu útvestur yfir Breiðasund og melinn vestan við það, og sundið vestan við melinn í vörðu á mel þar vestan við en norðan við lítið þversund (Djúpasund), myndast þar horn. Frá þessari vörðu er bein merkjalína í vörðu sem er vestanvert á Stórhól.

Frá þeirri vörðu á Langhús land móti Litlhól með beinni línu, um vörðu á Lómatjarnarós og nyrðri enda Lómatjarnar í vörðu norðan við tjörnina. Frá þeirri vörðu á Langhús land móti Brimnesi, er merkjalína eftir vörðum norður austurósa í vörðu nyrst á Háaleyti.

Frá þessari vörðu á Háaleyti er bein lína austur í klöpp við Hjaltadalsá norðan við Stekkjarhvammi. Norðan við þessa línu er sameiginlegt land, Langhúsa og Viðvíkur vestan og sunnan Hjaltadalsá og Kolku eru merki sem hjer ~~segja~~ greinir:

Að vestan nær þetta land að Brimneslandi, er merkjalína frá vörðu á Háaleyti norður um Geitagerði í Vagnbraut og eftir brautinni vestur að þjóðvegi. Myndast horn þar sem vagnbraut endar, er þá merkjalína norður eftir þjóðveginum að Kolkuóshvammi. Vestan við þjóðveginn eru Þjófadalir með merkjum til svávar, land Langhúsa norður að Kolkuóshvammi.

Að sunnan er Brimnesland og eru merki úr Vagnbraut vestur í Þjófadalslæk (syðst) ræður svo lækurinn merkjum til svávar.

Í Kolkuóshvammi á Langhús lóð 3820 fermetra. Áðurnefnt samningaland Langhúsa og Viðvíkur á Langhús að 1/3 – einum þriðja hluta.

Langhús á frían upprekstur í Kolbeinsdalsupprekstrarfélagi.

Kolkuós 15. júní 1928

Guðbr. Björnsson prestur í Viðvík

Guðmundur Magnússon fyrir Litla-Hól.

Hartmann Ásgrímsson eigandi Langhúsa sami eigandi Miklhóls.

Gjöld: þingl. 3/–

stpgj. 1/–

Kr., 4. – – fjórar – krónur – Greitt. Sig. Sig.

Þinglesið á manntalsþingi að Læk 26/6 1928. Sigurður Sigurðsson



Mælifellsá og Mælishóll í Lýtingsstaðahreppi, bls. 199r-199v
Nr. 434.

Landamerkjaskrá milli jarðanna Mælifellsár og Mælishóls í Lýtingsstaðahreppi í
Skagafjarðarsýslu.

Austan frá Nautabúsmerkjum ræður girðing upp með Gerðislæk upp á Háubrekkuhrygg. Þaðan liggja merkin í suður á mótis við Einbúa hinn ytri, þaðan beint vestur í nefndan Einbúa og áframhaldandi í beina línu upp að skriðum í fjallinu ofanverðu.

Þess skal getið að horn það frá Háubrekkuhrygg suður mótis við Einbúa og upp á Háubrekku verður eigandi Mælihóls að girða fullkornri girðingu, að öllu leyti á sinn kostnað, og hafa hana í lögmætu lagi annars missir hann rjett til þess að nota landið.

Með þessari landamerkjaskrá er niður fallið beitarítak það, sem Mælihóll hefir að þessu átt í Mælifellsárlandi.

Framanskráð landamerki samþykkjum við undirritaðir.

Gjört að Mælifellsá 11. júlí 1928.

Jóhann Magnússon Mælifellsá

Árni Sveinsson, Mælishóli

Vottar:

Sveinbjörn Sveinsson

Sveinn Sveinbjörnsson

Gjald: þingl. kr. 3. –

stpgj. – 1. –

kr. 4. – – fjórar – krónur – Greitt. Sig. Sig.

Þinglesið á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 19/6 1929 Sigurður Sigurðsson



Landamerkjabréf fyrir Valadal og Valabjörgum.

Við undirritaðir eigendur Valadals og Valabjargar, gjörum með okkur, svofeldan samning, um landamerki á milli eignar og ábýlisjarða okkar.

Að austan ræður Kvarningsdalsá frá selgili alla leið útvestur á eyrar, þar sem síki byrjar, þaðan beina línu, vestur yfir eyrarnar í girðingu, sem lyggur frá stokknum vestur og upp stokkana alla leið vestur í Arnarvatn.

Skulu þetta vera óátalin landamerki á milli jarðanna hér eftir.

Hér til staðfestu eru okkar nöfn undirrituð í viðurvist tveggja votta.

Gjört að Valadal 10. júní 1929.

Jón Árnason

Björn Jónsson.

Vottar.

Alfreð Jónsson

Guðvin Jónsson

Móttekið til þinglýsingar í Seyluhreppi 14. júní 1929.

Þinglestur kr. 3. –

Stimpill – 1. –

Samtals: kr. 4. – fjórar – krónur.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu Sigurður Sigurðsson. (sign.)



Bók þessi sem hefir að geyma 238 – tvö hundruð þrjátíu og átta tölusett blöð, og sem er gegnum dregin og útbúin með innsigli Norður og Austur-amtsins, löggildist hjermeð sem landamerkjabók fyrir Skagafjarðarsýslu, samkvæmt 6. gr. í landamerkjalögum 17. marz 1882.

Skrifstofu Norður- og Austur-amtsins 30. júlí 1883.

Skoðað 17/7 1910. B Jón Jónsson J. Havsteen. settur.